



Rolf Gollob, Peter Krapf og Wiltrud Weidinger (ritstjórar)

# Þátttaka í lýðræði

Kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi (MLB/MRM) fyrir framhaldsskólastig



Mennta- og menningarmálaráðuneytið



NÁMSGAGNASTOFNUN

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE Evrópuráðið



# Pátttaka í lýðræði

**Kennsluáætlanir um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindi (MLB/MRM) fyrir framhaldsskólastig**

**Ritstjórar: Rolf Gollob, Peter Krapf og Wiltrud Weidinger**

**Höfundur: Peter Krapf**

**Teikningar: Peti Wiskemann**

**IV. bindi**

**af**

**MLB/MRM, I.–VI. bindi**

**Menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar**

**og mannréttindamenntun í skólastarfi**

**Kennsluferli, hugmyndir, aðferðir og fyrirmyndir**



Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



NÁMSGAGNASTOFNUN



COUNCIL OF EUROPE  
CONSEIL DE L'EUROPE Evrópuráðið

*Þær skoðanir sem koma fram í þessari bók eru á ábyrgð höfundanna og ekki víst að þær endurspegli opinbera stefnu Evrópuráðsins.*

Öll réttindi áskilin. Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti eða dreifa í ágóðaskyni, svo sem í rafrænu formi (á geisladiski, á netinu o.s.frv.) eða með fjölföldun, svo sem ljósritun eða skráningu í einhvers konar upplýsingakerfi, án skriflegs leyfis frá Public Information and Publications Division, Directorate of Communication (F-67075 Strasbourg Cedex, netfang: [publishing@coe.int](mailto:publishing@coe.int)).

Bókin í frumútgáfu: *Taking part in democracy – Lesson plans for upper secondary level on democratic citizenship and human rights education*

© Evrópuráðið, september 2010

## **Þátttaka í lýðræði**

ISBN 978-9979-1890-2

Íslensk þýðing: © Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir

Ritstjóri íslenskrar útgáfu: Aldís Yngvadóttir

Handbókin er gefin út í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar með leyfi Evrópuráðsins

Málfarslestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Teikningar: Peti Wiskemann

Kápumynd: Desktop Publishing Unit, Council of Europe Layout: Jouve, París

Hönnun: Jouve, París

Umbrot: Námsgagnastofnun

Vefútgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Útgáfa Evrópuráðsins (Council of Europe Publishing)

F-67075 Strasbourg Cedex

<http://book.coe.int>

# Samstarfsteymi

Emir Adzovic – Bosníu og Hersegóvínu

Manuela Droll – Þýskalandi

Christian Fallegger – Sviss

Rolf Gollob – Sviss

Sarah Keating-Chetwynd – Evrópuráðinu

Sabrina Marruncheddu Krause – Sviss

Ólöf Ólafsdóttir – Evrópuráðinu

Karen O'Shea – Írlandi

Wim Taelman – Belgíu

Wiltrud Weidinger – Sviss



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	7
1. Um hvað er þessi bók? – Stutt yfirlit .....	7
2. Hvað er MLB/MRM? – Þrjú svið MLB/MRM .....	7
2.1 Vitsmunasvið MLB/MRM: nám um lýðræði og mannréttindi .....	8
2.2 Þátttökusvið MLB/MRM: nám fyrir lýðræði og mannréttindi .....	9
2.3 Menningar svið MLB/MRM: nám af lýðræði og mannréttindum .....	10
3. Hugtakarammi bókarinnar – lykilhugtökin þrjú í MLB/MRM (úrlausnarefni, hugsmíðahyggja, hæfni) .....	11
4. „Evrópska aðferðin“ í MLB/MRM .....	12
Skýringar á táknum sem notuð eru í textanum .....	15
Gagnvirkt hugsmíðanám í MLB/MRM .....	17
1. Lykilspurningar um kennslufræði .....	19
2. Dæmi um gagnvirkt hugsmíðanám – ungir nemendur ímynda sér fyrirmyndarheim ...	20
3. Hver og einn lærir með sínu lagi – „við sköpum heiminn í huga okkar“ .....	22
4. Hugsmíðanám og félagsleg samskipti .....	23
5. Hvert er hlutverk kennarans í hugsmíðanámi? .....	24
6. Hvert er hlutverk kennarans í MLB/MRM? .....	25
6.1 Kennari sem fyrirlesari og leiðbeinandi – að styðja og efla hugsmíðar .....	25
6.2 Kennari sem gagnrýnir og leiðréttir – að styðja afbyggingu .....	26
6.3 Kennari sem semur og útdeilir verkefnum – að styðja endurbyggingu .....	27
6.4 Kennari sem fundarstjóri í bekkjarumræðum – að styðja öll form hugsmíðanáms .	27
7. Lýðræðissamfélög sem lærdómssamfélög – lykilhugtök MLB/MRM í ljósi hugsmíðahyggju .....	29
<b>1. hluti – Þátttaka í samfélaginu .....</b>	<b>31</b>
1. kafli: Sjálfsmynd. Að velja. Við mótum líf okkar og annarra líka. ....	37
2. kafli: Ábyrgð. Að taka þátt og axla ábyrgð. Frelsi fylgir ábyrgð.....	61
3. kafli: Fjölbreytileiki og fjölhyggja. Er ágreiningur ávísun á sátt? Hvernig komum við okkur saman um almannahag?.....	83
<b>2. hluti – Stjórn málapátttaka: jöfnun ágreinings og lausn vandamála .....</b>	<b>107</b>
4. kafli: Ágreiningur. Ágreiningurinn um fiskveiðar. Hvernig getum við leyst sjálfbærnivandann? .....	117
5. kafli: Lög og reglur. Hvaða reglur þjóna okkur best? Ákvarðanaleikur .....	137

6. kafli: Stjórnarfar og stjórnámál. Stefnuferlislíkanið. Hvernig eru vandamál leyst í lýðræðisríki? .....	153
7. kafli: Jafnrétti. Meirihlutastjórn – réttlát stjórn? Hvernig er hægt að semja um meirihluta/minnihlutamálefni í lýðræði? .....	177
<b>3. hluti – Stjórnámálaþátttaka: þátttaka með tjáskiptum .....</b>	<b>193</b>
8. kafli: Frelsi. Þátttaka í opinberri umræðu. Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna? .....	197
9. kafli: Fjölmiðlar. Lýðræðisþátttaka fyrir tilstuðlan fjölmiðla. Framleiðendur og notendur fjölmiðlaefnis sem gæslumenn og „dagskrárstjórar“ .....	213
<b>Handbók nemenda með dreifiblöðum .....</b>	<b>233</b>



# Inngangur

## 1. Um hvað er þessi bók? – Stutt yfirlit

Í bókinni eru níu kaflar þar sem fjallað er um menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun (MRM). Eins og bæði heitið, *Þátttaka í lýðræði*, og forsíðumyndin gefa til kynna fjalla kaflarnir í bókinni um nemendur í hlutverki ungra þegna. Hver kafli lýsir tiltekinni aðferð við að efla og hvetja nemendur til þátttöku í samfélaginu.

Kaflana má nota hvern út af fyrir sig eða tengda hinum köflunum á margvíslegan hátt. Í heild sinni er bókin námsefni sem ætlað er að þjálfa hæfni til þátttöku í lýðræði.

Kaflarnir, sem hver er fjórar kennslustundir, eru ætlaðir nemendum á framhaldsskólastigi. Hver kafli fjallar um lykilhugtak á sviði MLB og MRM: sjálfsmynd – ábyrgð – fjölbreytileika og fjölhyggju – ágreining – lög og reglur – stjórnarfar og stjórnsmál – jafnrétti – frelsi – fjölmiðla. Lykilhugtökin níu tengja þessa bók þeim sem á undan koma (MLB og MRM II. og III. bindi).<sup>1</sup> Í heild eru þessi þrjú bindi svokallað vefjunámsefni (e. spiral curriculum) sem snýst um lykilhugtök MLB og MRM.

Hver kafli fjallar um lykilhugtak og tekur til fjögurra kennslustunda. Sett er fram tillaga um fyrirkomulag hverrar kennslustundar og kennsluferlinu lýst eins ítarlega og unnt er. Dreifiblöð er að finna í sérstakri handbók fyrir nemendur.

Þessi bók er því fyrir kennara en ekki nemendur. Við vonum að kennaranemum og byrjendum í kennslu þyki gott að fá nákvæmar kennsluleiðbeiningar en kennarar með starfsreynslu kunna ef til vill einnig að finna hér nýjar hugmyndir og efni sem kemur þeim að gagni. Æfingakennarar geta stuðst við þetta rit við þjálfun kennaranema.

Bókin á einnig að nýtast námsefnishöfundum og ritstjórum og þýðendum kennslubóka í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Heimilt er að þýða hana og staðfæra þannig að hún mæti kröfum viðkomandi menntakerfa.

Evrópuráðið gefur þessa bók út í endurskoðaðri útgáfu. Unnið var að fyrstu útgáfu hennar í Bosníu og Hersegóvínu í tengslum við nýtt námsefni um lýðræði og mannréttindi (2002). Frá árinu 1996 hefur Evrópuráðið séð til þess að kennarar og æfingakennarar fái fræðslu um MLB og MRM og í því skyni staðið fyrir námskeiðahaldi og gerð námsefnis. Rolf Gollob og Peter Krapf (ritstjórar) voru í alþjóðlegu teymi kennara sem tóku þátt í þessu verkefni.

## 2. Hvað er MLB/MRM? – Þrjú svið MLB/MRM


Markmið og grunnreglur menntunar til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttindamenntunar (MLB/MRM) tengjast þremur kennslu- og námssviðum. Nemendur á framhaldsskólastigi eru ungir þegnar sem:

- eiga að vita hver mannréttindi þeirra eru og hafa öðlast skilning á þeim skilyrðum sem þau eru háð (nám um lýðræði og mannréttindi);
- hafa upplifað skólann sem örsamfélag sem virðir frelsi og jafnrétti nemenda, og hefur verið kennt að notfæra sér mannréttindi sín (nám af lýðræði og mannréttindum);
- eru þess vegna færir um og treysta sér til að notfæra sér mannréttindi sín, eru með ábyrgðartilfinningu gagnvart öðrum og samfélaginu (nám fyrir lýðræði og mannréttindi).

1. MLB/MRM II. bindi: *Uppvöxtur í lýðræði* – Kennsluáætlanir um MLB/MRM fyrir miðstig grunnskóla; MLB/MRM, III. bindi: *Lifað í lýðræði* – Kennsluáætlanir um MLB/MRM fyrir efstu bekki grunnskóla.

Þessi stutta lýsing á MLB/MRM verður best útskýrð með dæmi – réttinum til skoðana- og tjáningarfrelsis. Í innganginum að III. bindi MLB/MRM (bls. 5) er tekið sama dæmi; í þessari bók er gengið skrefi lengra í ígrundun þessara réttinda (vefjunámsefni).

## 2.1 Vitsmunasvið MLB/MRM: nám um lýðræði og mannréttindi

Á framhaldsskólastigi eiga nemendur vissulega að kynna sér lykilskjöl eins og Mannréttindayfirlýsingu SP og Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) (sjá  dreifiblöð 2.5 og 2.6). Þeir eiga að vita að allir eiga rétt á hugsana- og tjáningarfrelsi og frjálsum aðgangi að upplýsingum frá frjálsum fjölmiðlum (Mannréttindasáttmáli Evrópu, 10. grein). Nemendur eiga að átta sig á því hversu mikilvægur, í rauninni óhjákvæmilegur, þessi réttur er ef lýðræðið á að verða að veruleika.

Nemendur þurfa einnig að skilja 14. grein Mannréttindasáttmálans. Þar kemur til viðbótar hugsana-, tjáningar- og upplýsingafrelsinu lykilreglan um jafnrétti og réttinn til að sæta ekki mismunun: karlar og konur, ríkir og fátækir, ungir og gamlir, innfæddir og innfluttir – öll njótum við þessara réttinda jafnt.

Loks þurfa nemendur að átta sig á því hvers vegna frelsi kallar á löggjöf og að þeir hafa einnig skyldum að gegna (Mannréttindayfirlýsingin, 29. grein). Tjáningarfrelsið gerir þegnunum kleift að vinna að framgangi hagsmuna sinna í fjölhyggjuþjóðfélagi, og í slíku samkeppnisumhverfi hafa sumir sigur en aðrir lúta í lægra haldi. Stjórnarskrá, lög og reglur verða að skapa ramma sem takmarkar frelsi hinna sterku og verndar þá sem minna mega sín – án þess að jafna út mun. Reglur leysa ekki öll vandamál svo að allir þegnar samfélagsins verða að sýna ábyrgðartilfinningu gagnvart öðrum.

### **Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu, 4. nóvember 1950)**

#### 10. grein

##### Tjáningarfrelsi

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

#### 14. grein

##### Bann við mismunun

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

### **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (10. desember 1948)**


#### 29. grein

1. Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins.

2. Við beitingu réttinda sinna og frelsis skulu allir háðir þeim takmörkunum einum sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir réttindum og frelsi annarra og til þess að fullnægja réttlátum kröfum um siðgæði, almannareglu og velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.

Í stuttu máli lýsa þessar þrjár greinar togstreitunni milli frelsis einstaklingsins og rammans sem almannaregla setur frelsinu og bæði takmarkar það og verndar.

Nemendur sem geta útskýrt þetta hafa lært heilmikið um lýðræði og mannréttindi og lesandinn mun sjá að þessi meginhugsun er gegnumgangandi í öllum köflum bókarinnar. Þetta er vitsmunasvið MLB/MRM.



*Skýringarmynd: „Skipulag“ mannréttinda – leiðarminni þessarar bókar*

## 2.2 Þáttökusvið MLB/MRM: nám fyrir lýðræði og mannréttindi

Heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, minnir okkur á að nemendur eiga að læra að notfæra sér rétt sinn til frelsis, til dæmis réttinn til frjáls aðgangs að upplýsingum og frjálsrar hugsunar, skoðana og tjáningar. Þeir þurfa einnig að öðlast virka reynslu af samskiptum við aðra – til dæmis með því að stuðla að framgangi mála sem eru þeim hugleikin, semja um málamiðlun eða koma sér saman um skilgreiningu á „velferð almennings“. (Mannréttindayfirlýsingin, 29. gr.) Þeir eiga að geta hegðað sér eins og reglur kveða á um og viðurkennt þau takmörk sem þær setja þeim. Þeir skulu hafa þróað með sér það viðhorf að þeir beri ábyrgð á velferð annarra og samfélagsins í heild.

Í stuttu máli sagt, þeir eiga ekki einungis að hafa áttáð sig á því sem af greinunum þremur hér að framan leiðir og á tengslunum milli þeirra, heldur eiga þeir einnig að virða gildin sem liggja þeim til grundvallar og hegða sér samkvæmt því. Þannig verða þeir að gæta þess að þeirra eigin hagsmunir stríði ekki gegn hagsmunum annarra og samfélagsins í heild.

Nemendur sem hafa fengið hjálfun í þessu hafa lært að taka þátt í lýðræði. Þetta er hið athafna-tengda svið MLB/MRM – kennsla/nám fyrir lýðræði og mannréttindi.

Ungir þegar sem vilja taka þátt í lýðræðinu þurfa að búa yfir ýmiss konar hæfni, sem sjá má í eftirfarandi töflu.

Hæfni til þátttöku og pólitískrar ákvarðanatöku	
Hæfni í greiningu og mati	Aðferðir og færni
Viðhorf og gildi byggð á mannréttindum	

Þessi hæfni ætti að vera tengd gildismati; hjá kynþáttahöturum gæti hún til dæmis snúist upp í ógn við lýðræðið.

Þessi bók fjallar um þróun slíkrar hæfni. Í inngangi hvers kafla er tafla sem gerir notandanum kleift að tengja saman kafla bókarinnar og setja þannig saman námsefni til færniþjálfunar sem til dæmis er miðað við kunnáttu og færni nemendanna eða sérstakar kröfur í námskrá skólans. Hér er hæfni-taflan fyrir 2. kafla (lykilhugtak: ábyrgð).

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Pólitísk ákvarðanatö og athafnir	Viðhorf og gildi
2. Ábyrgð	Að skilja vandann sem tengist valþröng Að greina afleiðingar ákvörðunar Að forgangsraða og rökstyðja	Vandleg ígrundun og umhugsun Að rökstyðja ákvörðun og gera grein fyrir forsendum hennar	Að taka ákvörðun út frá ófullnægjandi upplýsingum Að skilja hættuna á mistökum	Að skipta um sjónarhorn Að viðurkenna hagsmuni og réttindi annarra Samfélag byggt á mannréttindum
1. Sjálfsmynd	Að skilja að ákvarðanir okkar hafa áhrif á aðra			Að skipta um sjónarhorn
4. Ágreiningur	Sjálfbærnivandinn	Samningsaðferðir	Lausn ágreinings	
6. Stjórnarfar og stjórnsmál	Stjórnsmál – ferli sem felst í lausn vandamála og ágreinings			
7. Jafnrétti	Að virða menningarþátt lýðræðisins		Að leita jafnvægis milli réttinda meirihluta og minnihluta	Gagnkvæm viðurkenning

### 2.3 Menningarsvið MLB/MRM: nám af lýðræði og mannréttindum

Þátttaka í lýðræði er krefjandi verkefni – hæfnina verður að læra í skóla. Menning er því eitt svið MLB/MRM. Kennslu- og námsmenning verður að endurspeglar inntak MLB/MRM. Ein leiðin til að afla þekkingar er fræðsla (að hlusta á fyrirlestur, lesa); hæfni er þróuð með þjálfun (sýnikennslu, æfingum og leiðsögn). Sjálfstraust og gagnkvæma virðingu tileinkar fólk sér með félagsmótun í skóla. Reynslan úr skólanum og fyrirmyndir sem unglingar sjá í foreldrum, kennurum og jafnöldrum ráða miklu um það hvernig viðhorf þeirra og gildi þróast. Kennsla og nám um lýðræði og mannréttindi fellur undir tiltekna námsgreinar (t.d. félagsfræði eða sagnfræði) en kennsla og nám af lýðræði og mannréttindum sem krefjandi verkefni skólans alls – mannréttindi og lýðræði verða uppeldisfræðilegt leiðarljós skólasamfélagsins.

Í þessari bók er lögð áhersla á aðferðir sem byggjast á verkefnatengdu námi: í hverjum kafla er lykilverkefni sem veitir nemendum tækifæri til að efla með sér tiltekna hæfni. Við þróum með okkur ýmiss konar hæfni eftir því sem við þurfum á henni að halda, og því snúast þessi verkefni um vandamál sem ekki finnast nein augljós lausn á – rétt eins og í lífinu sjálfu. Í MLB/MRM felst inntakið þannig að miklu leyti í aðferðinni.

### 3. Hugtakarammi bókarinnar – lykilhugtökin þrjú í MLB/MRM (úrlausnarefni, hugsmíðahyggja, hæfni)

Ungir þegar sem taka þátt í lýðræði gera það sem frjálssir einstaklingar með jöfn réttindi en ójöfn tækifæri.

Sem þegar sibreytilegra fjölhyggjupjóðfélaga, sem eru hvert öðru háð hvar sem er á hnettinum, standa þeir frammi fyrir æ flóknari úrlausnarefnum (t.d. loftslagsbreytingum, þurrð náttúruauðlinda og óstöðugleika ríkja) sem skólinn hefur engar endanlegar lausnir á en hann getur séð þeim fyrir hæfnipjálfun og þannig útvegað ungu kynslóðinni verkfæri til að þróa lausnir.

Oft eru viðbrögð við slíkum vanda fálmkennd og háð samkomulagi um málamiðlun milli ólíkra hagsmunahópa. Niðurstöður slíkra ákvarðanaferla má túlka sem tilraun til að nálgast markmiðið um almannaheill. Árangurinn er alltaf ófullkominn og gefur þannig tilefni til gagnrýnnar umræðu og endurbóta. Í fjölhyggjulýðræði er því aðferðum hugsmíðahyggjunnar beitt við stefnumótun. Þess vegna er lýðræði ótryggt ástand sem veltur bókstaflega á hæfni og ábyrgð hvernar kynslóðar. Og hugsmíðahyggja er líka undirstöðuatriði hæfnipróunar – sem einnig er ferli sem aldrei lýkur.

Þetta eru þá lykilhugtökin sem eru gegnumgangandi í öllum köflum og öllum námsáföngum þessarar bókar:

- Úrlausnarefni í sibreytilegum og lýðræðislegum fjölhyggjusamfélögum.
- Hæfni til að taka þátt í lýðræði.
- Hugsmíðahyggja sem viðmið fyrir lýðræðislega ákvarðanatöku og hæfnipróun.

Innan hvers kafla er lykilhugtak í MLB/MRM tengt tilteknum brýnum úrlausnarefnum sem skapa tækifæri til hæfnipróunar með hugsmíðanámi. Hugtökin eru því ekki grundvöllur níu aðskilinna kafla sem snúast um vitsmunalegt nám. Frekar má segja að þau myndi net færniþátta, gilda og sjónarhorn sem tengjast með margvíslegum hætti. Eftirfarandi tafla sýnir hugtakaramma bókarinnar.

	Túlkun hugsmíðahyggjunnar ...	
Númer kafla Lykilhugtak	... á lykilhugtökum sem úrlausnarefnum:	... á hæfnipróun sem ævilöngu ferli. Nemendum er kennt ...
1. kafli Sjálfsmynd	Hvaða starf á ég að velja? Hver verður maki minn? Viljum við eignast börn?	að ígrunda persónuleg áhugasvið sín, tjá sig um þau og forgangsraða þeim
2. kafli Ábyrgð	Hverjar eru afleiðingar ákvarðana minna? Hverju gef ég forgang í valþröng? Hvaða gildi og grunnreglur aðhyllist ég?	að axla ábyrgð frammi fyrir valþröng – að safna upplýsingum, íhuga afleiðingarnar, raða í forgangsröð og taka ákvarðanir

3. kafli Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Hverjir eru hagsmunir mínir? Hvaða málamiðlun legg ég til? Hvað getum við sagt að sé almannahagur?	að semja um sanngjarna og árangursríka málamiðlun þegar álitamál eru mörg og ólíkir hagsmunir í húfi
4. kafli Ágreiningur	Hvert er vandamálið? Hvaða hagsmunir eru í húfi? Hvaða lausn er ákjósanleg og raunhæf?	að leysa hagsmunaárekstra á friðsamlegan hátt
5. kafli Lög og reglur	Hvaða reglur þurfum við til að stjórna hegðun okkar? Um hvaða reglur getum við verið sammála?	að átta sig á nauðsyn regluverks – stofnana, laga, reglna og sameiginlegra gilda
6. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál	Hvaða vandamál er glímt við, eða sleppt að fjalla um, á vettvangi stjórnsmálanna? Hvaða vandamál er fjallað um? Hver er lausnin og hvernig er henni hrint í framkvæmd?	að átta sig á og taka þátt í lýðræðislegu ákvarðanaferli – innan regluverks og utan
7. kafli Jafnrétti	Hverjir eru hagsmunir meirihlutans og minnihlutans? Hvaða málamiðlun legg ég til? Hvað verður minnihlutinn að samþykkja? Hvernig geta mannréttindi varið hagsmuni tiltekins hóps?	að styðja félagslega samheldni með því að huga bæði að hagsmunum meirihluta- og minnihlutahópa
8. kafli Frelsi	Hvað finnst mér vera lykilatriði? Hvernig færi ég rök fyrir máli mínu? Hver er aðferð andstæðingsins?	að láta reyna á hugsana- og málfrelsið með rökræðufærni sinni
9. kafli Fjölmiðlar	Til hverra vil ég ná? Hvert er markmið mitt? Hver er boðskapur minn? Hvar finn ég upplýsingarnar?	að notfæra sér möguleika fjölmiðlanna til samskipta

#### 4. „Evrópska aðferðin“ í MLB/MRM

Í meira en áratug hefur Evrópuráðið stutt þróun og innleiðingu MLB/MRM í aðildarríkjunum. Starfsmenn á sviði mannréttinda, sérfræðingar, kennarar og leiðbeinendur frá mörgum aðildarríkjunum hafa tekið þátt í umræðum sem hafa verið ritstjórum og höfundum hvatning og stuðningur við gerð þessarar sex binda ritraðar fyrir kennara og aðra leiðbeinendur.

MLB/MRM fylgir „evrópskri aðferð“ í menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar og mannréttinda-menntun. Þegar litið er til skóla og menntakerfa, kennslu- og námshefða okkar, geta kennsluaðferðir „um“ og „fyrir“ lýðræði og mannréttindi verið mismunandi. En öll erum við sammála um að þetta nám skuli vera hin kennslufræðilega stefna sem fylgt er í öllu skólastarfi. Við erum sammála um að í MLB/MRM beri aðferðin í sér boðskapinn – kennslu og nám af lýðræði og mannréttindum.

Með þessari ritröð reyna ritstjórar og höfundar að nýta afrakstur starfsins sem fram hefur farið á þessu sviði innan Evrópuráðsins. Stuðningurinn sem ég fékk við ritun þessarar handbókar var í anda „evrópsku aðferðarinnar“. Ég vil sérstaklega nefna eftirtalda aðila.

Manuela Droll og Karen O’Shea voru meðhöfundar mínir við gerð fyrri útgáfu þessarar handbókar sem ætluð var til að þjálfa kennara í Bosníu og Hersegóvínu. Emir Adzovic, yfirumsjónarmaður MLB/MRM-verkefnis Evrópuráðsins í Bosníu og Hersegóvínu, hélt utan um skipulag bókarinnar. Hugtakarammann unnum við með aðstoð Don Rowe, Ted Huddleston og Wim Taelman. Don las yfir fyrstu drögin okkar og í samræðum við Ted fengum við afar holla og uppbyggilega gagnrýni.

Ólöf Ólafsdóttir og Sarah Keating-Chetwynd voru samstarfsmenn okkar og stjórnendur verkefnisins af hálfu Evrópuráðsins. Þær fylgdu því eftir til enda af þolinmæði og staðfestu.

Peti Wiskemann prýddi bókina með forsíðumynd, sem varpar skemmtilegu ljósi á lykilviðfangsefni kaflanna níu, og þúslu sem sýnir samsvarandi lykilhugtök. Wiltrud Weidinger og Rolf Gollob, ritstjórar mínir og samverkamenn, voru ætíð tilbúin að ræða málin.

Samstarf mitt við Christian Fallegger var sérstakt á margan hátt. Við ræddum saman á fyrstu stigiunum, þar sem hann kom fram með dýrmætar hugmyndir og tillögur, og seinna las hann lokadrög bókarinnar; gagnrýni hans og uppbyggjandi athugasemdir voru mér stöðug hvatning.

Án stuðnings og innblásturs frá öllum þessum starfssystkinum, samverkamönnum og vinum hefði ég ekki getað skrifað þessa bók. Ég er afar þakklátur þeim öllum; en það er þó ég einn sem ber ábyrgð á þeim göllum eða villum sem lesandinn kann að finna.

Peter Krapf  
Zürich og Ulm,  
desember 2009





## Skýringar á táknum sem notuð eru í textanum

Eftirfarandi tvö tákn eiga að hjálpa lesandanum að greina milli efnisflokka sem er að finna í þessari bók, því að númer þeirra geta verið misvísandi.



### Ítarefni fyrir kennara

Ítarefni fyrir kennara er viðauki í lok hvers kafla.



### Dreifiblöð

Í lýsingum á köflunum er oft vísað til dreifiblaða. Þau hafa verið sett í sérstaka handbók nemenda sem fylgir þessu bindi og hægt er að prenta þau út í heild eða í hlutum og afhenda nemendum.



# Gagnvirkt hugsmíðanám í MLB/MRM

## Yfirlit

1. Lykilspurningar um kennslufræði
2. Dæmi um gagnvirkt hugsmíðanám – ungir nemendur ímynda sér fyrirmyndarheim
3. Hver og einn lærir með sínu lagi – „við sköpum heiminn í huga okkar“
4. Hugsmíðanám og félagleg samskipti
5. Hvert er hlutverk kennarans í hugsmíðanámi?
6. Hvert er hlutverk kennarans í MLB/MRM?
  - 6.1 Kennari sem fyrirlesari og leiðbeinandi – að styðja og efla hugsmíðar
  - 6.2 Kennari sem gagnrýnir og leiðréttir – að styðja afbyggingu
  - 6.3 Kennari sem semur og útdeilir verkefnum – að styðja endurbyggingu
  - 6.4 Kennari sem fundarstjóri í bekkjarumræðum – að styðja öll form hugsmíðanáms
7. Lýðræðissamfélög sem lærdómssamfélög – lykilhugtök MLB/MRM í ljósi hugsmíðahyggju



# Gagnvirkt hugsmíðanám í MLB/MRM

## 1. Lykilspurningar um kennslufræði

Hér, eins og í kennslu yfirleitt, er mikilvægt að kennarinn ígrundi markmiðin og átti sig á forsendum þeirra ákvarðana sem óhjákvæmilega verður að taka og hvað ræður forgangsroðun hans.

1. Hvað verða nemendur að læra?

Nemendur eiga að læra að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi sem þegnar þess. Þeir þurfa að þróa með sér:

- hæfni í pólitískri greiningu og dómgreind til að fást við pólitísk vandamál og álitamál;
- hæfni til að taka þátt í pólitísku ákvarðanaferli;
- ýmiss konar færni í að beita skipulegum aðferðum.

2. Hvers vegna og til hvers ættu nemendur að öðlast þessa hæfni?

Lýðræðisþjóðfélag á allt sitt undir fólki sem vill og getur tekið þátt í ákvörðunum og vill starfa á vettvangi stofnana þess. Nemendur þurfa á þessari hæfni og færni að halda til að geta nýtt sér mannréttindi sín og borgaraleg réttindi og sinnt hlutverki sínu sem virkir samfélagsþegnar („nám fyrir“ lýðræði og mannréttindi).

3. Þetta vekur enn eina spurningu. Ef þetta er það sem ungir þegnar eiga að læra – þegar lítið er til afraksturs námsins – hvað þurfa þá kennararnir að gera til að tryggja að þeir geri það?

Kennararnir verða að leggja sig fram um að styrkja nemendur á sviði:

- þekkingar- og hugtakanáms – „náms um“ lýðræði og mannréttindi;
- færniþjálfunar;
- kennarar verða einnig að sjá nemendum fyrir fyrirmyndum og námsumhverfi þar sem viðhorf og gildi sem styðja lýðræðismenningu eru ríkjandi (umburðarlyndi, gagnkvæm virðing, skilningur á mannréttindum);
- „náms af“ lýðræði og mannréttindum;

4. Þegar hefur verið fjallað um ofangreindar þrjár spurningar í innganginum að bókinni. En einni áriðandi spurningu er enn ósvarað: hvernig læra nemendurnir?

Sem kennarar á þessu sviði verðum við að hafa nokkurn skilning á því hvernig nám nemenda okkar fer fram og hvernig við getum stutt þá. Til að svara spurningum um það hvernig nemendur okkar læra höfum við sett upp hugtakaramma um gagnvirkt hugsmíðanám. Með þessari aðferð tengjum við saman „nám af“ lýðræði og mannréttindum og pólitísk ákvarðanaferli í lýðræðisþjóðfélagi. Ákvarðanaferli í lýðræðissamfélögum eru raunar lærdómsferli allra sem í hlut eiga. Það er þess vegna sem John Dewey hugsaði sér skólann „sem örsamfélag, sem vísi að þjóðfélagi“.<sup>2</sup> Í þessum kafla leggjum við áherslu á skilning okkar á gagnvirku hugsmíðanámi. Við teljum að þannig geti kennarar á sviði MLB/MRM áttað sig betur á:

- hvernig nám nemenda þeirra fer fram;
- því stuðningshlutverki sem þeir gegna;
- að lýðræðisleg ákvarðanatataka er lærdómsferli allra sem í hlut eiga.

2 John Dewey, *The School and Society*, New York, 2007, bls. 32.

Líta má á kennslu og nám í MLB/MRM og stjórnmal í lýðræðissamfélagi frá sjónarhorni hugsmíðahyggju. Þetta er hægt og kemur að gagni því að kerfislegar hliðstæður eru milli hugsmíðanáms og lýðræðislegrar ákvarðanatöku. Nemendur í MLB/MRM og lýðræðisleg samfélög eru, eða ættu að minnsta kosti að vera, lærdómssamfélög þar sem mannréttindi eru virt. Því eflir gagnvirk hugsmíðahyggja grundvallaraðferð MLB/MRM – nám af, fyrir og um lýðræði og mannréttindi: þetta er góð kennsluáðferð, hún þjónar mannréttindum og kemur einnig til móts við námsþarfir nemenda og þegnanna.


Best er að útskýra kenningu með raunhæfu dæmi. Þess vegna er í næsta kafla lýst möguleikum sem felast í því að beita gagnvirku hugsmíðanámi í menntun um mannréttindi barna.

## 2. Dæmi um gagnvirkt hugsmíðanám – ungir nemendur ímynda sér fyrirmyndarheim

Í V. bindi þessarar ritraðar, *Exploring children's rights*, er fjögurra kennslustunda kafla fyrir þriðja bekkjar nemendur grunnskóla með fyrirsögninni „We are wizards!“.<sup>3</sup> Þar eru nemendur hvattir til að tjá óskir sínar og hugmyndir um það hvernig heimurinn ætti að vera og í umræðu á eftir velta þeir fyrir sér siðferðilegum og pólitískum afleiðingum óska sinna fyrir heiminn í framtíðinni.

Fyrsta kennslustundin byrjar þannig:

„Kennarinn teiknar tvær manneskjur á töfluna: venjulega konu eða karl og galdrakarlar.



Tvö og tvö saman eiga börnin einnig að teikna þessar tvær verur og reyna í sameiningu að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvað gerir venjulega manneskjan við vissar kringumstæður?
- Hvað gerir galdrakarlinn við sömu kringumstæður?

Eftir nokkrar mínútur lætur kennarinn nemendur setjast í hálfhring framan við töfluna svo að öll börnin sjái vel á hana (ef bekkurinn er stór getur þurft að tvöfalda hringinn). Hann safnar öllum svörum nemendanna saman á lista á töflunni – án athugasemda eða mats.

3 John Dewey, *The School and Society*, New York, 2007, bls. 32.

Rolf Gollob / Peter Krapf, MLB/MRM, V. bindi: *Exploring children's rights*, Council of Europe Publishing, Strassburg, 2007, „We are wizards!“, bls. 22–26; sbr. MLB/MRM, VI. bindi, *Teaching democracy*, Council of Europe Publishing, Strassburg, 2008, Æfing 6.3, „If I were a magician“, bls. 59.

Við lítum á lausnirnar og látum börnin tjá sig um þær. Auðvitað vakna nú spurningar! Kennarinn spyr:

- Sjáið þið einhverjar lausnir eða hugmyndir sem góður eða vondur galdrakarlfur hefur komið með?
- Hvenær langaði þig síðast til að vera galdrakarlfur og hverju vildir þú þá breyta?
- Hver er heitasta óskin þín núna?

Kennarinn hvetur nemendur til að lýsa hugmyndum sínum og styður þá og hvetur á alla lund. (...)

Þetta dæmi varpar ljósi á nokkur mikilvæg atriði í samskiptum nemenda og kennara þar sem hugsmíðanám fer fram:

Kennarinn ...	Nemendur
<p>... leggur fyrir opið verkefni sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• krefst þess að nemendur skipti um sjónarhorn (raunveruleiki – draumsýn);</li> <li>• styður hugsana- og tjáningarfrelsi nemenda.</li> </ul> <p>... safnar hugmyndum nemenda saman á töflunni;</p> <p>... bindur hugmyndirnar í kerfi (lykilorð og hugtök);</p> <p>... leikur af fingrum fram, bregst við tillögum nemenda;</p> <p>... spyr spurninga til að hjálpa nemendum að íhuga rökin að baki hugmyndum sínum og afleiðingar þeirra;</p> <p>... hvetur nemendur og hrósar þeim.</p>	<p>... móta hugmyndir sínar og deila þeim með öðrum;</p> <p>... tjá sig um hugmyndir sínar hver við annan; (í þessu dæmi geta hugmyndirnar bæði verið persónulegar og pólitískar)</p> <p>... velta fyrir sér óskum sínum og þeim takmörkum og hindrunum sem þær reynast háðar í raunveruleikanum;</p> <p>... uppgötva muninn á „góðum“ og „vondum“ galdri.</p>

Það er grundvallarregla í hugsmíðanámi að viðhorf nemandans skiptir máli. Í þessu tilviki:

- Hvernig skynja nemendur heiminn sem þeir búa í?
- Hvað finnst þeim um það sem er að gerast í kringum þá? Hverju myndu þeir breyta ef þeir gætu?
- Hvað veldur þeim mestum áhyggjum – er efst á dagskrá hjá þeim sjálfum? Hvaða viðhorf eru þekktum sameiginleg – að hvaða leyti eru þau ólík?
- Einnig er augljóst að nemendur álykta um það sem gerist í heimi þeirra og að ályktanir þeirra ráða miklu um athafnir þeirra og þátttöku.<sup>4</sup>

Í hugsmíðanámi fá kennarar að vera í hlutverki sérfræðinga. Tilhögun kennslunnar miðast við það sem nemendur vita nú þegar, frekar en það sem þeir vita ekki. Í hlutverki galdrakarla geta öll börn lagt fram hugmynd og það er ekkert viðmið um „rétt eða rangt“. Frekar ber að líta á ástæður þess að barn telur tiltekna sýn mikilvæga – hvaða reynsla er þar að baki? Hvað er barninu umhugað um? Hverjar eru langanir og þarfir barnsins? Í hugsmíðanámi er tekið mið af sjónarhorni hvers einstaks nemanda og náms- og hugsunarferli hans.

Hugsmíðanám er mannréttindi og réttindi barna í verki – hugsanafrelsi, skoðana- og tjáningarfrelsi; jöfn tækifæri; grunnreglurnar um gagnkvæma viðurkenningu og bann við mismunun og rétturinn til menntunar.

<sup>4</sup> Hægt er að byrja snemma að fræða börn um lýðræði og mannréttindamál. MLB/MRM, V. bindi, byrjar á kafla fyrir börn á leikskólastigi sem hafa ekki enn lært að lesa og skrifa. Sjá 1. kafla, „I have a name – we have a school“, bls. 13–16.

Í hugsmíðanámi á kennarinn að styðja nemendurnar með margvíslegum hætti – hann fellir kennsluna í ramma verkefna og/eða lausna á vandamálum, virðir rétt nemenda til frelsis og jafnréttis, leiðbeinir, hvetur og fræðir (hugtök). Kennarinn veit ekki hver svör nemenda verða og er fús og fær um að vinna með það sem þeir leggja til málanna (spuni). Nemendur verða að fá tækifæri til að skiptast á hugmyndum og bera þær saman, oft krefst viðfangsefnið eða verkefnið þess af þeim að þeir komist að sameiginlegri niðurstöðu eða taki ákvörðun. Kennarinn er leiðbeinandi; hann getur gert sér hugmyndir um, en ekki ákveðið fyrir fram, hvað kemur út úr lærdómsferli nemenda.

Hugsmíðanám stuðlar að þróun hæfni en ekki utanaðbókarlærdómi. Frá sjónarhóli hugsmíðahyggjunnar eru allar þekkingarmiðaðar námskrár vafasamar og dregið er í efa að nokkur geti lært með því að leggja á minnið ýmsar staðreyndir án þess að skilja þær og geta metið þær.

Í næsta kafla er nánar fjallað um þetta atriði. Þar er litið á ýmislegt í námskenningu gagnvirkar hugsmíðahyggju og það tengt hugmyndum hugsmíðahyggjunnar um lýðræðislega ákvarðanatöku.

### 3. Hver og einn lærir með sínu lagi – „við sköpum heiminn í huga okkar“

Þegar við lesum sögu í bók sköpum við eitthvað sem líkist kvikmynd í huga okkar. Við bætum við smáatriðum og sviðsetningum sem höfundurinn gefur í skyn eða sleppir og við sjáum jafnvel andlit persónanna fyrir okkur. Sumar skáldsögur höfða svo sterkt til ímyndunarafls okkar að við verðum vonsvikin þegar við sjáum „raunverulega“ kvikmynd byggða á sögunni. Ímyndunarafl okkar hafði búið til miklu betri mynd og hún er einstök því að hugur hvers lesanda skapar „kvikmynd“ sem er ólík öllum öðrum.

Þetta er dæmi um hæfileika okkar til að „skapa heiminn í huga okkar“. Heimurinn sem við lifum í er heimurinn eins og við skynjum hann – hann er settur saman úr myndunum, reynslunni, hugtökunum og skoðunum sem við höfum búið okkur til. Nemendur vilja botna í því sem þeir heyra eða lesa – þeir vilja skilja það. Vísindamaður sem rannsakaði heilann lýsti honum sem „vél í leit að merkingu“. Hluti sem ekki fæst botn í verður einhvern veginn að skilja frá. Ef upplýsingar skortir verðum við annaðhvort að finna þær eða fylla upp í eyðuna með ágiskun. Staðalmyndir hjálpa til við að einfalda flókna hluti.<sup>5</sup>

Reynslan sýnir kennurum að þegar þeir flytja fyrirlestur meðtaka nemendur og varðveita efnið dálítið misjafnlega. Sumir nemendur festa það sér í minni fram á fullorðinsár því að það höfðaði svo sterkt til þeirra, aðrir hafa kannski gleymt því strax morguninn eftir af því að þeim fannst það engu máli skipta. Frá sjónarhorni hugsmíðahyggjunnar er það sem gerist í huga nemendanna mikilvægt.

Hugsmíðahyggjan lítur á nám sem afar einstaklingsbundið ferli:

- Nemendur byggja sér upp eða skapa merkingarkerfi. Nýjar upplýsingar eru tengdar því sem nemandinn þegar veit eða hefur skilið.
- Nemendur koma í kennslustund hver með sína ævisögu og reynslu. Kyn, stétt, aldur, uppruni og trúarbrögð móta sérstaka sýn hvers nemanda.
- Við búum yfir ólíkum tegundum greindar sem nær langt út fyrir þann hefðbundna skilning að vera góður í stærðfræði eða tungumálum.<sup>6</sup>
- Ekki er til neinn algildur staðall um það hvað telst vera persónulega eða pólitískt mikilvægt. Eitthvað verður vandamál vegna þess að einhver ákveður að svo sé og hugur nemandans velur upplýsingarnar sem á að muna eða gleyma.

5 Sjá Rolf Gollob / Peter Krapf (ritstj.), EDC/HRE, III. bindi: *Lifað í lýðræði*, Council of Europe Publishing, Strassburg, 2008, 1. kafli, „Staðalmyndir og fordómar. Hvað er sjálfsmynd? Hvernig skynja ég aðra, hvernig líta þeir á mig?“ bls. 19–38.

6 Sjá skrif Howards Gardner um fjölgreindir.



## 4. Hugsmíðanám og félagleg samskipti

Hingað til höfum við fjallað um sjónarhorn hins einstaka nemanda. Nemendur leita að merkingu en þeir gera líka mistök. Hvernig á að leiðrétta þá? Hugsmíðahyggjan gerir ráð fyrir því að nemandinn verði að afbyggja eða afhjúpa það sem er rangt og endurbyggja það. En hvernig áttar nemandinn sig á mistökunum sem hann hefur gert? Hann getur leiðrétt annmarka og villur með tvennum hætti.


Í fyrsta lagi með því að uppgötva slíkt sjálfur. Hann kemst að því að lausn á dæmi eða röksemda-færsla stenst ekki.

Í öðru lagi reiðir hann sig á að aðrir bendi á þetta og aðstoði hann gjarnan líka.

Hugsmíðanám er því ekki einungis einstaklingsbundið ferli. Annar og jafn mikilvægur þáttur er sameiginlegt nám. Nemendur verða að deila hugmyndum sínum í samskiptum hver við annan og við kennara sína. Þess vegna tölum við um gagnvirkt hugsmíðanám.

Eftirfarandi skýringarmynd lýsir einstaklingsbundnu og félagslegu stigi hugsmíðanáms; þetta er hið félagslega svið hugsmíðanámsins.

Hún sýnir einnig að nemendur vísa alltaf til heimsins utan hugarheims síns. Þegar þeir láta reyna á hugmyndir sínar og áætlanir er viðmiðið hlutheimurinn. Þetta er hið huglæga – hlutlæga svið hugsmíðanáms.



### Nám og ákvarðanatoka

Nemendur í bekk og þegnar lýðræðisríkis mynda lærdómssamfélög. Við höfum áður vísað til Johns Dewey sem hugsaði sér skólann „sem örsamfélag, sem vísi að þjóðfélagi“.<sup>7</sup> Samskipti nemenda sín á milli og við kennarana í skólanum eru því hluti af lífinu sjálfu en ekki tilbúið kerfi sem á að búa þá undir lífið seinna meir.

Í stjórnámum og í skólum eru alltaf einhverjir í kringum mann sem hafa meiri reynslu, þekkingu,

<sup>7</sup> John Dewey, *The School and Society*, New York, 2007, bls. 32.


skilning, og einnig vald, en maður sjálfur – kennarar, stjórn málaforingjar, stjórnendur, vísindamenn og svo mætti áfram telja. En í nútímaþjóðfélögum getur enginn þessara aðila beitt algeru valdi. Lýðræðið og réttarríkið (eiga að) takmarka vald hvers og eins og þessi mörk endurspeglast í verkaskiptingunni, þar sem menn sérhæfa sig á tilteknum sviðum.

Samt blasir alvarleg ógn við þeirri skuldbindingu lýðræðisins að allir skuli hafa jöfn tækifæri til þátttöku í því. Því flóknari sem þjóðfélög okkar verða, og þar með úrlausnarefnin, þeim mun mikilvægara verður það hverjum og einum að geta tekið þátt í lýðræðinu. Menntun hefur meira að segja en nokkru sinni fyrr sem lykill að þátttöku í lærdómssamfélagi fullorðinna.

## 5. Hvert er hlutverk kennarans í hugsmíðanámi?

Nemendur leita að merkingu og hver nemandi gerir það með sínum hætti. Hann tengir nýjar upplýsingar – fróðleiksmola, fyrirlestur, spennandi hugmynd í bók o.s.frv. – við þau þekkingar- og reynsluform sem fyrir eru í huga hans. Hugsmíðar merkja að við smíðum okkur kerfi og form þekkingar, skilnings og reynslu.

Í ljósi hugsmíðahyggju öðlast hin velþekktu þríhyrningstengsl nýja merkingu:



Í þríliða venslum er einn aðilinn stundum útilokaður. Í hugsmíðanámi er það kennarinn. Það er nemandinn sem skapar skilning sinn á því sem fengist er við í náminu. Uppbygging merkingar á sér stað í huga nemandans, handan við skilning kennarans. Það sem kennarinn sér er útkoman – það sem nemendurnir skapa og hvernig þeir haga sér. Kennarinn sér framkvæmdina, ekki hæfnina. Og það eru nemendurnir, ekki kennarinn, sem á endanum ákveða hvað er áhugavert og þess virði að læra og hvað þeir eiga eftir að muna fyrir lífstíð eða gleyma.

Hugsmíðanámi má greina áfram í þrjá undirflokk og kennarinn gegnir þar mikilvægu hlutverki með stuðningi sínum.

1. Nemendur byggja upp merkingu – þeir uppgötva og búa til eitthvað nýtt. Kennarar geta stutt nemendur sína með því að:
  - skapa námstækifæri;
  - útbúa krefjandi verkefni;
  - veita leiðsögn með hjálp ýmissa miðla og fyrirlestrum þar sem viðfangsefnin eru kynnt;

- hvetja nemandann og efla sjálfstraust hans;
  - ...
2. Nemendur endurbýggja það sem þeir hafa lært – þeir tileinka sér það og láta á það reyna. Við gerum öll mikið af þessu sjálf en í skólanum stuðlar kennarinn að þessu:
    - með tækifærum til skoðanaskipta, kynningum og umræðum;
    - með formlegum prófum og mati;
    - með því að bjóða upp á eða krefjast þess að nemendur safni verkefnum sínum í möppu;
    - með krefjandi verkefnum, til dæmis í hópsamstarfi;
  3. Nemendur afbyggja eða gagnrýna eigin niðurstöður og niðurstöður hver annars. Eins og lýst var hér að framan væri öll viðleitni til náms einskis virði fyrir samfélagið og nemandann sjálfan ef ekki kæmi til þessi gagnrýna endurskoðun og prófun.

## 6. Hvert er hlutverk kennarans í MLB/MRM?

Samskipti nemenda innbyrðis og samskipti þeirra við kennarann eru lykilatriði í kennslu og námi. Fagleg hæfni kennarans gerir honum kleift að ígrunda áhrif tiltekinnar athafnar og beita slíkum hegðunarmynstrum sem verkfærum í kennslu sinni. Kennarinn kemur fram í ýmsum hlutverkum og þau eru fjölbreyttari en í hefðbundinni, kennaramiðaðri kennslu („tafla og tal“). Leiðsögn er eitt af því sem kennarinn verður að inna af hendi en í þessu tilviki sjaldnar. Hugsmíðanám krefst þess frekar af kennaranum að hann „kenni með munninn lokaðan“, gefi nemendum meiri tíma og fleiri tækifæri til að tjá sig.

Í eftirfarandi köflum er fjallað um fjögur lykilhlutverk sem dæmigert er að kennari gegni í hugsmíðanámi:

1. Kennari sem fyrirlesari og leiðbeinandi.
2. Kennari sem gagnrýnir og leiðréttir.
3. Kennari sem semur og útteilir verkefnum.
4. Kennari sem fundarstjóri í bekkjarumræðum.

Hér verða ekki gefnar beinar leiðbeiningar um það hvernig þessum hlutverkum verði best skilað, heldur er í dæmunum vísað til lýsinga á kennslustundunum í bókinni og hvernig þær tengjast náminu.

### 6.1 Kennari sem fyrirlesari og leiðbeinandi – að styðja og efla hugsmíðar

Grundvallarregla fyrirlesara er reglan „60:40“. 40 prósent, og helst meira, af því sem fjallað er um ætti að vera nemendum kunnuglegt. Án þessa háa hlutfalls umframupplýsinga verður ekkert hugsmíðanám.

Í þessari bók mynda lykilhugtökin kennslufræðilega uppistöðu námsefnisins. Þessi hugtök þarf að kynna nemendum og það merkir að kennarinn verður að fræða nemendurna með því að flytja fyrirlestur eða láta þá lesa um þau eða hvort tveggja. Sem hugsmíðanemendur hljóta þeir þegar að hafa skapað sér merkingarsamhengi sem fræðsla kennarans fellur inn í. Þetta opna og ófullgerða merkingarform felst gjarnan í spurningum eða upplifunum sem þarfnast útskýringar. Eftirfarandi tafla sýnir hvar kennarinn gegnir hlutverki fyrirlesara og leiðbeinanda samkvæmt lýsingum á kennslustundum í þessari bók.

Númer kafla / Lykilhugtak	Dæmi og vísanir til efnis
2. kafli Ábyrgð	4. kennslustund: Kennarinn velur viðfangsefni sem nemendur hafa fjallað um í umræðum og bregður upp hugtakaramma til ígrundunar. ☞ Ítarefni fyrir kennara 2.3 eru punktar sem hann getur notað sér til stuðnings.
3. kafli Fjölbreytileiki og fjölhyggja	2. kennslustund: Kennarinn kynnir hugmyndina um almannahag (sjá ☞ ítarefni fyrir kennara 3B).
4. kafli Ágreiningur	3. kennslustund: Nemendur hafa sagt frá reynslu sinni af ágreiningi. Kennarinn hjálpar þeim að öðlast skilning á vandamálinu sem orsakaði þennan ágreining með því að lýsa fyrir þeim líkaninu um sjálfbærni-markmið (sjá ☞ dreifiblað 4.2).
4. kafli Ágreiningur 5. kafli Lög og reglur	Nemendur hafa tekið þátt í einum eða tveimur leikjum sem snúast um ákvarðanatöku. Kennarinn hjálpar þeim í lokin að ígrunda það sem þeir hafa lært með því að segja þeim frá hugtakinu nútímavæðing (sjá ☞ dreifiblað 5.5).
6. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál	2. kennslustund: Kennarinn gerir grein fyrir stefnuferlislíkaninu (☞ dreifiblað 6.1 og 6.2). Í hugstormun í kennslustundinni á undan hafa nemendur rætt vandamálið pólitíska dagskrársetningu og eru nú tilbúnir að taka þátt í þessari umfjöllun.
9. kafli Fjölmiðlar	1. kennslustund: Nemendur hafa lýst því hvers konar dagblöð þeir vilja helst lesa. Kennarinn tengir álit þeirra hugtakinu gæsluhlutverk. Það eru ekki eingöngu fjölmiðlar sem geta verið í gæsluhlutverki, notendur þeirra geta verið það líka.  4. kennslustund: Nemendur ígrunda hvernig þeir sjálfir móta boðskap fjölmiðla. Kennarinn fjallar um tvö lykilatekni í framleiðslu fréttu í fjölmiðlum: allur boðskapur fjölmiðla er vandlega mótaður og ritstjórar fjölmiðla og framleiðendur fréttu eru í hlutverki gæslumanna og „dagskrárstjóra“ (sjá ☞ ítarefni fyrir kennara 9A).

## 6.2 Kennari sem gagnrýnir og leiðréttir – að styðja afbyggingu

Hvað kennarann varðar eru engin dæmi tekin í þessari bók um það hlutverk hans að gagnrýna og leiðrétta – af þeirri augljósu ástæðu að slíkar aðstæður geta komið upp hvenær sem er og ekki er hægt að sjá þær fyrir. Kennarinn verður að geta áttað sig á hvað þarf að leiðrétta eða laga. Þó má segja að um þetta gildi nokkur almenn viðmið.

Skiptir villan máli? Með öðrum orðum, þarf nokkuð að leiðrétta villuna?

Betra er að nemendur komi sjálfir auga á mistökin: fá nemendur tækifæri, t.d. í kynningu eða umræðum, til að uppgötva mistökin síðar og leiðrétta þau þá?

Stundum verður nemandinn þó að leiðrétta – afbyggja – merkinguna sem hann hefur byggt upp og byrja upp á nýtt. Dæmi: þegar bekkurinn í heild þarf að treysta á kynningu nemandans.

Grunnreglan um gagnkvæma virðingu: við getum bent á mistök hvert annars – en við virðum einstaklinginn. Þetta er mikilvægt svo að efla megi sjálfstraust nemenda og hvetja þá.

Í 8. kafla er efnt til rökræðu nemenda. Þar láta nemendur reyna á röksemdir hver annars og afbyggja þær ef gallar koma í ljós.

### 6.3 Kennari sem semur og útdeilir verkefnum – að styðja endurbyggingu

Ferli í gagnvirku hugsmíðanámi eru háð því að nemendur fái fullnægjandi námstækifæri – þar á meðal viðfangsefni, efnivið, tíma, reglur, leiðbeiningar um verklag, eftirlit og einstaklingsbundinn stuðning. Hlutverk kennarans er að sjá til þess að nemendur fái slík tækifæri til verkefna- og lausnamiðaðs náms. Eftirfarandi tafla sýnir hvaða dæmi um þetta má finna í lýsingum á kennslustundunum í bókinni.

Númer kafla / Lykilhugtak	Dæmi og vísanir til efnis
1. kafli Sjálfsmýnd	4. kennslustund: Nemendur taka þátt í starfskynningarverkefni til að finna út hvaða starf samræmist best forsendunum sem þeir hafa skilgreint með því að ígrunda persónulega styrkleikabætti sína og áhugasvið.
3. kafli Fjölbreytileiki og fjölhyggja	2. kennslustund: Kennarinn kynnir nemendum hugtakið almannahag. Nú taka þeir þátt í ákvarðanaleik til að semja um málamiðlun með almannahag í huga.
4. kafli Ágreiningur	Rannsóknarverkefni: Nemendur fá að kynnast líkani um sjálfbærnimarkmið með því að kanna vandamálið sem felst í ofveiði. Þeir kynna sér raunhæf dæmi til að fræðast betur um vandamál sem tengjast sjálfbærni, svo sem losun koltvísýrings eða förgun geislavirks úrgangs.
4. kafli Ágreiningur 5. kafli Lög og reglur	Kennarinn er í hlutverki leikstjórnanda eða eftirlitsmanns. Hann ákveður tímarammann og tryggir að reglur leiksins séu virtar en upplýsir ekki um lausnina á vandamálinu sem nemendur kljást við.
5. kafli Lög og reglur	4. kennslustund: Kennarinn afhendir nemendum spurningalista (☒ dreifiblað 5.6) til að hjálpa þeim að ígrunda það sem þeir hafa lært.
6. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál	3. kennslustund: Kennarinn lætur nemendur beita stefnuferlislíkaninu (☒ dreifiblað 6.1 og 6.2) á raunhæft dæmi.
	4. kennslustund: Kennarinn velur eina af þremur lykilefnisgreinum sem tengist best tillögum nemenda (sjá ☒ ítarefni fyrir kennara 6.2). Í hverri lykilefnisgrein er kynnt hugtak sem hjálpar nemendum að ígrunda vinnu sína. Þeir þurfa að velja þessu vandlega fyrir sér svo að kennarinn þarf að ákveða hvaða hugtak skuli velja.

### 6.4 Kennari sem fundarstjóri í bekkjarumræðum – að styðja öll form hugsmíðanáms

Nám og kennsla af lýðræði og mannréttindum birtist líklega skýrast í bekkjarumræðum, þegar nemendur skiptast á hugmyndum eða rökræða tiltekið málefni. Hér láta þeir reyna á hugsana-, skoðana- og tjáningarfrelsið. Án rækilegrar þjálfunar í að notfæra sér þessi grundvallarréttindi geta þeir ekki tekið þátt í lýðræðislegum ákvörðunum.

Í lýsingunum á kennslustundunum er yfirleitt lagt til að kennarinn stýri þessum lotum. Þetta er krefjandi verkefni því að nemendur leggja hugmyndir fyrir kennarann sem hann verður síðan að vinna úr. Kennarinn getur að verulegu leyti undirbúið hugtakarammann sem hjálpar til við að koma skipan á það sem nemendur leggja til málanna og ljá því merkingu en hann verður einnig að leika af fingrum fram.

Í bókinni eru margar lýsingar á því hvernig haga skal fundarstjórn. Í grófum dráttum má segja að kennarinn stýri tvenns konar bekkjarumræðum. Hann getur sjálfur byrjað kennslustund eða kafla á fyrirlestri þannig að nemendur fái strax að vita um hvað málið snýst. Einnig getur hann stýrt bekkjarumræðu sem hefst á framlagi nemenda – niðurstöðum heimavinnu, umræðu eða endurgjöf. Eftirfarandi töflur sýna dæmi um hvort tveggja.

### a. Kennarinn tekur fyrstur til máls í bekkjarumræðu

Númer kafla / Lykilhugtak	Dæmi og vísanir til efnis
1. kafli Sjálfsmynd	1. kennslustund: Alla daga, alla okkar ævi veljum við og tökum ákvarðanir – hvaða dæmi koma upp í huga nemenda? 3. kennslustund: Hvers vegna eruð þið í framhaldsskóla?
2. kafli Ábyrgð	1. kennslustund.: Hvað mynduð þið gera ef þið stæðuð andspænis þessari valþröng?
3. kafli Fjölbreytileiki og fjölhyggja	1. kennslustund: Kennarinn aðstoðar nemendur í hugstormunarlotu. Hann leiðbeinir þeim við að tengja saman og flokka hugmyndir undir nýjum fyrirsögnum.
4. kafli Ágreiningur	Rannsóknarverkefni: Nemendur fá að kynnast líkani um sjálfbærnimarkmið með því að kanna vandamálið sem felst í ofveiði. Þeir vinna raunhæf verkefni til að kynna sér rækilega vandamál sem tengjast sjálfbærni, svo sem losun koltvísýrings eða förgun geislavirks úrgangs.
4. kafli Ágreiningur 5. kafli Lög og reglur	Kennarinn er í hlutverki leikstjórnanda eða eftirlitsmanns. Hann ákveður tímarammann og tryggir að reglur leiksins séu virtar en upplýsir ekki um lausnina á vandamálinu sem nemendur kljást við.
5. kafli Lög og reglur	4. kennslustund: Kennarinn afhendir nemendum spurningalista (☒ dreifiblað 5.6) til að hjálpa þeim að ígrunda það sem þeir hafa lært.
6. kafli Stjórnarfar og stjórnarmál	1. kennslustund: Kennarinn aðstoðar nemendur í hugstormunarlotu („þagnarmúrinn“). Hann leiðbeinir nemendum við að tengja saman og flokka hugmyndir sínar og skoðanir og koma á þær skipulagi eða bæta við nýjum flokkum.
8. kafli Frelsi	1. kennslustund: Kennarinn tilkynnir: „Öll börn eiga að vera ári lengur í skóla.“ Nemendur lýsa skoðun sinni á þessu máli – þeir eru sammála eða ekki. Þetta er pólitísk ákvörðun svo að það bjóðast engir aðrir kostir en „já“ eða „nei“.

**b. Nemendur hefja bekkjarumræðu**

Númer kafla / Lykilhugtak	Dæmi og vísanir til efnis
1. kafli Sjálfsmynd	1. kennslustund: Nemendur tilgreina ástæðurnar fyrir vali sínu á tilvitnun. Kennarinn sýnir nemendum hvernig þeir geta skráð hugmyndir sínar á hugarkort.
	3. kennslustund: Nemendur lýsa því hvernig þeir hugsa sér framtíð sína. Kennarinn getur ekki séð fyrir hvað nemendur munu segja en hugtakarammi gerir honum kleift að vinna úr hugmyndum nemenda.
4. kafli Ágreiningur	3. kennslustund: Kennarinn stýrir samantekt eftir ákvarðanaleik. Hann hlustar á það sem nemendur leggja til málanna, finnur lykilsetningarnar og skrifar þær á skólatöfluna eða flettistöflu.
	4. kennslustund: Kennslustundin byrjar á fyrirlestrum nemenda sem þeir hafa undirbúið heima. Þeir ákveða dagskrána og móta hugtakaramma tímans í heild. Lýsingin á kennslustundinni gagnast kennaranum við að sjá fyrir sér helstu atriðin sem nemendur munu taka fyrir og hvernig bregðast skuli við þeim.
7. kafli Jafnrétti	1. kennslustund: Kennarinn les dæmisögu og spyr nemendur aðeins einnar spurningar: „Hvert er vandamálið?“ Nemendur hugleiða þetta í hljóði og skrifa niður svör sín. Margir þeirra varpa síðan fram hugmyndum sínum. Kennarinn hvetur þá til að útskýra röksemdir sínar. Hann tengir hugmyndir þeirra síðan hugtakaramma sem fellur að efninu. Í 4. kennslustund kaflans er annað dæmi um þessa aðferð.
8. kafli Frelsi	1. kennslustund: Nemendur hafa skipst á röksemdum um tiltekið málefni. Kennarinn spyr: „Hvers konar málefni henta fyrir rökræður?“ Hann tekur saman hugmyndir nemenda sem ætla má að fullnægi skilyrðunum á <del>á</del> dreifiblaði 8.1.

**7. Lýðræðissamfélög sem lærdómssamfélög – lykilhugtök MLB/MRM í ljósi hugsmíðahyggju**

Í gagnvirku hugsmíðanámi er ekki einungis litið á nemendahóp í bekk, eða skólann í heild, sem samfélag nemenda þar sem mannréttindi eru virt, heldur einnig samfélag fólks sem tekur þátt í ákvörðunum.

„Nám fyrir“ lýðræði og mannréttindi merkir því að nemendur búa sig undir hlutverk sitt sem „nemendur alla ævi“, bæði sem einstaklingar og sem samfélag. Tvenns konar rök styðja þetta.

Hin fyrri vísa til almennrar reglu, til mannréttinda. Þegnarnir skulu eiga kost á að taka þátt í lýðræðinu og að tjá hugmyndir sínar og álit þegar rætt er um aðkallandi málefni. Í þessu felst að öll ákvarðanaferli skuli vera opin; annars væru þau sýndarmennska.

Síðari rökin eru greinandi og vísa bæði til þess hversu flókin nútímasamfélög eru, hversu háð þau eru hvert öðru, og hinna aðkallandi úrlausnarefna sem snerta loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, öryggisleysið sem fylgir óstöðugleika ríkja og vaxandi bil milli ríkra og fátækra – svo að fátt eitt sé nefnt. Enginn hefur skýra hugmynd um lausnir á vandamálunum sem



bíða okkar – hvort sem þau eru persónuleg eða snerta alla heimsbyggðina. Við erum öll nemendur sem hafa fengið það verkefni að finna raunhæfar lausnir.

Lykilhugtökin í þessari bók eru því skilgreind í ljósi gagnvirkar hugsmíðahyggju. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir grunnhugtök kaflanna níu.

Númer kafla / Lykilhugtak	MLB/MRM: sýn hugsmíðahyggjunnar á ...
1. kafli Sjálfsmynd	... sjálfsmynd: við mótum sjálfsmynd okkar með lykilákvörðunum.
2. kafli Ábyrgð	... ábyrgð: við sköpum gildin sem eru okkur sameiginleg.
3. kafli Fjölbreytileiki og fjölhyggja	... hagsmuni og almannahag: við komum okkur saman um það sem við teljum vera almannahag.
4. kafli Ágreiningur	... ágreining: vandamál og ágreiningur er það sem við lítum á sem slíkt.
5. kafli Lög og reglur	... lög og reglur: eru verkfæri sem notuð eru til að leysa vandamál og finna friðsamlegar lausnir á ágreiningi.
6. kafli Stjórnarfar og stjórnsmál	... pólitísk ákvarðanaferli: tilgangurinn með þeim er að finna lausnir á aðkallandi vandamálum.
7. kafli Jafnrétti	... tillitssemi og félagslega samheldni.
8. kafli Frelsi	... það hvernig við notum rétt okkar á frelsi, t.d. hugsanafrelsi og tjáningarfrelsi.
9. kafli Fjölmiðlar	... hvernig við upplifum heiminn gegnum fjölmiðlana: framleiðendur og notendur fjölmiðla sem gæslumenn og „dagskrárstjórar“.



# 1. hluti

## Pátttaka í samfélaginu

### 1. kafli

**Sjálfsmýnd – Að velja. Við mótum líf okkar og annarra líka**

### 2. kafli

**Ábyrgð – Að taka þátt og axla ábyrgð**

**Frelsi fylgir ábyrgð**

### 3. kafli

**Fjölbreytileiki og fjölhyggja – Er ágreiningur ávísun á sátt?**

**Hvernig komum við okkur saman um almannahag?**



# **1. KAFLI**

## **SJÁLFSMYND**

### **Framhaldsskólastig**

#### **Að velja**

#### **Við mótum líf okkar**

#### **og annarra líka**

#### **1.1 Skoðanir á vali og sjálfsmynd**

**Skoðanir hverra aðhyllist ég?**

#### **1.2 Ef litið er aftur: hvaða ákvarðanir gerðu mig að manneskjunni sem ég er?**

**Hvaða ákvarðanir hafa haft mest áhrif á líf mitt?**

#### **1.3 Ef litið er fram á við: þrjár ákvarðanir sem móta líf okkar í framtíðinni**

**Frelsi felst í möguleikanum á að velja – eða velja ekki**

#### **1.4 Hvaða starf hentar mér?**

**Forsendur mínar fyrir vali á starfi**

**Framhaldsverkefni: starfskynning**



# 1. KAFLI

## Sjálfsmynd

### Að velja

## Inngangur ætlaður kennurum

„Hver verður maki minn?“

„Viljum við eiga börn?“

„Hvaða starf mun ég kjósa mér?“


### Megináhersla þessa kafla: ákvarðanir móta sjálfsmyndina

Þetta eru þrjár mikilvægustu ákvarðanirnar sem við tökum á ævinni. Á unglingsárum og fram á þrítugsaldurinn leitum við sjálf að svörum við þessum spurningum – og það gera nemendur okkar. Með þessu vali mótum við sjálfsmynd okkar – við ákveðum hvernig ævi okkar verður. Það er sárt og erfitt að ógilda þetta val og ómögulegt ef börn eiga í hlut. Ákvarðanir okkar hafa ekki einungis áhrif á okkar eigið líf heldur líka annars fólks.


### Sjálfsmynd – viðkvæmt og persónulegt efni

Af öllum köflum bókarinnar snertir þessi kafli mest persónulega reynslu og óskir nemenda. Verkefnið hér snúast um ákvarðanir eða val. Aðferðin endurspeglar reynslu nemenda.

### Stutt lýsing á 1. kafla

Í 1. kennslustund er nemendum sýnt fram á mikilvægi ákvarðana. Í 2. kennslustund líta þeir til baka: hvaða ákvarðanir hafa haft mest áhrif á líf þeirra og sjálfsmynd? Í 3. kennslustund horfa nemendur til framtíðar og velta fyrir sér spurningunum þremur hér að framan. Í 4. kennslustund er aðaláherslan á eina af þessum spurningum – val á starfi. Stungið er upp á starfskynningu sem framhaldsverkefni (sjá  dreifiblað 1.4).

### Sjálfsmynd í ljósi hugsmíðahyggju

Í þessum kafla er hugtakið sjálfsmynd túlkað í ljósi hugsmíðahyggju. Sjálfsmynd okkar er ekki eitthvað kyrrstætt og endanlegt, heldur þróast sjálfið í lærdómsferli alla okkar ævi og sjálfsmyndin mótast af ákvörðunum okkar. Sumar ákvarðanir eru óafturkræfar; aðrar má endurskoða og leiðrétta ef við óskum þess (sjá  ítarefni fyrir kennara 1.3).

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 1. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 1. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð, að vissu marki, í þessum kafla – til dæmis ákvarðanatöku, skilningur á margbreytilegum sjálfsmyndum, réttur á frelsi og ábyrgð sem felst í því að taka ákvarðanir sem snerta aðra.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfnipáttum í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt.

Kaflar	Umfang hæfnipróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanatöku og athafnir	Viðhorf og gildi
1 Sjálfsmynd	Að taka ákvarðanir og ígrunda áhrif þeirra Að velja sér starf og íhuga forsendurnar	Að nota líkön sem greiningartæki Kynningar Þátttaka í umræðum	Að taka ákvörðun – skilgreining á forsendum, markmiðum og forgangsatriðum	Ábyrgð – að átta sig á því hvernig manns eigin ákvarðanir snerta aðra Vilji og geta til að átta sig á persónulegum löngunum, þörfum og skyldum
2 Ábyrgð				Gagnkvæm viðurkenning
3 Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Einstaklingsbundnar ákvarðanir skapa mjög fjölbreyttar sjálfsmyndir			
6. Stjórnarfar og stjórnsmál	Pólitísk ákvarðanatöku samsvarar ákvörðunum einstaklinga. Það markmið að einstaklingurinn sé ánægður samsvarar markmiðinu um almannahag		Að taka þátt í opinberum rökræðum eða deilum (taka þátt í því þegar samfélagið „gerir upp hug sinn“)	Vilji og geta til að hlusta á fólk með aðra hagsmuni og sjónarmið
8 Frelsi			Að notfæra sér réttinn til frelsis	

## 1. KAFLI: Sjálfsmynd – Að velja Við mótum líf okkar og annarra líka

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Skoðanir á ákvörðunum og sjálfsmynd	Að útskýra persónuleg sjónarmið og ákvarðanir.  Með vali okkar og ákvörðunum segjum við öðrum sitthvað um það hver við erum, um sjálfsmynd okkar.	Nemendur velja tilvitnun og tilgreina ástæðurnar fyrir valinu.	📄 Ítarefni fyrir kennara 1.1 (þrjú eintök, tilvitnarnar klipptar í staka miða áður en kennslustundin hefst).	Hópvinna. Bekkjaramræða.
2. kennslust. Ef litioð er til baka: hvaða ákvarðanir gerðu mig að manneskjunni sem ég er?	Sjálfsævisögulega sjónarhornið.  Ákvarðanir okkar, og annarra, hafa úrslitaáhrif á líf okkar.	Nemendur velta fyrir sér hvaða ákvarðanir hafi haft áhrif á líf þeirra.	📄 Dreifiblað 1.1.  Flettistöflublað og merkipennar í mismunandi litum, pappírsmiðar (A6), lím eða límband.	Hver vinnur fyrir sig. Bekkjaramræða.
3. kennslust. Ef horft er fram á við: þrjár ákvarðanir sem móta líf okkar í framtíðinni	Að taka ákvarðanir og forgangsraða.  Mannréttindi gefa okkur kost á að velja hvernig við högum lífi okkar í framtíðinni – við ákveðum hvort við nýtum okkur það.	Nemendur velta fyrir sér lykilákvörðunum sem hafa áhrif á líf þeirra í framtíðinni.	📄 Dreifiblað 1.2.  Flettitafla, merkipennar.	Nemendur vinna hver fyrir sig við dreifiblað. Bekkjaramræða.
4. kennslust. Hvaða starf hentar mér?	Að greina, vega og meta og forgangsraða forsendum ákvörðunar.  Lykilforsendan fyrir vali á starfi er: „Hvaða starf samræmist áhugasviðum mínum og styrkleikaþáttum?“	Nemendur velja starf eða hafna því og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni.	📄 Dreifiblað 1.3.  📄 Ítarefni fyrir kennara 1.2 (klippt sundur í sett af starfsspjöldum, með u.þ.b. tíu fleiri spjöldum en nemendur eru í bekknum).	Nemendur vinna hver fyrir sig við dreifiblað. Bekkjaramræða.
Framhaldsverkefni: starfskynning	Viðtal við sérfræðing; undirbúningur fyrir rannsóknarverkefni.  Starfsmöguleikar gerðir ljósir.	Nemendur undirbúa og vinna rannsóknarverkefni.	📄 Dreifiblað 1.4.  Verkefni.	

## 1. kennslustund

### Skoðanir á ákvörðunum og sjálfsmynd

#### Skoðanir hverra aðhyllist ég?


Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að útskýra persónuleg sjónarmið og ákvarðanir.	
Markmið	Með vali okkar og ákvörðunum segjum við öðrum sitthvað um það hver við erum, um sjálfsmynd okkar.	
Verkefni nemenda	Nemendur velja tilvitnun og tilgreina ástæðurnar fyrir valinu.	
Efniviður og gögn	Þrjú eintök af  ítarefni fyrir kennara 1.1, tilvitnanirnar klipptar í staka miða áður en kennslustundin hefst.	
Aðferð	Hópvinna. Bekkjarumræða.	
Tímaáætlun	1. Nemendur taka ákvarðanir.	15 mín.
	2. Þeir tilgreina ástæður ákvarðana sinna.	15 mín.
	3. Þeir bera saman og ígrunda ákvarðanir sínar.	10 mín.

#### Ábendingar

Í þessari kennslustund taka nemendur ákvarðanir og fá að kynnast umfjöllunarefninu, vali og ákvörðunum, af eigin reynslu. Glímt er við hið flókna hugtak sjálfsmynd með verkefnum í stað þess að nálgast það út frá kenningum eða texta. Þannig er nemendum hjálpað að átta sig á því að hugtakið sjálfsmynd tengist lífi þeirra á mjög raunhæfan hátt.

Samskipti nemenda eru ríkjandi í kennslustundinni. Ef þeir sitja í röðum hver fyrir framan annan getur það hindrað samskipti. Því ætti, ef mögulegt er, að raða borðum og stólum með fram veggjum (í hálfhring).



## Lýsing á kennslustund

### 1. Nemendur taka ákvarðanir

#### Nemendur ákveða samhengið

Kennarinn kynnir efnið. Alla daga, alla okkar ævi, tökum við ákvarðanir – hvaða dæmi koma upp í huga nemenda? Nemendur svara og gefa dæmi sem þeir þekkja. Kennarinn þarf að tryggja að þeir tali aðeins um ákvarðanirnar en ræði ekki nánar vandamál sem þeim tengjast eða forsendur þeirra. Sem allra flestir nemendur ættu að komast að þessar fyrstu fimm mínútur. Kennarinn þarf ekki að ræða það sem þarna kemur fram en hann tekur eftir því hvort um er að ræða daglegt val (að fá sér samloku eða heitan rétt í hádeginu) eða lykilákvarðanir (að velja sér starf). Hann bendir á hvort er meira áberandi í vali nemendanna.

#### Nemendur velja tilvitnun

Kennarinn segir nemendum að þeir fái nú að heyra nokkrar tilvitnanir í höfunda frá ýmsum löndum, frá fornum tíma og úr nútímanum. Verkefni þeirra er eftirfarandi:

- Þeir velja tilvitnun sem þeir annaðhvort eru mjög sammála eða mjög ósammála.
- Nemendur sem hafa valið sér sömu tilvitnun skipa sér saman í hóp (ekki fleiri en sex) og greina hver öðrum frá því hvað réð vali þeirra. Hóparnir velja sér talsmann.
- Eftir fimm mínútur gera talsmennirnir örstutta grein fyrir valinu í bekkjarumræðu. Þeir lesa tilvitnunina og rekja meginástæður þess að nemendurnir í hópnum voru henni sammála eða ósammála. Ef skoðanir eru skiptar innan hóps á að gera grein fyrir því.

Kennarinn dreifir tilvitnununum á borð nemenda í skólastofunni. Þegar nemandi hefur fengið tilvitnun í hendur les hann hana upphátt fyrir bekkinn. Síðan byrja nemendur á verkefninu. Kennarinn fylgist með þeim. Ef hópur er of stór grípur hann inn í og gætir þess að nemendurnir skipti sér í smærri hópa. Nokkur eintök af tilvitnunum eru tiltæk ef þetta gerist. Kennarinn gefur því gætur hvaða tilvitnanir nemendur hafa valið og hverjar ekki. Hann heyrir varla um hvað nemendur ræða því að þeir tala allir í einu og kliðurinn verður mikill.


### 2. Nemendur tilgreina ástæðurnar fyrir vali sínu

#### Talsmennirnir flytja greinargerðir sínar

Kennarinn tilkynnir að umræðum innan hópanna sé lokið og kallar nemendur saman til bekkjarumræðu sem hann stjórnar. Nemendur sitja áfram saman í hópunum. Nú flytja talsmennirnir greinargerðir sínar, einn af öðrum. Ef með þarf minnir kennarinn talsmanninn á að skýra frá ástæðum hópsins fyrir valinu og nemendur geta beðið um frekari útskýringar. Kennarinn þarf að tryggja að umræður hefjist ekki fyrr en allir talsmenn hafa lokið máli sínu.

#### Kennarinn og nemendur gera hugkort sér til glöggvunar

Áður en næsti talsmaður tekur við biður kennarinn áheyrendur að finna lykilatriðið í því sem hér hefur komið fram, til dæmis: „Margar ákvarðanir sem við tökum eru óafturkræfar“ eða: „Með því að velja erum við að nota rétt okkar til persónufrelsis.“ Kennarinn – eða nemandi – tekur saman meginatriðin á einföldu hugarkorti (sjá eftirfarandi dæmi).



### 3. Nemendur bera saman og ígrunda val sitt

#### Nemendur skoða hugarkortið – kort sem sýnir marga valkosti

Hugarkortið styður ígrundunina sem er lokaáfangi þessarar kennslustundar.

Kennarinn spyr einnar spurningar til að vekja nemendur til umhugsunar – svörin geta verið ólík því að litið er á alla nemendurna sem sérfræðinga í eigin málum: talsmennirnir voru að greina frá því hvað nemendum fannst um þessar ólíku tilvitnanir sem snúast um það að velja. Hóparnir sjálfir voru myndaðir út frá vali nemenda – hvað segir hugarkortið okkur þá um nemendur?

Nemendur geta þurft dálítinn umhugsunartíma. Hann ættu þeir að fá – hvað er betra en fullur bekkur af niðursokknum, þöglum nemendum? Þess vegna ætti ekki að gefa fyrsta nemandanum sem réttir upp hönd orðið heldur gefa nemendum góðan tíma. Að þessu loknu geta nokkrir nemendur tekið til máls. Skoðanir geta verið skiptar, allt eftir því hvernig nemendur hafa valið og sjá má á hugarkortinu.

#### Niðurstaða: lykilályktanir

Kennarinn þarf að ljúka kennslustundinni með því að taka saman lykilályktanirnar fyrir nemendur. Hægt er að gera grein fyrir hverri og einni eða benda á nokkur atriði sem eru gegnumgangandi. Kennarinn skrifar lykilorð á töfluna eða flettistöflu til stuðnings samantektinni:

1. Í þessari kennslustund hafa nemendur valið meðan þeir töluðu um valkostina.
2. Valið er ólíkt og ástæður þess eru margvíslegar (hér eru nokkur dæmi um þætti sem geta haft áhrif):
  - persónuleg reynsla;
  - gildi;
  - kyn;
  - umhyggja fyrir öðrum, ábyrgðartilfinning;
  - mannréttindi;
  - ...
3. Val nemenda sýnir að þeir eru ólíkir persónuleikar – valið segir okkur talsvert um það hverjir þeir eru, um sjálfsmynd þeirra.

## 2. kennslustund

### Ef litið er aftur: hvaða ákvarðanir gerðu mig að manneskjunni sem ég er? Hvaða ákvarðanir hafa haft mest áhrif á líf mitt?

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Sjálfsævisögulega sjónarhornið.						
Markmið	Ákvarðanir okkar, og annarra, hafa úrslitaáhrif á líf okkar.						
Verkefni nemenda	Nemendur velta fyrir sér hvaða ákvarðanir hafi haft áhrif á líf þeirra.						
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 1.1. Flettistöflur, pappírsmiðar (A6), merkipennar í mismunandi litum, lím eða límband.						
Aðferð	Hver vinnur fyrir sig. Bekkjaramræða.						
Tímaáætlun	<table border="1"> <tr> <td>1. Nemendur velta fyrir sér hvaða ákvarðanir hafi haft áhrif á líf þeirra.</td> <td>15 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. Þeir skýra hver öðrum frá niðurstöðum sínum.</td> <td>10 mín.</td> </tr> <tr> <td>3. Þeir bera saman og ígrunda niðurstöður sínar.</td> <td>15 mín.</td> </tr> </table>	1. Nemendur velta fyrir sér hvaða ákvarðanir hafi haft áhrif á líf þeirra.	15 mín.	2. Þeir skýra hver öðrum frá niðurstöðum sínum.	10 mín.	3. Þeir bera saman og ígrunda niðurstöður sínar.	15 mín.
1. Nemendur velta fyrir sér hvaða ákvarðanir hafi haft áhrif á líf þeirra.	15 mín.						
2. Þeir skýra hver öðrum frá niðurstöðum sínum.	10 mín.						
3. Þeir bera saman og ígrunda niðurstöður sínar.	15 mín.						

#### Ábendingar

Ákvarðanir móta sjálfsmynd okkar að miklu leyti. Í þessari kennslustund líta nemendur til baka á líf sitt. Í næstu kennslustund skipta þeir um sjónarhorn og líta fram á við, inn í framtíðina. Lykilspurningin er áfram sú sama – hvernig mótum við líf okkar, og annarra, með vali okkar og ákvörðunum?

Í þessari kennslustund íhuga nemendur fyrst æviferil sinn í tengslum við þessa lykilspurningu. Síðan greina þeir hver öðrum frá niðurstöðum sínum í bekkjaramræðunni og bera þær saman.



## 2. Samanburður á reynslu nemenda

### Kynning á verkefninu

Kennarinn lýsir næsta skrefi. Nú geta nemendur borið saman bækur sínar. Hver nemandi fær tvo pappírsmiða í stærð A6 og merkipenna (sameinast má um þá ef þarf). Aðeins á að skrifa eitt atriði – eina ákvörðun – á hvorn miða því að tengja á miðana við miða annarra nemenda.

Kennarinn skráir ár á tímalínuna, byrjar á fæðingarári elsta nemandans og endar á nútíðinni.

Nú velja nemendur eitt eða tvö atriði úr æviupprifjun sinni og nota eftirfarandi forsendur:

- Hvaða ákvörðun hafði sérstaklega mikil áhrif á sjálfsmýnd mína?
- Hvað get ég hugsað mér að segja öllum bekknum?

Nemendur eiga að tilgreina hver það var sem ákvað („ég“, „mamma“, „vinur“ ...) og hvenær það var gert, en þeir eiga ekki að skrifa sín eigin nöfn.

### Algengustu ákvarðanirnar – könnun

Nemendur fylla út einn eða tvo miða eins og kennarinn segir til um og leggja þá á hvolf á borðið hjá sér. Fjórir nemendur safna þeim saman og koma með þá að flettistöflunni.

Nemendurnir safnast saman í hálfhring framan við flettistöfluna – í tvöfaldri röð ef með þarf. Einn nemandi úr fjögurra manna hópnum les af miðunum fyrir bekkinn. Einn úr hópnum leggur til hvar á flettistöfluna skuli skrá færsluna. Ef endurteknar færslur koma fram stendur færslan á flettistöflunni fyrir allar hinar; þær eru taldar, fjöldinn skráður og textinn á flettistöflunni rammaður inn til að leggja áherslu á hann. Hópurinn vinnur með bekknum þannig að allir nemendur taka þátt í að flokka færslurnar saman og skrá þær samkvæmt því.

## 3. Nemendur ræða og ígrunda niðurstöður sínar

### Leitað að mynstrum og áberandi atriðum

Efnið er nýtt fyrir öllum svo að varla er hægt að sjá fyrir hvað út úr þessu kemur. Oft þurfa nemendur ekki neina leiðsögn eða hvatningu til að koma sér af stað heldur koma strax með athugasemdir.

Ef með þarf bendir kennarinn á að næsta skref sé að finna áberandi mynstur eða atriði. Nokkur mynstur eru líkleg til að birtast:

Unglingsár – aukið sjálfstæði: Þegar börn eru mjög ung eru það aðrir sem ákveða (foreldrar, fjölskylda, kennarar, læknar). Þegar við verðum eldri tökum við sjálfstæðari ákvarðanir. Því er líklegt að klasar af færslum myndist á flettistöflunni og þá má auðkenna með ör sem vísar upp – breytingin í átt til aukins sjálfstæðis og persónulegrar ábyrgðar eftir því sem við verðum eldri. Nemandi getur teiknað örina inn á töfluna (sjá hér að neðan).

„Ég á tilveru mína foreldrum mínum að þakka“: Þetta er upphaf ævisögu okkar sem við eigum öll sameiginlegt. Þetta er grundvallaratriði og það liggur í augum uppi. Rætur okkar eru í fjölskyldunni.

Fjölbreytileiki og fjölhyggja: Kannski verður ekki hægt að greina neitt mynstur. Það bendir til þess sem kallað er fjölhyggja – við þroskumst á ólíkan hátt og ákvarðanir okkar hafa gert okkur að ólíkum einstaklingum.

**Mínar ákvarðanir**



**Sjálfsmynd mín**

**Ákvarðanir  
annarra**



*Þegar börn stækka fara þau að taka sjálfstæðar ákvarðanir.*

### 3. kennslustund

## Ef horft er fram á við: Þrjár ákvarðanir sem móta líf okkar í framtíðinni Frelsi felst í möguleikanum á að velja – eða velja ekki

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að taka ákvarðanir og forgangsraða.	
Markmið	Mannréttindi gefa okkur kost á að velja hvernig við högum lífi okkar í framtíðinni – við ákveðum hvort við nýtum okkur það.	
Verkefni nemenda	Nemendur velta fyrir sér lykilákvörðunum sem hafa áhrif á líf þeirra í framtíðinni.	
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 1.2. Flettitafla, merkipennar.	
Aðferð	Nemendur vinna hver fyrir sig við dreifiblað. Bekkjarumræða.	
Tímaáætlun	1. Kynning á efninu og verkefninu.	10 mín.
	2. Nemendur velta fyrir sér lykilákvörðunum.	10 mín.
	3. Kynning og ígrundun.	20 mín.

#### Ábendingar

„Hver ætli verði maki minn?“ – „Viljum við eiga börn?“ – „Hvaða starf á ég eftir að kjósa mér?“

Í kennslustundinni velta nemendur þessu vali fyrir sér. Þar færast sjónarhornið úr fortíðinni yfir í framtíðina. Í síðustu kennslustund litu þeir til baka og glímdu við spurninguna um það hvaða ákvarðanir (og hverra) hefðu haft úrlitaáhrif á líf þeirra og mótað sjálfsmynd þeirra í bernsku og á unglingsárum. Í þessari kennslustund munu þeir skyggjast inn í framtíðina. Þarna er fjallað um lykilákvörðanir – val á maka, fjölskyldumynstri og starfi – sem líklega munu ráða mestu um sjálfsmynd þeirra.

Nemendur verða þess áskynja að þarna getur kynið skipt máli: hefðbundið val kvenna fyrr á tímum var hjónaband og fjölskylda – en ekki starf – meðan karlar hins vegar lögðu áherslu á hlutverk sitt sem fyrirvinnu maka síns (starfið) en báru litla ábyrgð á fjölskyldulífi að öðru leyti. Nú á dögum nýta konur sér mun betur rétt sinn til menntunar í þeim tilgangi að geta valið sér starfsvettvang. En meðan konur leita leiða til að finna jafnvægi milli allra kostanna þriggja – starfs, sambúðar og fjölskyldu – aðhyllast margir, en alls ekki allir, karlar áfram hinn gamla skilning á hlutverki sínu.


## Lýsing á kennslustund


### 1. Kynning á viðfangsefni kennslustundar og verkefni

#### Kennarinn leiðir nemendur rakleitt að efninu (aðleiðsluaðferðin)


Kennarinn byrjar á því að spyrja spurningar sem allir nemendur geta svarað og er afdráttarlaus: hvers vegna eruð þið í framhaldsskóla?

Nemendur, stelpur jafnt sem strákar, svara örugglega sem svo að þeir vilji geta fengið vinnu. Þeir vilji líka með þessu fá aðgang að sérhæfðu námi og þjálfun, svo sem háskólanámi.

Kennarinn leyfir nokkrum nemendum að tjá sig um þetta þar til skýr mynd hefur birst. Hann dregur síðan saman svör nemendanna með því að teikna skýringarmyndina á  dreifiblaði 1.2 á töfluna eða flettitöflu og skrifa þar fyrsta valið – starf.





Kennarinn bendir á að þetta sé eitt af því sem nemendur hafi sett í forgang og það sé greinilega mjög mikilvægt fyrir sjálfsmýnd þeirra. Með þessu séu þeir að nýta sér mannréttindi sín – frelsi til að velja yfirleitt og frelsi til að velja sér starf. Nemendur gætu með réttu bent á að þetta frelsi er háð takmörkuðum aðgangi að vissum störfum, til dæmis vegna atvinnuleysis eða harðrar samkeppni. Þessu þarf ekki að fylgja eftir hér því að það verður til umfjöllunar í næstu kennslustund.

Kennarinn tilgreinir næstu lykilatriði: vil ég búa með maka, og ef svo er, hver verður það? (Eða hef ég þegar ákveðið þetta?) Og vil ég, eða viljum við, eiga börn? Kennarinn bætir orðunum „Maki“ og „Börn“ á skýringarmyndina svo að hún verði eins og  á dreifiblaði 1.2.

Nú útskýrir kennarinn fyrir nemendum hvernig við þurfum öll að svara þessum spurningum með einum eða öðrum hætti. Við getum kosið allt þetta þrennt eða kannski aðeins tvennt og útilokað eitt. Það hvað við veljum eða veljum ekki gjörbreytir lífi okkar. Við eigum að njóta mannréttinda en við berum líka ábyrgð á lífi okkar og lífi annarra (maka okkar og barna).

#### Kennarinn gerir grein fyrir verkefninu


Kennarinn lætur nemendur fá  dreifiblað 1.2. Hann vekur athygli þeirra á þeim mannréttindum sem eiga að tryggja að við getum valið okkur starf, búið með maka og átt börn ( dreifiblað 1.2, 1. hluti). Verkefni nemenda er að íhuga þá valkosti sem standa þeim til boða og skrá ákvörðun sína í töfluna á 2. hluta dreifiblaðsins.

Ef þeir vilja geta þeir borið val sitt saman við val foreldra sinna. Þeim viðbótarupplýsingum verður ekki deilt með hinum í bekknum. Upplýsingar um val nemenda verða leynilegar.



## 2. Nemendur ígrunda lykilákvarðanir sínar

Nemendur vinna hver fyrir sig í hljóði. Kennarinn lítur ekki á blöð nemenda því að nærgætni er mikilvæg þegar fengist er við svo viðkvæm mál.

Hann undirbýr síðan framhaldið með því að festa flettistöflu á töfluna eða vegg. Best er að nemendurnir sjái ekki þegar skrifað er á hana. Flettitaflan sýnir breytta útgáfu af töflunni á  dreifiblaði 1.2.

Nota má bókstafi í stað orða því að nemendur þekkja töfluna. Eftirfarandi skýring dugir:

**Starf – Maki – Börn**

Valkostir okkar varðandi framtíðina		Konur	Karlar
Allir þrír	M + B + S		
Tveir af þremur	M + B		
	M + S		
	S + B		
Einn af þremur	M		
	S		
	B		

Kennarinn skilur merkipennann eftir fyrir nemendur.

## 3. Kynning og ígrundun

### Val nemenda

Kennarinn lýsir því hvernig nemendur geta valið leynilega. Síðan koma þeir einn af öðrum að flettistöflunni og skrá val sitt með tölunni „einn“ (1).

Kvenkyns og karlkyns nemendur nota sér dálka.

Nemendur ganga að flettistöflunni hver á eftir öðrum og skrá val sitt þar. Þegar allir eru búnir telja tveir nemendur merkin sem hver valkostur fær og skrá samtölurnar.

### Nemendur ræða saman um niðurstöðurnar

Varla er hægt að gefa sér niðurstöður fyrir fram. Athyglisvert er að sjá hversu margir ungir karlar og konur ætla sér að sameina alla kostina þrjá og hversu margir kjósa tvo, og þá hverja tvo.

„Maki+Starf“: Hið hefðbundna karlamynstur „fyrirvinna+heimavinnandi húsmóðir“. Nemendur geta séð hvað fylgir því ef báðir aðilar velja kostinn „Maki+Starf“ – tvöfaldar tekjur, engin börn.

„Starf+Börn“: Nokkuð ólíklegt val, einstætt foreldri, en eins og nemendur vita er fjöldi slíkra fjöl-skyldna til – ekki endilega með vilja, heldur vegna skilnaðar eða fráfalls maka.

„Maki+Börn“: Það sem var hið hefðbundna kvennamynstur. Margar mæður mjög ungra barna og sumir ungir feður velja þennan kost um hríð til að geta annast börn sín heima. Ætlunin er að snúa aftur til starfa svo fljótt sem mögulegt er.

„Starf+Maki+Börn“: Er val kynjanna ólíkt hvað þetta snertir? Hugsanlega velja fleiri ungar konur en karlar þennan kost. Ef svo er, hver er ástæðan? Kennarinn ætti ekki að þrýsta á nemendur ef þeir eru ófúsir að ræða ástæðurnar fyrir vali sínu. Hann mætti þó benda á að þetta sé dæmi um það hvernig val einstaklinga getur haft áhrif á þjóðfélagið í heild. Ef margir kjósa að eiga ekki börn lækkar fæðingartíðnin. Hér ætti ekki að predika, heldur fá nemendur til að átta sig á þeim áhrifum sem persónulegt val þeirra hlýtur að hafa síðar (sjá aukaverkefnið hér að neðan).

Kennarinn býður eftir niðurstöðunum með þetta í huga og bregst síðan við – óundirbúið ef með þarf. Hugleiðingar fyrir fram, eins og lýst er lauslega hér, eru gagnlegar; mat á kennslustundinni eftir á er það líka því að það eykur færni og öryggi í að leiða óundirbúna umræðu.

#### Aukaverkefni

Vandi sem tengist lækkandi fæðingartíðni og öldrun eða fækkun íbúanna hrjáir mörg iðnvædd og þróuð lönd í heiminum, þar á meðal Kína, Þýskaland og Ítalíu. Þetta getur orsakað alvarleg efnahagsleg vandamál og vanda í lífeyrisherfinu. Nemendur geta stuðst við tölfræðileg gögn til að kanna stöðuna hér á landi. Síðan geta þeir greint og lagt mat á lausnir.

## 4. kennslustund

### Hvaða starf hentar mér?

#### Forsendur mínar fyrir vali á starfi

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að greina, vega og meta og forgangsraða forsendum ákvörðunar.
Markmið	Lykilforsendan fyrir vali á starfi er: „Hvaða starf samræmist áhugasviðum mínum og styrkleikapáttum?“
Verkefni nemenda	Nemendur velja starf eða hafna því og tilgreina ástæðurnar fyrir ákvörðun sinni.
Efniviður og gögn	<p>☞ Dreifiblað 1.3.</p> <p>📄 Ítarefni fyrir kennara 1.2 (klippt sundur í sett af starfsspjöldum, með u.þ.b. tíu fleiri spjöldum en nemendur eru í bekknum).</p>
Aðferð	Nemendur vinna hver fyrir sig við dreifiblað. Bekkjarumræða.
Tímaáætlun	<p>1. Nemendur samþykkja tilboð um starf eða hafna því. 20 mín.</p> <p>2. Þeir skýra hver öðrum frá forsendum sínum fyrir vali á starfi. 20 mín.</p>

#### Ábendingar

Í kennslustund 1.3 glímdu nemendur við þrjár lykilspurningar sem snertu afdrifaríkar ákvarðanir þeirra um framtíðina – val á starfi, maka og fjölskyldu (foreldrahlutverkinu). Í þessum tíma kanna nemendur nánar forsendurnar fyrir einu af þessu – vali á starfi.

Tvær forsendur eru sérlega mikilvægar: Á hvaða starfi hef ég áhuga? Hvaða starf get ég leyst best af hendi? Gildi þessara spurninga er augljóst en það er líka erfitt að svara þeim, einkum hinni síðari. Hér þarf raunhæfar upplýsingar; lagt er til að nemendur taki til við starfskynningarverkefnið í þessu skyni.

## Lýsing á kennslustund

### 1. Nemendur samþykkja tilboð um starf eða hafna því


#### Kennarinn gerir grein fyrir viðfangsefninu

Kennarinn gerir grein fyrir viðfangsefninu og hefur flettistöfluna með skýringarmyndinni til hliðsjónar. Í síðustu kennslustund ræddu nemendur þann flókna vanda sem tengist þremur lykilákvörðunum: um starf, maka og fjölskyldu.

Nú eiga nemendur að einbeita sér að einu af þessu, þ.e. framtíðarstarfi.

Kennarinn segir þeim að byrja einfaldlega á því að ímynda sér að þeim verði boðin atvinna. Hann muni kynna þeim atvinnutilboðið á spjaldi. Þeir ráða hvort þeir samþykkja þetta tilboð eða ekki.

#### Kennarinn kynnr aðferðina – vinnumarkaðurinn í einfaldaðri útgáfu

Kennarinn lætur nemendur fá  dreifiblað 1.3 og biður þá að fylla út fyrstu línuna: eru þeir þegar komnir með vinnu sem þeim líkar eða eru þeir búnir að velja? Ef svo er ekki bíða þeir eftir næsta skrefi.

Kennarinn útskýrir reglurnar. Þegar nemendur fá atvinnutilboðið á spjaldi ákveða þeir hvort þeir taka því eða ekki. Þeir skrifa ástæðurnar á dreifiblaðið.

Síðan geta þeir leitað að öðru starfi. Nemendur geta skipt á störfum hver við annan eða skipt á sínu spjaldi og spjaldi á borði kennarans. Þeir skrá öll störfin sem þeim eru boðin og tilgreina ástæður þess að þeir þiggja þau eða hafna þeim.

Ef þeir finna starf sem þeim líkar halda þeir einfaldlega spjaldinu. Ef þeir leggja spjaldið frá sér, án þess að taka annað, eru þeir atvinnulausir.

Áður en vinnumarkaðsleikurinn hefst þurfa nemendur að hafa áttað sig vel á reglunum og hlutverkum sínum.

Kennarinn afhendir hverjum nemanda starfsspjald. Sjálfsagt mótmæla sumir og vilja strax losa sig við atvinnutilboðin. Ef með þarf minnir kennarinn þá á það sem þeir eiga að gera – að skrá á dreifiblaðið ástæður þess að þeir vilji ekki tiltekið starf.

#### Vinnumarkaðsleikur nemenda – leit að starfi

Þegar nemendur hafa fengið starfsspjöldin fá þeir að vera óáreittir um stund. Kennarinn athugar hversu margir nemendur taka atvinnutilboðum og minnir þá á að skrá stuttar útskýringar ef þeir skiptast á störfum.

### 2. Nemendur skýra hver öðrum frá forsendum sínum fyrir vali á starfi

#### Nemendur skilgreina lykilforsendur fyrir vali sínu á starfi

Nemendur sitja þannig að sætin myndi opinn ferning eða hring svo að samskipti verði auðveldari. Kennarinn biður nemendur að rétta upp hönd. Hverjir hafa samþykkt atvinnutilboð? Hverjir ekki?

Þessu næst biður kennarinn nemendur að skipta sér í fjögurra til sex manna hópa og bera saman forsendur sínar. Verkefni þeirra er að leggja fram lista með þremur lykilforsendum sem þeir eru allir sammála um.

Eftir fimm mínútur kynna talsmenn hópanna niðurstöðurnar og annar nemandi úr hópnum skráir helstu atriðin á töfluna eða flettistöflu. Atriði sem tveir eða fleiri hópar tilgreina eru auðkennd til að benda á mikilvægi þeirra. Útkoman gæti verið í líkingu við þetta:

Hvaða starf hentar mér? Forsendur mínar fyrir vali á starfi

Persónuleg áhugamál

Hæfni – hæfniskröfur

Góðar tekjur

Vinnutími

Sveigjanleiki

Starfsöryggi

...

### Nemendur skilgreina lykilforsendur fyrir vali á starfi

Ef hóparnir hafa margsinnis nefnt tiltekna forsendur þurfa nemendur nú að íhuga hvort þær séu sérstaklega mikilvægar. Þeir skiptast á skoðunum og rökstyðja þær.

Þeim er einnig frjálst að halda sig við sína eigin lykilforsendu svo að þeir þurfa ekki að vera samþykkir niðurstöðunum. Til dæmis geta háar tekjur skipt einn nemanda miklu máli meðan annar leggur áherslu á frí um helgar og sveigjanlegan vinnutíma. Þó er eitt atriði sem kennarinn þarf að vekja athygli nemenda á.

Við viljum öll forðast atvinnuleysi svo að skiljanlega er starfsöryggi oft forgangsatríði. En erfitt er að spá um þróun atvinnulífsins og nemendur eiga alls staðar eftir að mæta samkeppni. Þeir verða að velja sér starf eða að minnsta kosti starfsgrein þegar skóla lýkur og þeir sækja um starf þegar þeir hafa lokið námi. Enginn getur fullyrt með nokkurri vissu um möguleika þeirra eftir fjögur til fimm ár.

Því ættu nemendur að tilgreina eftirfarandi tvær forsendur:

1. Á hverju hef ég áhuga og hvað þætti mér skemmtilegt að gera?
2. Í hverju er ég góð(ur)? Í hverju felst styrkur minn? Hvernig get ég best brugðist við samkeppni?

Kennarinn gefur nemendum dálítinn tíma til að íhuga þessi atriði og bregðast við.

### Nemendur greina vandann við að beita forsendunum

Þegar nemendur fara að velja þessum tveimur forsendum fyrir sér verða þeir líklega varir við erfiðleika því samfara. Seinni spurningin hér að framan er sú sem auðveldara er að svara. Með hjálp foreldra og vina og kennara geta þeir fundið út í hverju þeir eru bestir.

Fyrri spurningin er vandasamari því að nemendur þurfa upplýsingar um hæfniskröfur og þróun starfsins. Kennarar eru ekki sérfræðingar á þessu sviði svo að hér eru skólanum sett takmörk og því verða nemendur að finna allar upplýsingar sjálfir. Nú sjá þeir hvað valfrelsið og mótun sjálfsmyndar er í rauninni krefjandi.

Í mörgum löndum styðja skólar nemendur sína með starfskynningarkerfi. Í framhaldsverkefninu sem hér fer á eftir er líkt eftir slíku kerfi og gert er ráð fyrir að nemendur, foreldrar og forráðamenn fyrirtækja taki þátt í því og styðji það.

## Framhaldsverkefni: starfskynning

### Vandi nemenda – starfskynning sem hluti af lausn

Nemendur vita að val þeirra á starfi ræður afar miklu um framtíð þeirra. Þeir hafa áttað sig á hvaða forsendur eru mikilvægastar þegar þeir ákveða sig en þeim er einnig orðið ljóst að þeir geta ekki dæmt um hvaða starfskröfur samræmist hæfileikum þeirra, hæfni og áhugasviði án áreiðanlegra og nýlegra upplýsinga. Starfskynningarverkefni getur verið nemendum dýrmætur stuðningur við upplýsingaöflun.

### Verkefni nemenda

Nemendur kynna sér starf sem þeir halda að uppfylli forsendur þeirra. Þeir eyða nokkrum vinnudögum með einstaklingi sem gegnir þessu starfi og fylgjast með því sem hann gerir og með hverjum hann vinnur. Þeir taka viðtal við þennan „vinnufélaga“ sinn með hjálp spurningalista (sjá ~~3~~ dreifiblað 1.4). Ef mögulegt er fá þeir að gripa í verk til að kynnast starfinu af eigin raun (eins og lærlingar). Í stað stundaskrár skólans koma vinnustundir í starfinu. Ef skurðlæknir hefur störf klukkan sex að morgni þarf nemandinn því að vera mættur á þeim tíma á skurðstofuna (meðal annars til að komast að því hvort hann þolir að horfa á skurðaðgerð).

Nemendur skrifa skýrslu byggða á spurningalistanum. Hægt er að láta þá skila skýrslunni og gefa þeim síðan einkunn eða umsögn. Það hvetur þá til að vanda sig. Þeim er bent á að skrá minnispunkta daglega og skrifa skýrsluna í vinnuvikunni en draga það ekki þar til síðar – æfing í skilvirkri tímastjórnun.

Skýrslan á að vera formleg og gagnorð lýsing, ekki persónuleg dagbók, svo að tryggt sé að nemendur haldi sig við upphaflegar lykilsforsendur fyrir vali á starfi.

Nemendur verða sjálfir að finna sér starfsmann til að fylgjast með með stuðningi foreldra sinna, fjölskyldu og fjölskylduvina. Þeir ættu þó helst ekki að leita fyrir sér á vinnustað foreldra sinna eða ættingja.

### Stuðningur skólans og kennaranna

Nemandinn er í aðalhlutverki og ber ábyrgð á árangrinum. Skólinn gefur tækifærið, setur rammann, heimilar verkefnið og gengur frá lagalegum atriðum (t.d. samþykki viðkomandi stofnana og tryggingum). Snemma í ferlinu hefur skólinn einnig samband við foreldrana, sem gegna mikilvægu hlutverki (sjá hér á eftir).

Ef með þarf getur skólinn veitt nemendum skriflega heimild eða vottorð sem fylgir umsókninni um starfskynningu. Þegar verkefninu lýkur skrifar skólustjórinn þakkarbréf til allra þeirra sem tóku á móti nemendum skólans.

Ef kostur er ætti kennarinn að heimsækja nemendur meðan þeir vinna að verkefninu. Allan tímann sem verkefnið er í gangi verður að vera hægt að ná í kennara í síma svo að hann geti brugðist skjótt við ef eitthvað óvænt gerist.

### Framhaldið

Mælt er með að skýrslurnar verði metnar til einkunna til að árétta mikilvægi þeirra. Kennarinn verður að vera varfærinn í öllum umsögnum því að þetta eru persónuleg skjöl. Hann þarf að gera sér grein fyrir því að þar sem hann var ekki viðstaddur eru það nemendurnir sem eru sérfræðingarnir en ekki hann. Því þarf matið að beinast að atriðum eins og skýrleika, samhengi, vandvirkni og nákvæmni. Frá sjónarhóli nemenda skiptir þetta verkefni mun meira máli en nokkur prófritgerð og kennarinn ætti að vera reiðubúinn að gefa hærri einkunnir en venjulega.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að bera saman reynslu sína. Það krefst meiri tíma en fæst með góðu móti í tímum í MLB eða félagsfræði samkvæmt stundaskrá. Starfskynningardagur í skólanum er kjörinn vettvangur. Slíkur dagur væri sérstaklega áhugaverður fyrir yngri nemendur sem ættu þetta verkefni eftir, svo og foreldra þeirra. Einnig mætti bjóða starfsmönnum sem tóku við nemendum og fjölmiðlum og fulltrúum fyrirtækja á staðnum.

## Stuðningur foreldra

Í fyrsta lagi geta foreldrar stutt börn sín við að komast að því hvar styrkur þeirra og áhugasvið liggur. Foreldrar þekkja börn sín frá fyrstu tíð og geta rakið þroskasögu þeirra frá öðru sjónarhorni en starfsmaður skólans. Foreldrar taka verkefnum sem þessum yfirleitt fagnandi því að þeir meta mikils allan stuðning sem börn þeirra fá í leit að starfi. Af skiljanlegum ástæðum hættir foreldrum til að leggja fullmikla áherslu á starfsöryggi. Í sibreytilegu efnahagsumhverfi eru foreldrar því ekki mjög góðir ráðgjafar um framtíðarstarfsvettvang.

## Að finna nemendum starfsfélaga

Yfirleitt þurfa nemendur sjálfir að finna sér leiðbeinanda í starfskynningu. Foreldrar þeirra, og jafnvel aðrir ættingjar eða vinir, geta veitt dýrmæta aðstoð með því að koma þeim í samband við mögulega starfsfélaga. Nemendur ættu ekki að slá of fljótt af kröfum sínum ef leitin reynist torveld. Þeir eru að leita að tækifæri til starfskynningar, ekki starfi. Ef enginn í tilteknu starfi er fánlegur, t.d. fréttamaður á sjónvarpsstöð, mætti reyna að finna einhvern í sömu starfsgrein, t.d. fréttamann á bæjarblaðinu.

## Stuðningur fyrirtækja og stofnana í nágrenninu

Fagmaður sem tekur að sér nemanda í heila vinnuviku þarf að hafa heilmikið fyrir því og það ber að þakka. En margir atvinnurekendur vilja laða að sér hæfa og upplýsta starfsumsækjendur. Fyrir þá er starfskynning tækifæri til að sjá hvað í nemendunum býr og jafnvel bjóða þeim starf í framhaldinu.

Nemendur þurfa leiðbeinanda eða umsjónarmann. Þetta getur verið starfsfélagi þeirra eða einhver annar. Þeir hafa fengið leyfi frá skólanum svo að ekki má borga þeim fyrir vinnu sína. Þeir eru ekki þarna til að vinna venjulega vinnu heldur fylgja sérstakri áætlun eins og sjá má af spurningalistanum (☞ dreifiblað 1.4).

## Lærdómur sem nemendur búa lengi að

Reynslan hefur sýnt að verkefni sem þetta getur stuðlað að því að nemendur taki nám sitt fastari og yfirvegaðri tókum síðustu árin í skólanum. Þeir hafa áttað sig á því hvert áhugasvið þeirra er og kunna betur að meta sumar námsgreinar núna þegar þeir geta tengt þær framtíð sinni eftir að skóla lýkur. Það getur einnig haft sitt að segja að einhver utan skólans hafi sagt þeim að „stafsetning og skrift skipti máli“. Og það er uppörvandi og ánægjulegt fyrir nemendur að uppgötva að þeir geti nú þegar ráðið við ýmis verkefni sem tengjast sérhæfðum störfum.

Sumir nemendur koma aftur í skólann með skýr svör. Hugsanlega vita þeir nú hvaða starf þeir vilja og geta snúið sér að því undirbúa frekara nám eða þjálfun þegar þeir hafa lokið framhaldsskólanum. Hafi verkefnið hins vegar sýnt þeim fram á að þeir verði að finna sér eitthvert annað starf er það einnig skref í rétta átt því að þá hafa þeir losað sig við ranghugmyndir og um leið auðveldað sér að finna út hvaða annað starf gæti hentað þeim.

## Upplýsingar um starfskynningarkerfi

Stóra-Bretland: [www.prospects.ac.uk](http://www.prospects.ac.uk)

Baden-Württemberg, Þýskalandi: [www.schule-bw.de/schularten/gymnasium/bogy](http://www.schule-bw.de/schularten/gymnasium/bogy)

## Ítarefni fyrir kennara 1.1: Fleyg orð um val og sjálfsmynd



<p>Með vali okkar og athöfnum í lífinu sköpum við manneskjuna sem við erum og andlitið sem við berum.</p> <p>Kenneth Patton</p>
<p>Ákvörðun er áhætta fólgin í hugrekkinu sem fylgir því að vera frjáls.</p> <p>Paul Tillich</p>
<p>Allt það sem þú gerir núna er nokkuð sem þú hefur kosið að gera. Sumt fólk vill ekki trúa þessu. En ef þú ert eldri en tuttugu og eins árs er líf þitt það sem þú gerir úr því. Viljir þú breyta lífi þínu þarftu að breyta forgangsröðinni.</p> <p>John C. Maxwell</p>
<p>Ég er þess fullviss að við ein berum ábyrgð á ákvörðunum okkar og að við verðum að sætta okkur við afleiðingarnar af öllum okkar gerðum, orðum og hugsunum alla ævi.</p> <p>Elisabeth Kubler-Ross</p>
<p>Ef þú vilt fá eitthvað sagt, biddu þá karlmann. Ef þú vilt fá eitthvað gert, biddu þá konu.</p> <p>Margaret Thatcher</p>
<p>Frelsi, í orðsins fyllstu merkingu, felst í getunni til að velja.</p> <p>Simone Weil</p>
<p>Mestu hugsuðirnir eru færir um verstu lestina jafnt og æðstu dygðirnar.</p> <p>Rene Descartes</p>
<p>Það sem sagan getur helst kennt okkur er að athafnir manna hafa afleiðingar og að sumar ákvarðanir eru óafturkræfar, ef þær á annað borð eru teknar. Þær útiloka aðra möguleika og þannig stjórna þær því sem síðar gerist.</p> <p>Gerda Lerner</p>
<p>Allir hafa það á valdi sínu að kjósa hið góða eða hið illa.</p> <p>Origen</p>
<p>Sjálfið er ekkert sem fæst tilbúið, heldur mótast það stöðugt við val á athöfnum.</p> <p>John Dewey</p>
<p>Það sem konur eiga enn eftir að læra er að enginn færir manni völd. Maður tekur sér þau bara.</p> <p>Roseanne Barr</p>
<p>Þegar ég þarf að velja milli tveggja vondra kosta finnst mér alltaf best að velja þann sem ég hef aldrei prófað áður.</p> <p>Mae West</p>
<p>Þú verður að þjálfa innsæi þitt – þú verður að treysta þinni innri rödd sem segir þér hvað þú átt nákvæmlega að segja, hvað þú átt að ákveða.</p> <p>Ingrid Bergman</p>



Eitt skip siglir austur,  
og annað stefnir í vestur  
undan sömu vindum sem blása.  
Það er tilhögun seglanna,  
en ekki vindarnir,  
sem ræður stefnu okkar.  
Líkar vindum sjávarins  
eru öldur tímans.  
Á leið okkar áfram gegnum lífið  
er það hugarfarið  
sem ræður markinu,  
ekki lognið eða mótvindurinn.  
Ella Wheeler Wilcox

[www.wisdomquotes.com](http://www.wisdomquotes.com)

Ítarefni fyrir kennara 1.2: Starfsspjöld



Opinber starfsmaður (hjá bæjar- eða sveitarstjórn)	Textasmiður á auglýsingastofu	Dýralæknir
Arkitekt	Tískuljósmyndari	Grunnskólakennari
Vélaverfræðingur	Vatnsveitustjóri	Bankastarfsmaður
Sjúkrahúslæknir	Framkvæmdastjóri skyndibitastaðar	Bókavörður á almenningubókasafni
Sölufulltrúi í hugbúnaðarfyrirtæki	Lögreglumaður	Lögmaður


<b>Leiðsögumaður</b>	<b>Starfsmaður í verslun</b>	<b>Hjúkrunarfræðingur</b>
<b>Hagfræðingur</b>	<b>Kortagerðarmaður</b>	<b>Hársnyrtir</b>
<b>Dansari</b>	<b>Fréttamaður á dagblaði</b>	<b>Bóksali</b>
<b>Veðurfræðingur</b>	<b>Sálfræðingur</b>	<b>Flugmaður</b>
<b>Ræstítæknir</b>	<b>Rútubílstjóri</b>	<b>Rafvirki</b>

Heimild: [www.prospects.ac.uk](http://www.prospects.ac.uk)

## Kafla 1.3 Ítarefni fyrir kennara

### Sjálfsmynd í ljósi hugsmíðahyggju

Hvað snertir hugtakið sjálfsmynd, þá merkir hugsmíðahyggja að við mótum sjálfsmynd okkar með vali okkar og ákvörðunum. Lögð er áhersla á virkt hlutverk einstaklingsins og vísað til námsins sem í því felst. Við gerum mistök í lífinu og þannig áttum við okkur líka á mistökum í vali okkar. Sumt af því sem við veljum getum við hugsanlega ógilt (afbyggt) og leiðrétt, annað er óafturkræft. Hér gildir það, umfram allt, að tímann notum við aðeins einu sinni. Hugsmíðahyggjan tengir saman val okkar og niðurstöðuna af valinu, sjálfsmynd okkar sem verður að vissu marki stöðug og óbreytt.



Í þessum kafla er athyglinni beint að virku hlutverki okkar við mótn eigin sjálfsmyndar – og annarra, þar sem við getum einnig verið óvirk. Auðvitað er þróun sjálfsmyndar okkar miklu flóknari en þetta og háð mörgum öðrum þáttum (breytum) sem ákveða eða takmarka tækifæri okkar til að móta líf okkar og sjálfsmynd. Þar á meðal eru uppruni, stétt, kyn, efnahags- og menningarlegar aðstæður og náttúrulegt umhverfi.

Tvær ástæður eru fyrir því að í þessum kafla er athyglinni beint að því hvernig val okkar mótast sjálfsmyndina. Í fyrsta lagi tengir þessi aðferð sjálfsmyndina við mannréttindi. Það að velja er frjáls athöfn. Í öðru lagi höfðar aðferðin vel til nemenda því að hún samræmist reynslu þeirra og kemur til móts við ýmislegt sem brennur á þeim sjálfum.

Hugtakið sjálfsmynd er ekki aðeins miklu flóknara en það virðist vera í þessum kafla; svo er einnig um hugtakið val. Skýringarmyndin hér að framan lýsir kennslufræðilegri aðferð þessa kafla: nemendur kanna tengslin milli þessara tveggja flóknu hugtaka en hvorugt er tæmt.

## 2. KAFLI ÁBYRGÐ Framhaldsskólastig

### Að taka þátt og axla ábyrgð Frelsi fylgir ábyrgð

„Quidquid agis, prudenter agas, et respice finem.“

[Hvað svo sem þú gerir, þá gerðu það skynsamlega, og íhugaðu afleiðingarnar.]

Latneskt orðtak; uppruni óþekktur

#### 2.1 Að eiga á hættu að missa vin – eða brjóta reglu?

Við lendum oft í valþröng

#### 2.2 og 2.3 Hvað myndir þú gera?

Við berum ábyrgð á ákvörðunum okkar

#### 2.4 Hvaða gildi verðum við að sameinast um?

Að axla ábyrgð í samfélagi sem byggist á mannréttindum



## 2. kafli Ábyrgð Að taka þátt og axla ábyrgð

### Inngangur ætlaður kennurum

#### Að axla ábyrgð – það sem hefur áhrif á allt

Við tökum stöðugt ákvarðanir, stórar sem smáar. Hvað eigum við að borða í hádeginu? Förum við á bílnum eða tökum við strætó? Hvaða flokk á ég að kjósa? Hvað vil ég gera þegar ég hef lokið námi?

Hver einasta ákvörðun sem við tökum snýst um það að velja tiltekna kosti en hafna öðrum. Og hvort sem við áttum okkur á því eða ekki þá hafa ákvarðanir okkar áhrif á aðra. Allt sem við ákveðum og gerum orkar tvímælis því að við hefðum getað valið aðra kosti.

Að axla ábyrgð merkir að íhuga þessa mismunandi kosti og afleiðingarnar af ákvörðunum okkar. Þetta snertir því bókstaflega allt það sem við gerum í lífinu – á persónulega sviðinu, í samböndum okkar og tengslum við fjölskylduna, vini, vinnufélaga og samfélagið í heild.

#### Að axla ábyrgð – mannréttindi og úrlausnarefni

Þegar við tökum ákvarðanir nýtum við rétt okkar til frelsis. Frelsi fylgir ábyrgð en við getum sjálf ákveðið og verðum að ákveða eftir hvaða grunnreglum og forsendum við viljum fara. Frelsi merkir að við erum ein um ákvörðunina og þess vegna getur það reynst mjög erfitt að axla ábyrgð. Að vissu marki er þarna um að ræða færni sem unnt er að þjálfa og það eiga nemendur að gera í þessum kafla.

Þeir eiga að ræða saman um það sem við verðum í rauninni oft að ákveða ein og sjálf – reyna að átta sig á vandanum sem felst í valþröng, vali og forgangsröðun.

#### Ábyrgð í ljósi hugsmíðahyggju

Best er að læra að axla ábyrgð og öðlast skilning á því sem í slíku felst í raunhæfum aðstæðum sem krefjast þess að ákvörðun sé tekin. Valþröng, það að þurfa að velja einn kost af tveimur eða fleiri slæmum kostum, er sérlega áhugaverð í þessu samhengi því að hún kallar á það að afleiðingarnar af ákvörðuninni séu vandlega skoðaðar.

Í opnu og veraldlegu fjölhyggjuþjóðfélagi er ekki hægt að gera sjálfkrafa ráð fyrir gildum sem allir geti umyrðalaust sameinast um – en slík gildi eru nauðsynleg ef stöðugleiki á að ríkja í samfélaginu. Við verðum því að ræða og komast að samkomulagi um þær grunnreglur sem við göngum út frá þegar við öxlum ábyrgð.

Það er krefjandi að axla ábyrgð og eilíft lærdómsferli. Í þessum kafla er því gengið út frá hugmyndum hugsmíðahyggjunnar um ábyrgð.

## Gildirur í kennslu um ábyrgð – og hvernig má varast þær

Í kennslu um ábyrgð leynast tvær gildirur – siðaboðun og innræting.



Siðaboðunin felst í því að tala t.d. um að vera „góður þegn“ án þess að litið sé á raunhæf dæmi eða vandamál. Nemendurnir fá þau skilaboð að það að axla ábyrgð sé aðeins spurning um að vilja eða vilja ekki. Þeir komast aldrei að því hversu erfitt þetta getur verið og hversu mikilvægt það er að gera öðrum grein fyrir forsendum sínum.

Innrætingargildran lýsir sér í því að kennarar reyna að innræta nemendum tiltekin gildi. Til þess hafa þeir ekkert umboð og hvaða gildi svo sem þeir velja, þá geta þau verið umdeilanleg og auðvelt að andmæla þeim.

Svo að forðast megji slíkar gildirur snýst þessi kafli um afmarkað verkefni sem gefur nemendum tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Kennarinn er þjálfari þeirra og leiðbeinandi.

Nemendur ræða hvernig hægt er að leysa valþröng. Dæmisögurnar vísa til daglegrar reynslu nemenda og þannig eru þeir settir í hlutverk sérfræðinga.

## Undirbúningur kaflans

Mælt er með að kennarinn leysi sama verkefni og nemendur (sjá  dreifiblað 2.1–2.4 og  ítar-efni fyrir kennara 2.1–2.3). Þannig öðlast kennarinn bestan skilning á námstækifærunum og getur áttað sig á hvað hugsanlega muni reynast nemendum erfitt. Niðurstaðan sjálf – ákvörðunin um hvernig leysa skuli valþröngina – er ekki „rétt“ svarið því að þarna koma huglægir þættir mjög við sögu og þar eru nemendur ekki endilega sammála.



## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 2. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 2. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeinar MLB/MRM-kennslustundir á stundaskrá að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð, að vissu marki, í þessum kafla – til dæmis greining, að rýna í upplýsingar í fjölmiðlum og ábyrgð.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanataka og athafnir	Viðhorf og gildi
2 Ábyrgð	Að skilja vandann sem tengist valþröng Að greina afleiðingar ákvörðunar Að forgangsraða og rökstyðja	Vandleg ígrundun og umhugsun Að rökstyðja ákvörðun og gera grein fyrir forsendum hennar	Að taka ákvörðun út frá ófullnægjandi upplýsingum Að skilja hættuna á mistökum	Að skipta um sjónarhorn Að viðurkenna hagsmuni og réttindi annarra Samfélag byggt á mannréttindum
1 Sjálfsmynd	Að skilja að ákvarðanir okkar hafa áhrif á aðra			Að skipta um sjónarhorn
4 Ágreiningur	Sjálfbærnivandinn	Samningsaðferð	Lausn ágreinings	
6 Stjórnarfar og stjórnsmál	Stjórnsmál – ferli sem felst í lausn vandamála og ágreinings			
7 Jafnrétti	Að virða menningarþátt lýðræðisins		Að leita jafnvægis milli réttinda meirihluta og minnihluta	Gagnkvæm viðurkenning

## 2. KAFLI: Að taka þátt, að axla ábyrgð Frelsi fylgir ábyrgð

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Hætta á að missa vin – eða brjóta reglu?	Hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum: að velja og rökstyðja valið.  Við berum ábyrgð á ákvörðunum sem við tökum í dag- legu lífi.  Hugtökin valþröng og ábyrgð.	Nemendur íhuga kostina sem þeir velja þegar þeir standa frammi fyrir valþröng í dag- legu lífi og útskýra ástæðurnar hver fyrir öðrum.	📖 Ítarefni fyrir kennara 2.1 og 2.2.  ✍ Dreifiblöð 2.1 og 2.2.	Bekkjaramræða, fyrirlestur, hóp- vinna.
2. og 3. kennslu- stund Hvað myndir þú gera?	Hæfni í ákvarðana- töku og athöfnum: að fást við val- þröng.  Við veljum mis- munandi kosti þegar við stöndum frammi fyrir val- þröng. Þegar við gerum það nýtum við rétt okkar til frelsis.	Nemendur ræða dæmisögur um val- þröng og ígrunda persónulega reynslu sína.	✍ Dreifiblöð 2.1–2.4.  📖 Ítarefni fyrir kennara 2.2.  Flettitafla, merkipennar.	Hópvinna.
2. og 3. kennslu- stund Hvað myndir þú gera?	Þegar við öxlum ábyrgð þurfum við að fást við val- þröng – að safna upplýsingum, íhuga afleiðingarnar, forgangsraða og taka ákvarðanir.	Nemendur ræða dæmisögur um val- þröng og ígrunda persónulega reynslu sína.	✍ Dreifiblöð 2.1–2.4.  Flettitöflublöð, merkipennar.	Hópvinna.
4. kennslust. Hvaða gildi verð- um við að samein- ast um?	Mat: forsendur og gildi ígrunduð.  Lýðræðissamfélag er reist á gildum sem allir koma sér saman um.  Mannréttindi kveða á um viss gildi sem við getum verið sammála um.	Nemendur velja dæmisögur um valþröng, skýra frá ákvörðunum sínum og bera saman og ræða það sem réð úrslitum um þær.	📖 Ítarefni fyrir kennara 2.2.  Flettitöflublöð (frá kennslustund- inni á undan), merkipennar.  ✍ Dreifiblað 2.5; eða Mannréttinda- yfirlýsingin, 1. gr., á flettitöflu eða glæru.	Bekkjaramræða um undirbúning.  Kynningar.  Umræður.

## 1. kennslustund

### Hætta á að missa vin – eða brjóta reglu?

#### Við upplifum oft valþröng



Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum: að velja og rökstyðja valið.	
Markmið	Við berum ábyrgð á ákvörðunum sem við tökum í daglegu lífi. Hugtökin valþröng og ábyrgð.	
Verkefni nemenda	Nemendur íhuga kostina sem þeir velja þegar þeir standa frammi fyrir valþröng í daglegu lífi og útskýra ástæðurnar hver fyrir öðrum.	
Efniviður og gögn	 Ítarefni fyrir kennara 2.1 og 2.2.  Dreifiblöð 2.1 og 2.2.	
Aðferð	Bekkjaramræða, fyrirlestur, hópvinna.	
Tímaáætlun	1. Nemendur fjalla um valþröng í daglegu lífi.	10 mín.
	2. Nemendum er kynnt verkfæri til að greina valþröng.	20 mín.
	3. Nemendur gera grein fyrir ákvörðunum sínum varðandi vandann með söguprófið.	10 mín.

#### Ábendingar

Í þessari kennslustund fá nemendur að kynnast mikilvægi og nauðsyn þess að axla ábyrgð. Þeir prufukeyra, ef svo má segja, verkfærið til að ígrunda ákvarðanir sínar sem tengjast ábyrgð og þeir fræðast um lykilhugtakið valþröng.

Allir nemendurnir verða strax virkir þátttakendur fyrir tilstilli aðleiðsluaðferðarinnar. Eftir örfáar mínútur eru allir nemendur bekkjarins farnir að íhuga lausn á valþröng sem er kunnugleg úr skólalífínu.

Fyrsta kennslustundin fjallar um lykilviðfangsefnið – að standa frammi fyrir valþröng, þurfa að velja um nokkra kosti og ígrunda hvað skuli hafa forgang við þetta val. Í stað þess að bætt sé við efnispáttum er þetta efni, lausn á valþröng, kannað áfram í næstu kennslustundum. Eins og í öllum öðrum köflum bókarinnar er í þessum kafla viðhöfð sú kennslufræðilega regla að taka vandlega fyrir eitthvert tiltekið atriði viðfangsefnisins – „gera minna en gera það vel“. Þetta er gert í ljósi reynslunnar. Það er innlifunin í verkefnið sem skilar bestum árangri, ekki víðtæk yfirferð efnisins.

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Nemendur íhuga ákvarðanir sínar við daglegar aðstæður

📖 Ítarefni fyrir kennara 2.1

Kennarinn tilkynnir að nú hefjist nýr kafli og sem inngang að honum segir hann eftirfarandi dæmisögu.

Hugsum okkur eftirfarandi aðstæður. Skriflegt sögupróf er haldið í bekknum þínum. Þú ert einn af bestu nemendum bekkjarins í sögu og þér finnst prófið meira að segja frekar erfitt.

Vinur þinn er fyrir aftan þig og hvíslar hvort hann megi sjá prófblaðið þitt. Þú veist að það er bannað að svindla á prófum og að þú og vinur þinn getið átt á hættu alvarlega refsingu ef þú gerir þetta.

Hvað myndir þú gera? Myndir þú hætta á að missa vin – eða brjóta reglu?

Kennarinn skrifar þessa erfðu spurningu – viðfangsefni kennslustundarinnar – á töfluna eða flettitöflu.

Hann gerir nemendum ljóst að svar þeirra verður að vera já eða nei – ekki er nein önnur lausn eða millivegur og nemendur geta ekki heldur rætt þetta sín á milli – og biður þá síðan að rétta upp hönd. Nemendur greiða atkvæði og kennarinn skráir niðurstöðurnar.

Síðan er þetta rætt. Nemendur tilgreina ástæður sínar og eftir nokkrar mínútur tekur kennarinn niðurstöður saman á töflunni. Við getum búist við rökstuðningi á borð við eftirfarandi:

Myndir þú hætta á að missa vin – eða brjóta frekar reglu?	
Já (settu x)	Nei (settu y)
Góðir vinir hjálpa alltaf hver öðrum.	Svindl er óréttlátt gagnvart þeim sem halda sig við reglurnar. Með því að svindla á ég sjálf(ur) á hættu refsingu. Vinir eiga ekki að ætlast til slíks hver af öðrum.
Ég mun líka þurfa á aðstoð vina minna að halda einhvern daginn.	Það fer eftir vininum hversu mikil hættan er. Ég get rætt þetta við góðan vin og hann virðir ákvörðun mína.
Við þurfum að hjálpast að. Heimurinn væri ansi harður ef enginn bæri umhyggju fyrir öðrum.	...
...	...

### 2. áfangi: Nemendum er kynnt verkfæri til að greina valþröng

📄 Dreifiblöð 2.1 og 2.2.

Kennarinn afhendir nemendum 📄 dreifiblöð 2.1 og 2.2 og gerir grein fyrir hugtakinu valþröng (📄 dreifiblað 2.1) í stuttum fyrirlestri. Röksemdirnar sem nemendur hafa notað leiða í ljós að skyldur þeirra stangast þarna á: annaðhvort sýni ég vinum mínum tryggð þegar þeir biðja mig um hjálp eða ég fer að reglunum því að þær tryggja öllum sömu möguleika á prófi. Ástæðurnar sem nemendur hafa tilgreint – og búast má við að þeir tilgreini – tengjast gildum: skilningi þeirra á vináttu, tryggð, vilja til að hjálpa öðrum, heiðarleika og virðingu fyrir lögum og reglu.

Nú stend ég frammi fyrir aðstæðum þar sem ég ætla að brjóta gegn þessu og þeim gildum sem þar liggja að baki – annaðhvort hætti ég á að glata vini og falla í álitu eða sæta refsingu og ég get fengið samviskubít af því að ég braut reglu sem ég í rauninni er fylgjandi. Kringumstæður eins og þessar, þar sem aðeins er hægt að ákveða að gera eitthvað rangt, en ekki að gera allt rétt, kallast valþröng. Þetta dæmi lýsir valþröng mjög vel:

- Engin málamiðlun er möguleg. Maður verður að ákveða hvað skuli hafa forgang.
- Tíminn er naumur svo að bregðast verður strax við og þess vegna er erfitt að íhuga ákvörðunina vandlega.
- Ekki er hægt að breyta ákvörðuninni síðar svo að áhrif hennar eru óafturkræf.
- Þú tekur á þig ábyrgð – bæði þú og aðrir verða að taka afleiðingunum.

Í daglegu lífi okkar, rétt eins og í pólitískri ákvarðanatöku, glímum við stöðugt við valþröng. Erfitt er að fást við slíkan vanda því að hann er oft flókinn og bregðast þarf skjótt við.

Hins vegar er að vissu marki hægt að þjálfa þá færni sem felst í að leysa valþröng og ígrunda ábyrgð. Þetta tekur tíma. Við verjum nokkrum kennslustundum í að velja fyrir okkur dæmum um valþröng í daglegu lífi sem leysa verður í skyndi.

☞ Á dreifiblaði 2.2 býðst verkfæri til að leysa valþröng. Nemendur fá það verkefni að beita því á vandamálið með prófið. Á fimm til tíu mínútum ættu nemendur því að velja eina til þrjár spurningar sem þeir telja að skipti máli og séu gagnlegar og íhuga þær vandlega. Þeir þurfa að taka ákvörðun og greina hver öðrum frá ástæðu(m) hennar í umræðunni sem fer fram á eftir. Þeir vinna í þriggja til fjögurra manna hópum.

### 3. áfangi: Nemendur ræða ákvarðanir sínar varðandi vandann með söguprófið

Í umræðunum í lokin gera talsmenn hópanna grein fyrir ákvörðunum þeirra og útskýra hvaða atriði réðu úrslitum. Kennarinn stýrir umræðunni og tekur sérstaklega eftir því hvaða spurningar og forsendur nemendur velja.

Kennarinn endar kennslustundina á að vekja athygli á þessu og benda nemendum á sameiginleg eða ólík forgangsaatriði þeirra. Með því að íhuga hvað ræður úrslitum um ákvarðanirnar axla nemendur ábyrgð.

## 2. og 3. kennslustund

### Hvað myndir þú gera?

#### Við berum ábyrgð á ákvörðunum okkar

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Færni í ákvarðanatöku og athöfnum: að fást við valþröng.
Markmið	Við veljum mismunandi kosti þegar við stöndum frammi fyrir valþröng. Þegar við gerum það nýtum við rétt okkar til frelsis. Þegar við öxlum ábyrgð þurfum við að fást við valþröng – safna upplýsingum, íhuga afleiðingarnar, forgangsráða og taka ákvarðanir.
Verkefni nemenda	Nemendur ræða dæmisögur um valþröng og ígrunda persónulega reynslu sína.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 2.1–2.4. ☞ Ítarefni fyrir kennara 2.2. Flettitafla, merkipennar.
Aðferð	Hópvinna.
Tímaáætlun	1. Kennarinn gerir grein fyrir aðalverkefni kaflans. 10 mín. 2. Aðalverkefni: nemendur ræða dæmi um valþröng. 70 mín.

#### Ábendingar

Ábyrgð fólks í veraldlegum og lýðræðislegum samfélögum má tengja hugsmíðahyggju: við verðum að finna út hvernig við getum axlað ábyrgð við tilteknar aðstæður. Erfitt er að axla ábyrgð í valþröng, oft í tímaþröng, en það er færni sem hægt er að þróa.

Aðalverkefnið í þessum kafla þjónar því markmiði. Nemendur ræða og bera hver undir annan vandamál og forgangsröðun í valþröng. Ábyrgð er raunhæft málefni og því glíma nemendur við fjórar ólíkar dæmisögur um valþröng (sjá ☞ dreifiblað 2.3): að taka ábyrgð á einhverju sem einhver annar hefði átt að sjá um, árekstur milli tryggðar við skólustjóra og við vin, árekstur milli tryggðar við vin og þeirrar skyldu að hlýða lögnum og loks að ákveða hvort styðja eigi tiltekið verkefni þó að ekki hafi fengist nægar upplýsingar um það.

Nemendur undirbúa kynningar á niðurstöðum sínum með aðaláherslu á forsendurnar (sjá ☞ dreifiblað 2.4). Kynningunum til stuðnings skrifar kennarinn helstu atriðin af dreifiblaðinu á flettistöflu (sjá ☞ itarefni fyrir kennara 2.2).


Viðbótarverkefni gefa kennaranum kost á að meta þá hæfni sem nemendur hafa öðlast (sjá 3. áfanga hér á eftir).



## Lýsing á kennslustund

### 1. Kennarinn gerir grein fyrir aðalverkefni kaflans

Tilgangurinn með þessari æfingu er að greina leiðir til að leysa valþröng og forsendurnar sem gengið er út frá við það. Við raunverulegar aðstæður þurfum við oft að taka ákvarðanir á örfáum sekúndum, og getum iðrast þeirra síðar ef ekki er hægt að endurskoða þær. Í stjórnmálum snýst ákvarðanatáka oft um lausn á valþröng – hagsmunaárekstra.

Í þessu aðalverkefni geta nemendur kannað þetta flókna ákvarðanaferli skref fyrir skref og ígrundað ábyrgðina sem þeir taka, hvernig svo sem þeir leysa valþröngina.

Þeir eiga að skrá ákvarðanir sínar og forsendur þeirra á  dreifiblað 2.4. Ef hópur getur ekki komið sér saman um tiltekna ákvörðun skulu bæði sjónarmið skráð og kynnt.

Nemendur skipta sér í fjögurra til sex manna hópa. Þeir velja sér hópstjóra, talsmann og ritara sem aðstoðar talsmanninn. Þeir ræða dæmin fjögur um valþröng á  dreifiblaði 2.3 með því að velja nokkrar spurningar og forsendur úr verkfærasafninu ( dreifiblað 2.2). Hóparnir mega ræða fleiri dæmi um valþröng sem þeir hafa sjálfir upplifað eða úr stjórnmálum.

### 2. Aðalverkefni: nemendur ræða dæmi um valþröng


Nemendur vinna í hópum. Þeir bera ábyrgð á vinnu sinni, þar á meðal ákvörðunum um hlé, heima- verkefni, könnun heimilda o.s.frv.

### 3. Hlutverk kennarans

Kennarinn fylgist með nemendum við vinnu sína. Verkefnavinna nemenda gefur honum tækifæri til að meta hvernig hæfni þeirra hefur þróast – samvinna og hópvinna, tímastjórnun, skilningur á valþröng, ígrundunarfærni, greiningarfærni og pólitísk dómgreind.

Hann aðstoðar nemendur ekki nema þeir biðji um það; í slíkum tilvikum ætti kennarinn ekki að leggja til lausn, heldur aðstoða nemendur við að finna aðferð sem hentar.

Undirbúningur 4. kennslustundar:

- Kennarinn útbýr sex eintök af eyðublöðum (sjá  ítarefni fyrir kennara 2.2). Á fjögur blaðanna setur hann heiti dæmisagnanna um valþröng og hina ólíku valkosti.
- Kennarinn fylgist með nemendum og spyr þá ef til vill einnig hvernig þeim gangi með verkefnið. Ef þeim finnst það erfitt eða finnst jafnvel að það ætli að verða þeim ofviða þarf kennarinn að fjalla um það vandamál síðar (4. kennslustund, 3. áfangi).



**4. kennslust.****Hvaða gildi verðum við að sameinast um?****Að axla ábyrgð í samfélagi sem byggist á mannréttindum**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

<b>Hæfnipjálfun</b>	Mat: forsendur og gildi ígrunduð.	
<b>Markmið</b>	Lýðræðissamfélag er reist á gildum sem allir koma sér saman um. Mannréttindi kveða á um viss gildi sem við getum verið sammála um.	
<b>Verkefni nemenda</b>	Nemendurnir velja dæmisögur um valþröng, skýra frá ákvörðunum sínum og bera saman og ræða það sem réð úrslitum um þær.	
<b>Efniviður og gögn</b>	<p>📖 Ítarefni fyrir kennara 2.2.</p> <p>Flettistöflublöð (frá kennslustundinni á undan), merkipennar.</p> <p>📄 Dreifiblað 2.5; eða 1. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna á flettistöflu eða glæru.</p>	
<b>Aðferð</b>	Bekkjarumræða um undirbúning, kynningar, umræður.	
<b>Tímaáætlun</b>	1. Sameiginleg ákvörðun um áætlun.	10 mín.
	2. Kynningar og umræður.	15 mín.
	3. Ígrundun um kaflann.	15 mín.

**Ábendingar**


Í aðalverkefninu fengu nemendur tækifæri til að útbúa heilmikið efni og mjög líklega er það meira en hægt er að ræða til hlítar í einum tíma. Þess vegna verður að velja úr því. Nemendur þurfa að taka þátt í þessari ákvörðun því að vandamálið og ábyrgðin er þeirra rétt eins og kennarans. Skjót ákvörðun sparar tíma síðar.

Ef nemendur draga hins vegar í efa þörfina á að velja einhver verkefni þeirra fyrir lokaumræður er það tekið til greina. Svo að nemendur verði ekki fyrir vonbrigðum er mikilvægt að þeir skilji að þeir munu læra meira af rækilegum umræðum um fáein mál en af því að hlusta á stutta umfjöllun um allt sem rætt var. Bekkurinn verður að leysa valþröng því að tími og athygli eru verðmæti af skornum skammti – ekki eingöngu í kennslustundum, heldur líka í opinberu lífi. Gæsluhlutverk og dagskrársetning verður að koma til og einnig valdbeiting (í 9. kafla er þetta málefni tekið rækilega fyrir).

Þetta er mikilvægt tækifæri til þjálfunar í bekkjarstjórnun – kennslu í anda lýðræðis og mannréttinda. Því fyrir sem nemendur geta ákveðið hvaða málum þeir skuli einbeita sér að, þeim mun



betra, en enginn má fá á tilfinninguna að hann sé ofurliði borinn. Nemendur verða að finna meðalveginn milli skilvirkni og jafnrar þátttöku. Á endanum ræður meirihlutinn (í 8. kafla er fjallað um það vandamál þegar minnihluti fer halloka).

Við ígrundunina í lokin ætti að leggja áherslu á tvö lykilvandamál sem alltaf koma upp þegar ábyrgð ber á góma í opnum samfélögum: flækjukreppuna og frelsis- og stöðugleikakreppuna (sjá  efni fyrir kennara 2.3., fyrirlestrakafla nr. 2 og 3).

Flækjukreppan vísar til þess að það er erfitt viðfangsefni að axla ábyrgð og að erfiðleikarnir vaxa eftir því sem félagsleg kerfi okkar verða flóknari. Ef nemendur tjá sig um þetta ætti kennarinn að velja þetta efni. Ef til vill þarf að hvetja þá til að hætta á rangar ályktanir svo að þeir forðist ekki að taka ákvarðanir.

Frelsis- og stöðugleikakreppan vísar hins vegar til þess að við tökum yfirleitt ákvarðanir á eigin spýtur og að ekki er hægt að ganga að því gefnu að við aðhyllumst öll sömu grundvallargildin. Að hve miklu leyti er slíkt samkomulag nauðsynlegt og hvernig getum við náð því? Mannréttindi kveða á um viss gildi sem hverfast um meginregluna um virðingu fyrir mannlegri reisn, en þá reglu aðhyllast öll helstu trúarbrögð. Að því leyti er þetta mikilvæg fræðsla um mannréttindi.

## Lýsing á kennslustund

### Undirbúningur

Kennarinn hefur hengt eyðublöðin upp í kennslustofunni áður en tíminn hefst.

#### 1. áfangi: Sameiginleg ákvörðun um dagskrá

Kennarinn leiðir fyrsta áfanga kennslustundarinnar. Hann gengur að blöðunum fjórum með dæmisögunum hverju á fætur öðru og bendir á kostina tvo sem standa til boða. Nemendur velja annan kostinn með handauppréttingu og kennarinn skráir niðurstöðurnar á flettistöfluna.

Hóparnir, sem hafa ígrundað persónulega reynslu sína, lýsa vandamálinu stuttlega og gera grein fyrir ákvörðun nemenda. Þeir hengja upp blöðin sín.

Kennarinn bendir á að nemendur hafi ekki nægan tíma til að ræða allar ákvarðanir sínar út í æsar og verði því að velja með handauppréttingu. Ef nemendur eru þessu samþykkir þarf ekki frekari umræður.

Ef nemendur eiga erfitt með að ná samkomulagi um hvaða mál skuli velja stingur kennarinn upp á einu eða tveimur. Forsendur hans gætu verið:

- umræður um málefni sem nemendum fannst sérlega áhugavert;
- einhuga ákvörðun – sameinast nemendur um viss gildi eða forgangsatriði?
- umdeild ákvörðun – eru nemendur sammála um sum gildi eða forgangsatriði?
- persónuleg reynsla nemenda hefur forgang.

Forsendurnar fara eftir valinu sem skráð hefur verið á blöðin.

#### 2. áfangi: Kynningar og umræður

Talsmennirnir stíga fram og útskýra ástæðurnar fyrir ákvörðun hópsins. Annar úr hópnum hjálpar til við kynninguna með því að skrifa stuttar athugasemdir á flettistöfluna.

Nemendur bera saman forsendur sínar með aðstoð kennarans og ræða ákvarðanirnar. Kennarinn stýrir umræðunum.

Ekki er hægt að gefa sér niðurstöður umræðnanna fyrir fram. Nemendur geta verið sammála eða ósammála um meginforsendurnar fyrir ákvörðunum sínum við tilteknar aðstæður. Nota má neðri hluta flettistöflunnar til að skrá niðurstöður umræðnanna.

#### 3. áfangi: Ígrundun

Kennarinn velur annað eftirfarandi viðfangsefna, til dæmis í ljósi athugana sinna og samtala við nemendur í aðalverkefninu. Hér hentar ekki að hafa nemendur með í ákvörðuninni því að þá þyrfti kennarinn að útskýra valkostina í löngu máli.


#### Kostur 1: Flækjukreppan:

#### Nemendur ígrunda erfiðleikana sem fylgja því að axla ábyrgð

Hópumræðurnar byrja á stuttri upprifjun. Hvað gekk vel, hvað var erfitt?

Búast má við að nemendur bendi á að það sé erfitt og tímafrekt að axla ábyrgð á þennan hátt. Krafa um að við áttum okkur á afleiðingum þess sem við erum að gera – íhugum afleiðingarnar, respice finem – er oft óraunhæf.

Viðbrögð kennarans eru þau að þetta sé fullkomlega skiljanlegt – en hvað annað er til ráða? Að hætta að taka ákvarðanir og axla ábyrgð? Að heimta fyrst að allar upplýsingar liggi fyrir?

Auðvitað heldur lífið áfram og við verðum að hætta á mistök þegar við tökum ákvarðanir. En það skiptir miklu máli að við áttum okkur á hættunni á mistökum og þeim flóknu hindrunum sem við mætum í nútímaþjóðfélagi (sjá  ítarefni fyrir kennara 2.3, fyrirlestur nr. 2). Þess vegna er nám og kennsla eins og boðið er upp á í þessum kafla svo mikilvæg.

## Kostur 2: Frelsis- og stöðugleikakreppan:

### Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært frá sjónarhorni mannréttinda

Kennarinn vísar til gildanna og forgangsatriðanna sem nemendur sammæltust um, eða ekki, í fyrri umræðum og gefa tilefni til eftirfarandi spurningar:

➔ Hvaða gildi eigum við sameiginleg?

Þetta er efni kennslustundarinnar; kennarinn skrifar þetta sem fyrirsögn á skólatöfluna eða á flettitöflu.

Nemendur skoða umræðupunktana á blöðunum. Ígrundunin vekur fleiri spurningar:

➔ Um hvaða gildi erum við ósammála? Eru þau ósamrýmanleg?


➔ Um hvaða gildi ættum við að vera sammála?

Kennarinn útskýrir hvers vegna þessi spurning er svo mikilvæg: við treystum hvert öðru til að axla ábyrgð út frá sömu forsendum. Hverjar gætu þær verið?

Nemendur vita, eða komast að raun um, að ekki eru til nein trúarbrögð eða siðfræðikenning sem við getum öll aðhyllst og enginn getur samþykkt gildi sem þröngvað er upp á hann. Einu reglurnar eða gildin sem við getum hugsanlega öll sæst á eru mannréttindi.

Kennarinn vísar til 1. greinar mannréttindayfirlýsingar SP:

„Allir eru fæddir frjálsir og jafnir að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.“

*Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (10 desember 1948), 1. gr.; textinn allur á  dreifiblaði 2.5.*

Nemendur fletta upp á þessari grein á  dreifiblaði 2.5 eða kennarinn sýnir bekknum hana.

Þessi grein dugar okkur býsna vel út af fyrir sig:

- Mannréttindi eru okkur meðfædd; þau eru óafsalanleg, enginn getur tekið þau frá okkur.
- Við erum frjáls.
- Við erum jöfn.

Nú hefur kennarinn sýnt hvernig lesa á slíka grein – hægt, orð fyrir orð. Nemendur halda áfram:

- Við erum gædd mannlegri reisn: við eigum að koma fram af virðingu hvert við annað.
- Við höfum tiltekin réttindi.

- Við erum „gædd skynsemi“: við getum hugsað sjálfstætt.
- Við erum „gædd samvisku“: við getum axlað ábyrgð.
- Okkur „ber að breyta bróðurlega hverjum við annan“: við eigum að bera ábyrgð hvert á öðru og í því felst að annast þá sem eru háðir aðstoð annarra.

Kennarinn bendir á að mannréttindi gilda ekki aðeins lóðrétt – venslin milli stjórnvalda og einstaklingsins – heldur einnig lárétt – venslin milli einstaklinga sem þegna í samfélagi. Við getum leyft okkur verulegt frelsi og fjölhyggju í borgaralegu samfélagi sem grundvallað er á mannréttindum og færir okkur grundvallargildi sem við getum öll verið sammála um.

## **Möguleikar á rækilegri athugunum**

Báðir kostir ígrundunaráfangans eru verðugt umræðuefni. Í framhaldi af þessum kafla er hægt að ræða síðara lykilmálefnið.

Hægt er að tengja bókstaflega annan hvern kafla í þessari handbók við ábyrgð. Sjá millivísanir í upphafi þessa kafla.

## Ítarefni fyrir kennara 2.1

### Notkun verkfærisins til að greina valþröng

#### (dreifiblað 2.2): dæmi

Í leiðbeiningunum er nemendum ráðlagt að velja nokkrar spurningar og íhuga þær vandlega. Því eru fáeinar spurningar ræddar í þessu dæmi en lesandanum er frjálst að velja aðrar eða svara spurningunum á annan hátt. Í þessu dæmi er aðferðin mikilvægari en hugsanagangurinn. Það er ein ástæða þess að engin ákvörðun er lögð til.

#### Dæmisaga nr. 4: Hvaða banana á ég að kaupa? (dreifiblað 2.3)

1. Safnaðu upplýsingum.

Hverjir eiga hlut að máli?

Hvað vilja þeir? (Hverjar eru þarfir þeirra, markmið eða hagsmunir?)

Hverjir eiga hlut að máli?	Markmið, hagsmunir
Ég sem kaupandi vöru	Kaupa ódýran mat. Kaupa gæðamat.
Stórmarkaður	Laða að viðskiptavinum. Skila hagnaði.
Réttlát viðskipti	Styðja litla bananaframleiðendur.
Bananaframleiðendur	Afla tekna til að sjá fyrir fjölskyldu. Selja góðar vörur. Auka framleiðslu.

Hvert er vandamálið/valþröngin?

Kaupa ódýrari bananana?	Kaupa dýrari bananana?
Ef ég kaupir ódýrari bananana get ég sparað peninga til annarra hluta. Ef ég hjálpa ekki nauðstöddu fólki, sem að vissu leyti er háð ákvörðunum mínum, fæ ég samviskubit.	Ef ég kaupir dýrari bananana hjálpa ég litlum bananaframleiðendum. Það eru takmörk fyrir því hvað maður getur keypt dýran mat.

Hvað kemur þetta mál mér við?

Ég tengist alþjóðlegum markaði beint. Ákvörðun mín um hvað ég skuli kaupa hefur bein áhrif á líf annarra.

Hvað vitum við ekki – hvað skiljum við ekki?

Ég tengist alþjóðlegum markaði beint. Ákvörðun mín um hvað ég skuli kaupa hefur bein áhrif á líf annarra. Við þekkjum ekki hvert annað en við vitum hitt og þetta hvert um annað og athafnir okkar tengja okkur saman.

Ég veit ekki hversu mjög bændur eru háðir aðstoð minni. Ef til vill hafa aðrir viðskiptavinir þegar keypt mörg kíló af banönum sem falla undir réttlát viðskipti en þetta getur einnig verið öfugt.

Hversu erfitt yrði að finna upplýsingarnar sem vantar?

Við venjulegar aðstæður í daglegu lífi yrði ég að ákveða mig núna. Ég þarf eitthvað að borða svo að ég verð að ákveða mig án þess að hafa heildarmyndina; þetta er reglan fremur en undantekningin.

2. Íhugaðu afleiðingarnar.

Hvaða kostir eru í boði?

Hverjar yrðu afleiðingar þeirra og fyrir hverja ...?

Kostirnir	Kostur 1: Kaupa ódýra banana	Kostur 2: Kaupa dýra banana
Ég sem kaupandi vöru	Hversu miklar eða litlar sem tekjur mínar eru þá finn ég ekki fyrir muninum. Ef á þarf að halda get ég hæglega jafnað þetta út með því að sleppa hamborgara eða súkkulaðistykki.  Það væri annað mál ef ég skuldaði og yrði skera niður útgjöld á öllum sviðum.	
Bananaframleiðandi	Enginn stuðningur.	Dálítil upphæð sem hefur töluverð áhrif (upplýsingar um réttlát viðskipti).
Stórmarkaður	Við höfum engar nákvæmar tölur en ætla má að stórmarkaðurinn hagnist svo framarlega sem við kaupum einhverja banana – hvort sem þeir eru ódýrir eða falla undir réttlát viðskipti.	
Réttlát viðskipti	Enginn ávinningur fyrir réttlát viðskipti.	Ávinningur fyrir réttlát viðskipti.

3. Skilgreindu forgangsatriðin.

Að hve miklu leyti átta ég mig á afleiðingunum af ákvörðun minni?

Ég sé ekki heildarmyndina og get ekki lagt það á mig að nálgast hana – nema ég geri það að algeru forgangsatriði. Því verð ég að gera það upp við mig hvort ég treysti upplýsingum frá öðrum, í þessu tilviki samtökunum um réttlát viðskipti. Þau segja að jafnvel örlítið framlag hafi mikla þýðingu fyrir bananaframleiðendur í þróunarlandi.

Hvaða trúarlegar eða siðferðilegar reglur skipta mig máli?

Þetta er greinilega mjög mikilvæg spurning. Við megum svara henni eins og við teljum rétt.

Er ákvörðun mín óafturkræf („ekki verður aftur snúið“) eða get ég breytt henni síðar?

Hægt er að taka ákvarðanir sem þessar margsinnis. Ég get ákveðið eitt í dag og annað á morgun. Ég get íhugað ákvörðun mína en ég get ekki breytt ákvörðun aftur í tímann.

4. Taktu ákvörðun.

Verð ég að kjósa annað markmiðið en brjóta gegn hinu?

Já. Yfirleitt kaupir þú ódýra eða dýra banana, ekki hvort tveggja. Málamiðlun – að kaupa dálítið af hvoru – er ekki mjög sannfærandi.

Hvað segir innsæið mér við þessar aðstæður? Hvaða ákvörðun sætti ég mig best við?

Í daglegu lífi er innsæið líklega mikilvægasta leiðarljós okkar og oft er betra að treysta á það en mikla og vandlega íhugun. Við gerum það sem okkur finnst vera best. Að axla ábyrgð merkir því að reyna að skilja, og stundum endurskoða, það sem innsæið segir okkur.



## Ítarefni fyrir kennara 2.3

### Frelsi og ábyrgð – þrír fyrirlestrar


Þetta eru þrír fyrirlestrar sem hægt er að velja um eftir því hvað hentar námi nemenda best – hvort heldur sem er innan fjögurra kennslustunda kaflans eða til viðbótar við hann. Í fyrirlestrunum er fjallað um forsendur ábyrgðar í nútímasamfélögum:

Fyrirlestur nr. 1: Ómögulegt er að læra að axla ábyrgð án þess að taka áhættu.

Fyrirlestur nr. 2: Hvernig tekst okkur að axla ábyrgð í nútímasamfélagi sem verður stöðugt flóknara og reynir til hins ýtrasta á þolmörk okkar?

Fyrirlestur nr. 3: Stöðugleiki lýðræðissamfélaga tengist menningu – sameiginlegum megingildum þegnanna sem ekki er hægt að neyða upp á þá en eining verður að ríkja um.

#### 1. Áhætta og ábyrgð

Frjálst val er mannréttindi en þessu frelsi fylgir ábyrgð. Við verðum að gera okkur ljós áhrif og afleiðingar ákvarðana okkar og athafna fyrir okkur sjálf og aðra, núna og í framtíðinni, hér sem annars staðar í heiminum. (Sjá sjálfbærnilíkanið á  dreifiblaði 4.2.)

Hins vegar lærum við ekki að axla ábyrgð nema við búum við frelsi og í því felst frelsi til að mistakast. Til dæmis vilja ungmenni fara út á kvöldin og um helgar eins og nemendur vita víst flestir. Foreldrar þeirra ætlast til þess að þau verði komin heim á tilteknum tíma og það er á ábyrgð unglingsins að halda það samkomulag. Án frelss til athafna, og frelss til að taka alla þá áhættu sem því fylgir, getur enginn lært hvernig axla á ábyrgð.

#### 2. Flækjustigið og lýðræðið

Í þessum kafla ígrunda nemendur hvernig fólk axlar ábyrgð í daglegu lífi. Við verðum oft að ákveða á nokkrum sekúndum hvernig leysa skuli valþröng. Aðalverkefnið (2. og 3. kennslustund) gerir nemendum kleift að greina ýmsar hliðar ábyrgðar skref fyrir skref og þjálfa þannig innsæi sitt. Að axla ábyrgð krefst færni til að íhuga flóknar aðstæður á fáeinum sekúndum og láta síðan innsæið hjálpa til við ákvörðun sem stenst gagnrýna skoðun. Í daglegu lífi lærist okkur að þetta er „eðlilegt“ og við vitum öll af þeirri hættu að okkur verði á mistök þegar við þurfum að skera úr um erfið mál í tímaþröng. Þjálfun og reynsla hjálpar til við að skerpa innsæið en vandamálið er alltaf til staðar.

Flækjustigið er mismunandi eðlis eftir því hvort horft er til samfélagsins eða heimsins alls. Þannig býðst okkur oft að velja um það hvernig við ferðumst frá A til B, til dæmis milli heimilis og skóla. Akstur í bíl er þægilegasti kosturinn en að taka strætisvagn eða hjóla tekur lengri tíma, svo að ekki sé minnst á hugsanlegar tafir, hættu á að vökna í rigningu o.s.frv. Hvaða kost veljum við? Ein forsendan gæti verið afleiðingar akstursins fyrir loftslagið í heiminum. En myndi billinn minn einn og sér skipta sköpum, sérstaklega ef aðeins örfáir nota strætisvagn eða reiðhjól? Málið er of flókið til að einstaklingur geti ráðið fram úr því (sjá 4. kafla). Hið sama gildir þegar við þurfum að taka þátt í pólitískum rökræðum um slíkt vandamál – gerum við nóg, eða hið rétta, til að sporna gegn loftslagsbreytingum?

Þetta aukna flækjustig er dæmigert fyrir nútímasamfélög. Þau tengjast gegnum alþjóðlega markaði og eru hvert öðru háð með það hvernig tekist er á við alþjóðleg vandamál eins og loftslagsbreytingar. Flækjustigið sem við búum við gerir okkur erfiðara fyrir að axla ábyrgð. Þetta er, á vissan hátt, gjaldið sem við þurfum að greiða fyrir lifnaðarhætti okkar í nútímasamfélögum og þakka má framförum í vísindum, tækni og menntun.



Innsæið dugir ekki til þegar ábyrgð okkar snýst um flókin vandamál eins og viðureignina við loftslagsbreytingarnar. Við þurfum ráðgjöf sérfræðinga. Í lýðræðissamfélögum nútímans eiga þegnarnir og stjórnámálamenn, sem verða að reiða sig á sérfræðinga til að fá skilið heiminn sem þeir lifa í, á hættu að lenda í eins konar póstmóðernísku fámennisveldi, veldi sérfræðinga sem þegnarnir geta ekki lengur stýrt. Flækjustigið og lýðræðið skapa þennan vanda.

Lýðræðið stendur og fellur með því fyrirheiti að allir þagnar sem hafa á því áhuga geti tekið þátt í ákvörðunum. Ef það á að gera af ábyrgð kallar það á menntun þegnanna. Menntun er eini möguleikinn sem við höfum á því að leysa flækjuvandann. Útbreiðsla menntunar hefur ekki einungis gert nútímasamfélagið flóknara, heldur er hún einnig lykillinn að því að vinna megi bug á flækju- og lýðræðisvandanum.

### 3. Frelsið og stöðugleikinn: frelsi, fjölhyggja og þörfin fyrir sameiginleg gildi

#### 18. grein

Allir skulu frjálssir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu og helgihaldi.

#### 19. grein

Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittar og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

*Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (10. desember 1948); textinn allur á 3. dreifiblaði 2.5.*

Einstaklingar sem notfæra sér þessi réttindi skapa fjölhyggju á mörgum sviðum (sjá 3. kafla). Fjölhyggja lýsir sér til dæmis í því að fólk aðhyllist mismunandi trúarbrögð og lífsgildi – og þeim mun frekar ef um er að ræða innflytjendasamfélög. Nútímapjódfélög eru veraldleg og þar ríkir fjölhyggja – þegnarnir þróa með sér einstaklingsbundin sjónarmið og sjálfsmyndir (sjá 1. kafla).

Hins vegar byggjast öll samfélög á tilteknum gildum sem allir þegnarnir koma sér saman um. Lýðræði er jafn háð sterku ríkisvaldi og uppbyggilegri stjórnámálamenningu.

Þetta er sá vandi sem frelsið og stöðugleikinn skapa: veraldlegt ríki sem byggt er á lýðræði er háð menningarlegum aðstæðum sem stofnanir þess og stjórnvöld geta ekki skapað eða knúið fram. Ekki er hægt að líta á gildi, reglur og markmið sem allir samþykkja sem sjálfsagðan hlut, heldur er það á ábyrgð þegnanna að (endur)semja um og (endur)skilgreina gildi sín, reglur og markmið. Menntun, og þá einkum og sér í lagi MLB/MRM, gegnir lykilhlutverki í þessu krefjandi verkefni. Mannréttindi hafa ef til vill fram að færa einu viðmiðin og reglurnar sem almennt er hægt að viðurkenna (sjá 4. kennslustund þessa kafla þar sem athyglinni er beint að 1. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar). Í mannréttindum er lögð áhersla á grunnregluna um gagnkvæma viðurkenningu – gullnu regluna – en þar eru ekki boðuð nein tiltekin trúarbrögð eða siðfræðileg stefna. Út frá því sjónarmiði nálgast mannréttindi ekki aðeins rót vandans, heldur eru þau einnig lykillinn að lausninni.



# 3. KAFLI

## FJÖLBREYTILEIKI OG FJÖLHYGGJA

### Framhaldsskólastig

## Er ágreiningur ávísun á sátt? Hvernig komum við okkur saman um almannahag?

„La multitude qui ne se réduit pas à l'unité est confusion;  
l'unité qui ne dépend pas de la multitude est tyrannie.“

[Fjölbreytileiki sem ekki næst samstaða um er glundroði;  
samstaða sem hunsar fjölbreytileika er kúgun.]

Blaise Pascal (1623–62)

### 3.1 Ef ég væri forsætisráðherra ...

Nemendur skilgreina pólitísk forgangsmál sín

### 3.2 Hvaða markmið viljum við styðja?

Nemendur stofna stjórnmalaflokka

### 3.3 Hvað er almannahagur?

Ágreiningur – ávísun á sátt

### 3.4. Þátttaka í fjölhyggjulýðræði

Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært



### 3. KAFLI

## Fjölbreytileiki og fjölhyggja Er ágreiningur ávísun á sátt?

### Inngangur ætlaður kennurum

#### 1. 1. Tengslin milli fjölbreytileika, fjölhyggju og lýðræðis

##### Fjölbreytileiki – nokkur dæmi

- Starfsmenn og atvinnurekendur deila um laun og vinnutíma.
- Umhverfissinnar deila við þrýstihóp flutningabílstjóra um áætlanir um nýjan veg.
- Foreldrar vilja fleiri kennara til að sinna börnum sínum. Þrýstihópur skattgreiðenda vill að skattar séu lækkaðir.
- Læknar og fólk sem ekki reykir vilja algert bann við reykingum á og við krár og veitingastaði. Veitingamenn og sígarettuframleiðendur styðja frjálssar reykingar alls staðar.
- Ungt fólk vill að auð bygging verði gerð að æskulýðsmiðstöð. Nágrannar óttast að þar verði hávaði um nætur.

Hugtakið fjölbreytileiki vísar til þess hversu ólíkt fólk er og að hagsmunir þess eru ólíkir en einnig margt annað: lífsstíll þess, uppruni, trú og gildismat, þjóðfélagsleg staða, aldur, mállýska og búseta (borg eða sveit til dæmis). Fjölbreytileiki fer einnig vaxandi – það er einn þátturinn í félagslegum og efnahagslegum breytingum.

##### Er fjölbreytileiki vandamál?

Í lýðræðiskerfi er hver sá sem heldur fram hagsmunum einstaklinga eða hópa að notfæra sér mannréttindi – til dæmis eru opinber mótmæli beiting tjáningarfrelsis. Í hugtakinu fjölhyggja felst því viðurkenning á fjölbreytileika – hann er staðreynd, nokkuð sem er „eðlilegt“, en hann krefst heilmikils af okkur. Hvernig er hægt að ná sátt um ólíka hagsmuni hópa og einstaklinga? Hver er besta lausnin á ágreiningsmálunum og vandamálunum sem af þeim leiðir? Þetta er spurningin um almannahag.

##### Hvað er almannahagur?

Samkvæmt fjölhyggjukenningum veit enginn hvað almannahagur er fyrr en opinber umræða um það mál hefur farið fram. Við verðum að koma okkur saman um hvað þjónar okkur best. Almanna-hagur er nokkuð sem komast verður að samkomulagi um. Lítum á tvö af dæmunum hér að framan.

- Starfsmenn og atvinnurekendur þurfa að koma sér saman um laun sem tryggja starfsmönnum viðunandi lífskjör og hóflegan kostnað fyrir atvinnurekendur.
- Sátt um æskulýðsmiðstöðina mætti ná með því að stofna miðstöðina en setja reglur sem tryggja að hávaði verði ekki of mikill fyrir nágrannana. Bestu lausnina verður að finna með samræðum og samningaumleitunum og niðurstaðan er oftast málamiðlun.

Fjölhyggja tengist því skilningi hugsmíðahyggjunnar á almannahag. Fyrst gera allir hlutaðeigandi grein fyrir ólíkum hagsmunum sínum og síðan leita þeir að lausn sem allir geta samþykkt. Það felst því engin „eigingirni“ í því að gera glögga grein fyrir hagsmunum sínum. Þvert á móti er þetta þáttur í ferlinu en enginn getur búist við að fá hagsmuni sína tryggða til fulls. Í hugsmíðahyggju er lögð áhersla á að þarna komi við sögu nám sem byggist á því að læra af tilraunum og mistökum. Þegar lausnin er reynd kemur í ljós hversu góð hún er og hugsanlega þarf að breyta henni eða endurbæta hana – í nýrri lotu umræðna og samninga.

## Með hvaða hætti tengist fjölhyggja lýðræði?

Fjölhyggja er eins konar samkeppni. Þátttakendur keppa hver við annan um að tryggja hagsmuni sína og í samningum er bæði beitt valdi og röksemdum. En samkeppni sem þessi hindrar einnig að einhver einn þátttakandi verði ráðandi. Fjölbreytileiki og fjölhyggja skapa fjölræðiskerfi (vald í höndum margra), sem er félagslegt jafngildi reglunnar um eftirlit og jafnvægi í lýðræðisstjórn-skipan. Fjölhyggja líkist frjálslyndisstefnu í því að samkeppni einskorðast ekki við hagkerfið heldur tekur einnig til samfélagslegra og pólitískra þátta.

## Hvernig getur fjölhyggja leyst hagsmunaágreining með friðsamlegum hætti?

Fjölbreytileiki og fjölhyggja leyfa heilmikinn ágreining um hagsmuni og málefni („svigrúm til ágreinings“). Það gengur aðeins ef einnig er „svigrúm til samkomulags“. Fjölhyggja krefst þess af þegnum að þeir komi sér saman um viss grundvallargildi og reglur:

- Gagnkvæm viðurkenning: litið er á aðra þátttakendur sem andstæðinga en ekki óvini.
- Bann við ofbeldi: samningar eru gerðir með friðsamlegu móti, með því að tala saman, en ekki með líkamlegu ofbeldi.
- Sátt um málamiðlun: allir þátttakendur skilji og fallist á að niðurstaða fæst einungis með málamiðlun.
- Meirihluti ræður: ef greidd eru atkvæði um ákvörðun ræður meirihlutinn.
- Tilraunir og mistök: ef aðstæður breytast eða ákvörðun reynist röng er samið upp á nýtt.
- Sanngirni: ákvarðanir verða að samræmast mannréttindum.

## Gagnrýni á hugtakið fjölhyggju

Gagnrýnendur hafa bent á að í fjölhyggjulíkaninu sé valdið í höndum margra en fjölbreytileikinn valdi því að dreifing þess verði ójöfn. Því eigi sumir þátttakendur betri möguleika í hagsmuna-kapphlaupinu en aðrir.

Þessi staðhæfing varpar ljósi á óhjákvæmilega togstreitu milli frelsis og jafnréttis – hún er óhjákvæmileg, samgróin bæði lýðræði og mannréttindum. Fjölhyggjusinnar styðja hinn frjálslynda skilning, að lýðræði grundvallist á samkeppni, gagnrýnendur krefjast þess að horft sé á lýðræði út frá jafnrétti.

Í fjölhyggjulíkaninu er togstreitan milli frelsis og jafnréttis kjarni spurningarinnar um almannahag. Þegar skorið er úr um almannahag verða þeir sem það gera því að taka tillit til þarfa þeirra sem minna mega sín.

## Býðst eitthvað annað en fjölhyggja?

Höfnun fjölhyggju hefur í för með sér að „einvaldstilhneigingum“ er gefið undir fótinn. Yfirvald ákveður hvað er almannahagur og þaggað er niður í hverjum þeim sem andmælir og litið er á hann sem óvin. Kommúnistaflokkar eru dæmi um þetta. Þeir kröfðust algerrar forystu á þeirri forsendu að þannig væri hægt að skilgreina almannahag með vísindalegum aðferðum. Lýðræði sem byggðist á frjálslyndisstefnu eða jafnrétti var hafnað.

Niðurstaðan er þá sú að valkosturinn á móti fjölhyggjulyðræði sé einræði í einhverri mynd. Þetta endurspeglast í orðum Winstons Churchill: „lýðræði er versta stjórnskipunarformið að undanskildum öllum hinum sem hafa verið prófuð“. Fjölhyggjulyðræði er ekki hættulaust en það virðist vera sú stjórnskipun sem best getur tekið á fjölbreytileika þegnanna með friðsamlegum hætti.

## 2. 2. Þátttaka í lýðræði – efni þessa kafla

Nemendur komast að raun um að þeir taka þátt í fjölhyggjulyðræði:

- Þeir verða að láta í sér heyra ef þeir vilja að hagsmunir þeirra og hugmyndir fái hljómgrunn; þátttaka í lýðræði hefur líka í för með sér þátttöku í samkeppni fjölhyggjunnar.
- Þátttaka í lýðræði þýðir samkomulag um almannahag.
- Þátttaka í lýðræði krefst þess að allir þátttakendur samþykki grunngildi sem snúast um gagnkvæma viðurkenningu, bann við ofbeldi, vilja til málamiðlunar og að meirihlutinn ráði.

Í þessum kafla er lögð áhersla á verkefnatengt nám. Nemendur öðlast skilning á fjölbreytileika með því að kynnast honum í skólastofunni og þeir átta sig á fjölhyggju með því að taka virkan þátt í samkomulagi um almannahag.

1. kennslustund: fyrst eru nemendur beðnir að skiptast á hugmyndum um hvað yrði efst á stefnuskrá þeirra ef þeir væru forsætisráðherra landsins. Nemendur komast að raun um að þeir hafa margs konar skoðanir og hugmyndir hvað þetta snertir. Bekkurinn er smækkuð mynd af fjölbreytileikanum í samfélaginu öllu.

2. og 3. kennslustund: síðan hefst samkomulagsferlið. Nemendur sem eiga viss viðhorf eða megin-sjónarmið sameiginleg mynda stjórn málaflökka (annars konar flokkum er sleppt hér); aðrir geta kosið að vera út af fyrir sig. Nemendur skilgreina markmið sín og forgangsmál og semja síðan um þau. Þeir komast hugsanlega eða hugsanlega ekki að niðurstöðu eða geta miðlað málum þannig að allir, eða að minnsta kosti meirihlutinn, verði sáttir – eins og í raunveruleikanum. Þeir munu koma auga á kosti samtaka, svo sem flokka, fram yfir einstaklinga í baráttunni um ákvörðun stefnuskrár og skilgreiningu lausna.

4. kennslustund: nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært og lýsa álitinu á kaflanum.

Kennarinn er í hlutverki leiðbeinanda. Nemendur bera hitann og þungann af kaflanum með vinnu sinni. Lagt er til að kennarinn hafi fáeinar stuttar innlagnir til að styðja hugsmíðanáma nemenda með fræðslu um lykilhugtök. Kennarinn hefur innlagnirnar þegar nemendur eru tilbúnir fyrir þær. Á dreifiblöðunum nemenda ✍ og ítarefni kennara 📖 eru nauðsynleg gögn og upplýsingar.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 3. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 3. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað töfluna sem tæki til að undirbúa kennslustundirnar í MLB/MRM á mismunandi vegu.


- Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.
- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð, að vissu marki, í þessum kafla – til dæmis ákvarðanatöku, skilningur á margbreytilegum sjálfsmyndum, réttur til frelsis og ábyrgð sem fylgir því að taka ákvarðanir sem snerta aðra.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanatöku og athafnir	Viðhorf og gildi
3 Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Að finna út hvar sameiginlegur vilji og ágreiningur liggur  Tvö svið stjórn mála: lausnir vandamála og barátta um völd	Að taka til máls á opinberum vettvangi  Að höfða til annarra  Tímastjórnun	Skilgreining pólitískra forgangsmála og markmiða  Samkomulagsumleitanir og ákvarðanatöku	Sjálfstraust, sjálfsálit  Vilji til málamiðunar
6 Stjórnarfar og stjórn mála	Stjórn mála: ferli sem felst í lausn vandamála  Vald sem felst í dagskrársetningu			
4 Ágreiningur			Samkomulagsumleitanir og ákvarðanatöku	
5 Lög og reglur			Samkomulag um regluverk  Gagnkvæm viðurkenning	



### 3. KAFLI: Fjölbreytileiki og fjölhyggja – er ágreiningur ávísun á sátt? Hvernig komum við okkur saman um almannahag?

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Ef ég væri forsætisráðherra ...	<p>Að skilgreina pólitísk forgangsmál, að geta tekið þátt í opinberum umræðum og ákvarðanatöku, að geta sætt sig við „glundroða“.</p> <p>Að taka ákvörðun og ígrunda forsendurnar.</p> <p>Að búa til töflu byggða á flokkun.</p> <p>Að flytja stutta álitsgerð og rökstyðja hana.</p> <p>Fjórar meginstefnur í stjórnámum: frjálslyndisstefna, jafnaðarstefna, íhaldsstefna og umhverfisstefna.</p>	Nemendur skilgreina, kynna og bera saman pólitísk forgangsmál sín.	<p>A3-blað (með íhugunarefni nemenda).</p> <p>Ítarefni fyrir kennara 3A.</p> <p>☞ Dreifiblað 3.1.</p> <p>Einn pappírsmiði á hvern nemanda, helst einnig merkipenna.</p>	Kynning og greining stefnuyfirlýsinga; nemendur vinna hver fyrir sig; bekkjarumræða.
2. kennslust. Hvaða markmið viljum við styðja?	<p>Samkomulagsumleitani, að slá af kröfum um eigin markmið og viðurkenna markmið hinna.</p> <p>Stjórnmalaflokkar skapa valdið sem þarf til að vinna pólitískum markmiðum fylgi. Þetta gera þeir með því að mynda bandalög og miðla málum.</p>	<p>Nemendur koma sér saman um stefnuskrá með pólitískum forgangsmálum.</p> <p>Þeir leggja fram stefnuskrár flokka sinna á kynningarfundum.</p>	<p>☞ Dreifiblöð 3.1–3.4.</p> <p>Ítarefni fyrir kennara 3B.</p>	Hópvinna, kynningar innan bekkjarins, fyrirlestur.

<p>3. kennslust. Hvað er almannahagur?</p>	<p>Þátttaka; samningafærni. Greining markmiða fyrir sameiginlega viljayfirlýsingu. Stjórnsmál snúast einkum um tvennt: lausn vandamála og baráttu um völd. Málamiðlun er gjaldið sem þarf að greiða fyrir stuðning og samkomulag.</p>	<p>Nemendur koma sér saman um ákvörðun.</p>	<p>A4-pappírsræmur og merkipennar. Miðar fyrir „tígulgreininguna“.</p>	<p>Ákvarðanaleikur; hver vinnur fyrir sig, hóp- og bekkjarumræður.</p>
<p>4. kennslust. Þátttaka í fjölhyggjulyðræði</p>	<p>Að setja niðurstöður vinnu skipulega fram. Að flytja stuttar álitserðir og gefa umsagnir. Fjölhyggja styður sanngjarna og árangursríka ákvarðanatöku. „Ágreiningur er ávísun á sátt.“ Ég kem hugðar efnum mínum á framfæri með því að taka þátt í lýðræðinu.</p>	<p>Nemendur ígrunda og ræða það sem þeir hafa lært og hvað þeim finnst um kaflann.</p>	<p>Flettitafla og merkipennar, eintök af  dreifiblaði 2.5 (Mannréttindayfirlýsingu SÞ) og 2.6 (Mannréttindasáttmála Evrópu).</p>	<p>„Þagnarmúrinn“. Hver vinnur fyrir sig, kynning og umræða. Hraðasvaralota.</p>

## 1. kennslust.

### Ef ég væri forsætisráðherra ...

#### Nemendur skilgreina pólitísk forgangsmál sín

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	<p>Pátttaka: að skilgreina pólitísk forgangsmál, að geta tekið þátt í opinberum umræðum og ákvarðanatöku, að geta sætt sig við „glundroða“.</p> <p>Mat: að taka ákvörðun og ígrunda forsendurnar.</p> <p>Greining: að búa til töflu byggða á flokkun.</p> <p>Aðferðir og færni: að flytja stutta álitsgerð og rökstyðja hana.</p>				
Markmið	Að nemendur geti fundið út hvar þeir standa miðað við fjórar meginstefnur í stjórnmálum: frjálslyndisstefnu, jafnaðarstefnu, íhaldsstefnu og umhverfisstefnu.				
Verkefni nemenda	Nemendur skilgreina, kynna og bera saman pólitísk forgangsmál sín.				
Efniviður og gögn	<p>A3-blað (með íhugunarefni nemenda).</p> <p>Ítarefni fyrir kennara 3A.</p> <p>☞ Dreifiblað 3.1.</p> <p>Einn pappírsmiði á hvern nemanda, helst einnig merkipenni.</p>				
Aðferð	Kynning og greining stefnuyfirlýsinga; nemendur vinna hver fyrir sig, bekkjarumræða.				
Tímaáætlun	<table border="0"> <tr> <td>1. áfangi: Nemendur skilgreina pólitísk markmið</td> <td>25 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. áfangi: Nemendur greina ákvarðanir sínar.</td> <td>15 mín.</td> </tr> </table>	1. áfangi: Nemendur skilgreina pólitísk markmið	25 mín.	2. áfangi: Nemendur greina ákvarðanir sínar.	15 mín.
1. áfangi: Nemendur skilgreina pólitísk markmið	25 mín.				
2. áfangi: Nemendur greina ákvarðanir sínar.	15 mín.				

#### Ábendingar

Í fyrstu kennslustundinni upplifa nemendur bekkinn sem örsamfélag. Þar eru á kreiki alls konar einstaklingsbundin sjónarmið og pólitísk forgangsmál. Nemendur munu átta sig á því að úr slíku ástandi þarf að greiða. Ef hver og einn ímyndar sér sig sem pólitískan leiðtoga landsins og skilgreinir helstu forgangsmál sín er augljóst að eitthvert val þarf að fara fram.

Kennarinn leiðbeinir um ferlið sem nú fer í gang og heldur áfram í næstu tímum. Ef nemendur taka markmið sín alvarlega verður það þeim kappsmál að semja um ákvörðun sem þeir geta samþykkt.

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Nemendur skilgreina pólitísk markmið

#### Skref 1.1: Undirbúningur

Nemendur og kennarinn sitja í hring með autt svæði á gólfinu miðju. Borðin hafa verið færð til hliðar; minnst eitt borð er tilbúið til notkunar í hverju horni stofunnar.

Nemendur hafa til taks skriffæri og blöð til að skrifa á minnispunkta. Hver nemandi fær einn pappírsmiða og helst einnig merkipenna.

Kennarinn er með A3-blaðið til taks („Ef ég væri forsætisráðherra ...“), sjá hér á eftir.

#### Skref 1.2: Nemendur ákveða sig<sup>8</sup>

Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þetta sé upphaf nýs kafla. Nemendum er greint frá viðfangsefninu með eftirfarandi fyrirætlunum:

Ímyndaðu þér að þú hafir nýlega orðið forsætisráðherra<sup>9</sup> landsins.

Ef ég væri forsætisráðherra landsins væri efst á forgangslistanum að ...
--

Kennarinn setur blaðið með þessari setningu í miðjan hringinn.

Hvað verður forgangsmálið hjá þér?

Ljúktu við þessa setningu. Hér eru nokkur atriði sem vert er að íhuga:

Þú getur valið málefni og aðgerð sem leiðir til þess að markið næst strax – eða tekið fyrsta skrefið í áttina að langtímamarkmiði.

Hvaða hópur, málefni eða vandamál varðar þig mestu?

Nemendur eiga að íhuga þessar spurningar í hljóði og skrifa ákvarðanir sínar niður á pappírsmiðana. Þeir eiga ekki að skiptast á skoðunum strax, það verður gert í bekkjarumræðunni.

Hver nemandi á aðeins að gera grein fyrir einni ákvörðun. Ef þeir eru með fleiri kosti í huga eiga þeir að skrá þá sem athugasemdir.

#### Skref 1.3: Nemendur gera grein fyrir ákvörðunum sínum

Nemendur gera grein fyrir ákvörðunum sínum hver á eftir öðrum. Þeir botna setninguna „Ef ég væri forsætisráðherra landsins væri efst á forgangslistanum að ... “ og rökstyðja ákvörðunina í stuttu máli. Þeir setja miðana sína á auða svæðið á gólfinu.

Búast má við að nokkrir nemendur fái svipaðar hugmyndir. Þá bendir kennarinn á það og leggur til að þær setningar séu flokkaðar saman. Miðarnir eru þá hafðir saman og gefin viðeigandi yfirskrift, svo sem „Barátta gegn fátækt“ eða „Bætt menntun“.

Kennarinn hvetur nemendur til að vera með í flokkun hugmyndanna. Ekki er rætt frekar um sjálfar ákvarðanirnar eða athugasemdir gerðar við þær meðan enn eru einhverjir nemendur sem eiga eftir að taka til máls.

Niðurstaðan verður líklega nokkrir flokkar og ef til vill einnig nokkrar setningar sem skera sig frá hinum.

<sup>8</sup> Þessi aðferð er tilbrigði við æfingu 6.3, „If I were a magician“ í *Teaching democracy*, VI. bindi MLB/MRM, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2008, bls. 59.

<sup>9</sup> Kennarinn notar það orð sem haft er um ráðherrann sem fer með æðsta vald í ríkisstjórn landsins.

## 2. áfangi: Nemendur greina ákvarðanir sínar

### Prep 2.1: Nemendur lýsa margbreytileika ákvarðananna

Kennarinn greiðir fyrir þessu skrefi með fyrirmælum:

- Lýsið „pólitíska landslaginu“ sem þið hafið skapað.


Margir nemendur geta svarað. Þeir gætu vel nálgast eftirfarandi spurningu; ef ekki ber kennarinn hana upp:

- Hver er meginhugmyndin sem tengir hvern hugmynda flokk saman og hvers vegna hafa aðrir nemendur tekið aðra afstöðu?

Þannig lýsa nemendur margbreytileikanum. Þar sem þeir fjalla um þá valkosti sem liggja til grundvallar pólitískri ákvörðun, en skiptast ekki hreinlega á skoðunum, munu þeir átta sig á nauðsyn þess að komast að samkomulagi – með því að sameina sumar tillögur og útiloka aðrar. Hugmynda-auðgin er ávöxturinn af því þegar margir fá að taka þátt í umræðunni og nýta sér hugsanafrelsi sitt, skoðanafrelsi og tjáningarfrelsi. Taka verður ákvörðun en hver gerir það?


Ef á þarf að halda leiðbeinir kennarinn nemendum um þetta atriði.

### Prep 2.2: Kennarinn upplýsir nemendur um meginstefnur í stjórnámálum


Hvert horn stofunnar stendur fyrir eina af stjórnmalastefnunum fjórum. Kennarinn hefur lagt yfirlitsblöðin (með bótum úr  ítarefni fyrir kennara 3A) á borðin. Hann gerir grein fyrir stefnunum, hverri á eftir annarri, og nemandi les yfirlýsingarnar fyrir bekkinn.

Kennarinn segir nemendum að nota þessar upplýsingar:

- Hvaða grundvallarviðhorf samsvara stefnuyfirlýsingunum þeirra, eða klösunum á töflunni, en hver ekki?
- Getu þeir samsamað sig einhverri stefnu eða eru þeir einhvers staðar þarna á milli? Eða vildu þeir frekar skilgreina nýja stefnu?

Kennarinn afhendir  dreifiblað 3.1 – áætlun fyrir 3. kafla. Viðfangsefni nemenda er að skilgreina stöðu sína í hinu „pólitíska landslagi“. Stjórnmalaflokkar eru mikilvægir boðberar ólíkra hagsmuna, gilda og forgangsmála. Því eru nemendur beðnir að mynda flokka til að vinna að framgangi þeirra pólitísku markmiða sem þeir hafa komið fram með í kennslustundinni. Kennarinn bendir einnig á að nemendur séu þar með að notfæra sér rétt sinn til þátttöku í stjórnámálum. Þeim er frjálst að ganga í flokk og segja sig úr honum, stofna nýjan flokk eða halda sig algerlega utan flokka. Áætlunin lýsir því hvernig pólitísk ákvarðanataka fer fram – allt frá þeim pólitísku markmiðum sem fólk hefur í huga til bráðabirgðasamkomulags um almannahag.

### Prep 2.3: Nemendur skipa sér í hina nýju flokka sína

Undir lok tímans skipa nemendur sér í flokkana. Þeir fá  dreifiblöð 3.2 og 3.3 sér til stuðnings í umræðunum.

Kennarinn ræðir við þá nemendur sem hafa kosið að ganga ekki í eða mynda flokk. Þeir verða að átta sig á því að hér, eins og í raunveruleikanum, standa flokkar betur að vígi en einstaklingar og taka forystuna. Ef þessir nemendur taka markmið sín alvarlega verða þeir að hafa vilja til að sjá þau verða að veruleika. Ef þetta á að gerast er einhvers konar vald nauðsynlegt. Með flokkum er hægt að skapa möguleika á slíku valdi. Því ættu nemendur að íhuga einn eftirfarandi kosta:

- Ef þið hafið fleiri kosti í huga, sem þið eruð ef til vill búin að skrá, íhugið þá að ganga í flokk á grundvelli þeirra markmiða.
- Talið saman til að finna út hvort þið getið stofnað flokk.
- Bíðið eftir stefnuyfirlýsingum flokkanna og veljið síðan flokk.

## 2. kennslustund

### Hvaða markmið viljum við styðja?

#### Nemendur stofna stjórnmalaflokka

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Þátttaka: Samkomulagsumleitanir – að slá af kröfum um eigin markmið og viðurkenna markmið hinna.
Markmið	Stjórnmalaflokkar skapa valdið sem þarf til að vinna pólitískum markmiðum fylgi. Það gera þeir með því að mynda bandalög og miðla málum.
Verkefni nemenda	Nemendur koma sér saman um stefnuskrá með pólitískum forgangsmálum. Þeir leggja fram stefnuskrár flokka sinna á kynningarfundum.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 3.1–3.4. ☞ Ítarefni fyrir kennara 3B.
Aðferð	Hópvinnu, kynningar innan bekkjarins, fyrirlestur.
Tímaáætlun	1. áfangi: Nemendur ákveða stefnuskrár flokka sinna. 15 mín.
	2. áfangi: Kynningarfundur: flokkarnir kynna stefnuskrár sínar. 10 mín.
	3. áfangi: Kennarinn kynnir hugtakið almannahag í ljósi hugsmíðahyggju. 5 mín.
	4. áfangi: Nemendur ræða samningsaðferðir sínar. 10 mín.

#### Ábendingar

Nemendur fá að vinna að verkefni sínu mestalla kennslustundina og eru háðir knappri tímaáætlun (sjá ☞ dreifiblað 3.1).

Kennarinn heldur stuttan fyrirlestur sem gefur nemendum nýja sýn á það sem þeir hafa verið að læra. Hann fjallar um ýmislegt sem nemendur vita nú þegar og kynnir lykilhugtök þessa kafla – fjölbreytileika, fjölhyggju og almannahag.

Í þessum stutta millikafla með hugsmíðanámi, leiðsögn og nýjum áfanga hugsmíðanáms öðlast hugtökin merkingu fyrir nemendum því að þau hjálpa þeim að átta sig á aðstæðunum sem þeir eru í.

## Lýsing á kennslustund

Kennarinn vísar til áætlunarinnar (☞ dreifiblað 3.1). Flokkarnir ákveða stöðu sína í hinu „pólítíska landslagi“ – taka sér bókstaflega sæti þar – og ganga frá stefnuskrám sínum. Kynningarfundurinn hjálpar öllum að ákveða stöðu sína – í samvinnu eða andstöðu við aðra flokka.

### 1. áfangi: Nemendur skilgreina stefnuskrár og markmið flokka sinna

#### Prep 1.1: Nemendur skilgreina stöðu sína í hinu „pólítíska landslagi“

Nemendur hafa flokkað stefnuyfirlýsingar sínar í síðustu kennslustund og þurfa nú að ákveða hver staða þeirra er í hinu „pólítíska landslagi“. Þeir marka sér stöðu með borðum sínum og stólum. Staða þeirra getur verið í einu horninu eða einhvers staðar milli horna. Þannig sýnir bilið milli flokka, í mjög bókstaflegum skilningi, hvaða flokkar eru nálægt eða langt hver frá öðrum. Því nær sem tveir flokkar eru hvor öðrum, þeim mun meiri líkur eru á að þeir geti myndað bandalag um sameiginleg markmið.

Nemendur sem hafa kosið að ganga ekki í flokk safnast saman á auðu svæði, helst í miðri stofunni. Þeir skiptast á skoðunum. Ef þeir óska slæst kennarinn í hópinn sem leiðbeinandi. Hann ætti ekki að leggja að þeim að ganga í flokk, heldur hlusta á spurningar þeirra og athugasemdir. Nemendur ákveða hvort og hvernig þeir taka þátt, ekki kennarinn.

Flokkarnir eiga að taka inn nýja féлага hvenær sem er, eins og í raunveruleikanum. Nemendur eiga einnig rétt á að segja sig úr flokki.

#### Prep 1.2: Flokkarnir skilgreina stefnuskrár sínar

Með ☞ dreifiblöð 3.2 og 3.3 til hliðsjónar semja nemendur stefnuskrár flokka sinna. Kennarinn fylgist með og hlustar en skiptir sér ekki af nema hann sé beðinn um aðstoð eða alvarleg vandamál komi upp.

### 2. áfangi: Kynningarfundur – flokkarnir kynna stefnuskrár sínar

Þetta er kynningarfundur fyrir flokka, ekki einstaka nemendur. Þetta má réttlæta með naumum tíma. Flokkarnir draga saman heildarsjónarmið og jafna þannig út muninn á skoðunum einstaklinganna.

Allir flokkar fá jafnlangan tíma – tvær til þrjár mínútur, eftir fjölda flokka. Kennarinn gerir nemendum þetta ljóst meðan þeir eru að undirbúa kynningar sínar og heldur sig fast við þessa reglu – af augljósum réttlætisástæðum.

Eins og lagt er til á ☞ dreifiblaði 3.2 er líklegt að mælendur reyni að ná til þeirra nemenda sem ekki hafa enn gert upp hug sinn. Einnig gætu þeir reynt að keppa við aðra flokka. Þá geta bæklingar eða veggspjöld komið að gagni.

Allir nemendur, hvort sem þeir eru flokksfélagar eða ekki, geta ákveðið að ganga í eða segja sig úr flokki eftir fundinn.

### 3. áfangi: Kennarinn flytur stuttan fyrirlestur til íhugunar: almannahagur

Þetta er stuttur fyrirlestur þar sem ☞ dreifiblað 3.4 er haft til hliðsjónar og hefur þann tilgang að tengja reynslu nemenda af lykilhugtökunum fjölbreytileiki og fjölhyggja. Þar sem fyrirlesturinn

er settur í samhengi við nám og samskipti nemendanna skapast samspil milli hugsmíðanáms og kerfisbundinnar leiðsagnar.

Í ítarefni fyrir kennara 3B má finna gróf drög að fyrirlestrinum.

Nemendur geta beðið um frekari útskýringar ef á þarf að halda. Frekari umræður eru annars óþarfar því að nemendur eiga eftir að hugleiða þetta efni í vinnu sinni síðar.

#### **4. áfangi: Flokkarnir undirbúa samningsaðferðir sínar**

Kennarinn vísar til áætlunarinnar (☒ dreifiblað 3.1). Í næstu kennslustund fá flokkarnir tækifæri til að semja hver við annan. Getu þeir myndað bandalag eða samsteypu? Hringborðsumræður fara fram til að gefa öllum flokkum og einstökum nemendum kost á að koma sér saman um það sem þeir telja vera almannahag. Í síðasta áfanga tímans geta nemendur undirbúið samningsaðferðir sínar.

- Hvaða markmið fá forgang hjá þeim?
- Hvaða flokk eða flokka vilja þeir tala við í fyrstu umferð tvíhliða viðræðna?
- Hversu marga fulltrúa mun flokkurinn hafa?

Nemendur hefja aftur umræður innan flokka sinna. Ef þeir kalla ekki sjálfir á kennarann sér til stuðnings vinna þeir sjálfstætt.



### 3. kennslustund

#### Hvað er almannahagur?

#### Ágreiningur – ávísun á sátt

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Þátttaka: samningafærni. Greining: greining markmiða fyrir sameiginlega viljayfirlýsingu.
Markmið	Stjórnsmál snúast einkum um tvennt: lausn vandamála og baráttu um völd. Málamiðlun er gjaldið sem þarf að greiða fyrir stuðning og samkomulag.
Verkefni nemenda	Nemendur koma sér saman um ákvörðun.
Efniviður og gögn	A4-pappírsræmur og merkipennar. Miðar fyrir „tígulgreininguna“.
Aðferð	Ákvarðanaleikur; hver vinnur fyrir sig, hóp- og bekkjarumræður.
Tímaáætlun	1. áfangi: Nemendur gera grein fyrir tillögum sínum. 10 mín.
	2. áfangi: Nemendur semja við hringborð. 30 mín.

#### Ábendingar

Í kaflanum er gefin mynd af því hvernig samið er um markmið með hliðsjón af sameiginlegum skilningi á almannahag. Verkefni nemenda í kennslustundinni er að keppa að þessu marki. Þeim tekst það hugsanlega en kannski ekki. Viðleitni þeirra og reynslan sem þeir öðlast er jafn mikilvæg og niðurstaðan.

Kennarinn er áfram í hlutverki leiðbeinanda. Hann sýnir til dæmis heppilegar aðferðir við samninga en gerir ekki efnislegar athugasemdir.

Í fyrsta áfanganum þarf að gefa þeim nemendum sérstakan gaum sem finnst þeir verða út undan af því að þeir hafa ekki gengið í flokk.

## Lýsing á kennslustund

Upphaf: kennarinn greinir frá áætluninni

Kennarinn vísar til áætlunarinnar (☞ dreifiblað 3.1) og rifjar upp hvert verkefnið er. Í þessari kennslustund semja nemendur um pólitíska stefnuskrá. Hvaða markmið leggja þeir til?

### 1. áfangi: Nemendur skilgreina markmið sín

Nemendur ákveða hvaða markmið skuli sett fram. Bæði flokkar og einstaklingar geta komið með tillögu. Þetta gæti virst vera tækifæri fyrir „óháða“ nemendur til að koma hugmyndum sínum að en líklegra er að tillaga flokks verði sett efst á stefnuskrána.

Talsmenn hópanna eða einstakir nemendur útbúa stutta kynningu. Nemendur skrifa markmið sitt með merkipenna á pappírsmiða.

### 2. áfangi: Nemendur semja við „hringborð“

Kennarinn krefst þess að byrjað sé á réttum tíma. Nemendur sitja þannig að stólunum er raðað í hring; þetta er ekki alveg það sem átt er við með „hringborði“ en á þennan hátt verða samskipti greiðust. Flokkar sem hafa myndað bandalag sitja saman.

#### Prep 2.1: Nemendur leggja fram tillögur sínar

Kennarinn opnar hringborðsumræðurnar og gefur hverjum talsmanni flokks, og einnig einstökum nemendum, kost á að taka til máls. Hann biður þá að skýra frá öllum samningum sem þeir hafa gert og að gera tillögu um sameiginlega ákvörðun. Þeir setja pappírsmiðann sinn á gólfíð.

Prep 2.2: Nemendur greina markmið sín og kanna leiðir til samkomulags og samþættingar.


Þegar allir hafa talað hjálpar kennarinn nemendum að koma auga á hugsanleg tengsl og mála-miðlun milli tillagnanna.

- Eiga sumar tillögurnar vel saman? Er hægt að flokka þá miða saman?
- Hvaða tillögur útiloka hver aðra? Hér ættu nemendur að skoða tillögurnar vandlega. Eru markmiðin ósamrýmanleg? Eða lýsa þau sama tilgangi en krefjast mikillar fyrirhafnar, aðfangna eða peninga?

#### Prep 2.3: Kennarinn sýnir dæmi um góða samningatækni

Kennarinn bendir á tiltekna aðferð við að semja pólitíska stefnuskrá með markmiðum sem lúta að almannahag. Með A4-blöðum, númeruðum eins og hér er sýnt, sýnir hann líkan nr. 1, einfaldaða útgáfu af hinni dæmigerðu „tígulgreiningu“ (líkan nr. 3).

Í fjögurra markmiða afbrigðinu fær eitt markmið mestan forgang. Tvö markmið lenda í öðru sæti og eitt markmið, sem álitíð er lítilvægara eða ekki eins áriðandi, fær þriðja sætið (eða er alveg sleppt – kennarinn fjarlægir þá markmið nr. 3).



Þetta þrönga líkan með þremur eða fjórum markmiðum kallar á samningaumleitanið því að ekki er hægt að leyfa mörg markmið.

Hins vegar er auðveldara að innleiða fá markmið en stefnuskrá sem allir eru ánægðir með og er um leið flóknari úrlausnar (valið stendur um það að stefnuskráin taki til sem flestra hluta eða að hún sé skilvirk). Kennarinn bætir við blöðum til að breyta líkani nr. 1 í líkön nr. 2 og 3.

Loks bendir hann á að öll líkönin geri ráð fyrir aðeins einu toppsæti. Því væri enn einn, mjög rót-tækur, kostur að tilgreina aðeins eitt markmið:

1
---

## Prep 2.4: Nemendur semja

Nemendur þurfa að leita sameiginlegra svara við ýmsum spurningum. Um leið opna þessar spurningar ólíkar leiðir að samkomulagi og stuðningi meirihlutans.

- Hvaða líkan veljum við – hversu mörg markmið viljum við hafa?
- Hvaða markmið fær mestan forgang?
- Gætum við hugsanlega öll sameinast um aðeins eitt markmið?
- Hvaða markmið höfum við með á stefnuskránni? Markmið sem styðja hvert annað eða útiloka hvert annað? (Fyrri kosturinn er í þágu skilvirkni, með hinum síðari er komið til móts við fleiri sjónarmið.)
- Er stefnuskráin í heild skynsamleg?

Þetta krefst vandlegar röksemdafærslu og umræðu. Flokkar njóta öflugri stuðnings við markmið sín en aðrir kunna að vera með betri hugmyndir. Því er það allsendis óvíst hvaða markmið fá mestan stuðning.

Val á markmiðum sem útiloka hvert annað (t.d. græn + íhaldssöm) er dæmigert fyrir samsteypu- eða þjóðstjórnir. Hnökralausa markmiðalíkanið (skilgreint af aðeins einum flokki) einkennist meira af samkeppni og ágreiningi. Valið milli þessara líkana er því einnig val um stjórnámálamenningu – leiðir til að mæta fjölhyggju lýðræðisins. Kennarinn fylgist með nemendum þar sem þeir kljást við þetta vandamál og ákveður hvort fjallað verði um það í síðustu kennslustundinni.

Nemendur færa blöðin til á gólfinu til að búa til stefnuskrárlíkan sitt (með tígul- eða píramídalögun). Ef mörg líkön innihalda sömu markmið eru notuð afrit svo að hægt sé að bera líkönin saman.

Loks eru blöðin fest á stærri blöð og útbúin veggspjöld. Þau verða notuð í næstu kennslustund.

## Prep 2.5: Nemendur greiða atkvæði

Í lok fundarins greiða nemendur atkvæði með því að rétta upp hönd. Ef þeir hafa komið sér saman um tiltekin markmið má búast við samhljóða atkvæðum.

Ef fleiri en eitt líkan hafa orðið til kjósa nemendur um þau.

Í því tilviki leggur kennarinn til eftirfarandi atkvæðagreiðsluferli sem verður að ákveða (með atkvæðagreiðslu) áður en atkvæði eru greidd um líkönin: ef eitthvert líkan fær yfir 50% meirihluta er það samþykkt. Annars fer fram önnur atkvæðagreiðsla um þau tvö líkön sem fengu flest atkvæði. Líkanið sem fær flest atkvæði er samþykkt, sama hversu margir sitja hjá.

## 4. kennslustund

### Pátttaka í fjölhyggjulýðræði

#### Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Greining og mat: að setja niðurstöður vinnu skipulega fram. Færni í aðferðum: að flytja stuttar álitsgerðir og gefa umsagnir.
Markmið	Fjölhyggja styður sanngjarna og árangursríka ákvarðanatöku. „Ágreiningur er ávísun á sátt.“ Ég kem hugðarefnum mínum á framfæri með því að taka þátt í lýðræðinu.
Verkefni nemenda	Nemendur ígrunda og ræða það sem þeir hafa lært og hvað þeim finnst um kaflann.
Efniviður og gögn	Flettistöflublöð og merkipennar; eintak af <del>2</del> dreifiblaði 2.5 (Mannréttindayfirlýsingu SP) og 2.6 (Mannréttindasáttmála Evrópu).
Aðferð	„Þagnarmúrinn“. Hver vinnur fyrir sig, kynning og umræða. Hraðasvaralota.
Tímaáætlun	1. áfangi: Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært. („Þagnarmúr“.) 20 mín.
	2. áfangi: Lokaumræður. 15 mín.
	3. áfangi: Nemendur lýsa áliti sínu. 5 mín.

#### Ábendingar

Ígrundun er hugsmíðanám. Nemendur móta skoðanir sínar og ræða um þær. Hlutverk kennarans er að sjá til þess að hentugar aðferðir séu notaðar og tímamörk virt. Þetta er dæmi um nám af mannréttindum: nemendur notfæra sér hugsana- og tjáningarfrelsið. Strangar reglur gefa öllum nemendum tækifæri til þátttöku en slík tækifæri teljast þó aldrei jöfn því að mismunandi námsaðferðir eiga misvel við þær aðferðir sem kennarinn hefur valið.

Kennarinn talar aðeins í stuttan tíma. En þar sem hann setur reglurnar og gætir að tímamörkunum er forysta hans ljós allan tímann. Eins og í öðrum köflum upplifa nemendur þá þverstæðu að frelsi fer ekki bara vel saman við strangar reglur og forystu, heldur kallar jafnvel beinlínis á slíkt.

## Lýsing á kennslustund

### Undirbúningur:

Pólitísku stefnuskrárlíkönin sem nemendur greiddu atkvæði um í síðasta tíma eru hengd upp.

Fjögur flettistöflublöð („þagnarmúrarnir“) eru hengd upp í kennslustofunni og tveir til þrír merkipennar í mismunandi litum hafðir innan seilingar. Blöðin þurfa að vera aðgengileg, og 5–6 stólar í hálfhring kringum þau. Einnig má leggja blöðin á tvö eða þrjú borð sem færð hafa verið saman.

Kennarinn hefur undirbúið flettistöflublöðin fyrir tímenn með því að skrifa niður lykilsurningarnar (sjá hér að neðan). Aukablöð eru til reiðu ef nemendur þurfa að skrifa meira.

Sætaskipanin auðveldar samskipti. Engar sætaraðir heldur stólar í hring eða borðum raðað í opinn ferning – það sem hentar best fyrirkomulagi flettistöflublaðanna.

## 1. áfangi: Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært („þagnarmúr“)

### Prep 1.1: Kennarinn leiðbeinir nemendum um notkun „þagnarmúranna“<sup>10</sup>

Nemendur og kennarinn sitja. Kennarinn vísar til viðfangsefnis kennslustundarinnar í áætluninni (☞ dreifiblað 3.1) – ígrundar og lítur til baka en kemur ekki fram með nýjar upplýsingar eða leggur fyrir nýtt verkefni. Í ígrundunarlotunni eiga nemendur að hugsa málin og skiptast á skoðunum og ræða þær.

Kennarinn greinir frá „þagnarmúrs“-aðferðinni og útskýrir hvers vegna hún var valin: þetta er góð aðferð til að stuðla að ígrundun og hún gefur nemendum heilmikinn tíma til umhugsunar og samskipta.

Kennarinn vísar til veggspjaldanna fjögurra – „þagnarmúranna“:

- Fjölhyggja
- Hvernig upplifði ég fjölhyggju?
- Er ágreiningur ávísun á sátt?
- Hvers vegna tókst okkur, eða mistókst, að komast að samkomulagi um skilgreiningu á almannahag.
- Mismunandi valddreifing
- Hvernig fannst okkur að vera einn af sterkari eða veikari þátttakendum?
- Mannréttindi

Hvaða mannréttindi höfum við notfært okkur í þessum tímum? (Nemendur fá nú eintök af ☞ dreifiblaði 2.5, Mannréttindayfirlýsingu SP, og 2.6, Mannréttindasáttmála Evrópu.)

Leiðbeiningar:

- Þögn á að ríkjá í þessari æfingu – þess vegna er hún kölluð „þagnarmúr“. Þetta eru skriflegar umræður.
- Nemendur mega skrifa eins mikið og þeir vilja.
- Lágmark: tvær færslur, hvor á sinn „þagnarmúr“.

<sup>10</sup> Þessi aðferð er tilbrigði við æfingu 7.1, „The wall of silence“, í *Teaching democracy*, MLB/MRM, VI. bindi, Council of Europe Publishing, Strassborg, 2008, bls. 62.

- Nemendur geta skrifað svar við lykilspurningunni eða gert athugasemd við það sem annar nemandi hefur skrifað. Nota má örvar, strík og tákn.
- Þeir geta gengið um eða haldið sig hjá einu veggspjaldi.

## Prep 1.2: Nemendur skrifa hugmyndir sínar á „þagnarmúrana“

Nemendur gera ígrundunaræfinguna eins og þeim hefur verið fyrirlagt. Kennarinn fylgist með skoðanaskiptunum og viðhorfunum sem birtast á flettistöflublöðunum en skiptir sér ekki af. Hann krefst þess að allir virði fullkomlega regluna um þögn.

Þessi áfangi tekur 10–15 mínútur.

## 2. áfangi: Lokaumræða

Kennarinn kallar nemendur saman og lætur þá setjast (í hring eða opinn ferhyrning) og tilkynnir næsta áfanga: lokaumræðu sem kennarinn stýrir.

Fyrst þurfa nemendur að koma sér saman um umræðuefnin. Kennarinn bendir þeim á að valið verði að miðast við tímann sem er aflögu. Þannig má hugsa sér að fjalla rækilega um einn eða tvo „þagnarmúra“, frekar en að ræða stuttlega um þá alla, en þetta verða nemendur sjálfir að ákveða.

Umræður sem þessar falla undir hugsmíðanám. Kennarinn getur ekki séð fyrir hvað nemendur muni segja og þarf þess ekki heldur. Verkefni hans er að koma skipan á það sem nemendur hafa fram að færa.<sup>11</sup>

## 3. áfangi: Endurgjöf („hraðasvara“-lota)

Kennarinn tilkynnir að umræðunni sé lokið og nú fái nemendur að lýsa álitinu sínu á kaflanum. Aðferðin felst í „hraðasvörum“ allra nemenda. Hver nemandi botnar eftirfarandi setningu:

*„Það áhugaverðasta eða mikilvægasta sem ég hef lært í þessum kafla er ...“*

Nemendur lýsa álitinu sínu hver á fætur öðrum í einni til tveimur setningum. Engar athugasemdir eru leyfðar. Nemendur mega endurtaka eða ítreka það sem aðrir hafa sagt.

Endurgjöfin stuðlar að því að nemendur geti nýtt sér þetta nám til frambúðar. Kennarinn fær upplýsingar sem nýtast honum við mat á kaflanum. Nemendur og kennari geta nýtt sér hugmyndir til undirbúnings frekari vinnu í MLB/MRM (tengingar við aðra kafla, viðbótarefni).

<sup>11</sup> Sjá kaflann um hugsmíðanám í inngangi bókarinnar.

## Ítarefni fyrir kennara 3A

### Fjórar meginstefnur í stjórnmálum



#### Frjálslynda stefnan: einstaklingsfrelsi í fyrsta sæti

- Lykilatriði: einstaklingsfrelsi og ábyrgð.
- Vernd mannréttinda og borgaralegra réttinda.
- Frjáls viðskipti og samkeppni eru drifkraftur framfara, nútímahátta og aukinnar velferðar.
- Kapitalisminn virkar best ef hann er látinn afskiptalaus.
- Öflugt ríki – en einskorðað við réttarríkið.
- Rausnarlegar félagslegar bætur draga úr dugnaði fólks.
- Einstaklingsframtak og velgengni verður að borga sig – ekki má skattleggja tekjur og hagnað um of.

**Kjörorð: „Án áhættu er ekkert frelsi“**



#### Jafnaðarstefnan: jöfnuður í fyrsta sæti

- Lykilatriði: jöfnuður, samstaða, félagslegt öryggi.
- Vernd hinna veiku, fátæku og þeirra sem minna mega sín.
- Ef kapitalisminn er ekki heftur eykst félagsleg misskipting. Ekki er um annað að ræða en kapitalisma en hafa þarf eftirlit með afleiðingum hans og beita pólitískum aðferðum til úrbóta.
- Við þurfum félagslegt velferðarkerfi til að styðja fjölskyldur, öryrkja, sjúklinga, gamalt fólk, atvinnulausa og fátæka.
- Samstaða merkir að hinir sterku styðja þá sem þurfa á aðstoð að halda.

**Kjörorð: „Sameinuð stöndum við – sundruð föllum við“**



### **Íhaldsstefnan: Öryggi í fyrsta sæti**

- Lykilatriði: öryggi og stöðugleiki.
- Öflugt ríki er mikilvægt ef verja á landið gegn hættum og vá.
- Öflugt ríki byggist á nútímalegu og skilvirku hagkerfi.
- Varast ber aukna misskiptingu.
- Fjölskyldan þarf sérstaka vernd.
- Þegnarnir eiga aðeins að biðja um stuðning ef þeir ráða ekki sjálfir fram úr vandamálunum.

### **Kjörorð: „Öflugt ríki í heilbrigðu hagkerfi“**



### **Græna stefnan: umhverfið í fyrsta sæti**

- Lykilatriði: umhverfisvernd, ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.
- Núverandi lífnaðarhættir okkar, sem knúnir eru af hagvexti og notkun jarðefnaeldsneytis, eru alvarleg ógnun við framtíð okkar.
- Alþjóðlegir samningar eru nauðsynlegir til að vernda umhverfið á heimsvísu.
- Við berum ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum og jörðinni allri.
- Smávægilegar breytingar á daglegu lífi okkar geta skipt máli.

### **Kjörorð: „Þú borðar ekki peninga“**



## Ítarefni fyrir kennara 3B


### Fyrirlestur: Hvað er almannahagur?

Í þessum drögum má finna grundvallarleiðbeiningar um greiningu. Kennarinn þarf að laga fyrirlesturinn að námsþörfum nemenda og samhengi kaflans.

Í lýðræðisríkjum er það viðurkennt að enginn viti með vissu hvað teljist vera hagur eða heill allra þegnanna og því verðum við í sameiningu að ákveða hvað við teljum samfélaginu fyrir bestu. Í einræðisríkjum ákveða stjórnvöld hvað almannahagur er – þetta er eitt af þeim stóru atriðum sem greina á milli lýðræðis og einræðis.<sup>12</sup>

Allir geta tekið þátt í þessari eilífu umræðu, og gera það: stjórnmalaflokkar, hagsmunahópar, fjölmíðlar, stjórnmalamenn og einstakir þegnar. Þegar allt kemur til alls er þetta það sem þátttaka í lýðræði snýst um – að rökræða um og ákveða að lokum hvað landinu (eða heiminum) er fyrir bestu og hvernig því markmiði verði náð.

Þessi kafli er hugsaður sem mjög einfaldað líkan af slíku ákvarðanaferli. Þið byrjuðuð á því að leggja fram hugmyndir ykkar um almannahag – þegar þið íhuguðuð hver yrðu forgangsmál ykkar ef þið stjórnðuð landinu voruð þið að hugsa um almannahag. Nú eruð þið í miðju kafi að mynda stjórnmalaflokka.



Í næsta tíma semjið þið ykkar á milli til að komast að því hvort þið getið myndað meirihluta sem getur skilgreint hvað er almannahagur – í bili.

Þessi mynd sýnir hvað gerist í slíku ákvarðanaferli. Gerum ráð fyrir að tvö grundvallarmarkmið séu til umræðu, markmið A og markmið B (þau má tengja raunverulegum markmiðum sem flokkarnir hafa kynnt). Punktaörvarnar þrjár sýna það lokaval sem flokkarnir styðja – sumir vildu að markmið A hefði forgang (afbrigði AAB), aðrir markmið B (afbrigði BBA). Þetta eru mismunandir hugmyndir um málamiðlun. Hvor flokkur stendur fyrir tiltekna stefnuskrá sem styður hagsmuni vissra hópa í þjóðfélaginu og þeir bjóðast til að íhuga einnig hagsmuni hinna.

12 Sjá nánari umfjöllun um þetta á dreifiblaði 3.5.

Flokkarnir reyna því að hafa áhrif á ákvarðanir þannig að það samræmist þeirra stefnu – a1 og a2 vilja AAB, en b1 og b2 stefna í gagnstæða átt (BBA).

Hvor kosturinn er betri þegar litið er til almannahags: AAB eða BBA? Eða er betra að fara frekar bil beggja: AB? Þetta þarf að ákveða. Flokkarnir semja og reyna að finna málamiðlun sem þeir geta fallist á og þannig báðir stutt. Í lýðræði er málamiðlun gjaldið sem greitt er fyrir valdið. Ákvörðunarvaldið liggur hjá meirihlutanum. Minnihlutinn, eða einstaklingar, getur haft áhrif á ákvarðanir með góðum rökstuðningi.

Ákvarðanir sem teknar eru með þessum hætti sæta stöðugri gagnrýni. Hugsanlega þjónar ákvörðunin ekki almannahag þegar öllu er á botninn hvolft. Aðstæður geta breyst. Meirihluti getur breyst. Góð rök geta sannfært meirihlutann þannig að hann skipti um skoðun. Lýðræðissamfélag er lærdómssamfélag.

## **Aukaverkefni (þennan hluta er hægt að taka sérstaklega fyrir)**

Hvernig er þetta allt tengt lykilhugtökum þessa kafla – fjölbreytileika og fjölhyggju?

Með því að nýta sér hugsanafrelsi sitt og tjáningarfrelsi geta einstaklingar skapað mjög fjölbreytt litróf einstaklingsbundinna skoðana á því hvað er landinu fyrir bestu. Þeir sem hafa áhuga á því að sjá markmið sín verða að veruleika stofna eða ganga í samtök eins og stjórnmalaflokka, hagsmunasamtök o.s.frv.

Fjölhyggja skapar samkeppni um völd og pólitísk áhrif. Ákvörðun krefst þess að sum markmið og hagsmunir fái forgang en öðrum sé hafnað. Málamiðlun er stundum nauðsynleg ef nægur meirihluti á að nást.

Þegnum sem ekki taka þátt í þessum leik með því að láta hugðarefni sín og skoðanir í ljós finnst þeir vera afskiptir. Það er í allra þágu að taka þátt í lýðræðinu.

## Ítarefni fyrir kennara 3C

### Tillögur um viðbótarverkefni og framhald

#### 1. 1. Hvernig endurspegla flokkar félagslegan kloffning?

☞ Dreifiblað 3.6 og umræður

- Hvers konar kloffning er að finna í þjóðfélagi okkar?
- Hvernig endurspegla flokkarnir í landinu þennan kloffning?
- Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar og hvernig hefur málum verið miðlað?

#### 2. Fjölhyggja

- Hvaða hagsmunahópa og frjáls félagasamtök er að finna á vettvangi stjórnmalanna?
- Um hvaða hagsmuni eru skipuleg samtök? Hverja ekki?

#### 3. Málamiðlun

Í lýðræði skapar fjölhyggjan nauðsyn á málamiðlun. Á þessu eru skiptar skoðanir:

1. Frá sjónarhóli einstaklingsins: málamiðlun er gjaldið sem greitt er fyrir valdið. Góðar hugmyndir eru þynntar út þannig að niðurstaðan er næstbesta lausnin.
2. Frá almennum sjónarhóli: fjölhyggja skapar samkeppni; þátttakendur hafa hemil hver á öðrum og tryggja að enginn verði of voldugur. Fjölhyggja í lýðræði hefur sömu áhrif og eftirlit og jafnvægi í stjórnskipan.
3. Þegar litið er á árangurinn: fjölhyggja ýtir undir málamiðlun. Mjög byltingarkenndar ákvarðanir eru sjaldgæfar. Þetta styrkir félagslega samheldni.
  - Á eitthvað af þessu við hér á landi, þ.e. má finna raunhæft dæmi?

#### 4. Samanburður á lýðræði og einræði

☞ Dreifiblað 3.5

- Hvað verður um hina ýmsu hagsmuni og viðhorf í lýðræði annars vegar og einræði hins vegar?
- Hvaða ákvarðanir eru teknar? (Forsendur samanburðar: tillit tekið til hagsmuna, skilvirkni, gagnrýni komið á framfæri, hlutverk fjölmiðla.)

#### 5. Tvö svið stjórnála

Max Weber:<sup>13</sup>

„Stjórnmal eru eins og dropinn sem holar steininn, af ástríðu og eftir bestu vitund.“

2. 2. „Allir þeir sem eru virkir í stjórnmalum sækjast eftir völdum.“

- Hvernig upplifðum við stjórnmalasviðin tvö í þessum kafla?
- Hvernig ná þátttakendur í stjórnmalum hér á landi jafnvægi þarna á milli?

<sup>13</sup> Max Weber, „Politics as a Vocation“, bls. 2, 34 ([www.sscnet.ucla.edu/polisci/ethos/Weber-vocation.pdf](http://www.sscnet.ucla.edu/polisci/ethos/Weber-vocation.pdf)); texta breytt af höfundu.



## 2. hluti

**Stjórnmalapátttaka:  
jöfnun ágreinings og lausn vandamála**

**4. kafli: Ágreiningur  
Ágreiningurinn um fiskveiðar  
Hvernig getum við leyst sjálfbærnivandann?**

**5. kafli: Lög og reglur  
Hvaða reglur þjóna okkur best?  
Ákvarðanaleikur**

**6. kafli: Stjórnarfar og stjórnmal  
Stefnuferlislíkanið  
Hvernig eru vandamal leyst í lýðræðisríki?**

**7. kafli: Jafnrétti  
Meirihlutastjórn – réttlát stjórn?  
Hvernig getum við samið um málefni meirihluta/minnihluta í lýðræði?**



## **4. KAFLI**

### **ÁGREININGUR**

#### **Framhaldsskólastig**

### **Ágreiningurinn um fiskveiðar**

#### **Hvernig getum við leyst sjálfbærnivandann?**

**4.1. Fiskveiðileikurinn (1)**

**4.2. Fiskveiðileikurinn (2)**

**4.3 Hvernig veiðum við „eins mikinn fisk og mögulegt er“?**  
Samantekt og ígrundun

**4.4 Hvernig komum við á sjálfbærni?**  
Leiðir til að sætta sjónarmið og jafna ágreining





## 4. kafli

### Ágreiningur

### Ágreiningurinn um fiskveiðar

### Hvernig getum við leyst sjálfbærnivandann?

## Inngangur ætlaður kennurum

### 1. Efni þessa kafla

Í þessum kafla er fjallað um vanda sem tengist stjórnun sameiginlegra auðlinda. Ef pólitískum ráðamönnum, fyrirtækjum og þegnum landsins tekst ekki að leysa vandamál af þessu tagi getur það valdið alvarlegum ágreiningi, jafnvel stríði.

Til að lýsa vandanum getum við séð fyrir okkur eftirfarandi aðstæður úr daglegu lífi: í kvikmyndasali, fullum af fólki, sér lágvaxinn maður lítið því að svo vill til að fyrir framan hann situr 1,90 m beljaki. Því stendur sá litli upp. En nú er búið að byrgja útsýnið fyrir öðrum gestum svo að þeir standa einnig upp. Á endanum hafa allir í salnum staðið upp. Enginn sér betur en áður og það sem meira er, óþægilegra er að standa en sitja. Í rauninni hefur óréttlætið aukist því að lágvaxið fólk í salnum sér ekki neitt.

Þetta dæmi líkist um mjög margt „stóru“ vandamálunum með auðlindastjórnun, til dæmis ofveiði á fiski. Slík vandamál er erfitt að leysa því að á þeim eru tvær hliðar, eins og dæmið úr kvikmyndahúsinu sýnir:

1. Hvaða reglu þurfa gestirnir til að tryggja að allir sjái vel? (Vandamálið.)
2. Hvernig er hægt að framfylgja þessari reglu ef einhver í salnum brýtur hana? (Verksvið stofnana.)

„Stór“ auðlindastjórnunarvandamál auk ofveiði eru til dæmis hlýnun jarðar, förgun kjarnorkuúrangs og ofnotkun grunnvatnslinda. Margir aðilar með ólíka hagsmuni eiga hlut að máli (vandamálið). Ekki er til neitt yfirþjóðlegt vald sem getur sett þjóðríkjum reglur (verksvið stofnana). En vandamál eins og hlýnun jarðar og loftslagsbreytingar verða stöðugt áleitnari og því verða pólitískir leiðtogar og almenningur um heim allan að reyna að finna lausn.

Fiskveiðileikurinn snýst um ofveiðivandann, með áherslu á sjálfbærni, aðra hlið vandans. Verkefnið yrði of flókið fyrir nemendur ef einnig væri fjallað um þá hlið sem snýr að verksviði stofnana; þó er mögulegt að fjalla um þá hlið málsins með því að halda áfram með fiskveiðileikinn og tengja hann 5. kafla. Í innganginum að 5. kafla er nánar fjallað um þennan kost.

### 2. Fiskveiðileikurinn

Fiskveiðileikurinn er lykilverkefnið í þessum kafla og þar er notuð verkefnatengd aðferð. Nemendur standa frammi fyrir vandamáli og verða að finna lausn – í tímaþröng – eins og þeir verða oft að gera í raunveruleikanum. Í 3. og 4. kennslustund ígrunda nemendur síðan það sem þeir hafa lært.

Í leiknum þurfa nemendur að glíma við vanda varðandi stjórnun sameiginlegrar auðlindar. Gengið er út frá aðstæðum sem virðast vera mjög einfaldar. Nemendur mynda fjóra hópa sem eru í hlutverki áhafna fiskimanna sem eiga heima í þorpum kringum stöðuvatn. Fiskistofninn í vatninu er sameiginleg auðlind fiskimannanna og eina tekjulind þeirra. Nemendur átta sig fljótt á því að það eru sameiginlegir hagsmunir þeirra að forðast ofveiði stofnsins.

Hins vegar eru ekki til neinar reglur um þetta og ekki eru heldur neinar stofnanir, svo sem fiskimannaráð, þar sem aðilar gætu komið saman og rætt vandamálið. Fiskimennirnir vita ekki heldur hversu mikið af fiski þeir geta veitt án þess að það komi niður á endurnýjun stofnsins. Nemendur verða að skilgreina öll þessi vandamál og grípa til aðgerða.

Kennarinn stjórnar leiknum. Áður en leikurinn hefst fá þátttakendur eftirfarandi fyriræli sem viljandi eru höfð óræð: „Veiðið eins mikinn fisk og mögulegt er.“ Þátttakendur geta lagt tvenns konar skilning í þetta:

- „Sem tiltekinn hópur eigið þið að hámarka tekjur ykkar.“ (Hámörkun tekna til skamms tíma.)
- „Sem samfélag eigið þið að tryggja að þið getið alltaf veitt sem mestan fisk.“ (Sjálfbærni til frambúðar.)

Reynslan hefur sýnt að yfirleitt kjósa nemendur að hámarka skammtímahagnað.

Sumir hópar veiða minna en aðrir og komast að því að þeir verða ekki aðeins fátækari, heldur að þeir geta ekki varðveitt fiskistofnana nema með samstilltum aðgerðum. Brátt blasir sú staða við að hætta er á að fiskistofnarnir verði uppunir og gjá myndist milli ríkra og fátækra þorpa. Þetta getur skapað tilfinningahita meðal þátttakenda því að í leiknum vinna sumir framan af en aðrir tapa, áður en fátæktin breiðist út um samfélagið allt.

Við nemendum blasir erfitt úrlausnarefni:

- Þeir verða að taka höndum saman til að leysa vandamálin.
- Þeir verða að byrja að ræða saman.
- Þeir verða að safna upplýsingum um endurnýjun fiskistofnanna og útbúa kerfi fyrir sjálfbærar veiðar.
- Þeir komast að raun um að stofnanarammi er nauðsynlegur ef tryggja á að allir fari að reglunum sem þeir hafa samþykkt til að bjarga fiskistofnunum.
- Loks verða þeir að koma sér saman um reglu um réttláta skiptingu aflans.


Fiskveiðileikurinn, svo einfaldur sem hann virðist vera, leiðir nemendur að kjarna nokkurra alvarlegustu vandamála 21. aldar og hann kennir þeim um hvað stjórnmál snúast – að leysa aðkallandi vandamál sem ógna samfélaginu, eða jafnvel mannkyninu.

### 3. Ígrundun

Nemendum tekst ef til vill að leysa einhver þeirra vandamála sem þeir glíma við eða þeim mistekst það. Mikilvægt er að á ígrundunarstiginu geri nemendur sér ljóst að það er ekkert sem þeir þurfa að skammast sín fyrir. Í fyrsta lagi er það í raun algengara að verkefni misheppnist en heppnist og í öðru lagi er fiskveiðileikurinn ekki eins og hvert annað skólaverkefni, heldur birtist í honum flókið pólitískt vandamál. Enginn veit fyrir fram hver rétta lausnin er á pólitísku vandamáli; við verðum að reyna að finna hana.

Í fiskveiðileiknum munu nemendur rekast á ýmsar flóknar spurningar sem sumar er hægt að tengja sjálfbærnilíkaninu (☞ dreifiblað 4.2):

- Hvað má veiða mikið til að fiskistofnarnir geti áfram endurnýjast?
- Hvernig getum við tryggt að þetta jafnvægi milli hámarksafraksturs (markmiðið um hagvöxt) og verndar fiskistofnanna (markmiðið um umhverfisvernd) haldist áfram, núna og í framtíðinni?
- Hvernig er réttlátt að vinnuframlag og afrakstur af fiskveiðum dreifist meðal þorpanna fjögurra í samfélaginu?



Sjálfbærnilíkanið (☞ dreifiblað 4.2)

Sjálfbærnilíkanið tekur til allra spurninganna þriggja. Þær snerta þrjú grundvallarmarkmið: hagvöxt, umhverfisvernd og réttláta skiptingu í samfélaginu; þær tengjast tíma (nútið og framtíð, hagsmunum núlifandi og komandi kynslóða), og rúmi (heimshlutunum – norðri og suðri).

Sjálfbærnilíkanið lýsir vandamálunum sem skapast ef einhver reynir að ná aðeins einu markmiði, til dæmis hagnaði á kostnað auðlinda. Einnig sýnir það hvernig jafnvægi skapast ef sátt næst um sjálfbærni. ☞ Dreifiblað 4.3 hjálpar nemendum að íhuga afleiðingar þess að „veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“ út frá þessum tveimur sjónarmiðum – því markmiði að einn þátttakandi auki hagnað sinn tímabundið og út frá jafnvæginu sem lýsir sér í sjálfbærni.

Eins og leikurinn er settur upp er góð lausn möguleg og hægt að skilgreina hana í tölum; kennarinn getur lagt hana fram (☞ dreifiblað 4.4) til að aðstoða nemendur ef með þarf.

Þessi greining fær nemendur til að velta því fyrir sér hvers vegna svo erfitt er að koma á sjálfbærri þróun í stærra samhengi og hvað almennir borgarar geti gert til að vinna að þessu markmiði.

## Möguleikar á framhaldi kaflans

### 1. Tenging 4. og 5. kafla

Eins og þegar hefur verið minnst á geta nemendur velt því fyrir sér hvaða stofnanarammi þjóni fiskimönnunum best. Þetta getur verið regluverk og opinbert yfirvald sem framfylgir reglunum eða gagnkvæmt samkomulag jafningja. Nemendur geta haldið fiskveiðileiknum áfram, notað regluverk sitt sem verkfæri og þannig látið á það reyna.

## 2. Rannsóknarverkefni

Greinilegt er að fiskveiðileikurinn snýst um pólitísk vandamál sem teygja sig frá nærsamfélaginu til heimsins alls. Eins og áður hefur komið fram er losun koltvísýrings, ofveiði, förgun kjarnorku-úrgangs og ofnotkun grunnvatnslinda dæmi um slík vandamál.

Rannsókn á einu þeirra, eða öðrum vandamálum, hentar bæði sem aukaverkefni í kennslustund eða sem rannsóknarverkefni. Þá þarf að taka frá kennslustund þar sem nemendur skýra frá niðurstöðum sínum og ræða ef til vill um fleiri skref sem mætti taka.

### *Lykilhugtakið ágreiningur*

Öll höfum við upplifað ágreining og flestum okkar þykir hann óþægilegur. Í fjölhyggjusamfélögum er líklegt að skoðanamunur fólks með ólíka hagsmuni og gildi aukist og það eykur möguleika á ágreiningi.

Lýðræðisleg samfélög verða að finna leiðir til að leysa ágreiningsmál. Lýðræði er kerfi þar sem reynt er að siðvæða ágreining. Innan ramma þess er ágreiningur ekki leystur með ofbeldi heldur með hinu talaða orði. Það er meira að segja gott að gagnstæðar skoðanir og ólíkir hagsmunir komi skýrt fram því að þannig fæst skýr mynd af þörfum og hagsmunum ólíkra þjóðfélagshópa sem taka þarf tillit til þegar ákvarðanir eru teknar.

Í fjölhyggjuþjóðfélögum með lýðræðislegri stjórnarskrá er ágreiningur yfirleitt leystur með málamiðlun. Hún hentar best ef ágreiningurinn snýst um skiptingu takmarkaðra gæða, t.d. tekna, tíma, vatns o.s.frv. Ágreining sem snýst um hugmyndafræði – mismunandi gildi, trúarbrögð o.s.frv. – er erfðara að jafna með málamiðlun; þá verður að finna lausn sem felst í einhvers konar friðsamlegri „sambúð“. Ágreining sem snýst um sjálfsmynd – litarhátt, uppruna – er ekki hægt að jafna, heldur þarf að halda honum í skefjum með „öflugum ríkisvaldi“.

Ágreiningur getur risið hvar og hvenær sem fólk á samskipti. Í MLB/MRM geta nemendur lært að líta á ágreining sem „eðlilegt“ fyrirbæri sem þeir þurfi ekki að óttast. Þeir verða að búa yfir þeirri færni að geta samið um lausn ágreinings af ábyrgð – fúsir að taka tillit til sjónarmiða og hagsmuna annarra og verja rétt allra til að taka þátt í friðsamlegri lausn ágreiningsmála. Þess vegna má líta á þessa bók sem röð þjálfunarnámskeiða í að jafna ágreining. Þátttaka í lýðræði merkir þátttöku í jöfnun ágreinings.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 4. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 4. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð, að vissu marki, í þessum kafla – til dæmis að axla ábyrgð, að greina vandamál og samningafærni.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanatöku og athafnir	Viðhorf og gildi
4 Ágreiningur	Greining ágreinings og valþröngar Gagnkvæmir hagsmunir Sjálfbærni	Skilgreining flókinna vandamála Samkomulagsumleitanir	Málamiðlun Samræming stefnu	Vilji til málamiðlunar Ábyrgð
2 Ábyrgð	Greining valþröngar	Að íhuga afleiðingar ákvörðunar		Gagnkvæm viðurkenning
3 Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Ágreiningur í fjölhyggjuþjóðfélagi	Samkomulagsumleitanir		
5 Lög og reglur	„Reglur eru verkfæri“ til að jafna ágreining	Greining vandamáls og lausn	Regluverk til að jafna ágreining	
6 Stjórnarfar og stjórnsmál	Stjórnsmál – ferli sem felst í lausn vandamála og ágreinings	Lýsing og greining á pólitísku ákvarðanaferli	Þátttaka í opinberum umræðum um ákvarðanatöku	

7 Jafnrétti	Ágreiningur milli meirihluta- og minnihlutahópa		Ráð til að stilla saman hagsmuni hópa	Að setja sig í spor annarra
8 Frelsi	Hið talaða orð – leiðin til siðmenntaðrar lausnar á ágreiningi	Rökræða	Rökfærsla	„Í anda Voltaires“: viðurkenning á hugsana- og tján-ingarfrelsi allra

## 4. KAFLI: Ágreiningur – ágreiningurinn um fiskveiðar Hvernig getum við leyst sjálfbærnivandann?

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Fiskveiðileikurinn (1)	Greining á flóknum aðstæðum, ákvarðanatataka í tímaþröng.  Nemendur átti sig á flóknum vanda sem fylgir sjálfbærnimarkmiðum.	Nemendur greina vandamál og þróa lausnir og aðferðir.	📄 Ítarefni fyrir kennara 4.1–4.4.  Vasareiknir eða tölva.  Pappírsmiðar (breidd A4), merkipennar.	Verkefnatengt nám.
2. kennslust. Fiskveiðileikurinn (2)	Samkomulag um málamiðlun.  Gagnkvæmir hagsmunir, hagsmunaráreksstrar.	Nemendur greina flókið vandamál.  Þeir (ættu að) vinna saman að sameiginlegri lausn.	Sama og í 1. kennslust.	Verkefnatengt nám.
3. kennslust. Hvernig veiðum við „eins mikinn fisk og mögulegt er“?	Gagnrýnin hugsun: fyrra nám tengt óhlutbundnu hugtaki eða líkani.  Sjálfbærnilíkanið.	Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært af fiskveiðileiknum.	✍ Dreifiblað 4.2.  ✍ Dreifiblað 4.3 (valfrjálst).	Samantekt, athugasemdir.  Bekkjaramræða. Hver vinnur fyrir sig.
4. kennslust. Hvernig komum við á sjálfbærni?	Greining og mat: Ígrundun út frá hugtökum.  Hvatar hafa mikil áhrif á hegðun okkar. Hægt er að stýra hvötum með reglum (utan frá) eða með ábyrgðartilfinningu (sjálfsstjórn).	Nemendur nota hugtök um persónulega reynslu sína.	✍ Dreifiblað 4.2.	Kynningar.  Bekkjaramræða.  Fyrirlestrar kennara.

## 1. kennslustund Fiskveiðileikurinn (1)

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM. Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja. Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu. Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar. Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

<b>Hæfnipjálfun</b>	Greining á flóknum aðstæðum, ákvarðanatataka í tímaþröng.				
<b>Markmið</b>	Nemendur átti sig á flóknum vanda sem fylgir sjálfbærnimarkmiðum.				
<b>Verkefni nemenda</b>	Nemendur greina vandamál og þróa lausnir og aðferðir.				
<b>Efniviður og gögn</b>	<p>📄 Ítarefni fyrir kennara 4.1–4.4.</p> <p>4.1 Eintök af skráningarblöðum fyrir hópana.</p> <p>4.2 Tafla sem sýnir endurnýjun fiskistofns (fyrir kennarann).</p> <p>4.3 Skráningartafla (á flettistöflu, töflu eða glæru).</p> <p>4.4 Línurit (á flettistöflu, skólatöflu eða glæru).</p> <p>Vasareiknir eða tölva.</p> <p>Pappírsmiðar (breidd A4), merkipennar.</p>				
<b>Aðferð</b>	Verkefnatengt nám.				
<b>Tímaáætlun</b>	<table border="0"> <tr> <td>1. Lýsing á fiskveiðileiknum.</td> <td>10 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. Fiskveiðileikurinn (þrjár umferðir).</td> <td>30 mín.</td> </tr> </table>	1. Lýsing á fiskveiðileiknum.	10 mín.	2. Fiskveiðileikurinn (þrjár umferðir).	30 mín.
1. Lýsing á fiskveiðileiknum.	10 mín.				
2. Fiskveiðileikurinn (þrjár umferðir).	30 mín.				

### Ábendingar

Ef aðstæður leyfa ætti 2. kennslustund að vera í beinu framhaldi af 1. kennslustund. Þó er einnig hægt að leika leikinn í tveimur lotum.

Í byrjun eru nemendur hvorki hvattir til að tala saman né skiptir kennarinn sér af þó að þeir geri það – heldur minnir einungis á tímamörkin.




## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Lýsing á fiskveiðileiknum

Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þeir eigi að fara í leik þar sem líkt verður eftir alvarlegum vanda í raunveruleikanum.


„Ímyndið ykkur að þið séuð íbúar eins af þorpunum fjórum á strönd stöðuvatns. Það er fullt af fiski í vatninu svo að þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af lifibrauðinu. Fiskveiðar eru eini atvinnuvegurinn; þið hafið enga aðra tekjulind.“

Kennarinn getur lífgað upp á kynninguna með einfaldri teikningu á töfluna sem sýnir vatnið, nokkra fiska, þorpin fjögur og bát að leggja frá landi í hverju þeirra.



„Farið er út til veiða allt veiðitímabilið en það er veiðibann tiltekinn tíma að vetri og vori til að leyfa fiskistofninum að endurnýja sig. Þessa mánuði þurfið þið að lifa á birgðum af harðfiski og gera við bátana og netin til að undirbúa ykkur fyrir næsta veiðitímabil.“

Síðan er útskýrt fyrir nemendum hvernig fiskveiðileikurinn fer fram.

Þeir mynda sex hópa með allt að sex nemendum í hverjum. (Ef hóparnir eru fleiri en fjórir þarf að breyta skráningartöflunni – sjá  ítarefni fyrir kennara 4.3.)

Hver hópur stendur fyrir áhöfn fiskimanna. Hóparnir eru hvattir til að gefa bátum sínum skemmtileg nöfn og þeir fá skráningarblað til að skrá afla sinn.


Leikurinn er leikinn í umferðum sem tákna veiðitímabil og banntímabil þegar fiskistofninn endurnýjar sig.

Kennarinn notar aðeins eina setningu til að lýsa markmiði leiksins: „Reynið að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“. Þessi fyrirmæli er hægt að skilja á mismunandi hátt en kennarinn gefur engar frekari vísbendingar og lætur nemendum það eftir að ákveða fiskveiðistefnu sína. Í 3. kennslustund munu nemendur íhuga þessa byrjun leiksins.

Í byrjun veiðitímabils ákveður hver hópur þann fiskkvóta sem hann vill veiða. Hámark kvótans er 15% á hvern bát. Þar sem fiskistofninn í upphafi fyrsta veiðitímabils er 140 tonn merkir það að hámarksveiði hvers hóps er 21 tonn. (Aftur skal tekið fram að breyta verður hámarki hvers hóps ef fleiri en fjórir hópar eru í leiknum.)

Kennarinn gefur engar aukalegar upplýsingar um hvað gerist ef allir hóparnir fjórir veiða hámarkið og heildaraflinn verður 84 tonn. Þetta er einmitt hluti af leiknum: nemendur átta sig á því hversu lítið þeir vita. Þeir vita hvorki hvaða leið keppinautarnir kjósa né vita þeir hvert endurnýjunarhlutfall stofnsins er. Ef þeir vilja geta þeir fundið þetta út sjálfir.

## 2. áfangi: Fiskveiðileikurinn

Fyrsta umferðin hefst. Hóparnir ræða hvaða kvóta skuli velja. Eftir fjórar mínútur biður kennarinn hópana að afhenda skráningarblöðin. Hann færir kvóta hópanna inn á skráningartöfluna, finnur út tonnafjölda hvers báts og heildarkvóta og afla á þessu fyrsta veiðitímabili (gott er að hafa vasareikni eða tölvu við þetta). Hann færir niðurstöðurnar í töfluna og sýnir nemendum. Þróun fiskistofnanna og heildarafla má sjá á línuriti sem byggt er á  ítarefni fyrir kennara 4.4.

Með því að vísa til endurnýjunartöflunnar segir hann nemendum einnig hver heildarstofninn er í upphafi annars veiðitímabils.

Nemendur fá skráningarblöðin aftur og finna út heildarafla sinn yfir veiðitímabilin. Reynslan hefur sýnt að nemendur hneigjast til að veiða að mörkum í upphafi leiks svo að búast má við heildarafla upp á 70 tonn – hálfan fiskistofninn – eða jafnvel meira. Ef hálfum fiskistofninum hefur verið eytt nær hann að endurnýja sig upp í 94 tonn. Þetta merkir að stofninn hefur minnkað um þriðjung á einu ári. Kúrfan á línuritinu er brött niður og sýnir bráða hættu á algerri eyðingu stofnsins.

Nemendur átta sig nú á þessari ógn. Ef þeir fullnýta sér allir 15% hámarkskvótann verður fiskurinn nær útdauður á þremur veiðitímabilum. Hóparnir munu ræða um það hvort þeir eigi að minnka kvótann til að koma í veg fyrir algjöran útdauða. Héðan í frá þróast hver leikur á mismunandi hátt eftir t.d. aldri og kyni þátttakenda.

Næstu umferðir eru leiknar á sama hátt. Í næstu þremur umferðum eru nemendur ekki hvattir til að ræða saman, en þeir mega það ef þeir eiga frumkvæði að því. Kennarinn, sem stjórnandi leiksins, gefur nemendum nokkurn tíma en krefst þess að næsta umferð fari fram eftir um það bil fimm mínútur; þetta endurspeglar raunveruleikann, fiskimennirnir verða að vinna sína vinnu.

Eftir nokkrar umferðir getur kennarinn „gert kraftaverk“ ef aflinn hefur minnkað of hratt með því að bæta nokkrum aukatonnum við töluna sem er gefin upp í skráningartöflunni.

Eftir fjórðu umferðina hvetur kennarinn hópana til að ræða saman ef þeir hafa ekki þegar gert það.

Stundum komast þeir að sameiginlegri niðurstöðu og stundum ekki. Hóparnir ákveða hvort og að hve miklu leyti þeir vilja vera bundnir af almennu samkomulagi – eins og í lífinu sjálfu.

## 2. kennslustund

### Fiskveiðileikurinn (2)

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Samkomulag um málamiðlun.
Markmið	Gagnkvæmir hagsmunir, hagsmunaárekstrar.
Verkefni nemenda	Nemendur greina flókið vandamál. Þeir (ættu að) vinna saman að því að finna sameiginlega lausn.
Efniviður og gögn	Sama og í 1. kennslust.
Aðferð	Verkefnatengt nám.
Tímaáætlun	1. Fiskveiðileikurinn (fjórða umferð). 7 mín.
	2. Samningaumleitanir. 15 mín.
	3. Fiskveiðileikurinn (fimmta til sjöunda umferð). 20 mín.

#### Ábendingar

Nemendur halda áfram með fiskveiðileikinn og spila þrjár eða fjórar umferðir í viðbót.

Eftir fjórðu umferðina hvetur kennarinn hópana til að ræða saman ef þeir hafa ekki þegar gert það. Teygt er á tímaáætluninni til að gefa nemendum færi á að skiptast á skoðunum og koma með tillögur. Kennarinn ákveður lengd þessa tíma áður en nemendur halda áfram.

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Nemendur spila eina umferð

Kennarinn kynnir niðurstöðurnar. Ef nemendur taka frumkvæðið leyfir kennarinn þeim að halda áfram og gefur þeim dálitinn tíma. Hann tilkynnir að hléið milli veiðitímabila hafi verið lengt um 10 mínútur.

### 2. áfangi: Samningaumleitanir

Nemendur standa frammi fyrir alvarlegu vandamáli – ofveiði – og þeir hafa ekki regluverk af neinu tagi (samskiptareglur, veiðireglu- og eftirlitskerfi o.s.frv.) sér til stuðnings nema þeir búi slíkt til.

Kennarinn ætti ekki að taka neinn þátt í umræðum nemenda (sem ráðgjafi, umsagnaraðili, fundarstjóri o.s.frv.), heldur hlusta vandlega og fylgjast vel með. Námsstækifærin í verkefnatengdu aðferðinni felast í glímunni við viðfangsefnin og, eins og utan skólans, verða nemendur að geta bjargað sér sjálfir.

### 3. áfangi: Nemendur spila þrjár lokaumferðir

Kennarinn kallar nemendur saman til að halda leiknum áfram á venjulegum hraða. Eftir samningaviðræðurnar breyta þátttakendur hugsanlega fiskveiðistefnunni þannig að ef til vill tekst að einhverju leyti að hindra algert hrun stofnsins.

### 3. kennslustund

## Hvernig veiðum við „eins mikinn fisk og mögulegt er“?

### Samantekt og ígrundun

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Gagnrýnin hugsun: fyrra nám tengt óhlutbundnu hugtaki eða líkani.	
Markmið	Sjálfbærnilíkanið.	
Verkefni nemenda	Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært af fiskveiðileiknum.	
Efniviður og gögn	<p>☞ Dreifiblað 4.2.</p> <p>☞ Dreifiblað 4.3 (valfrjálst).</p>	
Aðferð	<p>Samantekt, athugasemdir.</p> <p>Bekkjarumræða.</p> <p>Hver vinnur fyrir sig.</p>	
Tímaáætlun	1. Samantekt: nemendur hætta leiknum.	15 mín.
	2. Nemendur íhuga tvíræðnina í þessum fyrirmælum: „Reynið að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“.	10 mín.
	3. Sjálfbærnilíkanið.	15 mín.

#### Ábendingar

Samantekt: nemendur hætta leiknum. Hér getur orðið mikill tilfinningahiti.

Aðleiðsluaðferð út frá sjálfbærnilíkaninu: nemendur flokka markmið sjálfbærnilíkansins út frá niðurstöðum sínum í samantektinni. Æfing í óhlutbundinni hugsun.

Hugsmíðanám: nemendur setja sjálfbærnilíkanið í samhengi við skilning sinn og þarfir. Þeir spyrja spurninga meðan þeir eru að ígrunda málefnið í stað þess að leita ráða hjá kennaranum.

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Samantekt

Nemendur hætta fiskveiðileiknum.

Kennarinn skrifar athugasemdir á flettistöfluna eða töfluna og skilur eftir rými fyrir annan dálk. Nemendum getur verið heitt í hamsi:

- Ágreiningur milli þeirra sem unnu og hinna sem töpuðu.
- Ríkir og fátækir fiskimenn.
- Eyðilegging náttúruauðlinda.
- Minni heildarafrakstur af fiskveiðunum (allt fiskveiðisamfélagið fátækara).
- Erfiðar samningaviðræður, t.d. vikist undan ábyrgð, sumir þátttakendur ófúsir til samvinnu.
- Erfitt að afla nauðsynlegra upplýsinga. Ágiskanir til viðbótar ofveiði.
- Ekkert yfirvald til að framfylgja reglum.
- Engin umbun fyrir ábyrga fiskveiðistefnu – minni veiði sumra er visir á fátækt þeirra og meiri veiði annarra fiskimanna.

### 2. áfangi: Ígrundun

#### Nemendur íhuga tvíræðnina í þessum fyrirmælum: „Reynið að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“

Kennarinn útskýrir fyrir nemendum að þeir hafi lýst flóknu vandamáli. Ef leysa á slíkt vandamál er fyrsta skrefið að skilja það. Rétt eins og læknirinn þarf að greina sjúkdóminn áður en hann ákveður hvaða meðferð skuli beitt.

Kennarinn minnir nemendur á leiðbeiningarnar sem þeir fengu áður en þeir hófu fiskveiðileikinn og skrifar setninguna á töfluna: „Reynið að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er.“

Hann biður nemendur að rifja upp hvernig þeir skildu þessi fyrirmæli og hvert markmið þeirra var þegar þeir ákváðu veiðikvóta sinn. Þeir ættu að íhuga eftirfarandi atriði:

„Reyna“ – hver ætti að reyna?

„Eins mikinn og mögulegt er“ – hvar eru mörkin sem felast í orðinu „mögulegt“?

Þeir íhuga þetta í hljóði í eina mínútu. Síðan biður kennarinn þá að segja hvað þeim finnst. Nemendur útskýra hvernig þeir skildu þessi fyrirmæli og ástæðurnar fyrir því. Þegar skýr mynd hefur fengist skrifar kennarinn helstu niðurstöður á töfluna (flettistöflu).

Ef nemendur segja að þeir hafi litið á þetta út frá sjónarhorni síns þorps með hagsmuni þess í huga, jafnvel á kostnað annarra og umhverfisins, er niðurstaðan eins og sést í eftirfarandi töflu. En ef til vill sjá sumir nemendur þetta frá öðru sjónarhorni og þá væri niðurstaðan nær heildarmyndinni (sjá seinni töfluna).

Markmið okkar í fiskveiðileiknum: „Reyna að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er.“				
Hver?		Eins mikinn og mögulegt er?		Hvenær?
Báturinn okkar		Mörk ráðast		Í dag
		af kvóta		
Velferð okkar		Velferð okkar		Velferð okkar

Ef þeir hafa haldið sig við það sjónarmið að auka velferð eigin þorps verður niðurstaðan sláandi.

Nemendur sjá að með þröngu sjónarhorni þeirra á „velferð okkar einna“ hafa þeir kallað hörmungar yfir samfélagið í heild.

Þá vaknar sú spurning hvort nemendur geti séð fyrir sér einhvern annan og jákvæðari skilning á markmiðinu „veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“.

Tilgreini nemendur hins vegar einnig önnur markmið, svo sem vernd fiskistofnsins eða ábyrgð gagnvart öðrum þorpum kringum vatnið, blasir það strax við hversu ólík markmiðin eru.

Nemendur ættu einnig að íhuga hvort breyta ætti upphaflegu fyrirmælunum. En ef þeir eru sammála því sem gert er ráð fyrir í líkaninu, að fiskur í vatninu sé eini tiltæki próteingjafinn, samþykkja þeir það.

Hvaða stefnu sem umræðurnar taka ættu þær að hafa gert nemendum það ljóst að „veiða eins mikinn fisk og mögulegt er“ má skilja á ýmsa vegu, með mismunandi afleiðingum.

Kennarinn tekur saman helstu atriðin í máli nemenda og skrifar þau á töfluna:


Markmið okkar í fiskveiðileiknum: „Reyna að veiða eins mikinn fisk og mögulegt er.“					
Hver?		Eins mikinn og mögulegt er?		Hvenær?	
Báturinn okkar	Við öll	Mörk ráðast		Í dag	Til langs tíma
		af kvóta	af endurnýjun-arhlutfalli		
Velferð okkar	Velferð allra	Velferð okkar	Vernd auðlinda	Velferð okkar	Ábyrgð (umhverfið, komandi kynslóðir)
Ágreiningur	Friður	Ágreiningur	Friður	Ágreiningur	Friður

Þessi mynd getur vakið nýjar spurningar meðal nemenda.

Greinilegt er að aðrir kostir eru skynsamlegri en það að einblína á „velferð okkar“ á kostnað allra því að það veldur ágreiningi. En hvers vegna reyndum við, þátttakendurnir, ekki að taka tillit til alls þessa strax í upphafi og hvers vegna var svo erfitt að koma sér saman um þessi markmið í samningaviðræðunum?

### 3. áfangi: Sjálfbærnilíkanið


#### Skref 3.1: Nemendur tengja umræður sínar líkaninu


Kennarinn fær nemendum  dreifiblað 4.2 (sjálfbærnilíkanið). Nemendur fá það verkefni að lýsa því markmiði líkansins sem þeir voru að ræða („velferð okkar“ – „velferð allra“ – „umhverfisvernd“ – „ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum“).

Nemendur lýsa skoðunum sínum eftir stutta umhugsun. Þeir lýsa markmiðunum sem koma fram í þríhyrningnum á dreifiblaðinu og einnig öðrum markmiðum, ef undangengnar umræður hafa gefið tilefni til.

Kennarinn bendir á útskýringarnar (merkingu tvíodda örvanna, markmiðin: sjálfbærnimarkmið, tíma – nútíð og framtíð – og rúm – suður, norður).


### **Skref 3.2: Kynning á heimaverkefni: nemendur undirbúa stutta fyrirlestra fyrir næsta tíma**

Kennarinn setur nemendum fyrir heimaverkefni. Þeir eiga að undirbúa stutta fyrirlestra sem verða fluttir í upphafi næsta tíma. Þeir fá eftirfarandi fyrirmæli á litlu dreifiblaði (sjá  ítarefni fyrir kennara 4.5).

1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á velferð fárra, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.

Kennarinn getur látið nemendur hafa  dreifiblað 4.3 sér til stuðnings ef með þarf.



## 4. kennslustund

### Hvernig komum við á sjálfbærni?

#### Leiðir til að sætta sjónarmið og jafna ágreining

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Greining og mat: Ígrundun út frá hugtökum.
Markmið	Hvatar hafa mikil áhrif á hegðun okkar. Hægt er að stýra hvötum með reglum (utan frá) eða með ábyrgðartilfinningu (sjálfsstjórn). Hugtök: hvatir, valþröng.
Verkefni nemenda	Nemendur nota hugtök um persónulega reynslu sína.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 4.2.
Aðferð	Kynningar; bekkjarumræður; fyrirlestrar kennara.
Tímaáætlun	1. Nemendur flytja fyrirlestra sína. 10 mín.
	2. Þeir velta fyrir sér hverju hvatar ráða um hegðun þeirra. 15 mín.
	3. Þeir ræða tvær meginaðferðir við að leysa vandamálið með sjálfbærnihagnað. 15 mín.

#### Ábendingar

Í þessari kennslustund nota nemendur hvatahugtakið til að skilgreina hegðun sína í fiskveiðileiknum. Skipulag leiksins fékk þá til að einblína á sem mestan skammtímahagnað óháð afleiðingum fyrir aðra fiskimenn eða hina sameiginlegu auðlind.

Í þessari síðustu kennslustund ræða nemendur leiðir til að stjórna hvötum sem hafa skaðleg áhrif. Þetta má gera með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með pólitískum aðferðum (opinberum aðgerðum); reglur eða lög leyfa eða banna tiltekna hegðun. Þessu er framfylgt með umbun og refsingu. Í öðru lagi geta einstaklingar stjórnað hegðun sinni sjálfir með því að axla ábyrgð. Nemendur ræða um það hvora aðferðina þeir aðhyllist.


Heimaverkefnið er mikilvægt á margan hátt: nemendur ígrunda og skrá niðurstöður síðustu kennslustundar. Þeir taka til máls í upphafi tímans og eru því virkir þátttakendur frá byrjun. Kennarinn fær góða mynd af því hvað nemendur hafa lært og skilið. Þetta leiðbeinir honum um framhaldið (hugsmíðanám og nemendamiðuð leiðsögn).

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Nemendur flytja fyrirlestra sína

#### Kennarinn tengir viðfangsefni tímans lykilspurningunum

Gert er ráð fyrir að nemendur komi í tímann með svör sín við tveimur lykilspurningum. Með því að íhuga þessar spurningar hafa nemendur búið til hugtakarammann fyrir kennslustundina í heild (hugsmiðanám).

1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á velferð fárra, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.

Kennarinn skýrir frá viðfangsefni kennslustundarinnar: hvernig komum við á sjálfbærni? Hann skrifar það á skólatöfluna eða flettistöflu og gefur nemendum orðið. Fjallað er um spurningarnar tvær hvora á eftir annarri.

#### 1. spurning: Sjálfbærnimarkmið

Líklegt er að nemendur hafi íhugað eftirfarandi vandamál: sjálfbærnimarkmið fara yfirleitt saman en sum útiloka önnur. Vernd umhverfisins samræmist til dæmis vel ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum og mannkyninu öllu (hnattrænt sjónarmið, einn heimur). Þessum markmiðum er ógnað ef núlifandi kynslóð keppir að aukinni velferð núna (hagkerfið). Þjóðfélagið (markmiðið um réttláta skiptingu) og hagkerfið (aukin framleiðsla og framleiðni) geta verið samstillt en eru það oft ekki.

Fiskveiðileikurinn var dæmi um hvernig allt getur farið á versta veg. Meira að segja ríkari fiskveiðiþorpín stóðu frammi fyrir efnahagslegri hnignun.

Nemendur vísa hugsanlega til viðleitni sem nú er uppi til að samstilla hagvöxt og umhverfisvernd: endurnýtingar úrgangs, framleiðslu rafmagns með vind-, sólar- eða vatnsorku eða þróunar rafmagnsbíla.

#### 2. spurning: Markmiðið um velferð einstaklingsins

Líklegt er að nemendur hafi íhugað eftirfarandi vandamál: í fiskveiðileiknum virtist „sigurvegarinn“ vera þorpið með mesta aflann. Ábyrgð gagnvart umhverfinu borgaði sig ekki, í mjög bókstaflegum skilningi.

Í hverri umferð gefur kennarinn sex til tíu nemendum orðið. Þegar skýr mynd birtist reyna nemendur að taka saman niðurstöður umræðnanna. Þær geta nálgast það sem hér hefur verið fjallað um en geta einnig verið aðrar. Ef nemendur eru ekki sammála þarf það einnig að koma fram.

### 2. áfangi: Nemendur velta fyrir sér hverju hvatar ráða um hegðun þeirra

Í stuttum fyrirlestri kynnir kennarinn tvö hugtök sem hjálpa nemendum að skilja hegðun sína í fiskveiðileiknum.

Í leiknum borgaði ábyrgðarkennd gagnvart umhverfinu og velferð annarra sig ekki, í mjög bókstaflegum skilningi, heldur gafst best að hámarka aflann til að bæta eigin hag. Þetta var allt of augljóst. Væg áhrif eins og þessi, sem fá okkur til að haga okkur á tiltekinn hátt, en neyða okkur ekki til þess, kallast hvatar.

Nú gerir kennarinn hlé og biður nemendur að íhuga hvata sem þeir upplifa í sínu daglega lífi. Við getum búist við dæmum á borð við eftirfarandi:

- Við hneigjumst til að kaupa ódýrari vöru ef gæðin eru nokkurn veginn þau sömu.
- Við reynum að fá góðar einkunnir í skólanum. Foreldrar lofa börnum sínum umbun ef þau standa sig vel. Tryggingafélög bjóða bónusa ef viðskiptavinir þeirra eru tjónlausir.
- Þú færð gjöf ef þú kaupir áskrift að tímariti eða ef þér tekst að fá vin þinn til að gerast áskrifandi.
- Sumt fólk vill ekki verða drukkið því að það óttast að það skaði orðspor þess.

Nemendur, eða kennarinn, álykta út frá dæmum sem þessum.

Þessi dæmi sýna mjög greinilega að hvatar höfða til einstaklingsbundinna hagsmuna okkar. Oft snýst þetta einfaldlega um peninga en einnig um löngun okkar eftir velgengni eða viðurkenningu annarra. Samkeppnisumhverfi markaðarins er mjög háð hvötum og hagnaðarvonin er kjarni samkeppni á frjálsum markaði. Þess vegna er ekki að undra þótt nemendur bregðist við hvata sem þeir þekja vel.

### 3. áfangi: Nemendur ræða tvær megináðferðir til að takast á við valþröngina milli sjálfbærni og hagnaðar

Kennarinn bætir við annarri spurningu sem tengist hugtakinu valþröng. Hvatinn til að bæta eigin hag er öflugur. Út frá sjónarmiði sjálfbærni eru afleiðingarnar hörmulegar ef við látum öll undan slíkum hvata og við gerum okkur grein fyrir því. Við erum þarna í klemmu. Við vitum að við ættum að gera eitthvað til að vernda sameiginlegar auðlindir en ef við reynum það mistekst okkur og við stöndum uppi fátækari en aðrir. Þá hverfum við aftur að hagnaðarmarkmiðinu og óttumst hið versta. Þessar aðstæður, þar sem við gerum eitthvað rangt, sama hvaða kost við veljum – og við verðum að velja einn – kallast valþröng.

Fyrst þurfa nemendur að spyrja spurninga til að skilja um hvað málið snýst. Þegar þeir hafa fallist á þá staðhæfingu að hagnaðarhvatinn í fyrsta áfanga fiskveiðileiksins sé öflugur geta þeir snúið sér að spurningunni um hvernig hindra megi eyðilegginguna sem hann getur haft í för með sér. Í þessu sambandi er afar mikilvægt hvernig leikurinn hefur þróast hjá þeim. Tókst þeim að stjórna fiskveiðistefnunni eða samræma hana? Ef það mistókst, hvaða lausnir voru lagðar til? Hvaða lausnir legðu þeir til nú, þegar þeir líta til baka?

Í grófum dráttum má búast við að hugmyndir nemenda geti fallið í tvo flokka. Hugsanlega ná þær ekki yfir öll viðhorfin sem felast í þessum dæmigerðu lýsingum:

- Beiting opinberra aðgerða: fiskimennirnir þurfa lög og regluverk og eftirlitskerfi og viðurlög til að framfylgja því. Stofnun sem sett er yfir fiskimennina lítur eftir þeim og þessi stofnun – mjög líklega ríkisstofnun – skilgreinir einnig sjálfbærnimarkmiðin. Svigrúmið til að fullnægja hagnaðarhvatunum yrði mjög takmarkað.
- Samningaaðferðin: fiskimennirnir undirrita samning um hegðunarreglur og hugsanlega einnig um sjálfbærnimarkmið. Þeir geta einnig komið sér saman um eftirlitskerfi og viðurlög.

Hvorn kostinn kjósa nemendur frekar? Ef lítill tími er eftir biður kennarinn nemendur að greiða atkvæði með því að rétta upp hönd og lætur einn eða tvo af hvorum væng rökstyðja atkvæði sitt. Ef tíminn leyfir geta síðan farið fram umræður. Nemendur kunna að benda á þann veikleika opinberu aðgerðanna að í fjarlægri ríkisstofnun sé ef til vill ekki góður skilningur á sjálfbærnimarkmiðunum. Styrkur staðbundnu samningsleiðarinnar liggur í sérþekkingu en hún er hugsanlega síðri hvað varðar viðurlög við brotum á samningum. Þar sem fiskimennirnir eru jafningjar í sömu stöðu geta þeir varla litið hver eftir öðrum.

**Ítarefni fyrir kennara 4.1**  
**Fiskveiðileikurinn: skráningarblað fyrir þátttakendur**

Skráningarblað			
Bátur nr.	Nafn _____		
Veiðitímabil nr.	Fiskkvóti (15% hámark)	Afli (í tonnnum, heildarmagn)	
1			
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			



Skráningarblað			
Bátur nr.	Nafn _____		
Veiðitímabil nr.	Fiskkvóti (15% hámark)	Afli (í tonnnum, heildarmagn)	
1			
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			

## Ítarefni fyrir kennara (leikstjórnendur) 4.2

### Endurnýjunartafli: endurnýjun fiskistofnsins (í tonnum)

- Í lok veiðitímabilsins eru 47 tonn af fiski eftir í vatninu.
- Á lokunartímabilinu réttir fiskistofninn við. Í þessu dæmi jafngildir fiskistofninn 56 tonnum við upphaf næsta veiðitímabils.
- Leikstjórnandinn tilkynnir þátttakendum þessa tölu og þeir ákveða síðan aflann á þessu veiðitímabili.
- Hann má ekki sýna þátttakendum endurnýjunartöfluna.

Lok fyrra veiðitímabils	Upphaf næsta veiðitímabils	Lok fyrra veiðitímabils	Upphaf næsta veiðitímabils	Lok fyrra veiðitímabils	Upphaf næsta veiðitímabils	Lok fyrra veiðitímabils	Upphaf næsta veiðitímabils
tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
0	0	38	43	76	103	114	147
1	0	39	45	77	104	115	147
2	1	40	46	78	106	116	147
3	1	41	47	79	107	117	147
4	2	42	49	80	109	118	147
5	2	43	50	81	110	119	147
6	3	44	52	82	112	120	148
7	4	45	53	83	113	121	148
8	5	46	55	84	115	122	148
9	7	*47	*56	85	116	123	148
10	11	48	58	86	118	124	148
11	12	49	59	87	119	125	149
12	13	50	61	88	121	126	149
13	14	51	62	89	122	127	149
14	15	52	64	90	124	128	149
15	16	53	65	91	126	129	149
16	17	54	67	92	128	130	150
17	18	55	69	93	130	131	150
18	20	56	71	94	132	132	150
19	21	57	73	95	134	133	150
20	22	58	75	96	136	134	150
21	23	59	76	97	138	135	150
22	24	60	78	98	140	136	150
23	25	61	79	99	141	137	150
24	27	62	81	100	142	138	150
25	28	63	82	101	142	139	150
26	29	64	84	102	142	140	150
27	30	65	85	103	143	141	150
28	31	66	87	104	143	142	150
29	32	67	89	105	144	143	150
30	34	68	91	106	145	144	150
31	35	69	92	107	145	145	150
32	36	70	94	108	145	146	150
33	37	71	95	109	146	147	150
34	38	72	97	110	146	148	150
35	40	73	98	111	146	149	150
36	41	74	100	112	146	150	150
37	42	75	101	113	146		

\* sýnir dæmið sem hér er notað – 47 tonn (lok fyrra veiðitímabils) – 56 tonn (upphaf næsta veiðitímabils). Byggt á: Wolfgang Ziefle, „Das Fischerspiel“, bls. 13.

**Ítarefni fyrir kennara 4.3**  
**Fiskveiðileikurinn: skráningartafla**

Veiðitímabil nr.	Fiskistofninn fyrir veiði- tímabil (tonn)	Bátur nr. 1		Bátur nr. 2		Bátur nr. 3		Bátur nr. 4		Heildar- kvóta- prósenta %	Heildaraflí  (tonn)	Fiskistofninn eftir veiði- tímabil (tonn)
		Kvóta- prósenta	Aflí (tonn)	Kvóta- prósenta	Aflí (tonn)	Kvóta- prósenta	Aflí (tonn)	Kvóta- prósenta	Aflí (tonn)			
1												
2												
3												
4												
5												
6												
7												
8												
9												
10												




## Ítarefni fyrir kennara 4.5

### Fyrirmæli um heimaverkefni (lítið dreifiblað)

Nemendur fá eftirfarandi fyrirmæli um heimaverkefnið. Hægt er að afrita þessa síðu og klippa niður í lítil dreifiblað. Skrifleg fyrirmæli eru nákvæmari og spara tíma.




1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á einstaklingsbundna velferð, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.




1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á einstaklingsbundna velferð, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.




1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á einstaklingsbundna velferð, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.



1. Útskýrið hvers vegna erfitt er að ná tveimur sjálfbærnimarkmiðum í einu. Hafið til hliðsjónar  dreifiblað 4.2 og umræður okkar í tímum.

2. Útskýrið hvers vegna flestir þátttakendur einblíndu á einstaklingsbundna velferð, jafnvel þó að hörmulegar afleiðingar þess væru orðnar ljósar.

Ef þið viljið getið þið einnig vísað til raunverulegra dæma. Verið tilbúin með skrifaða punkta.



## Kafli 4.5 Ítarefni fyrir kennara

### Lesefni í tengslum við fiskveiðileikinn

#### Efnislisti

Elinor Ostrom (1990), *Governing the commons. The evolution of institutions for collective action*. Cambridge University Press.

Garrett Hardin (1968), „The tragedy of the commons“, í *Science*, Volume 162 (1968), bls. 1244, [www.garretthardinsociety.org](http://www.garretthardinsociety.org).

Wolfgang Ziefle (1995), „Das Fischerspiel“, í: Landeszentrale für politische Bildung Baden-Württemberg (ritstj.), *Politik und Unterricht* (1/1995), bls. 7–35.

Wolfgang Ziefle (2000), „Fischerspiel und Verfassungsspiel. Die Allmendeklemme und mögliche Auswege“, í: Gotthard Breit/Siegfried Schiele (ritstj.), *Werte in der politischen Bildung*, Wochenschau-Verlag, bls. 396–426, [www.lpb-bw.de/publikationen/did\\_reihe/band22/ziefle.htm](http://www.lpb-bw.de/publikationen/did_reihe/band22/ziefle.htm).



## **5. KAFLI LÖG OG REGLUR Framhaldsskólastig**

### **Hvaða reglur þjóna okkur best? Ákvarðanaleikur**

#### **5.1 og 5.2 Hvers vegna þarf samfélagið á reglum að halda?**

Reglur eru verkfæri til að leysa vandamál

Nemendur búa til regluverk

#### **5.3 Hvaða reglur þjóna okkur best?**

Nemendur bera saman og leggja mat á lausnir sínar

#### **5.4 Ráðstefnan**

Pegnar samfélagsins koma sér saman um regluverk



## 5. kafli

### Lög og reglur

# Hvaða reglur þjóna okkur best?

## „Reglur eru verkfæri“ – aðferðum hugsmíðahyggju beitt til að vekja skilning á regluverki

Þessi orð lýsa vel umfjöllunarefni þessa kafla. Lög, reglur, stjórnarskrár og Mannréttindayfirlýsing SP – allt fellur þetta undir regluverk. Í þessari bók er litið á regluverk sem afurðir – fólk hefur búið það til í vissum tilgangi. Í þessum skilningi eru „reglur – og þá um leið regluverk – verkfæri“.

Regluverk er verkfæri sem þjónar til dæmis eftirfarandi tilgangi:

- Það leysir alvarleg vandamál í þjóðfélaginu.
- Það afstýrir ágreiningi því að það skapar stöðugleika og öryggi.
- Það ákveður valdatengsl milli þjóðfélagshópa með ólíka hagsmuni; það getur verndað þá sem minna mega sín eða fært völdin eingöngu í hendur vissum hópi eða jafnvel einstaklingum.

Til að átta okkur á regluverki verðum við því að skilja tilganginn eða hagsmunina sem þeir sem komu því á fót höfðu í huga. Regluverk er flókið kerfi til að leysa flókin vandamál. Það verður til í ferli samningaumleitana og ágreinings, byltingar eða umbóta. Í lýðræðisþjóðfélögum er þróun slíks kerfis sameiginlegt lærdómsferli þegnanna sem háð er sérstökum verklagsreglum því að breytingar á regluverki verða að fara fram með gætni og af ábyrgð.

## Nemendur öðlast skilning á regluverki með því að búa til lög og reglur

Þessi lykilsýn – þróun regluverks með hliðsjón af hugsmíðahyggju – endurspeglar í meginverkefni þessa kafla. Nemendur standa frammi fyrir pólitísku vandamáli og verkefni þeirra er að búa til regluverk til að leysa það. Þeir átta sig á þeim vandamáli sem glíma þarf við þegar reglur eru settar og öðlast skarpari sýn á stjórnskipulag og lög landsins, svo og mannréttindi. Þeir læra að líta fyrst og fremst á tilgang regluverks en ekki einangraða kafla í lögum og reglum.

Þessi útgáfa af 5. kafla er samin sem framhald eða viðbót við 4. kafla en einnig má nota hana sem sjálfstæðan fjögurra kennslustunda kafla (sjá hér á eftir nánar um þann kost). Bæði tilbrigðin eru byggð á sama verkefni og snúast um sama viðfangsefni. Vandamálið sem nemendur glíma við er það hvernig samfélag fiskimanna getur stýrt sameiginlegri auðlind sinni, fiskistofni í stöðuvatni, þannig að hún sé sjálfbær (sjálfbærnilíkan er að finna á [☞](#) dreifiblaði 4.2). Eftirfarandi fjögur vandamál þarf að leysa, að minnsta kosti:

1. Hvernig geta fiskimennirnir forðast ofveiði og eyðileggingu fiskistofnsins?
2. Hvernig geta þeir náð hámarksafrakstri?
3. Hvernig geta þeir komið á réttlátri skiptingu teknanna?
4. Hvernig geta þeir náð þessum markmiðum til frambúðar, í dag og í framtíðinni?

Nemendur vita hver lykillinn að lausn þessara vandamála er. [☞](#) Á dreifiblaði 4.4 eru tölurnar sem sýna mestu hugsanlega sjálfbæra veiði (42 tonn). Fiskimennirnir þurfa regluverk sem stýrir hegðun þeirra þannig að þessi markmið náist. Verkefni nemenda er að búa til þessar reglur. Í grófum dráttum þurfa þeir að velja á milli „ríkisleiðar“ og „samningaleiðar“. Hvor tveggja hefur sína kosti og galla (sjá [☞](#) dreifiblað 5.2).

Báðar leiðir hafa reynst árangursríkar í ýmsum tilvikum, en þær hafa einnig brugðist.<sup>14</sup>

Til að komast að raun um hvort lausn nemenda virkar eða ekki þarf að prófa hana og því verða spilaðar nokkrar umferðir af fiskveiðileiknum (sjá 4. kafla) í viðauka við þennan kafla. Þannig er hægt að tengja saman 4. og 5. kafla til að setja upp tilraunastöð í gerð regluverks og sjálfbærri auðlindastjórnun – heillandi verkefni en tímafrekt.

## Kaflinn – líkan af raunveruleikanum

Rétt eins og 4. kafli er þessi kafli settur fram sem leikur. Nemendur skildu við 4. kafla með þá hugmynd að leysa mætti ofveiðivandamálið með sjálfbærni að markmiði (sjá ~~§~~ dreifiblað 4.2). Þeir hafa rætt hvers konar regluverk myndi henta best (4. kennslustund) en hafa ekki kannað málefnið til hlítar. Þessi útgáfa 5. kafla er framhald fiskveiðileiksins en með annarri áherslu: hvaða lög eða reglur þjóna fiskveiðisamfélaginu best?

Í 5. kafla verða samin drög að regluverki fyrir fiskveiðisamfélagið og reynt að ná samkomulagi um þau. Nemendur bregða sér því aftur í hlutverk sín sem íbúar fiskveiðisamfélagsins en nú er verkefni þeirra annað: að búa til regluverk. Með því að nota líkan er hægt að einfalda málin og leggja áherslu á mikilvæga þætti vandamálsins sem fengist er við og þessi leikur er engin undantekning. Þátttakendur hér þurfa ekki að hafa áhyggjur af fiskveiðum sem slíkum og afkomu sinni. Engin utanaðkomandi öfl trufla umræður þeirra. Leikurinn beinist að því að búa til regluverk. Eins og í raunveruleikanum geta samningaumleitarnir farið út um þúfur – ekki er víst að þátttakendur komist að samkomulagi. Að þessu leyti er mælikvarði á árangur í pólitískum samningaviðræðum og lærdómsferli í MLB/MRM ólíkur. Nemendur geta lært heilmikið af því að komast ekki að samkomulagi.

## Hlutverk kennarans – leikstjórnandi og fundarstjóri

Sem leikstjórnandi hefur kennarinn jafnvel minna að segja en í fiskveiðileiknum. Hann er í hlutverki tímavarðar, gætir að skipulagi ferlisins. Annars væri ekki hægt að fara í slíkan leik í kennslustund. Kennarinn ætti ekki að hvetja nemendur til að velja tiltekna kosti. Ákvörðunarferlið er opið – það getur brugðist ef nemendur geta ekki komið sér saman um drög að regluverki því að unnt er að velja ólíka kosti. Rök nemenda fyrir ákvörðunum sínum eru jafn áhugaverð og niðurstaðan sjálf.

## 5. kafli sem sjálfstæður fjögurra kennslustunda kafli

Grunnskipan kaflans verður sú sama. Með eftirfarandi breytingum er hægt að nota kaflann sem sjálfstæðan fjögurra kennslustunda kafla:

- Nemendur eru frekar í hlutverki ráðgjafa fiskveiðisamfélagsins en íbúa þess. Ráðgjafarnir mynda teymi sem gera drög að reglum, ræða þau og koma sér loks saman um þá útgáfu sem lögð verður til við fiskimennina.
- Fyrsta kennslustundin fer í að kanna vandamálið. Nemendur fá afhenta dæmisöguna um fiskveiðideiluna (~~§~~ dreifiblað 4.1, og lausnina á sjálfbærnivandanum – ~~§~~ dreifiblöð 4.2 og 4.4). Þeir þurfa því ekki að leysa það vandamál líka, heldur geta þeir einbeitt sér að reglum sem hvetja fiskimennina, stýra þeim eða jafnvel knýja þá til að styðja markmiðið um sjálfbærar veiðar. Einnig þurfa nemendur að fjalla um eignarréttinn.

Með þessum breytingum er síðan hægt að fylgja forskrift samþættu útgáfunnar af 5. kafla.

14 Sjá Elinor Ostrom, *Governing the Commons. The evolution of institutions for collective action*, Cambridge University Press, 1990.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 5. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 5. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð, að vissu marki, í þessum kafla – til dæmis greining vanda, mat á áhrifum reglna og mikilvægi persónulegrar ábyrgðar.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanataka og athafnir	Viðhorf og gildi
5 Lög og reglur	Grundvallarskipan regluverks og eignarhald	Hópvinna, tíma-stjórnun Samanburður Ákvarðanataka	Félagslegur samningur eða sátt um tillögu að valkosti	Lög og regla – siðmenntuð lausn á ágreiningi
4 Ágreiningur	Skortur á reglum veldur ágreiningi		Að ráða fram úr hagsmunaárekstrum við óformlegar aðstæður	
2 Ábyrgð	Hvatar geta haft mikil áhrif á hegðun okkar		Að ráða fram úr valþröng, forgangsröðun	Að átta sig á afleiðingum ákvarðana
8 Frelsi	Frelsið kallar á regluverk til að vernda þá sem minna mega sín	Rökræður, að rökstyðja skoðun sína	Frelsi og reglur	Gagnkvæm viðurkenning
6 Stjórnarfar og stjórnsmál	Lög og reglur eru mikilvæg tæki til að leysa vandamál og jafna ágreining		Málamiðlun og tilraunir og mistök í ákvarðanaferlum	

## 5. KAFLI: Lög og reglur – hvaða reglur þjóna okkur best? Ákvarðanaleikur

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. og 2. kennslust. Hvers vegna þarf samfélagið á regl- um að halda?	Gagnrýnin hugsun, undirbúningur verkefnis.  Skilgreining á pólítísku vanda- máli.  Regluverk er stoð- kerfi samfélagsins.  Stigveldiskerfi og dreifræði – tvö reglukerfi; almenn- ingseign og einka- eign.	Nemendur gera drög að regluverki fyrir samfélag sitt.  Nemendur undir- búa kynningar sínar.	☒ Dreifiblöð 5.1, 5.2 og 5.4.  Flettitafla og merkipennar, glær- ur eða dreifiblöð.	Ákvarðanaleikur. Verkefnavinna.
3. kennslust. Hvaða reglur þjóna okkur best?	Gagnrýnin hugs- un: samanburður byggður á forsend- um.  Mat: val á forsend- um og markmiðum.  Viðhorf og gildi: gagnkvæm viður- kenning.  Skilvirkni, takmörkun valds, framfylgd reglna, hentugleiki, sanngirni.	Nemendur bera saman og leggja mat á drög sín.  Heimavinna: nem- endur taka ákvarð- anir um drögin að regluverkinu fyrir fundinn.	☒ Dreifiblöð 5.3 og 5.4.  Flettitöflublöð (eða önnur sambærileg).	Kynningar. Umræður
4. kennslust. Ráðstefnan	Ákvarðanatata.  Málamiðlun, samkomulag um regluverk.	Nemendur reyna að komast að sameig- inlegri niðurstöðu.  Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært.	☒ Dreifiblöð 5.4–5.6.	Atkvæðagreiðsla. Fyrirlestur kennara og umræður.



**1. og 2. kennslustund****Hvers vegna þarf samfélagið á reglum að halda?****Reglur eru verkfæri til að leysa vandamál**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Verkefnavinna (samvinna, tímastjórnun, sjálfstýrt nám, lausn vandamála). Gagnrýnin hugsun, undirbúningur verkefnis, skilgreining á pólitísku vandamáli.
Markmið	Lög og reglur eru öflug tæki til að hafa áhrif á og stýra mannlegri hegðun. Samfélag án regluverks getur sundrast vegna stjórnlausra deilna þegna. Regluverk er stoðkerfi samfélagsins. Grundvallarvalkostir: stigveldiskerfi og dreifræði – tvö reglakerfi; almenningseign og einkaeign.
Verkefni nemenda	Nemendur gera drög að regluverki fyrir samfélag sitt.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblöð 5.1, 5.2 og 5.4. Flettitafla og merkipennar, glærur eða dreifiblöð.
Aðferð	Ákvarðanaleikur, verkefnavinna.
Tímaáætlun (1. kennslust.)	1. Kennarinn kynnir verkefnið. 20 mín. 2. Nemendur mynda hópa og vinna að verkefninu. 20 mín.
Tímaáætlun (2. kennslust.)	3. Nemendur vinna að verkefninu. 40 mín.

**Ábendingar**

Leikurinn byggist á verkefnatengdu námi: nemendur standa frammi fyrir vandamáli og verða að finna lausn. Þeir eru upplýstir um áfanga í ferlinu og tímarammann og síðan vinna þeir sjálfstætt.

Leikurinn krefst þess að nemendur bregði sér aftur í hlutverk fiskimannanna og spili leikinn þangað til í 4. kennslustund. Hins vegar þurfa þeir nú að íhuga önnur atriði og viðfangsefnið er nýtt. Mikil tímaþröng, eins og í fiskveiðileiknum, er ekki lengur vandamál.

Hið nýja verkefni þeirra er að búa til regluverk. Slíkt verkefni liggur á pólitísku sviði: þátttakendur verða að komast að niðurstöðu því að samfélagið kemst ekki af án regluverks. Nemendur kynnast stjórnámálum sem raunhæfu viðfangsefni. Fulltrúar úr hverju þorpi ættu að vera í hverjum hóp svo að forðast megi hlutdrægni og tekið sé tillit til ólíkra sjónarmiða og reynslu.

Hlutverk kennarans er að vera leikstjórnandi. Umsjónarmenn gagna fá efni og gögn hjá kennaranum. Í byrjun annarrar kennslustundar fær kennarinn orðið í fimm mínútur.

Þá afhendir hann regludrögin fyrir ráðstefnuna í 4. kennslustund. Þar sem hann útskýrir ferlið áður en ráðstefnan hefst ætti 4. kennslustund að ganga hnökralaust og nægur tími að gefast fyrir ígrundunina, sem er mjög mikilvæg í verkefnatengdu námi. Ef nemendur eru með einhverjar spurningar eða tillögur varðandi reglurnar verða þeir að koma þeim á framfæri í þessari kennslustund og ákveða með kennaranum hvernig brugðist skuli við.

## Lýsing á 1. kennslustund

### 1. Kennarinn kynnr verkefnið

#### Hugstormun nemenda um það sem þeir hafa lært af fiskveiðileiknum

Kennarinn setur nemendur strax inn í málin með því að biðja þá að rifja upp það sem þeir lærðu af fiskveiðileiknum.

1. Lýsið vandamálunum sem þið þurftuð að glíma við í fiskveiðileiknum.

Líklegt er að nemendur nefni sjálfbærni markmiðin. Þeir gætu einnig nefnt erfiðleikana við að samræma þessi markmið og að ná þeim til langframa, en það fer allt eftir umræðunum sem fram hafa farið í þessum tímum og skilningi nemenda á viðfangsefninu. Búast má við margvíslegum svörum. Nemendur geta skipst á skoðunum en kennarinn stýrir umræðunni.

2. Segið hvað ykkur finnst um tilraunir ykkar til að leysa þessi vandamál.

Þessi spurning tekur til alls: markmiða þátttakenda, samskiptamáta þeirra, vilja þeirra og getu til samvinnu, hversu vel þeir skildu vandann og lokaniðurstöðunnar – árangurs eða árangursleysis. Ef á þarf að halda þrengir kennarinn þessa víðtæku spurningu.

Nemendur minnst hugsanlega á skort á skýrum reglum. Ef til vill hafa þeir reynt að smíða slíkar reglur.

Hugsanlega halda nemendur líka fram vissum viðhorfum: að reglur kalli á ríkisvald, eða að þær virki best innan smærri hópa þar sem regluverk er óformlegra. Þeir hafa hugsanlega einnig velt fyrir sér hvort fiskistofnarnir eigi að vera í einkaeign eða opinberri eigu. Kennarinn gefur slíkum athugasemdum gætur því að þær er hægt að tengja ~~á~~ dreifiblaði 5.2.

Kennarinn lýsir nú verkefninu í stórum dráttum.

Hugstormunin í upphafi hefur sett verkefnið í samhengi. Kennarinn útskýrir að fiskveiðisamfélagið hafi lent í svo alvarlegum vanda vegna þess að ekki var fyrir hendi skýrt regluverk sem kvað á um hvernig samskiptum skyldi háttað og hugsanlega einnig hver tilgangur þeirra ætti að vera.

Hægt er að draga almennar ályktanir af því sem nemendur lærðu í fiskveiðileiknum:

- Ágreiningur kemur upp í öllum samfélögum manna.
- Engin samfélög manna þrífast án samvinnu.
- Hvergi er hægt að vinna saman eða jafna ágreining milli manna á friðsamlegan hátt án opinbers regluverks.
- Þessum reglum er unnt að framfylgja með lögum en aðrar lausnir eru einnig mögulegar.

Nú geta nemendur kannað hvaða reglur henti samfélaginu best. Þeir fara nú aftur í hlutverk sín sem íbúar fiskveiðisamfélagsins en leikurinn er öðruvísi núna. Nú semja þeir reglur. Þeir mynda hópa og semja drög að reglum, bera þær saman og meta þær og halda loks ráðstefnu þar sem greidd verða atkvæði um regluverk fyrir fiskveiðisamfélagið.

### Áætlunin

Nemendur fá afhent ~~á~~ dreifiblað 5.1.

Kennarinn skýrir þeim frá því að leikurinn sé eftirlíking pólitísku ákvarðanaferlis – sérstakt að því leyti að semja á grunnreglur en ekki er um að ræða ferli innan ramma sem þegar hefur verið ákveðinn.

Leikurinn heldur áfram þar til í fjórðu kennslustund, þegar nemendur hætta honum og ígrunda það sem þeir hafa lært. ☞ Dreifiblað 5.1 lýsir áætluninni og þar er stuttlega útskýrt hvers vegna þessi tiltekna leikaðferð er notuð hér. Í leiknum, rétt eins og í veruleikanum, er það ekki fræðileg spurning heldur hagnýt hvers konar regluverk nýtist samfélaginu best. Nemendur verða að ákveða þetta.

Kennarinn afhendir nemendum ☞ dreifiblað 5.2, en þar eru nokkrar lykilsurningar sem hafa þarf í huga. Ef nemendur hafa minnst á einhver atriði sem geta tengst dreifiblaðinu í hugstormuninni hér á undan bendir kennarinn þeim á það.

Þegar nemendur eru tilbúnir að byrja skipta þeir sér í hóp.

## **2. Nemendur vinna að verkefni sínu (1. og 2. kennslustund)**

Nemendur skipta sér í fjögurra til sex manna hóp. Áhafnir bátanna færa nöfn sín inn á listana á skólatöflunni eða á flettitöflu og gæta þess að áhöfnin eigi að minnsta kosti einn fulltrúa í hverjum hóp. Kennarinn bendir á að þetta sé mikilvægt svo að tekið sé tillit til ólíkrar reynslu og sjónarmiða allra áhafnanna fjögurra. Hann skráir hópmeðlimina.

Meðlimir hópanna byrja á því að skipta með sér verkum: 1–2 talsmenn, 1–2 ritarar, hópstjóri (fundarstjóri), umsjónarmaður gagna/tímavörður og eftirlitsmaður. Hóparnir koma saman við borð sem höfð eru eins dreifð og mögulegt er. Umsjónarmenn gagna safna saman gögnunum fyrir hópna sína.

Nemendur vinna í hópum seinni helming 1. kennslustundar og alla 2. kennslustund. Þeir mega skipuleggja vinnu sína að vild, þar á meðal heimavinnu.


## Lýsing á 2. kennslustund

### Nemendur kynna hver öðrum lykilákvarðanir sínar

Í upphafi 2. kennslustundar biður kennarinn hvern hóp að greina frá grundvallarákvörðunum sínum – stigveldiskerfi eða dreifræði – eða blandað kerfi? Hvort eiga fiskistofnarnir að vera einkaeign eða almenningseign? Ef tveir eða fleiri hópar hafa tekið sömu ákvarðanir biður kennarinn þá að greina hver öðrum frá niðurstöðum sínum í tímanum. Þetta getur verið mjög gagnlegt á ráðstefnunni því að þá er hægt að steypa nokkrum svipuðum líkönum saman í eitt.

Ekki ætti að hreyfa við hópum sem vilja halda áfram að vinna út af fyrir sig.


### Fyrir fram samkomulag um starfsreglur

Þegar kennarinn hefur fengið orðið í upphafi 2. kennslustundar lætur hann nemendur fá  dreifiblað 5.4 og biður þá að lesa drögin og ákveða hvort hægt sé að samþykkja þau. Í lok tímans fer fram atkvæðagreiðsla. Andmælum eða spurningum þarf að koma á framfæri í tímanum.

### Hóparnir undirbúa kynningar sínar

Umsjónarmenn gagna safna saman gögnunum fyrir kynninguna í tímanum.

Kennarinn skiptir sér ekki af þó að hópur lendi í tímahraki. Hann getur minnt hópinn á að það sé á ábyrgð nemenda að hafa kynninguna tilbúna áður en 3. kennslustund hefst, þannig að þeir geti gengið endanlega frá henni heima.

Kennarinn biður ritarana að útbúa endanlega útgáfu af drögunum – handskrifaða eða prentaða úr tölvu – sem allir íbúar samfélagsins geti undirritað (sjá starfsreglurnar á  dreifiblaði 5.4).

### 3. kennslust.

#### Hvaða reglur þjóna okkur best?

#### Nemendur bera saman lausnir sínar og leggja mat á þær

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Gagnrýnin hugsun: samanburður byggður á forsendum. Mat: val á forsendum og markmiðum. Viðhorf og gildi: gagnkvæm viðurkenning.
Markmið	Skilvirkni, takmörkun valds, framfylgd reglna, hentugleiki, sanngirni.
Verkefni nemenda	Nemendur bera saman og leggja mat á drög sín. Heimavinna: nemendur taka ákvarðanir um drögin að regluverkinu fyrir fundinn.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblöð 5.3 og 5.4; flettistöflublöð (eða önnur blöð).
Aðferð	Kynningar. Umræður.
Tímaáætlun	1. Nemendur kynna lausnir sínar. 20 mín. 2. Þeir bera saman drög sín. 15 mín. 3. Þeir fá tvö heimaverkefni. 5 mín.

#### Ábendingar

Kennarinn getur aðeins gert sér óljósa hugmynd um þá stefnu sem nemendur munu taka. Tillögur þeirra eru jafnnýjar fyrir honum og þeim. Þeir glíma við erfiðar spurningar sem svarað hefur verið á ólíkan hátt, eins og bæði sagan og samanburður stjórnmálakerfa nútímans sýnir. Íbúar samfélagsins eru að leita að lausninni sem þjónar þeim best. Þeir eru sammála um markmiðið en þá greinir hugsanlega á um leiðirnar að því.

Þessi kennslustund er æfing í lýðræðislegri stjórnmálamenningu.

Kennarinn ætti að hvetja nemendur til að bera saman og dæma um hagnýtt gildi og gæði draganna og gera sjálfur hið sama. Nemendur þurfa að átta sig á því að val á tiltekinni leið umfram aðrar við gerð regluverks tengist oft reynslu og gildismati. Það verður ekki rætt hér. Hvetja skal nemendur til að tjá sig með gagnkvæma viðurkenningu að leiðarljósi. Hvort samfélagið samþykkir síðan drög þeirra er allt önnur spurning.


## Lýsing á kennslustund

### 1. Nemendurnir kynna lausnir sínar

Hóparnir kynna drög sín hver á eftir öðrum. Allir nemendur nota  dreifiblað 5.3 til viðmiðunar.

Röð kynninga: hópar sem hafa valið sömu grundvallarleiðir tala hver á eftir öðrum því að þannig er auðveldara að bera þær saman. Þannig geta tvær ólíkar meginstefnur eða sjónarmið komið snemma í ljós.

### 2. Nemendur bera saman drög sín

 Á dreifiblaði 5.3 eru forsendurnar sem gengið er út frá við samanburðinn. Þarna eru nokkur líkleg mynstur – en nemendur kynnu að hafa komist að öðrum niðurstöðum!

#### A. Grundvallaratriði

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4
Stjórnkerfislíkan	Ríkisvald	Ríkisvald	Dreifræði	Blandað kerfi
Eignarhald	Almenningseign	Einkaeign	Almenningseign	Einkaeign
Stefna	Miðstýrt hagkerfi eða „grænt einræði“	Samkeppnismarkaður (kapítalismi) + „öflugt ríkisvald“ (vestræna kerfið)	Fylkjakerfi, sjálfstæði og samvinna	Hálfsjálfstætt og samvinna; reglur um afhendingu umframafla til samvinnufélags


#### B. Reglur

Engin afdráttarlaus tengsl eru milli tiltekinna kerfa og reglna. Mörg ólík mynstur eru möguleg. Nokkur mikilvægustu atriðin koma fram á  dreifiblaði 5.3:

- Hefur markmið verið skilgreint?
- Hver hefur vald til að taka ákvarðanir?
- Hefur verið séð fyrir leiðum til að framfylgja reglunum?
- Eru þarna varnir gegn misbeitingu valds?
- ...

### 3. Nemendur ræða drögin

Í umræðunum beita nemendur forsendum sínum á kerfin. Hugsanlega velja þeir helst kerfi sem svipar í grundvallaratriðum til þeirra eigin, svo að rökin fyrir þessu vali verða umdeild. Hins vegar eru nokkrar forsendur sem hægt er miða öll kerfin við. Ef nemendur nefna þær ekki getur kennarinn gert það:

- Markmiðið um sjálfbærni: koma regludrögin fiskimönnunum að gagni við að ná markmiðum sínum um sjálfbærni? (Sjá  dreifiblað 4.1.)
- Hentugleiki: er reglukerfið nógu einfalt til þess að það sé vel skiljanlegt og framkvæmanlegt?

- Sanngirni: eru reglurnar sanngjarnar?
- Lýðræði og mannréttindi: eru reglurnar í samræmi við almennar reglur um lýðræði og mannréttindi?
- Löggilding: samhljóða ákvörðun um regluverk er mjög æskileg. Geta íbúar samfélagsins komið sér saman um eitt regluverk?

#### 4. Heimavinna: nemendur ákveða sig

Kennarinn slítur umræðunum nokkrum mínútum áður en tímanum lýkur. Hann er í hlutverki stjórnanda og greinir nemendum frá því að í síðustu kennslustundinni komi íbúar samfélagsins saman á ráðstefnu til að samþykkja regluverk.

Nemendur þurfa að undirbúa tvö verkefni fyrir fundinn:

##### Verkefni nr. 1: að velja drög að regluverki

Ekki verður meiri tími fyrir rækilegar umræður. Þess vegna er það heimaverkefni nemenda að gera upp hug sinn. Taka verður ákvörðun og því þurfa þeir að vera fúsir til að miðla málum. Regluverk sem uppfyllir nokkrar forsendur er betra en sá kostur að halda áfram án regluverks.

Nemendur geta hugsanlega lagt áherslu á viss grunnmynstur eða forsendur og komist þannig að niðurstöðu.

Þeir ættu að taka saman stutta yfirlýsingu þar sem þeir hvetja aðra íbúa samfélagsins til að velja það kerfi sem þeir telja ákjósanlegast.

##### Verkefni nr. 2: að samþykkja eða breyta starfsreglum ráðstefnunnar

Kennarinn útskýrir þetta:

Regluverk er ekki einungis nauðsynlegt fyrir samfélagið sjálft, heldur líka fyrir mikilvæga fundi eða ráðstefnur eins og þá sem nú á að halda. Íbúarnir verða að koma sér saman um þessar reglur áður en sjálf ráðstefnan hefst. Án slíks fyrir fram samkomulags geta erfiðar aðstæður komið upp ef menn reynast vera ósammála um hvernig atkvæðagreiðslan skuli fara fram eða atkvæði eru talin.

☞ Á dreifiblaði 5.4. eru drög að slíkum starfsreglum. Þær verða fyrstar á dagskrá því að þeim verður beitt strax á eftir. Nemendur verða því að hafa myndað sér skoðun: samþykkja þeir drögin eins og þau eru eða vilja þeir breyta þeim?



## 4. kennslustund

### Ráðstefnan

#### Íbúar samfélagsins koma sér saman um regluverk

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Ákvarðanataka.
Markmið	Málamiðlun, samkomulag um regluverk.
Verkefni nemenda	Nemendur reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þeir ígrunda það sem þeir hafa lært.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblöð 5.4–5.6.
Aðferð	Atkvæðagreiðsla. Fyrirlestur kennara og umræður.
Tímaáætlun	1. Ráðstefna nemenda. <span style="float: right;">20 mín.</span>
	2. Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært. <span style="float: right;">20 mín.</span>

#### Ábendingar

Fyrir nemendur er ráðstefna um grundvallarstjórnskipulag, ef svo má kalla, æfing í lýðræðisþátttöku. Þeir eru í hlutverki löggjafa. Ráðstefnan sjálf útheimtir regluverk sem nemendur verða að samþykkja áður en hún hefst. Með því að skipuleggja ferlið geta nemendur tekið á sig alla ábyrgð, þar á meðal fundarstjórnina.

Verkefnatengt nám kallar alltaf á ígrundun. Nemendur geta eingöngu lært af verkum sínum ef þeir hugsa um það sem þeir eru að gera eða hafa gert. Hvernig skiptir þetta máli? Á ígrundunarstiginu opnast lykilinnsýn. Nemendur átta sig á því um hvað setja má almennar reglur. Í kennslustundum kaflans komast þeir að því hvers vegna samfélagið þarf á opinberu regluverki að halda til að geta þrífist og hvaða vandamál og hættur leynast í því að fela stjórnvöldum vald.

Lagt er til að hér flytji kennarinn stuttan fyrirlestur til að beina athyglinni að því hversu margvísleg sjónarmiðin geta verið. Nemendur bregðast við fyrirlestri kennarans í umræðulotu og með því að svara spurningalista.

## Lýsing á kennslustund

### Sætaskipan

Í báðum hlutum kennslustundarinnar – á ráðstefnunni og þegar ígrundunin fer fram – sitja nemendur í hring án borða eða með borðin í ferning. Fundarstjórinn situr við kennaraborðið með töflu eða flettistöflu innan seilingar.

### 1. Ráðstefnan

Nemendur halda ráðstefnuna eins og reglurnar sem þeir samþykktu mæla fyrir um. Kennarinn fylgist með og hlustar. Ef nemendur lenda ekki í alvarlegum vanda (deilu um beitingu reglnanna til dæmis), en það er mjög ólíklegt, þarf kennarinn ekki að hafa nein afskipti af þessu.

Hann fylgist með hvernig nemendum gengur og notar tækifærið til að laga fyrirlestur sinn að því sem þarna kemur fram.

### 2. Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært

#### Helstu niðurstöður 4. og 5. kafla eru dregnar saman í fyrirlestri kennara

Nemendur fá ~~sk~~ dreifiblað 5.5 afhent áður en fyrirlesturinn hefst. Í fyrirlestrinum fer kennarinn yfir það sem gerðist í leikjunum tveimur, fiskveiðileiknum og ákvarðanaleiknum. Leikirnir lýsa ferli þar sem skipulagslaust samfélag þróast yfir í samfélag með opinberu regluverki. Ef til vill hafa íbúar samfélagsins stofnað ríki, með stjórnarskrá og glögglega skilgreindu löggjafarvaldi og löggæslu, eða valið dreifræðisleiðina, til að forðast misbeitingu valds, allt eftir því hvað ákveðið hefur verið á ráðstefnunni. Kennarinn lagar þannig fyrirlesturinn að niðurstöðum leiksins. Þessu til viðbótar reyndu nemendur að stöðva endalausán ágreining í fiskveiðisamfélaginu með því að marka sér sjálfbærnistefnu.

Þarna er eindregið stefnt að nútímaháttum. Leikirnir minna í mörgum mikilvægum atriðum á veruleikann sjálfan og mannkynssöguna en einnig er mikill munur þar á (sjá lokaniðurstöðurnar).

#### Nemendur lýsa skoðunum sínum á fyrirlestrinum

Fyrirlestur sem þessi gefur nemendum tilefni til að velta ýmsu fyrir sér. Leikurinn hefur frætt þá um allar staðreyndirnar. Það sem er nýtt fyrir þeim, og mikilvægt að ígrunda, eru þær almennu ályktanir sem hægt er að draga og beita á önnur vandamál og verkefni.

Nemendur ættu að fá að leggja fram spurningar og gera athugasemdir – um það sem þeir eru sammála og ósammála.

Þeir kunna að spyrja spurninga um atriði sem vekja áhuga þeirra. Þetta getur gefið kennaranum og nemendum tilefni til að undirbúa fleiri tíma og kafla saman. Hvað er hægt að taka fyrir í framhaldinu, til dæmis í þessari bók? Hvað er hægt að tengja kröfum í námskrá? Hversu mikill tími er aflögu? Hafa nemendur áhuga á rannsóknarverkefni?

Ef til vill stinga nemendur upp á að fara aftur í fiskveiðileikinn – spila nokkrar umferðir og beita þeim skilningi og reynslu sem þeir hafa nú öðlast.

#### Nemendur lýsa álitinu sínu á kaflanum

Kennarinn afhendir nemendum ~~sk~~ dreifiblað 5.6. Þetta er spurningalisti sem gagnast þeim við að ígrunda lærdómsferlið. Þarna fær kennarinn líka mikilvægar upplýsingar um það hvernig hann getur bætt kennsluhætti sína. Ef nemendur eru með safnmöppu ætti að setja þennan lista í hana.

Ef kennarinn vill lesa spurningalistana kann sumum nemendum að þykja betra að hafa þá nafnlausu.

## **6. KAFLI**

# **STJÓRNARFAR OG STJÓRNMÁL**

### **Framhaldsskólastig**

## **Stefnuferlislíkanið**

### **Hvernig eru vandamál leyst í lýðræðisríki?**

**6.1 „Brýnasta vandamál okkar er ...“**  
Umfjöllun um pólitíska dagskrársetningu

**6.2 Stjórnámál – hvernig vandamál eru leyst í lýðræðisríki**  
Stefnuferlislíkanið

**6.3 Stefnuferlislíkanið notað**  
Rannsóknarverkefni

**6.4 Hvernig getum við tekið þátt?**  
Stefnuferlið sem verkfæri í pólitískri þátttöku

**6.5 Endurgjöf (valfrjálst)**



## 6. KAFLI

# STJÓRNARFAR OG STJÓRNMÁL

### Stefnuferlislíkanið


## Inngangur ætlaður kennurum

### Stjórnmálasviðin tvö

Samkvæmt sigildri kenningu Max Weber er um tvö svið stjórnmála að ræða: annars vegar baráttuna um völdin, hins vegar það að „láta dropann hola steininn hægt og bitandi, en af ástriðu og eftir bestu vitund“.<sup>15</sup> Það sem myndlíkingin sýnir er viðleitnin til að leysa pólitísk vandamál. Takast þarf á við slík vandamál þar sem þau eru í senn brýn og marka allt þjóðfélagið og eru því flókin og erfið.

Í þessum kafla er sjónum beint að því hvernig „dropinn holar steininn“ og hvernig þeir þegnar sem vilja eiga hlutdeild að lýðræði geti átt þátt í að ákveða hvaða mál skuli sett í forgang og hvernig þau verði leyst á sem farsælastan hátt.

### Stefnuferlislíkanið

Nemendur læra hvernig nota má verkfæri til að lýsa pólitísku ákvarðanaferli og skilja hvað á sér stað – líkanið af stefnuferlinu (sjá  dreifiblað 6.1). Litið er á stjórnmál sem ferli þar sem vandamál eru skilgreind, síðan er rætt um lausnir, þær valdar og útfærðar. Skoðanir almennings og viðbrögð þeirra einstaklinga og hópa sem eiga hagsmuna að gæta sýna hvort viðkomandi lausnir þjóni tilgangi sínum og hljóti samþykki. Ef tilraunin til að leysa vandamál tekst lýkur stefnuferlinu (málalok); ef hún mistekst hefst ferlið að nýju. Í sumum tilvikum skapar lausn á einu vandamáli ný vandamál sem takast þarf á við í nýju stefnuferli.

- Í stefnuferlislíkaninu er lögð áhersla á mikilvæg atriði sem lúta að pólitískri ákvarðanatöku í lýðræðiskerfum:
- leiðbeinandi (uppbyggilegar) hugmyndir um pólitísk vandamál og almannahag;
- samkeppnishæfa dagskrársetningu; í fjölhyggjusamfélögum eru pólitískar röksemdir oft tengdar hagsmunum;
- pólitíska ákvarðanatöku sem sameiginlegt lærdómsferli; engir „alvitrir“ aðilar eru til staðar (svo sem leiðtogar flokka sem boða hugmyndafræði sem öllu á að bjarga);
- sterk áhrif almenningsálits og umfjöllun fjölmiðla; þegnar samfélagsins og hagsmunahópar geta blandað sér í mál og tekið þátt.

### Hvernig líkanið virkar – hvað það sýnir og hverju það sleppir

Stefnuferlið er líkan – uppdráttur sem virkar á svipaðan hátt og landakort. Það sýnir ýmislegt og setur hlutina í rökrétt samhengi. Þess vegna er oft stuðst við líkön í námi og fræðistörfum; án þeirra væri erfitt að skilja þann flókna heim sem við lifum og hrærumst í.

15. Max Weber, *Politik als Beruf* [Politics as a vocation], Reclam: Stuttgart, 1997, bls. 82.

Í handbók nemenda er efni sem er hannað eins og líkön:

☞ dreifiblað

- 1.2 Þrír valkostir sem móta framtíð okkar.
- 3.4 Hvernig er fjallað um fjölbreytileika og fjölhyggju í lýðræðislegu stjórnmalakerfi?
- 3.5 Hugmyndin um almannahag.
- 3.6 Kort sem sýnir félagslegan klofning og stjórnmalaflokka.

Við ætlumst aldrei til þess að kort sýni allt landslag svæðisins sem það er af – kort sýnir margt en aðeins vegna þess að ýmsu er sleppt. Kort sem sýndi allt yrði svo flókið að enginn myndi skilja það. Hið sama gildir um líkön, svo sem af stefnuferlinu. Ekki ætti heldur að líta á það sem mynd af raunveruleikanum. Það sýnir fyrst og fremst hið pólitíska ákvarðanaferli – „hvernig dropinn holar steininn“ – en tekur minna tillit til hins sviðsins, baráttunnar um völd og áhrif.<sup>16</sup>

Í lýðræðiskerfum tengjast stjórnmalasviðin tvö hvort öðru: pólitískir ráðamenn glíma við erfið vandamál en þeir glíma einnig hver við annan sem pólitískir andstæðingar. Á stefnuferlislíkaninu má sjá hvernig þessi svið fara saman eftir því á hvaða stigi dagskrársetningin er. Það þarf völd og áhrif til að koma fram skilningi sínum á pólitísku vandamáli sem er á dagskrá.

Hér er dæmi. Einn hópur segir: „Skattar eru of háir og koma í veg fyrir fjárfestingar.“ Aðrir segja: „Skattar eru of lágir þar sem menntun og almannatryggingar eru í fjárfsvelti.“ Hagsmunir og pólitísk grundvallarviðhorf liggja að baki öllum skilgreiningum á skattavandanum og lausnirnar sem bent er á vísa í gagnstæðar áttir; annars vegar skal lækka skatta tekjuhæstu hópanna – hins vegar hækka þá. Fyrri skilgreiningin er í anda nýfrjálshyggju, sú síðari í anda jafnaðarstefnu (sjá ☞ dreifiblað 3.6).

Fólk ætti að vera meðvitað um hvorutveggja. Stefnuferlislíkanið er verkfæri sem gerir fólki kleift að átta sig á og leggja mat á viðleitni ráðamanna til að leysa samfélagsleg vandamál.

## Það sem má læra af því að nota ferlislíkanið

Meðal hæfnipáttanna sem þróa má með nemendum í þessum kafla er:

Hæfni til að greina og leggja mat á hlutina:

- Nemendum er kennt að verða virkir notendur fjölmiðlaefnis.
- Nemendur fá meiri áhuga á umræðum um dagskrársetningu og pólitíska ákvarðanatöku á ýmsum stigum.
- Nemendur gera sér grein fyrir gildi málamiðlunarviðræðna um ólíka hagsmuni (leiðbeinandi hugmyndir um pólitísk vandamál og almannahag).

Hæfni til að taka þátt í pólitísku starfi:

Nemendur verða færir um að greina á hvaða stigi pólitísku ákvarðanaferlis þeir geta skorist í leikinn og haft áhrif (fyrir eða eftir ákvörðunina).

16. Sbr. ☞ ítarefni fyrir kennara 6.2.

## Kennslufræðilegur rammi kaflans

Nemendur kynnast stefnuferlislíkaninu sem verkfæri og nota það í rannsóknarverkefni sem þeir vinna. Í síðustu kennslustundinni ræða þeir saman um niðurstöður sínar og verkefnisvinnuna. Í fyrstu kennslustundinni er sett fram skipulag þar sem lögð er áhersla á lyklatriði stefnuferlisins – þ.e. hvaða mál verði sett á dagskrá. Nemendur skilja líkanið betur þegar þeir hafa sviðsett rökræður um dagskrársetningu í bekknum. Í þessum kafla er gert ráð fyrir að nemendur taki virkan þátt í því sem fram fer.

Í kaflanum er að finna verkfæri til að greina pólitískt ákvarðanaferli en ekkert dæmi sem vinna má út frá. Kennarinn og/eða nemendurnir þurfa því að velja sér hentugt umfjöllunarefni. Það sem ganga þarf út frá við val á slíku efni er að það skipti máli, sé auðskiljanlegt og að fjallað hafi verið um það í fjölmiðlum. Nýtt efni er á byrjunarstigi í stefnuferlislíkaninu og auðvelt er að nálgast fjölmiðlaumfjöllun um það. Eldra efni veitir aftur á móti innsýn í hvernig mál hefur verið útfært og hvernig lausnir á vandamáli hafa verið metnar. Einnig þarf að hafa stjórnskipulegan, lagalegan og stofnanalegan ramma í huga.

Mælt er með umræðum í lokin til að meta árangurinn og draga lærdóm af því sem nemendur hafa að segja – og það á bæði við um nemendur og kennara. En gera skal ráð fyrir fimmtu kennslustundinni til þess.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 6. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 6. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurunum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð að vissu marki í þessum kafla – til dæmis það að greina vandamál, leggja mat á hvaða áhrif reglur hafa og rannsaka hve mikilvægt er að bera persónulega ábyrgð.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt. Í þessu tilviki velur kennarinn nokkra kafla og tengir þá saman.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanatöku og athafnir	Viðhorf og gildi
6 Stjórnarfar og stjórnsmál	Opinberar umræður og samningaumleit-anir: mannréttindi í reynd, kjarni lýðræðislegrar ákvarðanatöku	Forsendur við val á upplýsingum	Markviss aðferð til að miðla málum í ákvarðanaferli	Skilningur á samningum og ólíkum hagsmunum
3 Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Fjölhyggja Hagsmunaárekstrar Samningaviðræður sem varða almannahag Tvö pólitísk svið	Stuttar yfirlýsingar gefnar	Málamiðlun og samkomulag um tímabundnar hugmyndir um almannahag	Gagnkvæm viðurkenning
4 Ágreiningur	Hugmyndir um pólitískt vandamál		Vandamál greint, reynt að finna lausn	



5 Lög og reglur	Mikilvægi sameiginlegs skilnings á regluverki, þar með talið pólitískri menningu, í lýðræðiskerfum		Regluverk sniðið þannig að ákvarðanaferli fari friðsamlega fram	Virðing fyrir sanngirni í málamiðlunarumræðum
8 Frelsi	Rökræður	Að taka til máls á opinberum vettvangi	Hugmyndum og hagsmunum komið á framfæri opinberlega	Skilningur á því að vandamál séu leyst með friðsamlegum hætti
9 Fjölmiðlar	Dagskrársetning og gæsluhlutverk fjölmiðla og notenda þeirra	Afbygging upplýsinga sem umbreytt er í fjölmiðlum Forsendur við val á upplýsingum	Gæsluhlutverk fjölmiðla: pólitísk vandamál skilgreind	

## 6. KAFLI: Stjórnarfar og stjórnámál – stefnuferlislíkanið Hvernig eru vandamál leyst í lýðræðisríki?

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. „Brýnasta vandamál okkar er ...“	Álit/mat: að velja, að rökstyðja. Þátttaka: gagnkvæm viðurkenning á persónulegri reynslu, hagsmunum og gildum. Pólitískt vandamál er viðfangsefni, ekki staðreynd.	Nemendur ræða pólitíska dagskrársetningu.	Flettistöflur og merkipennar í ýmsum litum, límband.	„Þagnarmúr“ – hópvinna. Kynningar og umræður.
2. kennslust. Stjórnámál – hvernig vandamál eru leyst í lýðræðisríki	Unnið með líkan. Stjórnámál ganga út á að finna lausn á samfélagslegum vandamálum.	Nemendur beita stefnuferlislíkaninu í raunverulegum dæmum sem þeir velja sér (rannsóknarverkefni).	☒ Dreifiblöð 6.1 og 6.2. Flettistöflur og merkipennar. Dagblöð.	Fyrirlestur. Hópvinna.
3. kennslust. Stefnuferlislíkanið notað (rannsóknarverkefni)	Greining og mat: Pólitísku ákvarðanaferli lýst og mat lagt á það. Að skilja stefnuferlislíkanið.	Nemendur beita stefnuferlislíkaninu í tilteknu máli.	☒ Dreifiblöð 6.1 og 6.2. Dagblöð.	Verkefnisvinna.
4. kennslust. Hvernig getum við tekið þátt?	Aðferðir: að halda kynningar og hlusta á kynningar. Þátttaka: að átta sig á tækifærum til að taka þátt í stjórnámálum. Líkan er tæki til að greina einstaka hluta flókinnar heildar.	Nemendur segja hver öðrum stuttlega frá niðurstöðum sínum. Nemendur velja fyrir sér vinnuferli sínu og hverju það skilar.	☒ Dreifiblað 6.2 með athugasemdum nemenda.	Kynningar í sal. Bekkjaramræður.

<p>5. kennslust. Endurgjöf (valfrjálst)</p>	<p>Að velta fyrir sér eigin námsferli og hæfniþróun. Að veita uppbyggilega endurgjöf. Að velta fyrir sér sameiginlegri ábyrgð nemenda og kennarans á því að námið skili góðum árangri.</p>	<p>Nemendur ígrunda vinnu sína (námsárangur og námsferli).</p>	<p>☒ Dreifiblað 6.3 (endurgjöf nemenda). Flettistöflur með merkipennum í ýmsum litum. Ein flettitafla með stækkuðu afriti af ☒ dreifiblaði 6.3.</p>	<p>Hver vinnur fyrir sig, bekkjarkynningar og umræður.</p>
---	--	--	---	--

**1. kennslustund****„Brýnasta vandamál okkar er ...“****Umræður um pólitíska dagskrársetningu**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

<b>Hæfnipjálfun</b>	Álit/mat: að velja, að rökstyðja. Þátttaka: gagnkvæm viðurkenning á persónulegri reynslu, hagsmunum og gildum.						
<b>Markmið</b>	Pólitískt vandamál er viðfangsefni, ekki staðreynd. Það er brýnt og krefst aðgerðar. Það hefur áhrif á samfélagið. Þar sem um ýmiss konar hagsmuni, hugmyndafræði og gildi er að ræða þarf að ákveða hvort setja skuli vandamál á dagskrá. Í lýðræði nota borgarar sem taka þátt í slíkum umræðum hugsana- og tjáningarfrelsi sitt. Fjölmiðlar hafa einnig mikil áhrif á dagskrársetningu (fjölmiðlafrelsi).						
<b>Verkefni nemenda</b>	Nemendur ræða pólitíska dagskrársetningu.						
<b>Efniviður og gögn</b>	Flettistöflur og merkipennar í ýmsum litum, límband.						
<b>Aðferð</b>	„Þagnarmúrinn“ – hópvinna. Kynningar og umræður.						
<b>Tímaáætlun</b>	<table border="1"> <tr> <td>1. Þagnarmúrinn.</td> <td>15 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. Kynningar.</td> <td>10 mín.</td> </tr> <tr> <td>3. Ígrundun; byrjun á rannsóknarverkefni.</td> <td>15 mín.</td> </tr> </table>	1. Þagnarmúrinn.	15 mín.	2. Kynningar.	10 mín.	3. Ígrundun; byrjun á rannsóknarverkefni.	15 mín.
1. Þagnarmúrinn.	15 mín.						
2. Kynningar.	10 mín.						
3. Ígrundun; byrjun á rannsóknarverkefni.	15 mín.						

**Ábendingar**

„Þagnarmúrinn“ er hugstormunaraðferð sem hentar nemendum sem eru ef til vill feimnir eða vilja fá tíma til að hugsa sig vel um áður en þeir segja eitthvað. Þegar nemendur vinna í hljóði ná þeir betri einbeitingu og það sem þeir segja verður áhugaverðara og innihaldsríkara en ella. „Þagnarmúrinn“ er dæmi um þá þversögn að nákvæmur reglurammi stuðli að frelsi fremur en að hindra það. Nemendur leika sérfræðinga; þeir geta ekki gefið „rangt“ svar við lykilsurningunni.

Nemendur líkja eftir opinberri umræðu um pólitíska dagskrársetningu í skólastofunni. Vegna reynslu sinnar eiga þeir auðveldara en ella með að átta sig á stefnuferlislikaninu þar sem dagskrárumræðan er fyrsti liðurinn í því.

Þeir fjalla um efni sem þeir geta kynnt sér betur í rannsóknarverkefninu (2. og 3. kennslustund). Hugsmíðanálgunin svarar til hinnar uppbyggilegu aðferðar sem felst í því að skilgreina og leysa pólitísk vandamál í lýðræði, eins og fram kemur í stefnuferlinu.

## Lýsing á kennslustund

### 1. „Þagnarmúrinn“<sup>17</sup>

Nemendur skipta sér í fimm manna hópa. Hver hópur situr í hálfhring andspænis flettistöflu. Hver hópur er með tvo eða þrjú merkipenna í ýmsum litum. Hóparnir vinna í hljóði. Á þeim tíu mínútum sem gefnar eru setur hver nemandi fram a.m.k. eina staðhæfingu. Hann botnar eftirfarandi setningu:

#### „Ég tel brýnasta vandamál okkar vera ...“

Nemendur bregðast við setningum eða orðum sem sett hafa verið á blað og þeir mega skrifa eins mikið og eins oft og þeir vilja. Hópurinn fær annað blað af flettistöflunni ef þörf krefur. Nemendur geta líka tengt saman staðhæfingar með því að nota örvar eða línur og tákni á borð við spurningarmerki eða upphrópunarmerki. Veggspjaldið þeirra gefur síðan yfirlit yfir umræðurnar.

Kennarinn fylgist með úr fjarska. Hann gripur ekki fram í eða tekur þátt í „þöglu umræðunni“, heldur gætir þess að nemendur fylgi settum reglum – einkum því að vinna í hljóði.

## 2. Kynning

Þegar tíminn til að skrifa á veggspjöldin er útrunninn á að stilla þeim upp til sýnis. Nemendur koma saman fyrir framan þau í tvöföldum hálfhring. Hóparnir kynna veggspjöldin sín fyrir bekknum, hver á fætur öðrum. Hver nemandi hefur valið setningu sem einhver annar skrifaði, les hana upp fyrir bekkinn og útskýrir síðan val sitt stuttlega. Algengt er að nemendur taki fyrir eina eða tvær staðhæfingar. Engar umræður eiga að fara fram fyrr en allir nemendur í öllum hópunum hafa lokið máli sínu.

Kennarinn safnar staðhæfingum nemenda saman undir almennum fyrirsögnum á yfirlit á töflunni eða á flettistöflu, eftir því hvað þeir hafa fram að færa. Hér er dæmi:

Brýnasta vandamál okkar er ...				
Efnahagsmál	Öryggismál	Umhverfismál	Samfélagsmál	...
Barátta gegn atvinnuleysi	Umferðarslys	Draga úr losun koltvísýrings	Bæta skólakerfið	...
Fleiri störf fyrir ungt fólk	...	...	Veita ungum konum stuðning	...
...			...	

Kennarinn getur látið einhvern nemanda sjá um þetta. Þeir sem kynna og bekkurinn velja saman nýja flokka og ákveða hvar setja skuli hverja tillögu.

## 3. Ígrundun

„Þagnarmúrinn“ líkir eftir pólitískri dagskrársetningu. Hvað hefur því forgang að álitni nemenda? Getur bekkurinn komið sér saman um hvaða vandamál skuli setja í forgang? Nemendur geta svarað þessari spurningu með hjálp yfirlitsins. Það sýnir hvort þeir leggja áherslu á málefni sem tilheyra ákveðnum flokki og hvort hægt sé að tengja tillögurnar (sjá efnahagsmál í dæminu hér fyrir ofan).

<sup>17</sup> Heimild: *Teaching Democracy*, EDC/HRE, Volume VI, Council of Europe Publishing, Strasbourg 2008, Exercise 7.1, bls. 62.

Ekki er víst að nemendur vilji koma sér saman um málefni. En verða þeir að gera það? Þeirri spurningu er vert að velta fyrir sér.

Annars vegar lifa þeir og hrærast í frjálsum landi. Þeim er frjálst að velja hvert það málefni sem þeir telja mikilvægt og kynna það almenningi. Hins vegar eru úrræði/auðlindir af skornum skammti – ekki er einungis um að ræða fjármuni og sjóði skattgreiðenda, heldur einnig tíma og orku, og síðast en ekki síst athygli almennings. Margt fólk getur aðeins tekist á við fáein málefni samtímis og hættir til að missa fljótt áhugann; sumir fjölmiðlar þjóna og kynda undir þeirri tilhneigingu að „eitt málefni sé hverju sinni á dagskrá“.

Nemendum kann einnig að finnast þetta dagskrárferli óréttlátt og jafnvel „heimskulegt“ þar sem málefni sem þeir telja mjög mikilvæg fá ekki þá athygli sem þau eiga skilið. Hver leiðréttir þessar „röngu“ ákvarðanir?

Svarið er – nemendur gera það sjálfir ef þeir telja að eitthvað þurfi að gera. Á vissan hátt mynda þeir flokka sem eru með ólík markmið og gildi („hugmyndafræði“) og eru ávallt til staðar þegar umræður um dagskrársetningu fara fram (t.d. verkamenn, umhverfissinnar eða baráttumenn fyrir réttindum minnihlutahópa).

Þessar umræður eru áhugaverð leið til að skilja hvaða tilgangi flokkar þjóna. Sjá tillögu um viðtækara rannsóknarverkefni í lok þessa kafla.

#### **4. Rannsóknarverkefni**

Að þessari umræðu lokinni geta nemendur fylgt áhugamálum sínum eftir. Kennarinn upplýsir þá um að þeir fái tækifæri til að taka málefni að eigin vali til ítarlegrar rannsóknar. Þegar nemendur undirbúa slíkt rannsóknarverkefni eiga þeir því að viðá að sér efni úr bæði prentuðum og rafrænum miðlum um það mál sem þeir völdu sér. Þeir eiga ekki aðeins að leita uppi umræður um dagskrársetningu, heldur afla sér allra þeirra upplýsinga sem þeir geta um ákvarðanir sem teknar hafa verið eða útfærðar, tölfræðilegra upplýsinga og yfirlýsinga stjórnmalaflokka, þrýstihópa, frjálstra félagasamtaka o.s.frv.

## 2. kennslustund

### Stjórnmal – hvernig eru vandamal leyst í lýðræðisríki

#### Stefnuferlislíkanið

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Greining: unnið með líkan.	
Markmið	Stjórnmal ganga út á að finna lausn á samfélagslegum vandamálum.	
Verkefni nemenda	Nemendur beita stefnuferlislíkaninu í tilteknum dæmum sem þeir velja sér.	
Efniviður og gögn	Flettistöflur og merkipennar. Dagblöð. ☞ Dreifiblöð 6.1 og 6.2.	
Aðferð	Fyrirlestur, hópvinna.	
Tímaáætlun	1. Fyrirlestur og spurningar í tengslum við hann.	15 mín.
	2. Skipað í hópa fyrir rannsóknarverkefnið.	10 mín.
	3. Rannsóknarverkefni.	15 mín.

## 1. Fyrirlestur og spurningar í tengslum við hann

Kennarinn kynnir stefnuferlislíkanið fyrir nemendum. Þeir gera sér grein fyrir því hver fyrsti áfangi ferlisins er, dagskrársetningin, og eru tilbúnir til að velja þeirri spurningu fyrir sér hvað gerist þegar eitthvert vandamál hefur vakið athygli almennings.


Kennarinn heldur stuttan fyrirlestur í þessu samhengi (tengir leiðbeiningar sínar hugsmíðanámi). Nemendur nota upplýsingarnar í umfangsmikið rannsóknarverkefni í kjölfarið. Kennarinn afhendir nemendum ☞ dreifiblöð 6.1 og 6.2 áður en fyrirlesturinn hefst. Bæði dreifiblöðin ættu að vera til sýnis á flettistöflu eða glæru til að kennarinn geti vísað í þau samhliða kynningu sinni.



Auðveldara er að átta sig á huglægu líkani ef það tengist raunverulegu dæmi. Best er að kennarinn taki fyrir málefni sem nemendur fjölluðu um í tímanum á undan. Að öðrum kosti getur hann notað dæmisögu, jafnvel skáldaða, og undirbúið það fyrir fram. Til frekari skýringar er hér yfirlit yfir kynningarfyrirlesturinn sem fjallar um hvernig fækka megi umferðarslysum (sjá 1. kennslustund, staðhæfingar nemenda).

Áður en farið er út í einstök atriði ættu áheyrendur að fá heildarmyndina í stórum dráttum. Nemendur skoða ☞ dreifiblað 6.1. Kennarinn styðst við eftirfarandi atriði í útskýringum sínum:

- Þessi skýringarmynd sýnir líkan af pólitísku ákvarðanaferli. Sjá má hin ýmsu stig slíks ferlis. Ferlið byrjar efst – á *umræðunni* um hvað líta beri á sem „vandamálið“. Þetta er dagskrárumræðan sem tekin var til skoðunar í síðasta tíma. Þegar eitthvert vandamál hefur verið sett á dagskrá hefst umræðan um réttu lausnina.
- Sú umræða leiðir til *ákvörðunar* – til dæmis lagasetningar eða einhvers konar athafnar.
- Þessi ákvörðun er síðan *innleidd* – hún leiðir til athafna. Hún gengur í gildi. Ný lög eru til dæmis sett eða nýtt sjúkrahús reist.


- Fólk mun brátt mynda sér *skoðun*. Er það sammála þessari ákvörðun þegar það áttar sig á hvaða áhrif hún hefur? Þjónar hún til dæmis hagsmunum þess?
- Fyrr eða síðar koma fram einhver *viðbrögð*. Það kunna að vera vinsamlegar eða gagnrýnar athugasemdir í fjölmiðlum, yfirlýsingar frá stjórnmalálmönnum eða mótmæli.
- Þessi viðbrögð geta leitt til *nýrrar umræðu* um hvaða *vandamál* skuli setja á hina pólitísku dagskrá. Sumum finnst ef til vill að upphaflegi vandinn hafi aldrei verið leystur og að allt hafi farið á verri veg eða að þær ráðstafanir sem gerðar voru hafi haft hliðarverkanir sem hafi haft ný vandamál í för með sér. Stjórnmal eru eins og hringrás: sum málefni þarf stöðugt að takast á við og sumar lausnir þarf að endurbæta. Þannig sýnir hringrásin að stjórnmal séu mjög þarft viðfangsefni sem fylgi happa- og glappareglunni.
- En einnig er hugsanlegt að ferlið *taki enda* (málalok). Ákvörðunin reyndist ef til vill vel og lausn fannst á vandanum – einnig getur verið að vandamál fái ekki næga athygli til að tilefni sé til frekari stjórnarfarslegra athafna.

Nemendur spyrja ef til vill spurninga um atriði sem þeir eiga erfitt með að átta sig á. Kennarinn ætti að íhuga hvaða spurningum er best að svara strax og hverjum er hægt að svara þegar dæmið er kynnt. Því næst kemur kennarinn með dæmi til að varpa ljósi á líkanið. Töluvert er um endurtekn-ingar til skilningsauka. Flokkarnir tengjast lykilsurningum og -atriðum. Hafa skal  dreifiblað 6.2 til hliðsjónar í þessum fyrirlestri.

Skálduð saga er notuð sem dæmi. Hún vísar í dæmið í 1. kennslustund – fækkun umferðarslysa (sjá  ítarefni fyrir kennara 6.1, sem er byggt á  dreifiblaði 6.2).

Nemendur spyrja fleiri spurninga ef þörf krefur og kennarinn getur nú varpað þeim spurningum til bekkjarins. Þannig kemst hann að því hvort nemendur hafi áttað sig á þeim skilaboðum sem voru fölgín í fyrirlestrinum. Nemendur kunna að undrast hve miklar umræður og skoðanaskipti fara fram, og á hve „eigingjarnan“ hátt málsvarar koma hagsmunum sínum á framfæri. Kennarinn bendir á að einmitt það – að færa rök fyrir hagsmunum sínum – sé mikilvægt fyrir lýðræðið. Aðeins með því að láta skoðanir sínar í ljós gefst möguleiki á að tekið verði tillit til þeirra í þeim ákvörðunum sem teknar eru. Og stundum er fallist á málamiðlun.

## 2. Skipað í hópa fyrir rannsóknarverkefnið

Frekari umræður þurfa ekki að fara fram. Í síðustu kennslustundinni gefst tími til þess. Kennarinn hjálpar nú nemendum að ákveða hvaða málefni þeir vilja rannsaka. Efnið sem þeir hafa víðað að sér er þeim til leiðbeiningar – hvaða málefni eru í brennidepli? Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar að undanförmu? Nemendur skipa sér í tveggja eða fjögurra manna hópa. Þeir eiga að hafa kynningarnar sínar tilbúnar fyrir fjórðu kennslustundina. Þeir eiga að kynna niðurstöður sínar á  dreifiblaði 6.2, sem verður fjölfaldað fyrir bekkinn.

Tiltekin skilyrði þurfa að vera fyrir hendi þegar nemendur velja sér málefni:

- *Aðgangur að upplýsingum*: í þessu ákvarðanaferli munu nemendur finna aragrúa upplýsinga í dagblöðum og á netinu. Þar sem ferlinu er ekki lokið verða þeir aftur á móti aðeins færir um að fjalla um fyrstu áfangana, þ.e. þar til kemur að ákvörðuninni eða útfærslunni. Því er gagnlegt að fletta dagblöðum undanfarinna vikna og finna út hvaða málefni voru tekin fyrir þar.
- *Persónulegur áhugi/hagsmunir*: nemendur velja málefni sem þeir telja sérstaklega brýnt. Þeir geta vísað í „þagnarmúrinn“ í fyrstu kennslustundinni. En þeir þurfa að gera sér grein fyrir því að erfitt getur reynst að fá aðgang að upplýsingum.

## 3. Rannsóknarverkefni

Nemendur nota það sem eftir er af 2. kennslustund og alla 3. kennslustundina í rannsóknarverkefnið. Þeir skipuleggja vinnu sína hver fyrir sig.



### 3. kennslustund

#### Stefnuferlislíkanið notað

#### Rannsóknarverkefni

<p>Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.</p> <p>Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.</p> <p>Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.</p> <p>Gátlistinn yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.</p> <p>Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.</p>	
Hæfniþjálfun	<p>Aðferðir: verkefnisvinna.</p> <p>Pólítískar greiningar og mat: pólítísku ákvarðanaferli lýst og mat lagt á það.</p> <p>Þátttaka og aðgerðir: ábyrgð, að njóta frelsis.</p>
Markmið	Nemendur skilja stefnuferlislíkanið og geta notað það í allri upplýsingaöflun sem varðar ákvarðanatöku.
Verkefni nemenda	Nemendur beita stefnuferlislíkaninu í tilteknu máli.
Efniviður og gögn	<p>☞ Dreifiblöð 6.1 og 6.2.</p> <p>Dagblöð.</p>
Aðferð	Verkefnisvinna.
Tímaáætlun	1. Hópvinna. 35 mín.
	2. Samantekt. 5 mín.

Í þessari kennslustund fer fram hópvinna. Nemendur vinna hver fyrir sig og bera ábyrgð á vinnu sinni. Því er ætlast til að þeir afli sér allra þeirra upplýsinga sem þeir þurfa.

Kennarinn getur aðstoðað hópana ef hann vill með því að láta þeim í té upplýsingar, t.d. tölfræðileg gögn, kennslubækur, eintök af stjórnarskránni eða aðgengi að netinu.

Kennarinn fylgist með nemendum að störfum; styrkleikar þeirra og veikleikar í starfi, án hjálpar kennarans – eins og að skólagöngu lokinni – sýna hvaða hæfni þarf að þróa með þeim.

Kennarinn kallar nemendur saman til stuttrar samantektar á bekkjarfundi. Kennarinn og nemendur skipuleggja kynningarnar fyrir næsta tíma; hafi einhverjum hóp ekki tekist að ljúka vinnu sinni þurfa nemendur að leysa það vandamál sjálfir.

Fyrst ættu þeir sem eru í viðkomandi hóp að útskýra hvers vegna þeim finnst þeir ekki vera „búnir“. eru þeir með gögn sem þeir eiga eftir að kynna sér? Eða eru þeir óánægðir með hve lítið af upplýsingum var til?

Ákjósanlegast er að hópurinn beri sjálfur ábyrgð á þessum vanda. Það hljómar ef til vill ekki vel en þannig er raunveruleikinn síðar á lífsleiðinni. Það sem nemendur læra af kynningum sínum vegur þyngra en mistökin sem þeir gera. Nauðsynlegt er að nemendur fái endurgjöf eftir þessar fjórar kennslustundir og ætla þarf nægan tíma til þess. Annar kostur væri að bæta við einni kennslustund. Það kæmi sér betur ef meirihluta nemenda hefði ekki tekist að ljúka vinnu sinni.

## 4. kennslustund

### Hvernig getum við tekið þátt?

#### Stefnuferlið sem verkfæri í pólitískri þátttöku

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Aðferðir: að halda kynningar og hlusta á kynningar. Þátttaka: að átta sig á tækifærum til að taka þátt í stjórnámálum.
Markmið	Líkan er tæki til að greina einstaka hluta flókinnar heildar. Stjórnámál eru tvíþætt: þau snúast annars vegar um lausnir á vandamálum en eru hins vegar barátta um völd. Stefnuferlislíkanið snýst um fyrra atriðið.
Verkefni nemenda	Nemendur segja hver öðrum stuttlega frá niðurstöðum sínum. Nemendur velta fyrir sér vinnuferli sínu og hverju það skilar.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 6.2 með athugasemdum nemenda.
Aðferð	Kynningar í sal, bekkjarumræður.
Tímaáætlun	1. Kynningar nemenda. 15 mín.
	2. Umræður og ígrundun. 25 mín.

## Lýsing á kennslustund

### 1. Kynningar nemenda

Kennslustundin hefst með framlagi nemenda. Hóparnir sitja við borð með fram veggjum, þannig að miðja stofunnar er auð. Hver hópur tilnefnir tvo talsmenn sem skiptast á um að kynna hópinn sinn. Þannig gefst öllum nemendum kostur á að heimsækja hina hópana og fá kynningu á niðurstöðum þeirra.

Með þessu fyrirkomulagi geta margir nemendur verið virkir samtímis. Enginn nemandi hefur fullkomna yfirsýn að því loknu. Til þess þyrfti mun lengri tíma og ekki væri hægt að leggja svo miklar upplýsingar á minnið.

Kennarinn gengur á milli nemenda og leggur við hlustir í stað þess að spyrja spurninga og koma með athugasemdir.

### 2. Umræður og ígrundun

Nemendur koma saman á bekkjarfundi. Þeir sitja í hring eða hálfhring þannig að þeir sjái hver framan í annan.


Fyrst þurfa nemendur og kennarinn að koma sér saman um dagskrársetningu. Kennarinn leggur til að lögð sé áhersla á stefnuferlislikanið í stað málefna sem nemendur rannsökuðu og nemendur ættu að samsinna því áður en kennslustundin heldur áfram eins og lagt er til hér.

Kennarinn spyr opinnar spurningar og gefur síðan nemendum orðið:

„Hvað gekk vel þegar þið notuð stefnuferlislikanið í tilteknu dæmi og hvað gekk ekki vel?“

Nemendur svara eins og sérfræðingar og nýta sér reynsluna sem þeir fengu í rannsóknarvinnunni. Þeir geta greint frá tæknilegum vandamálum, t.d. varðandi upplýsingaöflun eða tímaskort. Þeir kunna að vísa til greiningarvandamála, svo sem hvernig ákveða skal á hvaða stigi tiltekin atriði eiga heima: dagskrársetning, umræður um ákvarðanir eða viðbrögð við niðurstöðum ákvörðunar. Þeir geta verið hugsi yfir sjálfu líkaninu og velt fyrir sér hvort það dragi upp nákvæma mynd af raunveruleikanum.

Ekki er nauðsynlegt að lýsa álitinu eða svara hverju atriði sem nemendur velta fyrir sér, en bæði þeim og kennaranum er auðvitað frjálst að gera það og skipuleggja tíma sinn í samræmi við það.

Minnst þrjár lykilstaðhæfingar um stefnuferlislikanið eru þess virði að vera teknar til athugunar (sjá  ítarefni fyrir kennara 6.2). Kennarinn þarf ekki endilega að afhenda allt efnið; það er einn af ýmsum valkostum. Gott getur verið að setja fram staðhæfingu sem svar við athugasemdum nemenda. Að öðrum kosti velur kennarinn eitt eða fleiri atriði sem stutt innlegg til að ljúka umræðunni.

## 5. kennslustund

### Endurgjöf (valfrjálst)

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Að velta fyrir sér eigin námsferli og hæfniþróun. Að veita uppbyggilega endurgjöf.	
	Að velta fyrir sér sameiginlegri ábyrgð nemenda og kennarans á því að námið skili góðum árangri.	
Markmið	Endurgjöf er mikilvæg og betrubætir bæði kennslu- og námsferlið.	
Verkefni nemenda	Nemendur ígrunda vinnu sína (námsárangur og námsferli).	
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 6.3 (endurgjöf nemenda). Flettistöflur með merkipennum í ýmsum litum. Ein flettitafla með stækkuðu afriti af ☞ dreifiblaði 6.3.	
Aðferð	Hver vinnur fyrir sig, bekkjarkynningar og umræður.	
Tímaáætlun	1. Einstaklingsbundin endurgjöf.	7 mín.
	2. Bekkjarkynning á niðurstöðum endurgjafar.	13 mín.
	3. Lokaumræður.	20 mín.

### Inngangur ætlaður kennurum

Þessi kafli hefur verið valinn sem annað af tveimur dæmum í þessari bók<sup>18</sup> til að sýna hvernig nota megi endurgjöf til að leggja mat á kafla. Slík endurgjöf er valfrjáls en eindregið er mælt með henni.

Nemendur segja hvað þeim finnst um verkefnisvinnu sína – nú með áherslu á kennslu- og námsferlið. Hvaða erfiðleikar komu upp, hvað gekk vel? Hvaða færni búa þeir yfir og hvað langar þá að þróa enn frekar?

Endurgjöf er góð aðferð til að meta þá fræðslu sem nemendur fá á sviði MLB/MRM því að þá er annars vegar hægt að bera saman skoðanir nemenda og hins vegar skoðanir þeirra og kennarans. Það borgar sig að ætla tíma í þetta þar sem líklegt er að starfsandi verði betri og áætlanir standist frekar. Endurgjöf samanstendur af upplýsingagjöf (1. og 2. þrep) og lokaumræðum (3. þrep).

18 Sjá ☞ dreifiblað 5.6 (fyrir 4. og 5. kafla).

## Lýsing á kennslustund

Eftirfarandi aðferð hentar vel nemendum sem eru ekki vanir endurgjöf, þ.e. að segja álit sitt. Hér á eftir er greint frá öðru verklagi fyrir nemendur og kennara sem hafa einhverja reynslu af slíku.

### 1. Einstaklingsbundin endurgjöf

Eintakið á flettistöflunni er fest upp á vegg eða töflu þar sem það blasir við öllum nemendum. Kennarinn útskýrir hver tilgangurinn er: nemendur eiga ekki að fást við nýtt viðfangsefni heldur stíga til hliðar, ef svo má segja, og taka árangur sinn og námsferli til skoðunar. Þeir eiga að svara spurningunum á dreifiblaðinu sem þeir fá af hreinskilni og einlægni. Þeir þurfa ekki að gera það undir nafni.

Í lokaumræðunum skoða nemendur, ásamt kennara sínum, þær upplýsingar sem fram koma til að greina hvernig þeir geti í sameiningu bætt námsárangur sinn í þessum tímum – með því að fylgja eftir því sem vel gekk og breyta því sem miður fór.

Hver nemandi fær afrit af ~~☒~~ dreifiblaði 6.3. Kennarinn bendir nemendum á að kíkja ekki á blöðin hjá félögum sínum – og ekki sé um að ræða próf sem svara skuli á tiltekinn hátt.

Í fyrri hlutanum eru átta staðhæfingar sem varða nám og kennslu – stefnuferlislíkanið, náms- og kennsluáðferðirnar, svo og samvinnu og samskipti við aðra nemendur og kennarann. Þessum spurningum er svarað með því að setja punkt á píluborðið – punktur í miðjunni (nr. 5) merkir „Ég er algjörlega sammála“ og punktur í ytri hringnum (nr. 1) merkir „Ég er algjörlega ósammála“.

Í seinni hlutanum geta nemendur sett inn eigin „hápunkta“ og „mistök“ – hvað var skemmtilegast og mikilvægast af því sem þeir lærðu – og þess vegna þess virði að geyma sér í minni – í þessum kafla? Og hvað var alveg gagnslaust, óspennandi eða leiðinlegt – og hverju munu þeir því gleyma strax?

### 2. Bekkjarkynning á niðurstöðum endurgjafar

Nemendur vinna í hljóði. Tveir þeirra safna saman dreifiblöðunum og fara með þau að flettistöflunni. Annar les upp píluborðsniðurstöður hvers dreifiblaðs og hinn færir þær inn á stóra afritið af píluborðinu á flettistöflunni. Hægt er að reikna út nákvæman heildarstigafjölda með því leggja saman stigin í hverjum hluta og deila í með þeim fjölda nemenda sem tóku þátt.

Persónulega endurgjöfin (seinni hlutinn) er einnig lesin upp og færð inn á tvær stórar flettistöflur, hægra og vinstra megin við píluborðið – t.d. það sem mér fannst sérstaklega áhugavert/óspennandi.

### Annað verklag

Þessi aðferð er tímafrek en auðveldari fyrir þá nemendur sem eru að taka þátt í endurgjöf í fyrsta skipti. Beita má einfaldari aðferð ef:

- nemendur hafa einhverja reynslu af endurgjöf;
- (mikilvægt) þeir geta treyst því að kennarinn leyfi ekki beina gagnrýni, t.d. refsstig eða niðrandi athugasemdir;
- (enn mikilvægara) nemendur geta treyst því að hver og einn virði mismunandi skoðanir og námsreynslu annarra.

*Skref 1:* Nemendur fara að flettitöflunni hver á fætur öðrum og færa punktana sína beint inn á veggspjaldið. Þeir eiga ekki að fylla út dreifiblað *≈* 6.3. Þess í stað fá þeir rauða og græna pappírsmiða (einnig má nota hvítan pappír með viðeigandi merkingum) og skrifa álit sitt á þá. Teymi nemenda safnar miðunum síðan saman og kynnir efni þeirra. Enn betra er að nemendur stígi sjálfir fram og lesi upp eigið álit og útskýri það nánar ef þeir vilja.

Þessir miðar eru festir á flettitöfluna, jafnvel í hrúgu, hver ofan í annan, ef tiltekið atriði er siendurtekið á þeim. Skýringartextar og lykilorð setja heildarsvip á yfirlitið.

## Grundvallarregla við endurgjöf: engar athugasemdir, engar umræður

Ein grundvallarregla gildir, sama hvaða aðferð er beitt: engar athugasemdir má gera við staðhæfingar á meðan endurgjöfin fer fram. Ef umræður fara of snemma í gang fer tímaáætlunin úr skorðum og reglan um jöfn tækifæri fyrir alla er þá virt að vettugi. Kennarinn er við stjórnvölinn og grípur inn í ef nemendur koma með athugasemdir, hlæja eða gera gys að einhverri staðhæfingu nemenda.

## 3. Lokaumræður

Hver endurgjöf er með sínu sniði, þannig að ekki er hægt að gefa nein ráð um hvernig skipuleggja skal efnið. Hér eru nokkur atriði sem geta hjálpað nemendum að finna út þau meginskilaboð sem felast í endurgjöfinni.

Píluborð:

- Hvaða spurningar sýna yfirgnæfandi samkomulag eða ósamkomulag um málefni? Hvers vegna?
- Hvaða spurningar sýna ólíkar skoðanir – öfganna á milli? Hvers vegna?

Persónuleg endurgjöf:

- Eru einhverjar hrúgur – staðhæfingar sem eru siendurtekna?

Í lokaumræðunum er hægt að fjalla um atriði á borð við eftirfarandi:

- Hvaða styrkleikar komu fram í kennslustundunum? Eigum við að halda áfram á sömu braut?
- Hvaða veikleikar komu fram í kennslustundunum? Hverju á að breyta og hvað á að gera betur? Hvernig?

*(Eftirfarandi spurningar má líka setja inn sem viðauka við *≈* dreifiblað 6.3.)*

- Hver er ábyrgð mín? Hvað get ég persónulega lagt af mörkum til að við náum betri árangri?
- Hvað mundi mig – sem einstakling – langa til að læra næst? Hvaða verkefni vekja áhuga minn eða koma mér mest að gagni?

Nemendur og kennari ákveða – jafnvel í sameiningu – hvaða niðurstöður úr endurgjöfinni skal vinna áfram með. Eitt það mikilvægasta sem nemendur – og ef til vill einnig kennarinn – þurfa að átta sig á er að það er bæði undir kennara og nemendum komið að vel gangi, honum sem sérfræðingi og þeim sem námsmönnum.

## Ítarefni fyrir kennara 6.1

### Teikning af stefnuferlislíkaninu – hvernig er hægt að fækka umferðarslysum?

Hugtök og lykilsurningar	Minnispunktur
<b>0. Umfjöllunarefni</b> Hvert er viðfangsefnið?	Hvernig er hægt að fækka umferðarslysum?
<b>1. Vandamál</b> Hver ákveður dagskrána? Hvert er vandamálið? Eru allir málsvarar sammála um hver vandinn er?	Innanríkisráðherra: fleiri slys. Ungir ökumenn – reynslulausir, óvarkárir. Karlar á öllum aldri – áfengisneysla. Ökuklúbbar: fleiri bílar á götunum; skattar ekki innheimtir til að bæta vegakerfið. Umhverfissinnar: aukin losun koltvísýrings, minnkandi oliubirgðir og hækkandi oliuverð – annars konar eldsneyti fyrir bíla.
<b>2. Umræður</b> Hverjir eiga hlut að máli? Hverjir eru hagsmunir og gildi málsvara?	Allir eru sammála um að umferðarslysum verði að fækka. En ólíkir hagsmunir og markmið koma fram í umræðunum: Ráðherra vill beita óvarkára ökumenn þrýstingi. Ökumenn vilja að þeim séu skapaðar betri aðstæður. Umhverfissinnar hafa áhyggjur af hlýnun jarðar.
<b>3. Ákvörðun</b> Hver er niðurstaðan? Hafa tilteknir hagsmunir verið settir í forgang – eða er um málamiðlun að ræða?	Stjórnvöld ákveða að leggja fram tvö lagafrumvörp: Hækkun sekta fyrir hraðakstur, lækkun leyfilegs áfengismagns í blóði; meira umferðareftirlit. Fjögurra akreina vegir skulu vera staðallinn innan fimm ára.
<b>4. Framkvæmd</b> Hvernig er ákvörðuninni hrint í framkvæmd? Hver annast það eða ber ábyrgð á því? Eru einhver vandamál eða ágreiningur?	Meira umferðareftirlit, einkum á kvöldin og um helgar. Gerð er áætlun um vegaúrbætur og breikkun þjóðvega, verið er að leggja fyrstu vegina.
<b>5. Skoðanir</b> Hvaða einstaklingar, málsvarar, hópar o.s.frv. styðja eða gagnrýna niðurstöðuna? Hver eru gildi þeirri, hugmyndafræði og hagsmunir?	Ökumenn fagna áætlun um uppbyggingu, hafa efasemdir um eftirlit (hærri sektir – meira fjármagn?) Umhverfissinnar eru afar óánægðir. Mótmæli í höfuðborginni. Umræður: stofna nýjan grænan flokk?

<p><b>6. Viðbrögð</b>  Hvernig bregðast þeir við?  (Sem einstaklingar, hópur)  Hvað aðferðir nota þeir til að beita valdi og þrýstingi?</p>	<p>Umhverfissinnar standa fyrir mótmælum í höfuðborginni. Umræður: stofna nýjan grænan flokk?  Bílstjórar flutningabíla kvarta yfir töfum á þjóðvegum.  Ráðherra tilkynnir um 15% lækkun á slysatölum á 12 mánaða tímabili – heldur því fram að það sýni að stefna hans sé rétt.</p>
<p><b>7. Ný vandamál eða málalok</b>  Hefjast nýjar umræður um dagskrársetningu?  Er rætt um sama vandamálið eða nýtt vandamál?  Eða leiddi ákvörðunin til þess að endanleg lausn fannst á málinu?</p>	<p>Ráðherra: ekki þarf að grípa til frekari aðgerða. Fylgjast skal með þróuninni, ræða stöðuna að ári.  Umhverfissinnar: gríðarleg aukning á losun koltvísýrings. Kvörtun frá þjóðframleiðendum: sala minnkar um 10%. Uppsagnir yfirvofandi.  Þess er krafist að áætlun um vegagerð verði hraðað.</p>



## Ítarefni fyrir kennara 6.2

### Lykilstaðhæfingar um stefnuferlislíkanið

1. Stjórnmal eru tvíþætt: þau snúast annars vegar um lausnir á vandamálum en eru hins vegar barátta um völd. Í stefnuferlislíkaninu er lögð áhersla á fyrrnefnda atriðið – lausn á vandamálum. Völd koma einnig við sögu að því leyti að dagskrársetning er háð þeim þrýstingi sem málsvari getur beitt. En megináhersla líkansins snýst um að lýsa hagnýtum þáttum stjórnmálanna – eins og Max Weber orðaði það, „að láta dropann hola steininn hægt og bitandi en af ástriðu og eftir bestu vitund“. Það merkir að áróðurinn í samkeppninni um atkvæði kjósenda – þar með talin persónuleg gagnrýni á pólitíska andstæðinga, lýðhyggja og vanþóknun – kann að skekkja myndina en er síaður út úr þessu líkani.

2. Þetta líkan gefur áhugaverða sýn á hugmyndina um almannahag. Í lýðræði veit enginn málsvari hvað er allra hagur – það er það sem skilur á milli lýðræðis og einræðis. Þess í stað þurfum við að leita sameiginlegrar niðurstöðu, semja um hlutina og komast að samkomulagi. Ef við höfum haft rangt fyrir okkur eða ef lausnin var óréttlát, þá komumst við fljótt að því og þurfum að gera aðra tilraun. Í opnu þjóðfélagi er krafa um að spurningunni um almannahag sé svarað með raunsæjum og uppbyggilegum hætti.

3. Kort, líkt og stefnuferlið, eru líkön. Á þeim má ljóslega sjá suma þætti raunveruleikans en aðeins vegna þess að öðrum er sleppt. Stefnuferlislíkanið getur þjónað sem kort til að svara þeirri spurningu á hvaða stigi við sem þegnar getum stigið fram og látið í okkur heyra. Ef við eigum ekki sæti á þingi eða í stjórn tókum við ekki þátt í umræðunni sem leiða skal til ákvarðanatöku – hér er um að ræða afköst stjórnmálakerfisins. En hin stigin sýna framlagið og þar getum við verið virk. Við getum gert athugasemdir við ákvörðun, stutt hana eða mótmælt henni, og við getum vissulega tekið þátt í umræðum um dagskrársetningu. Ekki er aðeins fjallað um pólitísk vandamál, heldur þarf að skilgreina þau og viðurkenna sem slík (sjá efni 4. kennslustundar).



## **7. KAFLI JAFNRÉTTI Framhaldsskólastig**

### **Meirihlutastjórn – réttlát stjórn? Hvernig er hægt að semja um meirihluta-/ minnihlutamálefni í lýðræði?**

#### **7.1 Meirihlutinn ræður alltaf – er það ekki?**

Dæmisaga

#### **7.2 Hvernig geta hagsmunir meirihluta og minnihluta notið jafnræðis?**

Drög að lögum fyrir örsamfélag

#### **7.3 Lagadrög**

Hugmyndir bornar saman á formlegan hátt til að leysa vandann varðandi meirihluta/minnihluta.

#### **7.4 Hvaða stjórnunarleið hentar vel í lýðræðislegu samfélagi?**

Hvað er réttlátt og hvað skilar árangri?

Viðbót: rannsóknarverkefni

Hvernig birtast vandamál varðandi meirihluta/minnihluta hér á landi og hvernig eru þau leyst?



## 7. KAFLI

### Jafnrétti

# Meirihlutastjórn – réttlát stjórn?

## Inngangur ætlaður kennurum

Í lýðræði er það meirihlutinn sem tekur ákvarðanir og minnihlutinn verður að sætta sig við þær. Þar sem ákvarðanir í lýðræðiskerfum eru tímabundnar og hægt er að taka þær til endurskoðunar getur minnihlutinn sætt sig við að atkvæði hans gildi ekki. En hvað gerist ef minnihlutinn verður „stöðugt í minnihluta“ – ef atkvæði hans falla stöðugt ógild? Gagnrýnendur kalla þær aðstæður „alræði meirihlutans“.

Þessi kafli fjallar um þetta vandamál sem er helsti vandinn í lýðræðisríkjum. Finna þarf lausn á honum þar sem félagslegri samheldni er ógnað ef tilteknum hópum í þjóðfélaginu finnst stöðugt sem hagsmuna þeirra sé ekki gætt.

Nemendur fá til greiningar dæmisögu um íþróttafélag þar sem tveir hópar, annar stór en hinn lítill, deila um hvernig verja skuli fjármunum félagsins. Vandamálið er ekki eins flókið og það væri í raunveruleikanum en kjarni þess er hinn sami. Nemendur reyna að leysa vandann með lagasetningu. Hægt er að beita ýmsum aðferðum – sem einnig er beitt við stjórnarskrárgerð – við að veita minnihlutahópum rétt til sjálfstæðis (líkt og ríkjum eða fylkjum). Með því að setja staðla um mannlega reisu og gagnkvæma viðurkenningu takmarka mannréttindi umfang meirihluta-ákvarðana. Ekkert regluverk mun þó tryggja að komið sé fram við minnihlutahópa af sanngirni og að vilji meirihlutans sé virtur. Í lýðræðisríkjum er ábyrgð og gagnkvæm virðing sú menning sem allt veltur á, þ.e.a.s hvernig þegnarnir koma fram hver við annan af fúsum og frjálsum vilja.

Með þeim verkfærum sem nemendur hafa þróað geta þeir því áttað sig betur á því hvernig fjallað er um málefni meirihlutans/minnihlutans hér á landi. Mælt er með rannsókn á þessu sem framhaldsverkefni.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 7. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 7. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð að vissu marki í þessum kafla – til dæmis það að greina vandamál, leggja mat á hvaða áhrif reglur hafa og rannsaka hve mikilvægt er að bera persónulega ábyrgð.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt. Í þessu tilviki velur kennarinn nokkra kafla og tengir þá saman.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanataka og athafnir	Viðhorf og gildi
7 Jafnrétti	Lykilatriðið sem snýst um hvernig réttindi meirihluta- og minnihlutahópa skuli vera jafnvæg í lýðræði  Mannréttindi vernda minnihlutahópa og einstaklinga  Réttur minnihlutans er varinn í regluverki ríkja og fylkja	Að greina og leysa pólitískt vandamál	Að kynna og rökstyðja hugmyndir og lausnir  Að taka ákvörðun	Gagnkvæm viðurkenning
2 Ábyrgð				Gagnkvæm viðurkenning

1 Sjálfsmynd			Að velja og skilgreina forgangsmálefni	
4 Ágreiningur	Ágreiningur um hagsmuni			
5 Lög og reglur	Í lýðræði stuðlar regluverk að friðsamlegri lausn á ágreiningsmálum		Að koma upp regluverki til að leysa ágreining í þjóðfélaginu	Friðsamlegar aðferðir til að leysa ágreining virtar
3. Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Fjölhyggjusamfélag samanstendur af minnihlutahópum sem eiga ólíkra hagsmuna að gæta		Að komast að samkomulagi	

## 7. KAFLI: Jafnrétti – Meirihlutastjórn – réttlát stjórn?

### Hvernig getum við samið um málefni meirihluta/minnihluta í lýðræði?

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Meirihlutinn ræður alltaf – er það ekki?	Að greina vandamál. Vandamál vegna „stöðugs meirihluta“.	Nemendur greina þann vanda sem „stöðugur meirihluti“ skapar og leggja fram tillögur um lausnir.	☒ Dreifiblað 7.1 (dæmisaga), merkipennar, flettitafla.	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.
2. kennslust. Hvernig geta hagsmunir meirihluta og minnihluta notið jafnræðis?	Að vinna í teymi, tímastjórnun; að leysa vandamál. Styðjast skal við lög, reglur og stjórnarskrá við lausn vandamála og til að takast á við það sem skapar ágreining í þjóðfélaginu.	Stjórnvöld og hið opinbera réttlæta þannig gjörðir sínar. Þau kunna þó einnig að þjóna tilteknum hagsmunum.	Nemendur gera drög að lögum um málefni meirihluta/minnihluta í örsamfélagi. ☒ Dreifiblað 7.1–7.3. Flettitöflur og merkipennar.	Hópvinna.
3. kennslust. Drög að lögum	Að flytja stuttar kynningar, bera saman og leggja dóm á hugmyndir og rökstuðning. Regluverk tekur mið af forsendum á borð við hagkvæmni, sanngirni og stöðugleika.	Nemendur skoða forsendur regluverks. Þeir flytja kynningar og bera saman hugmyndir sínar.	☒ Dreifiblað 7.4 Tafla fyrir kynningar nemenda (taflan eða flettitafla). Flettitafla. A4-blöð. Merkipennar. Límstifti eða límband.	Hóp kynningar, bekkjarumræður.
4. kennslust. Hvaða stjórnunarleið hentar vel í lýðræðislegu samfélagi?	Álit/mat: forsendur vegnar og metnar. Samspil lýðræðis, sanngirni og skilvirkni.	Nemendur leggja mat á lagadrögin og útskýra rök sín.	Taflan eða flettitafla.	Kynningar, umræður.
Viðbót: Rannsóknarverkefni Málefni meirihlutans/minnihlutans hér á landi	Að vinna.	Rannsóknarverkefni: 1. Dæmi um að minnihlutahópar séu undirokaðir. 2. Ákvæði stjórnarskrár um verndun minnihlutahópa.	Stjórnarskrá; annað efni (prentmiðlar, tölfræðileg gögn, netið).	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna. Kynningar á verkefnum.



## 1. kennslustund

### Ræður meirihlutinn alltaf?

#### Dæmisaga

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.


Hæfnipjálfun	Að greina vandamál.
Markmið	Vandamál vegna „stöðugs meirihluta“: meirihlutinn ræður í lýðræðis-kerfi. Ætlast er til að minnihlutinn samþykki bæði þá reglu og þær ákvarðanir sem meirihlutinn kys. En hvað gerist ef minnihlutinn er stöðugt undirokaður?
Verkefni nemenda	Nemendur greina þann vanda sem „stöðugur meirihluti“ skapar og leggja fram tillögur um lausnir.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 7.1: dæmisaga (hver nemandi fær eitt eintak), merkipennar, flettitafla.
Aðferð	Hver vinnur fyrir sig, hópvinna, bekkjarumræður.
Tímaáætlun	1. Inngangur: vandamálinu lýst. 15 mín.
	2. Verkefnið lagt fyrir nemendur. 20 mín.
	3. Hópvinna. 10 mín.

#### Ábendingar

Í þessari kennslustund eru nemendum kynnt málefni meirihluta-/minnihlutahópa. Vandamálið er sett fram í dæmisögu á eins einfaldan hátt og kostur er. Litið er á íþróttafélag sem örsamfélag sem samanstendur af aðeins tveimur hópum – annar er stór en hinn lítill. Vandinn sem þarf að leysa – hvernig gera skuli réttindi meirihluta- og minnihlutahópa jafnvæg – er sá hinn sami og um er að ræða í þjóðfélaginu og hinu pólitíska samfélagi.

## Lýsing á kennslustund

### 1. Inngangur: vandamálinu lýst

Kennarinn segir nemendum að fyrst verði tekin fyrir dæmisaga. Hann afhendir þeim  dreifiblað 7.1 og einn þeirra les söguna upphátt. Slík kynning þjappar nemendum betur saman í upphafi kennslustundar en ef nemendur lesa söguna í hljóði.

Kennarinn spyr einnar spurningar:

„Hvert er vandamálið?“

Hann biður nemendur að velja því fyrir sér svolitla stund og skrifa svarið á blað. Með þessu móti gefst þeim sem eru lengi að hugsa (hugsa sig oft vandlega um) eða hlédrægum nemendum kostur á að taka þátt í umræðunni.

Í fyrstu umferð segja nemendur það sem þeim finnst og styðjast við minnispunktana sína. Kennarinn hlustar á þá og hvetur þá til að útskýra betur hugmyndir sínar („virk hlustun“). Þegar um það bil tíu nemendur hafa tjáð sig skrifar kennarinn þau lykiltríði sem fram hafa komið á töfluna. Gera má ráð fyrir að nemendur vísi til meginlögmáls lýðræðisins, sem virðist koma sér vel fyrir stærri hópinn, en minni hópurinn getur vísað til reglunnar um að engum skuli mismunað (jafnrétti). Kennarinn flokkar hugmyndir nemenda samkvæmt þessu og þar með verða umræðurnar skipulegri og skýrari.

Lítið samfélag: íþróttafélagið	
Vandamálið	Tillögur um lausnir
Brot á jafnrétti Að finnast sér mismunað (brot á jafnrétti)	Einnig skal virða hagsmuni minnihlutans (málamiðlun)
Sigurvegarar og taparar til frambúðar („stöðug-ur meirihluti“)	Skákmenn ganga úr félaginu (mistök eiga sér stað)
Efasemdir um lýðræðið Meirihlutinn ræður – taparar eru ósammála því	Breyta skilgreiningu á því hvað er meirihluti

Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir því að svona ágreiningur krefst einhvers konar lausnar. Brotthvarf skákmannanna myndi skaða hagsmuni allra. Þá yrði til dæmis hvert félag að standa straum af meiri kostnaði. Því er ómaksins vert að finna lausn sem samræmist bæði lögmálum lýðræðis og jafnréttis.

## 2. Verkefnið lagt fyrir nemendur

### a. Vandamálið

Nemendur hafa líklega áttað sig á því að dæmisagan ber vitni um vandamál sem upp koma í þjóðfélaginu og málefni meirihluta/minnihlutahópa eru því af pólitískum toga. Með því að rannsaka dæmisögu í stað raunverulegra aðstæðna verður vandamálið augljósara og verkefnið þar með auðveldara. Niðurstöður þessarar dæmisögu má síðan nota – þ.e. bera þær saman við raunveruleikann. Kennarinn bendir á þessi tengsl milli dæmisögunnar og raunveruleikans þar sem þau sýna hvaða tilgangi verkefnið þjónar.

Tvær meginreglur þarfnast nánari skoðunar: **sanngirni og lýðræði.**

Annars vegar verður að finna sanngjarna lausn á málefnum meirihlutans/minnihlutans – minnihlutinn sættir sig ekki við að vera undirokaður til frambúðar og að hagsmunir hans og þarfir séu virtar að vettugi. Hins vegar merkir lýðræði að meirihlutinn fari með réttu fram á að hafa ákvarðanavald. Þannig að nemendur verða að gera drög að lögum þar sem komið er til móts við báðar þessar meginreglur.

Kennarinn afhendir nemendum ☞ dreifiblað 7.2 og 7.3 og þeir fá tíma til að lesa dreifiblað 7.2 í hljóði. Á stuttum bekkjarfundi tengja nemendur síðan grunnaðferðirnar sem getið er um á ☞ dreifiblaði 7.2 eigin hugmyndum á töflunni.

## b. Væntanleg lausn

Nemendur þurfa að vita hvað ætlast er til að þeir geri. Í litlum hópum leggja nemendur drög að lögum með ákvæðum sem koma skulu í veg fyrir að minnihlutinn sé stöðugt undirokaður. Þau geta innihaldið ákvæði um ákvarðanatöku og ef til vill einnig um skiptingu fjármuna. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir því að íþróttafélagið er örsamfélag og að lögín sem þar eru sett eru samþærileg við stjórnarskrána. Kennarinn og nemendur vísa í ☞ dreifiblað 7.3 til nánari útskýringa um verkefnið ef þörf krefur.

## c. Aðferðin

Að lokum fer kennarinn yfir tæknilega þætti verkefnisins. Nemendur skipta sér í hópa. Umsjónarmenn þeirra eru beðnir að safna saman merkipennum og flettistöflum og kennarinn bendir tímavörðunum á að gæta þess að hóparnir séu tilbúnir í lok 2. kennslustundar.

Kennarinn hefur afritað listann með lykilsurningunum á ☞ dreifiblaði 7.3 á flettistöfluna (sjá 3. kennslustund hér á eftir). Hann útskýrir fyrir nemendum að þessar lykilsurningar verði sá gátlisti sem hafður verði til samanburðar þegar hugmyndir nemenda verða metnar.

## 3. Hópvinna

Nemendur skipta sér í fjögurra til sex manna hópa. Þeir nota þann tíma sem eftir er í fyrstu kennslustundinni og halda áfram í þeirri næstu.

Kennarinn getur beðið hópstjórana að koma til sín í lok tímans til að ræða um hvernig hópstarfið gangi.

## 2. kennslustund

### Hvernig geta hagsmunir meirihluta og minnihluta notið jafnræðis?

#### Drög að lögum fyrir örsamfélag

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Að vinna í teymi, tímastjórnun. Að leysa vandamál.
Markmið	Styðjast skal við lög, reglur og stjórnarskrá við lausn vandamála og til að takast á við það sem skapar ágreining í þjóðfélaginu. Stjórnvöld og hið opinbera réttlæta þannig gjörðir sínar. Þau kunna þó einnig að þjóna tilteknum hagsmunum.
Verkefni nemenda	Nemendur gera drög að lögum um málefni meirihluta/minnihluta í örsamfélagi.
Efniviður og gögn	Flettistöflur og merkipennar. ☞ Dreifiblað 7.1–7.3.
Aðferð	Hópvinna.
Tímaáætlun	40 mín.

## Lýsing á kennslustund

Nemendur halda áfram hópvinnu sinni.

Kennarinn fylgist með þeim að störfum, hvaða aðferðir og hæfni þeir hafa á valdi sínu og hvar þá skortir kunnáttu og aðstoð. Kennarinn getur spurt nemendur hvernig samvinna þeirra var í samantektartímanum og gefið þeim ábendingar (4. kennslustund). Hóparnir ættu að vinna eins mikið hver fyrir sig og unnt er og kennarinn á alls ekki að skipta sér af þó að nemendur „geri mistök“. Það er þeim lærdómsríkara að njóta þess frelsis og ábyrgðar að fá sjálfir að átta sig á mistökunum og ef þörf krefur verða flest mistökin leiðrétt á bekkjarfundinum.

Kennarinn ætti einnig að forðast inngríp þó að hópur komist að „pólítískt rangri“ niðurstöðu, svo sem því að einum aðila skuli falið allt ákvarðanavald („einræðisleg/ólýðræðisleg úrlausn“). Enn á ný skapast áhugaverður umræðugrundvöllur. Algengt er að nemendur langi til að rísa gegn einhverjum haldlitlum eða óviðunandi rökum. Kennarinn metur árangur nemenda í hæfniþróun og finnur út hverjar námsþarfir þeirra eru.

**3. kennslustund****Drög að lögum****Hugmyndir bornar saman á formlegan hátt til að leysa vandann varðandi meirihluta/  
minnihluta**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að flytja stuttar kynningar, bera saman og leggja dóm á hugmyndir og rökstuðning.
Markmið	Regluverk tekur mið af forsendum á borð við hagkvæmni, sanngirni og stöðugleika.
Verkefni nemenda	Nemendur skoða forsendur regluverks. Þeir flytja kynningar og bera saman hugmyndir sínar.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 7.4. Tafla fyrir kynningar nemenda (taflan eða flettitafla). Fimm A4-blöð og merkipennar fyrir hvern hóp; límstifti eða límband.
Aðferð	Hópkynningar, bekkjarumræður.
Tímaáætlun	1. Kynningar: drög að lögum fyrir íþróttafélagið. 30 mín. 2. Samanburður á lagadrögum. 10 mín.

**Ábending**

Í þessari kennslustund hafa nemendur lengst af orðið. Hóparnir fá tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós (þátttaka), að því gefnu að kynningar þeirra séu tilbúnar og ræðumennirnir verða að virða tímamörkin (skilvirkni). Þátttaka stendur og fellur með skilvirkni. Skilvirk vinnubrögð eru forsenda lýðræðisþátttöku. Því er mikilvægt að nemendum sé kennt að beita skipulegum aðferðum í námi sínu.

## Lýsing á kennslustund

### 1. Kynningar nemenda

Kennarinn setur fram dagskrána: ræðumenn hópanna flytja kynningarnar og vísa til lykilsurninganna á [☞](#) dreifiblaði 7.3. Spurningarnar þar koma einnig fram á töflunni. Þar er skírskotað til forsendna fyrir regluverki – hagkvæmni, sanngirni og stöðugleika.

Kennarinn teiknar töfluna á þrjár flettitöflur eða á töfluna. Til að spara sér tíma festir hann blöð af stærðinni A4 á töfluna með lykilsurningunum. Með því sýnir hann einnig þá aðferð við kynningar sem nemendum er ætlað að beita.

Lykilspurningar	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Samanburður
Skipting fjármuna: hvernig?					
Hver ákveður hvernig þeim er skipt?					
Sjálfræði hópanna?					
Bann við mismunun?					
...					

Hver hópur fær allt að sex mínútur til að flytja sína kynningu. Hóparnir greina frá niðurstöðum sínum, hver á eftir öðrum.

Kennarinn stýrir þessari kynningalotu. Nemendur eiga ekki að hefja umræður fyrr en að henni lokinni. Þeir sem annast kynningarnar eiga þó að útskýra hvers vegna hópurinn þeirra komst að viðkomandi niðurstöðum.

Kennarinn hvetur ræðumenn til að snúa sér að bekknum en horfa ekki bara á sig.

Einn aðili í hverjum hóp sér svo um að skrá upplýsingarnar. Hann skrifar stuttar athugasemdir í reitina á töflunni eða flettitöflunni, sem er enn betra (einnig er hægt að nota glæru). Nemendur færa sínar athugasemdir inn á [☞](#) dreifiblöðin. Þessar færslur skapa efniviðinn í umræðurnar sem fara eiga fram í næsta tíma.

Kennarinn hvetur þá sem annast kynningarnar til að útskýra hvers vegna hópurinn þeirra komst að viðkomandi niðurstöðum.

### 2. Samanburður á lagadrögum

Nemendur bera saman líkönin áður en þeir leggja mat á þau. Kynningar hópanna, þar sem lykilsurningunum var svarað hverri á fætur annarri, voru settar fram í lóðréttum dálkum, en nú skipta nemendur um sjónarhorn og bera svör hópanna við hverri spurningu saman með því að lesa láréttar línur töflunnar. Kennarinn, sem er við stjórnvölinn hér, skráir niðurstöður nemenda í aftasta dálkinn.

Nemendur skrá sínar athugasemdir á [☞](#) dreifiblað 7.4.

### 3. Heimavinna – innlegg í umræður undirbúið

Kennarinn segir nemendum að þeir eigi að hefja næstu kennslustund með innleggi sínu. Hvaða lagadrög eru trúverðugust að þeirra áliti – og hvers vegna?

[☞](#) Í dreifibréfi 7.4 eru lykilsurningar varðandi mat á lögum og þar er einnig að finna leiðbeiningar um hvernig nemendur geta nýtt sér þessar spurningar og útskýrt hvaða tilgangi þær þjóna.

## 4. kennslustund

### Hvaða stjórnunarleið hentar vel í lýðræðislegu samfélagi?

#### Hvað er réttlátt og hvað skilar árangri?

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Álit/mat: forsendur vegnar og metnar.	
Markmið	Samspil lýðræðis, sanngirni og skilvirkni.	
Verkefni nemenda	Nemendur leggja mat á lagadrögin og útskýra rök sín.	
Efniviður og gögn	Taflan eða flettitafla.	
Aðferð	Kynningar, umræður.	
Tímaáætlun	1. Nemendur ræða niðurstöður sínar og kynna þær.	20 mín.
	2. Umræður.	10 mín.
	3. Niðurstaða.	10 mín.


#### Ábending

Nemendur ræða saman um niðurstöður sínar og setja fram yfirlýsingu sem allir eru sammála um („snjóboltakerfi“). Með þessu móti eiga allir nemendur hlut að máli í stað þess að hlustað sé á fáeina þeirra og meirihlutanum enginn gaumur gefinn.



## Lýsing á kennslustund

### 1. Nemendur ræða niðurstöður sínar og kynna þær

Kennarinn biður nemendur fyrst að kjósa um tiltekin lög (eða sitja hjá) með því að rétta upp hönd. Nemendur sem eru sömu skoðunar skipa sér í fjögurra eða fimm manna hópa. Þeir ræða niðurstöður sínar og setja fram yfirlýsingu. Síðan gera hóparnir stuttlega grein fyrir vali sínu (sjá  dreifiblað 7.4).

### 2. Umræður

Þegar nemendur eru búnir að kjósa um lögina eru þeir með mismunandi skoðanir á því hvernig líkön hópanna skuli metin. Í umræðunum fjalla þeir á gagnrýninn hátt um val hver annars.

Kennarinn stýrir umræðunum. Að umræðum loknum kjósa nemendur enn á ný. Hefur einhverjum hóp tekist að sannfæra annan? Kys meirihluti nemenda ein tiltekin lög?

### 3. Niðurstaða

Kennarinn útskýrir nú fyrir nemendum hvers vegna komast þurfi að niðurstöðu: nemendurnir sjái þá vangaveltur sínar og árangur þeirra í öðru ljósi og átti sig þannig á mikilvægi þeirra.

Kennarinn spyr einnar spurningar: að hvaða leyti er þessi dæmisaga um lítið íþróttafélag svipuð því sem á sér stað í stjórnmalum?

Nemendur deila hugleiðingum sínum hver með öðrum og með kennaranum. Kennarinn leggur við hlustir og bendir þeim á hvaða hugmyndir styðja hver aðra eða eru í mótsögn.

Kennarinn tekur saman helstu atriði umræðunnar og bendir enn fremur á eftirfarandi atriði:

Í stjórnmalum fara umræður um svo flókin málefni ekki fram á fræðilegum grunni heldur gagnýtum. Í samfélagi þarf að fara fram val – þar þarf lagasetning að skapa stjórnskipulegan ramma. Þannig að þegar ýmsir valkostir og möguleikar, með öllum sínum kostum og göllum, hafa verið skoðaðir, þá þarf að taka ákvörðun – best væri að öll atkvæði væru samhljóða, eða eins mikill meirihluti þeirra og unnt er. Í stjórnmalum samsvara umræður um slík málefni lagasetningarferli eða jafnvel stjórnarskrárákvörðun.

### Viðbót: rannsóknarverkefni

Í þessum kafla fengu nemendur í hendur líkan til að greina mikilvæg atriði í stjórnskipunar- og lagakerfinu og hafa bæði svarað spurningunni um hvernig það var byggt upp og hvernig það virkar í raun. Þeir gera könnun út frá eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða dæmi eru um meirihluta-/minnihlutamálefni hér á landi?
2. Dæmi: hvernig kveður stjórnarskráin og löggjöfin á um þetta tiltekna málefni?
3. Hvað finnst okkur um þá lausn?



# 3. hluti

**Stjórnmalapátttaka:  
pátttaka með tjáskiptum**

**8. kafli: Frelsi  
Pátttaka í opinberri umræðu  
Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna?**

**9. kafli: Fjölmiðlar  
Lýðræðispátttaka fyrir tilstuðlan fjölmiðla  
Framleiðendur og notendur fjölmiðlaefnis sem  
gæslumenn og „dagskrárstjórar“**



## **8. KAFLI**

### **FRELSI**

#### **Framhaldsskólastig**

### **Þátttaka í opinberri umræðu Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna?**

#### **8.1 Hvaða málefni eru áhugaverð fyrir okkur?**

Nemendur taka þátt í að skipuleggja rökræður

#### **8.2 Undirbúningur fyrir rökræðurnar**

Helstu yfirlýsingar og skipulag

#### **8.3 Við rökræðum – við tökum ákvarðanir – við skrifum fréttir**

Rökræður og ákvarðanatöku á opinberum vettvangi

#### **8.4 Ein umræða – ólík sjónarmið**

Nemendur velta rökræðunum fyrir sér



## 8. kafli

### Frelsi

# Pátttaka í opinberri umræðu Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna?

## Inngangur ætlaður kennurum

### Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna?

Sumum lesendum kann að finnast þessi spurning hljóma undarlega. Frelsi merkir, þegar öllu er á botninn hvolft, að við getum sagt og gert það sem okkur sýnist. Lýðræði er kerfi fyrir opin og frjáls samfélög. Okkur dettur eitthvað allt annað í hug þegar minnst er á strangar reglur – til dæmis einræði. Hver eru skilaboðin að baki þessari spurningu? Í stuttu máli sagt er frelsi náskýlt jafnrétti. Við njótum öll réttarins til frelsis en þurfum jöfn tækifæri til að geta nýtt okkur þann rétt – og þess vegna hafa verið settar reglur þar að lútandi. Í þessum kafla munu nemendur kynna mikilvægi þessarar meginreglu um lýðræðisþátttöku.

### Ástæða þess að lögð er áhersla á rökræður í þessum kafla

Þegar sem taka virkan þátt í lýðræði taka þátt í umræðum og rökræðum og þannig fá þeir notið réttarins til skoðana- og tjáningarfrelsis. Að færa rök fyrir máli sínu á opinberum vettvangi er færni sem hægt er að tileinka sér, þannig að þjálfar þarf nemendur í skólum. Þess vegna fá nemendur þjálfun í umræðutækni og þessi kafli tengist lykilhugtakinu frelsi. Tjáningar- og skoðanafrelsi er afar mikilvægt í þessu samhengi.

### Það sem nemendur gera í rökræðutímanum

Ellefu nemendur taka þátt í rökræðunum. Tvö fimm manna ræðulið, auk fundarstjóra. Hinir nemendurnir fylgjast með en eru einnig virkir þátttakendur. Þrjú teymi nemenda skrifa fréttagrein um fundinn sem þau síðan kynna fyrir bekknum í síðustu kennslustund kaflans. Aðrir nemendur eru í hlutverki áheyranda og þeir eiga að leggja mat á rökstuðninginn, finna út hvaða liði tekst að sannfæra þá og greiða liðinu sem þeir styðja atkvæði sitt. Eins og í stjórnámum sigrar sá aðili sem fær mestan stuðning.

### Hvað læra nemendur í þessum kafla?

Fylgt er ströngum reglum til að tryggja að allir fái jafn langan ræðutíma. Þannig mun fundarstjórinn grípa inn í ef einhver ætlar að tala lengur en áætlaður ræðutími leyfir. Þessi regla er nauðsynleg þar sem hún verndar tjáningarfrelsi allra ræðumanna – en innan strangra marka. Þetta er ástæða þess að frelsi þrífst ekki án strangra reglna (sjá undirfyrirsögn þessa kafla). Án þessarar meginreglu gæti ekkert lýðræðiskerfi þrífist né heldur myndu mannréttindi skipta fólki máli.

## Hlutverk kennarans í þessum kafla

Í þessum kafla fá nemendur nægan tíma til að vinna sjálfstætt að því að þjálfa umræðutækni sína og athyglisgáfu og einnig í því að axla ábyrgð á því sem þeir gera. Önnur, þriðja og fjórða kennslustund hefjast á framlagi nemenda. Þegar nemendur vinna hver fyrir sig er kennarinn í hlutverki þjálfara: hann fylgist með nemendum til að komast að því hvað þeir geta og á hvaða sviðum þarf að bæta um betur. Hann hjálpar þeim ef þeir biðja um aðstoð en má ekki að leysa verkefnið fyrir þá.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 8. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 8. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð að vissu marki í þessum kafla – til dæmis það að greina vandamál, leggja mat á hvaða áhrif reglur hafa og rannsaka hve mikilvægt er að bera persónulega ábyrgð.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt. Í þessu tilviki velur kennarinn nokkra kafla og tengir þá saman.



Kafli	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Bátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanatöku og athafnir	Viðhorf og gildi
8 Frelsi	Helstu yfirlýsingar tilgreindar Röksemdir tengdar og flokkaðar; ákvarðanatöku Útvalin túlkun fjölmiðla á raunveruleikanum tekin til greiningar	Umræður: stuttar og skýrar yfirlýsingar settar fram Bátttaka í teymisvinnu Fréttagrein skrifuð	Ákvörðun tekin með meirihluta atkvæða	Siðareglur um gagnkvæma viðurkenningu
2 Ábyrgð			Ábyrgð er jafnvel mikilvægari en reglur ef lýðræðið á að virka (2. og 7. kafli)	
7 Jafnrétti	Greining og lausn á vandamáli meirihlutans/minnihlutans			
5 Lög og reglur			Komið í veg fyrir að stöðugir hagsmunarárekstrar eigi sér stað með því að leggja drög að lögum og reglum	
6 Stjórnarfar og stjórnmal	Umræður um dagskrárliði og pólitíska ákvarðanatöku teknar til skoðunar		Tilgreint hvenær almennir borgarar geta haft afskipti af pólitísku ákvörðunarferli	
9 Fjölmiðlar	Útvalin túlkun fjölmiðla á raunveruleikanum tekin til greiningar	Fréttagrein skrifuð	Rýnt í upplýsingar sem birtast í fjölmiðlum	

## 8. KAFLI: Frelsi – þátttaka í opinberri umræðu Hvers vegna þrífst (mál)frelsi ekki án strangra reglna?

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslustund Hvaða málefni eru áhugaverð fyrir okkur? (3 vikum fyrr)	Að axla ábyrgð. Forsendur fyrir vali á málefni til að rökræða í bekknum: pólitískt gildi, hagsmunir nemenda, tengsl við reynsluheim og skilning nemenda.	Nemendur skiptast á hugmyndum og safna upplýsingum um málefni sem á að ræða.	☒ Dreifiblað 8.1. Upplýsingar úr fjölmiðlum. Persónuleg reynsla og niðurstöður. Flettitafla.	Teymisvinna.
2. kennslustund Undirbúningur fyrir rökræðurnar	Þátttaka: nemendur velja þátttakendur með atkvæðagreiðslu. Aðferðir og hæfni: teymisvinna.	Nemendur undirbúa sig fyrir rökræðurnar.	☒ Dreifiblað 8.2–8.5, 9.1. Upplýsingar úr fjölmiðlum. Æsifréttafla og vandað fréttablað, tímarit fyrir unglinga.	Hópvinna, samvinnunám.
3. kennslustund Við rökræðum – við tökum ákvarðanir – við skrifum fréttir.	Frjálsar umræður; rökræður við andmælanda; samvinna í teymi. Fylgst með skoðanaskiptum og mat lagt á þau.	Nemendur taka þátt í eða fylgjast með og hlusta á rökræður. Framhaldsverkefni fyrir hópana til að undirbúa sig fyrir ígrundunartímann.	☒ Dreifiblað 8.2–8.5, 9.1.	Rökræður. Hópvinna (atkvæðagreiðsla). Samantekt.
4. kennslustund Ein umræða – ólík sjónarmið	Greining og mat á sameiginlegri reynslu. Fjölmiðlar móta skilning okkar á raunveruleikanum. Reglurnar tryggja jöfn tækifæri til að njóta réttarins til frelsis.	Nemendur bera saman fréttir af rökræðunum. Nemendur velta eigin reynslu fyrir sér.	Fréttagreinar sem nemendur skrifa. 📄 Ítarefni fyrir kennara 9.1.	Kynningar. Umræður.

## 1. kennslustund

### Hvaða málefni eru áhugaverð fyrir okkur?

### Nemendur taka þátt í að skipuleggja rökræður

Athugið: Þessi kennslustund á sér stað þremur vikum fyrr en hinar.

<p>Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.</p> <p>Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.</p> <p>Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.</p> <p>Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.</p> <p>Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.</p>		
Hæfnipjálfun	Að bera ábyrgð; velja atriði og efni með því að setja sér ýmsar forsendur.	
Markmið	Skilyrði við val á efni til að rökræða í bekknum: pólitískt gildi, hagsmunir nemenda, tengsl við reynsluheim og skilning nemenda.	
Verkefni nemenda	Nemendur skiptast á hugmyndum og safna upplýsingum um málefni sem á að ræða.	
Efniviður og gögn	<p>Upplýsingar úr fjölmiðlum.</p> <p>Persónuleg reynsla og niðurstöður.</p> <p>Flettitafla á vegg til að sýna tillögur nemenda, ásamt gátlista (nöfn nemenda með reitum til að haka í).</p> <p>☞ Dreifiblað 8.</p>	
Aðferð	Teymisvinna.	
Tímaáætlun	Nemendur settir inn í viðfangsefnið.	15 mín.
	Kynning á verkefninu.	10 mín.
	Teymisvinna.	15 mín.
	Hlé milli 1. og 2. kennslustundar.	3 vikur

### Upplýsingar fyrir kennarann: hvers vegna þessi kennslustund fer fram þremur vikum fyrr

Þessi kennslustund fer fram þremur vikum fyrr en hinar til að gera nemendum kleift að undirbúa fyrirlestur fyrir 2. kennslustund og taka þátt í að skipuleggja rökræðurnar í 3. kennslustund. Í þessari kennslustund fer fram eins konar fyrirframskipulagning: nemendur safna fyrir fram þeim upplýsingum sem þeir þarfnast fyrir verkefni.

Þátttaka í að skipuleggja kennslustundir jafnast á við samfélagslega þátttöku. Virkur þjóðfélagsþegn er ávallt upplýstur þjóðfélagsþegn. Þannig sýnir fyrirframskipulagningin í þessum kafla hvernig hin almenna regla um lýðræðislega þátttöku virkar.

Fyrir framskipulagningin krefst þess að þriggja vikna hlé sé á milli fyrstu og annarrar kennslustundar. (Kennarinn þarf því að ákveða hvernig nýta skuli kennslustundirnar á þessu tímabili.) Fyrirframskipulagningin er tvískipt:

1. **áfangi** (tvær vikur): teymisvinna nemenda. Í lok 1. áfanga hafa öll teymin gert tillögu að umræðuefni sem þau telja áhugavert og viðeigandi. Þau afla upplýsinga fyrir bekkinn (ein blaðsíða).

Tíminn rennur út þegar 1. áfanga lýkur og 2. áfangi hefst.

2. **áfangi** (ein vika): undirbúningstími. Í lok 2. áfanga vita allir nemendur hvaða málefni koma til greina og hafa lesið allar upplýsingarnar um þau. Hver nemandi hefur valið eitt umræðuefni.

### Tímaáætlun fyrir fyrirframskipulagninguna

Kennslustundir	1. kennslustund		2. kennslustund
Verkefni nemenda	<b>1. áfangi:</b> Nemendur vinna að tillögum sínum um umræðuefni.		<b>2. áfangi:</b> Nemendur lesa upp tillögurnar.
Tímalína	1. vika	2. vika	3. vika
Tímamörk			

## Lýsing á kennslustund

### Undirbúningur fyrir kennslustundina

Fyrir skref 1, rökræður: kennarinn hefur raðað upp í stofunni eftir þörfum.

Fyrir skref 2.3, leiðbeiningar um verkefnið: kennarinn hefur sett tvö flettistöflublöð á vegginn í skólastofunni.

### 1. Nemendur fengnir til þátttöku

Undirbúningur: kennarinn gerir línu á gólfið með bandi sem er um það bil fimm metra langt. Nemendur þurfa nægjanlegt pláss til að geta staðið öðrum hvorum megin við línuna, andspænis hver öðrum. Ef skólastofan er of lítil eða nemendur of margir má færa þessa æfingu fram á gang.

Kennarinn biður nemendur að standa upp og mynda hring í kringum línuna. Síðan segir hann: „Öll börn ættu að vera einu ári lengur í skóla.“

Kennarinn biður nemendur að stilla sér upp öðrum hvorum megin við línuna – vinstra megin ef þeir eru sammála yfirlýsingunni, hægra megin ef þeir eru ósammála. Þeir fá nokkrar mínútur til að skiptast á skoðunum.

Kennarinn biður síðan hópana að rökstyðja mál sitt. Hafa skal nokkrar reglur í huga:

1. Hóparnir skulu rökstyðja mál sitt til skiptis.
2. Ekki má grípa fram í fyrir ræðumönnum.
3. Ræðumenn fá hálfu mínútu til að segja álit sitt.

Nemendur skiptast síðan á skoðunum líkt og í rökræðum. Að fimm mínútum loknum, eða fyrr ef annar hópurinn hefur ekki meira fram að færa, stöðvar kennarinn rökræðurnar og biður nemendur að fá sér sæti – best er að þetta fari fram í opnu rými til að auðvelda tjáskipti.

## 2. Kynning á verkefninu

### 2.1 Hvers vegna umræður eru mikilvægar fyrir þátttöku í lýðræði

Kennarinn vitnar í síðasta verkefni – rökræðurnar. Á stuttum tíma var skipst á ýmsum skoðunum. Nemendur mega segja álit sitt á þessu.

Kennarinn segir nemendum að þeir þurfi að öðlast meiri hæfni til að rökræða þar sem lýðræðislegar umræður fari almennt fram á þennan hátt. Fólk njóti þeirra mannréttinda að hafa skoðana- og tjáningarfrelsi en þurfi að geta nýtt sér það með því að vera fært um að rökstyðja mál sitt.

Kennarinn gengur úr skugga um að nemendur skilji og samþykki þessa skilgreiningu á verkefninu.

### 2.2 Útskýring: hvað er gott umræðuefni í rökræðum?

Kennarinn vísar til viðfangsefnisins – það var gott umræðuefni eins og nemendur leiddu í ljós. Hvað er gott umræðuefni í rökræðum?

Kennarinn hlustar á hugmyndir og tillögur nemenda og punktar þær niður á töfluna eða flettistöflu. Gera má ráð fyrir að þær séu í samræmi við forsendurnar fimm (3a–3e) á ~~3~~ dreifiblaði 8.1.

Kennarinn útskýrir að næstu rökræður verði áhugaverðari og að nemendum muni ganga betur þegar þeir ræða um efni sem þeir hafa sjálfir valið. Þeir megi því velja sér efni fyrir næstu kennslustund sem verður eftir þrjár vikur. Þangað til skuli þeir safna tillögum um umræðuefni fyrir rök-ræðufundinn. Bekkurinn velji síðan efni í næstu kennslustund.

Kennarinn afhendir ☞ dreifiblað 8.1 og minnir nemendur á forsendurnar sem þeir hafa stungið upp á og biður þá að bera þær saman við forsendur 3a–3e á dreifiblaðinu. Ef nemendur og kennari eru sammála um að breyta forsendunum skal gera það.

### 2.3 Leiðbeiningar: hugmyndunum safnað saman á flettistöfluna

Kennarinn gengur að flettistöflunni og biður nemendur að lesa ☞ dreifiblað 8.1 á meðan hann teiknar upp eftirfarandi töflu:

Hvað er gott umræðuefni?			
Daglegt líf eða lífið í skólanum	Félagsleg eða menningarleg málefni	Pólitísk málefni	Önnur málefni

Þegar nemendur hafa lesið dreifiblaðið bendir kennarinn þeim á flettistöfluna. Málefnið sem nemendur ræddu um í upphafi tímans var af pólitískum toga – hvernig menntun skuli skipulögð í landinu. En önnur mál eru einnig áhugaverð:

- Pólitísk málefni.
- Félagsleg málefni.
- Málefni sem koma upp í skólanum eða daglegu lífi.
- Önnur málefni – allar aðrar hugmyndir.

Nemendur geta annaðhvort byggt á eigin reynslu eða því sem þeir vita um pólitíska umræðu líðandi stundar eða þeir geta leitað sér upplýsinga.

Á þessu stigi ættu nemendur að vera með nokkur dæmi á takteinum. Kennarinn hvetur þá til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Ef það reynist þeim erfitt getur kennarinn aðstoðað með eftirfarandi dæmum:

- *Daglegt líf eða lífið í skólanum:* „Bílar gera meiri skaða en gagn.“
- *Félagsleg eða menningarleg málefni:* „Sjónvarpið gegnir jákvæðu hlutverki í samfélaginu.“ (Eða: netið, farsímar, o.s.frv.)
- *Pólitísk málefni:* „Koma skal eins fram við konur og karla.“

### 2.4 Leiðbeiningar: fylgst með tímamörkum

Að lokum útskýrir kennarinn ástæðu þess að sett séu tímamörk. Til að allir eigi þess kost að lesa gögnin eru sett tímamörk – fimm skóladögum áður en fyrsta kennslustund hefst. Nemendum skal vera ljóst að þeir eigi að velja umræðuefnið og að þeir verði að hafa lesið gögnin áður. Að öðrum kosti getur lýðræðisleg atkvæðagreiðsla ekki farið fram þar sem skipuleggja þarf tímann vel og ljúka þessu í kennslustundinni. Enginn tími gefst til að lesa gögnin í kennslustundinni.

Kennarinn segir nemendum hvar þeir eigi að afhenda minnisblaðið sitt og gögnin.

Loks bendir hann þeim á að mikilvægt sé að þeir geri upp hug sinn og ákveði hvaða málefni verði fyrir valinu.

## 3. Teymisvinna

Nemendur mynda teymi og vinna sjálfstætt samkvæmt leiðbeiningunum sem eru á dreifiblaðinu og gefnar voru í tímanum. Þeir skipuleggja heimavinnuna sína.

## 2. kennslustund

### Undirbúningur fyrir rökræðurnar

#### Helstu yfirlýsingar og skipulag

Athugið: Þessi kennslustund á sér stað þremur vikum fyrr en hinar.

<p>Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna. Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.</p> <p>Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.</p> <p>Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.</p> <p>Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.</p> <p>Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.</p>	
Hæfnipjálfun	<p>Bátttaka: nemendur velja bátttakendur með atkvæðagreiðslu.</p> <p>Aðferðir og hæfni: teymisvinna.</p>
Markmið	
Verkefni nemenda	Nemendur undirbúa sig fyrir rökræðurnar.
Efniviður og gögn	<p>☞ Dreifiblað 8.2–8.5, 9.1. Upplýsingar úr fjölmiðlum.</p> <p>Æsifréttablað og vandað fréttablað, tímarit fyrir unglinga.</p>
Aðferð	Hópvinna, samvinnunám.
Tímaáætlun	1. Nemendur velja sér efni. 10 mín.
	2. Skipt í hópa fyrir rökræðurnar. 10 mín.
	3. Hópvinna. 20 mín.

#### Ábendingar

Kaflinn samanstendur af tveimur viðfangsefnum: 1. nemendur velja sér umræðuefni, og 2. nemendur skipa sér í hópa og búa sig undir rökræðurnar, hver í sínu hlutverki: liðin eru tvö („meðmælendur“, eða þeir sem styðja málefnið og „andmælendur“, eða þeir sem eru á móti því).

Nota ætti mestan hluta tímans í að undirbúa rökræðurnar. Því er mikilvægt að atkvæðagreiðslan gangi hratt og vel fyrir sig.

Það væri spennandi reynsla fyrir teymin sem skrifa fréttagreinarnar að sjá þær birtar í alvöru dagblaði. Kennarinn getur bent þeim á það. Ef nemendur eru sammála hjálpar kennarinn þeim að finna út hvernig fá skuli grein birta í dagblaði.

### 1. Nemendur velja málefni


Kennarinn tekur að sér fundarstjórn í fyrstu kennslustundinni. Fyrst þakkar hann nemendum fyrir að hafa lagt fram margar áhugaverðar hugmyndir. Síðan útskýrir hann verklagið.

Gengið er út frá því að nemendur hafi kynnt sér þær hugmyndir og gögn sem samnemendur þeirra hafa lagt fram og valið málefni sem þeim finnst að taka eigi til umræðu. Tveir nemendur geta séð um atkvæðagreiðsluna. Annar þeirra spyr hvern og einn hvað hann hafi valið. Hinn gerir lista yfir

málefnið á töfluna og merkir við þau sem nefnd eru oftast en einu sinni. Síðan er málefnumum raðað upp og bekkurinn velur eitt af þeim þremur efstu með meirihluta atkvæða. Vinsælasta málefnið er síðan tekið til umræðu.


## 2. Skipt í hópa fyrir rökræðurnar

Kennarinn tilkynnir nemendum að nú eigi þeir að undirbúa sig fyrir rökræðurnar. Fylgt er ákveðnum reglum og nemendur mynda hópa og lið sem gegna ýmsum hlutverkum.

Nemendur fá  dreifiblað 8.2 afhent og lesa það í hljóði. Þeir spyrja um það sem þeir þarfnast frekari skýringa á og best er að aðrir nemendur svari, að öðrum kosti svarar kennarinn. Nemendur þurfa að átta sig á þeim hlutverkum sem liðin gegna.


Nemendur fylgja öðru hvoru liðinu. Þessi tafla sýnir hópana sem taka þátt í rökræðunum og hvaða dreifiblöð þeir þurfa að fá. Ræðuliðin ættu að vera með einn varamann ef einhver liðsmaður forfallast daginn sem rökræðurnar fara fram.

Áheyrendur kjósa tvo fundarstjóra og þeir skipta fundarstjórninni á milli sín. Ef annar þeirra forfallast gegnir hinn líka starfi hans.


Hópur	Fjöldi aðila (+ varamenn)	 Dreifiblað nr.
Ræðulið nr. 1 („meðmælendur“)	5 (+1)	8.3
Ræðulið nr. 2 („andmælendur“)	5 (+1)	8.3
Fyrsti og annar fundarstjóri	2	8.2, 8.4, 8.5
Blaðamannateymi (vandað fréttablað, æsifréttablað, tímarit fyrir unglunga)	3 x 2	8.6, 9.1
Áheyrendur	Allir aðrir nemendur	8.5

Best er að gera dálka á töfluna eða á tvö flettistöflublöð. Nemendur skrifa síðan nöfn sín undir þann hóp sem þeir völdu. Ef of margir eru í komnir í tiltekinn hóp ákveða kennarinn og nemendur í samningu hvernig það vandamál skuli leyst. Það er vandamál *nemenda*, ekki kennarans. Reynslan hefur sýnt að nemendur eru samvinnufúsir og að hægt sé að mynda hópana á skömmum tíma og þannig að nemendur séu sáttir.

## 3 Undirbúningur fyrir rökræðurnar

Hóparnir fá afrit af  dreifiblaði 8.3 (ræðulið), 8.5 (áheyrendur) og 8.6 (blaðamenn). Þeir nota seinni hluta kennslustundarinnar til að skipuleggja það sem þeir ætla að gera og taka að sér heimavinnu ef þörf krefur. Kennarinn er í hlutverki áheyrnaraðila og þjálfara. Hann kemur ekki nálægt hópunum, les ekki það sem nemendur hafa skrifað eða tekur þátt í vinnu þeirra á neinn hátt. Ef hópana vantar aðstoð snúa þeir sér til kennarans. Ef ekki, þá er þeim frjálst að gera það sem þeir telja réttast og bera ábyrgð á því. Reynslan hefur leitt í ljós að nemendur kunna að meta það traust sem þeim er sýnt; það er þeim mikil hvatning og eykur þeim kjark.

Kennarinn afhendir blaðamönnunum eintak af sams konar blaði og þeir hafa valið sér – æsifréttablaði, vönduðu fréttablaði eða tímariti fyrir unglunga. Það gefur þeim hugmynd um hvernig viðkomandi blað er, hverjir lesa það og hvernig setja skuli efnið fram.

Ef hægt er biður kennarinn nemendur að raða borðum og stólum fyrir rökræðurnar í næsta tíma eins og lýst er á  dreifiblaði 8.2.



### 3. kennslustund

#### Við rökræðum – við tókum ákvarðanir – við skrifum fréttir

#### Rökræður og ákvarðanatöku á opinberum vettvangi

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Frjálsar umræður; rökræður við andmælanda; hópvinna Fylgst með skoðanaskiptum og mat lagt á þau.						
Markmið	Tenging við efnið sem verið er að ræða.						
Verkefni nemenda							
Efniviður og gögn	Nemendur taka þátt í, eða fylgjast með og hlusta á rökræður. Framhaldsverkefni fyrir hópana til að undirbúa sig fyrir ígrundunar-tímamann.						
Aðferð	☞ Dreifiblað 8.2–8,5, 9.1.						
Tímaáætlun	<table border="1"> <tr> <td>1. Rökræðurnar.</td> <td>25 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. Atkvæðagreiðsla.</td> <td>10 mín.</td> </tr> <tr> <td>3. Heimavinna: innlegg til íhugunar.</td> <td>5 mín.</td> </tr> </table>	1. Rökræðurnar.	25 mín.	2. Atkvæðagreiðsla.	10 mín.	3. Heimavinna: innlegg til íhugunar.	5 mín.
1. Rökræðurnar.	25 mín.						
2. Atkvæðagreiðsla.	10 mín.						
3. Heimavinna: innlegg til íhugunar.	5 mín.						

#### Ábendingar

Í þessari kennslustund fara rökræðurnar fram, en þær eru aðalviðfangsefni kaflans. Tilgangurinn með hinum ítarlega undirbúningi í síðustu kennslustund var sá að nemendur fengju nægilegt sjálfstraust til að gegna hlutverkum sínum.

Fundarstjórnarnir stjórna umræðunum og sjá um atkvæðagreiðslu á fundinum. Kennarinn tekur til máls í upphafi og í lok tímans en er fyrst og fremst í hlutverki áheyrnaraðila.

Á ☞ dreifiblöðunum eru reglur og leiðbeiningar um þau hlutverk sem nemendur eiga að gegna. Verkefnatengt nám fer almennt fram á eftirfarandi hátt: kennslustundin er mjög vel skipulögð, ýmis verkefni eru unnin og reglum og tímaáætlun nákvæmlega fylgt en kennarinn leggur nánast ekkert til málanna. Engu að síður eru þau markmið sem kennarinn hefur í huga höfð að leiðarljósi allan tímann – enn meiri áhersla er jafnvel lögð á þau en í kennaramiðaðri kennslu þar sem nemendurnir eru nú við stjórnvölinn.

## Lýsing á kennslustund

Á ~~3~~ dreifiblaði 8.4 (Minnisblað fyrir fundarstjóra) eru nákvæmar upplýsingar um hvernig rökræður og atkvæðagreiðsla fara fram. Því þarf aðeins að lýsa þessum atriðum stuttlega.

### 1. Rökræðurnar

Kennarinn gerir grein fyrir dagskránni: fyrst fara fram rökræður, síðan atkvæðagreiðsla og samantekt. Ef þörf krefur biður kennarinn nemendur að raða borðum og stólum í samræmi við lýsinguna á ~~3~~ dreifiblaði 8.2.

Síðan tekur fyrsti fundarstjóri við stjórninni. Nemendur skipa sér í sæti sem ræðulið, fundarstjórar, áheyrendur og blaðamenn. Kennarinn sest niður á meðal áheyrenda, helst í öftustu röð. Nemendur ættu ekki að leita eftir augnsambandi við kennarann heldur horfa frekar hver á annan. Þeir leika sín hlutverk og kennarinn hlustar.

### 2. Atkvæðagreiðsla

Annar fundarstjóri sér um almennar umræður og atkvæðagreiðslu. Kennarinn lætur sig hverfa úr áheyrendahópnum og fylgist með nemendum úr fjarlægð. Ræðuliðin og blaðamennirnir hlusta á nemendurna í áheyrendahópnum ræða saman fyrir atkvæðagreiðsluna.

Að fimm mínútum liðnum segir fundarstjórinn umræðum lokið og stýrir atkvæðagreiðslunni. Þegar niðurstöður atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir tekur kennarinn við.

### 3. Heimavinna: innlegg í næsta tíma (4. kennslustund)

Kennarinn þakkar fundarstjórunum fyrir að hafa borið hitann og þungann af kennslustundinni. Hann þakkar einnig nemendum fyrir þátttökuna og hrósar þeim eftir atvikum. Engin gagnrýni skal sett fram á þessum tímamarki. Kennarinn segir nemendum að í fjórðu kennslustund gefist tækifæri til að fjalla nánar um rökræðurnar og atkvæðagreiðsluna og ígrunda það sem fram hefur farið.

Hann segir að allir nemendur, að blaðamönnum undanskildum, eigi að velta fyrir sér eigin tilfinningum, hughrifum og skoðunum gagnvart rökræðunum sem fram fóru, sem og eftirfarandi umræðum og atkvæðagreiðslu, og undirbúa stutt innlegg fyrir næsta tíma með áherslu á eftirtaldar lykilsurningar:

1. Segið skoðun ykkar á málefnum sem rökrætt var um. Útskýrið hvaða rök urðu til þess að sannfæra ykkur og móta skoðun ykkar.
2. Lýsið álit ykkar á því hvaða áhrif reglunnar, einkum einnar mínútu tímamörkin, höfðu á rökræðurnar.

Blaðamannateymin þurfa að skrifa fréttagreinina sína og því ætti ekki að úthluta þeim þessu verkefni í ofanálag. Kennarinn kallar á nemendurna sex til að ákveða hvernig fréttagreinum þeirra verði komið á framfæri – með því að festa tvö eða þrjú afrit á vegginn eða með því að afhenda hverjum og einum eintak.

## 4. kennslustund

### Ein umræða – ólík sjónarmið

#### Nemendur velta rökræðunum fyrir sér

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.


Hæfniþjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfniþjálfun	Greining og mat á sameiginlegri reynslu.
Markmið	Fjölmiðlar móta skilning okkar á raunveruleikanum. Reglurnar tryggja jöfn tækifæri til að njóta réttarins til frelsis.
Verkefni nemenda	Nemendur bera saman fréttir af rökræðunum. Nemendur velta eigin reynslu af rökræðunum fyrir sér.
Efniviður og gögn	Fréttagreinar sem nemendur skrifa.  Ítarefni fyrir kennara 9.1.
Aðferð	Kynningar. Umræður.
Tímaáætlun	1. Þrjár nýjar fréttagreinar og umræður. 15 mín.
	2. Ígrundun: hvaða áhrif höfðu reglurnar á rökræðurnar? 15 mín.
	3. Samantekt. 10 mín.

#### Ábendingar

Nemendur velta kennslustundinni fyrir sér út frá tveimur sjónarhornum; annars vegar því efni sem rætt var um og hins vegar reglunum. Þeir kunna að hafa áhuga á einu sjónarmiði umfram annað og breyta má áherslum í samræmi við það og gefa einu atriði meiri tíma en öðrum.

Í samantektinni fá nemendur tækifæri til að segja álit sitt á kaflanum almennt.

Þeir hafa undirbúið innlegg svo að allir fá tækifæri til að leggja eitthvað til málanna. Kennarinn ætti því að gefa nemendum nægan tíma til að tjá sig. Líklegt er að öll kennslustundin fari í þetta (sjá lykilsurningarnar sem nemendur nota til grundvallar innleggi sínu). Kennarinn leiðir kennslustundina og segir nokkur orð til að draga saman umræðurnar.

## Lýsing á kennslustund

### Dagskrá tímans kynnt

Kennarinn kynnir dagskrána og bendir á að um sé að ræða lykilspurningarnar í heimaverkefni nemenda. Ef nemendur eru sammála og vilja ekki að lögð sé áhersla á eitthvert einstakt atriði kynnir kennarinn fyrsta áfanga tímans.

### 1. Þrjár fréttagreinar og umræður

Kennarinn tilkynnir að blaðamannateymin þrjú kynni nú fréttagreinar sínar. Nemendur eiga að leggja við hlustir og bera saman fréttaplutninginn þar sem blaðamennirnir starfa við ólík blöð. Við samanburðinn þurfa nemendur að vera viðbúinir því að skrifa niður punkta. Kennarinn útskýrir verkefnið með því að teikna einfalda töflu á töfluna eða flettitöflu:


Fréttagrein	Nr. 1	Nr. 2	Nr. 3
Mál og stíll			
...			
...			
...			
Mat			

Kennarinn vísar eingöngu til fréttagreinnanna með númerum og lætur nemendur um að kynna sitt efni.

Hægt er að bera saman mál og stíl greinanna og nemendum er frjálst að gera athugasemdir við hvað annað sem þeir vilja. Ef þeir eru hrifnastir af einni tiltekinni fréttagrein eiga þeir að gera grein fyrir ástæðunni.

Kennarinn gengur úr skugga um að nemendur þurfi ekki að spyrja fleiri spurninga um verkefni sitt og gefur blaðamannateymunum orðið. Blaðamannateymin flytja fréttapistla sína hvert á eftir öðru, án nokkurra umræðna eða athugasemda.

Síðan leggja nemendur sitt til málanna. Kennarinn hlustar og hvetur þá til að útskýra út frá hverju þeir gengu við samanburð sinn og mat á greinunum.

Kennarinn dregur saman umræðuna með því að benda á eitt lykilatriði: blaðamannateymin þrjú voru viðstödd sama viðburðinn en samt eru þær myndir sem þau draga upp fyrir lesendur töluvert ólíkar. Þetta sýnir að fjölmiðlar flytja öllum þeim sem ekki voru staddir á viðburðinum raunverulegar fréttir. En við flutning raunverulegra fréttu endurskapa þeir þær – þeir velja og varpa ljósi á sum atriði en sleppa eða leggja minni áherslu á önnur. Kennarinn getur vísað til tiltekinna atriða úr fréttagreininum eða úr innleggi nemenda til að sýna fram á það (sjá  ítarefni fyrir kennara 9.1).

### 2. Ígrundun: hvaða áhrif höfðu reglurnar á rökræðurnar?

Kennarinn biður aftur um innlegg frá nemendum. Kennarinn og nemendur leggja við hlustir. Gera má ráð fyrir gagnrýnum athugasemdum (tímamörkin eru „ólýðræðisleg“, þau skerða tjáningarfrelsið), en aðrir nemendur virða reglurnar.

Meðan á umræðum stendur getur kennarinn beðið gagnrýnisraddirnar meðal nemenda að íhuga hvaða áhrif það hefði ef engin tímamörk væru sett. Þeir nemendur átta sig þá á því að umræðan yrði lengri og að lengd kennslustundarinnar setji algjör tímamörk; með reglunum sé því tekið mið

af raunveruleikanum og þess gætt að þeim tíma sem er til ráðstöfunar sé skipt á sanngjarnan hátt, þó að naumt sé skammtað. Ræðumennirnir ættu að geta þess hvernig þeim gekk að laga sig að tímamörkunum: tókst þeim að beina athyglinni að meginatriðunum?

### 3. Samantekt

Nú segja nemendur álit sitt almennt.

Kennarinn ætti ekki að gera tilraun til að réttlæta hlutverk sitt eða kveða niður gagnrýnisraddir. Þar sem nemendur hafa tekið fullan þátt í kennslustundinni og borið ábyrgð á því sem fram fór, þá er það sem vel hefur gengið og miður farið ekki síður þeirra mál en kennarans. Kennarinn ætti að benda nemendum á það ef þeir hafa ekki áttað sig á því.

Ef nemendur höfðu gaman af rökræðunum getur kennarinn lagt til að stofnað verði málfundafélag. Þar mætti ræða einhver af þeim málefnum sem nemendur lögðu til að yrðu rædd. Á netinu er mikið af góðu efni fyrir bæði kennara og nemendur sem hafa áhuga á rökræðum.

## Ítarefni fyrir kennara 8.1

### Ástæða þess að frelsi er háð lögum og reglum

#### Námsefni þessa kafla

##### Samvirkni og tímaskortur

Dýrmætasta auðlindin í öllu námi og kennslu, og í lífinu almennt, er tíminn. Sem fagmenn þurfa kennarar stöðugt að leita svara við þeirri spurningu hvernig kennslustundunum sé best varið – og í gagnvirku námi eru það nemendur sem þurfa að gera það. Fyrirframskipulagning þessa kafla mun aðeins skila árangri ef þeir sýna þá ábyrgð að nýta vel tímann sem þeir fá til að lesa upplýsingaefnið – fyrir fyrstu kennslustundina. Í fyrstu kennslustundinni er aðeins hægt að gefa hópnum fjórum tíu mínútur til að velja sér málefni fyrir rökræðurnar. Ef þeir hafa ekki kynnt sér efnið fyrir tímann er úr færri góðum hugmyndum að velja í bekknum – þetta er dæmi um það hversu háð við erum hvert öðru (samvirkni).

##### Strangar reglur vernda tjáningarfrelsi

Rökræður verða að fara fram innan tiltekinna tímamarka. Allir ræðumenn njóta sama hugsana- og tjáningarfrelsis. Þess vegna verður að skipta ræðutímanum á sanngjarnan hátt – það er að segja jafnt, hver yfirlýsing fær eina mínútu. Það virðist mótsagnakennt að strangar reglur þurfi til að vernda persónufrelsi okkar. Tímamörkin virka á tvo vegu: annars vegar fá ræðumenn úthlutað tilteknum og sanngjörnum ræðutíma; hins vegar takmarka þau tíma hvers og eins svo að allir verða að undirbúa vel hvað þeir ætla að segja. Þeir verða að einbeita sér að lykilatridum, sleppa öllu sem minna máli skiptir og flytja mál sitt á skýrt og hnitmiðað.

##### Frelsi og reglur

Frelsi nemenda til aðgerða og tjáningar lýtur tilteknum reglum og takmarkast af tveimur atriðum. Í fyrsta lagi þeim tíma sem er til ráðstöfunar – kennslustundirnar eru um 40 mínútna langar og rökræðurnar verða að fara fram í einni kennslustund en mega ekki taka meira en 20 mínútur því að einnig þarf að gera annað í kennslustundinni. Í öðru lagi fær hver ræðumaður sanngjarnan en vel afmarkaðan ræðutíma samkvæmt reglunum, það er eina mínútu fyrir hverja yfirlýsingu. Regluverk felur m.a. í sér skipulag – við búum við tímaskort allt okkar líf – og pólitískan ramma, gerðan af mönnum: reglur mynda regluverk og án þeirra gætum við ekki notið frelsis okkar nema brjóta á rétti annarra. Naumur tími er óviðráðanlegur en hægt er að semja um reglur.

##### Skólinn er eins og lífið

Samspil frelsis og regluverks, sem á rætur að rekja til almenns tímaskorts, á sér stað í skólum og einnig í daglegu lífi. Í bókstaflegum skilningi má segja að skólinn sé eins og lífið.

## **9. KAFLI FJÖLMIÐLAR Framhaldsskólastig**

### **Lýðræðispátttaka fyrir tilstuðlan fjölmiðla Framleiðendur og notendur fjölmiðlaefnis sem gæslumenn og „dagskrárstjórar“**

#### **9.1 Við erum gæslumennirnir!**

Við ákveðum hvað við viljum lesa

#### **9.2 og 9.3 Við erum gæslumennirnir!**

Við ákveðum hvaða fréttum lesendur geta valið úr

#### **9.4 Stjórnnum við fjölmiðlunum – eða stjórna fjölmiðlarnir okkur?**

Fjölmiðlarnir – samskipta- og valdatæki





## 9. KAFLI FJÖLMIÐLAR Lýðræðispátttaka fyrir tilstuðlan fjölmiðla

### Inngangur ætlaður kennurum

#### 1. Lýðræðispátttaka fyrir tilstuðlan fjölmiðla

Þjóðfélagsleg og pólitísk pátttaka er fyrst og fremst fólgin í því að hafa samskipti við annað fólk – að taka á móti og miðla upplýsingum í gegnum fjölmiðla. Þjóðfélagsþegnar sem ekki geta haft samskipti í gegnum fjölmiðla geta hvorki tekið þátt í samfélaginu né stjórnámálum.

Fjölmiðlar bjóða upp á ýmiss konar samskipti og veita meiri upplýsingar en nokkru sinni fyrr, en þeir stjórna því einnig út á hvað samskiptin ganga og hvernig þau fara fram. Við lifum í fjölmiðlaheimi. Nútímasamskipti sem fara fram í fjölmiðlum og stýrt er af fjölmiðlum eru hverjum og einum áskorun.


Annars vegar bjóða fjölmiðlar upp á spennandi tækifæri fyrir þá sem hafa miðlalæsi á valdi sínu og geta því metið fjölmiðlana á gagnrýnninn og markvissan hátt og ráða við mikið magn upplýsinga af ýmsum gerðum og gæðum.

Hins vegar útiloka fjölmiðlar alla þá sem hafa ekki ráð á að kaupa þá, eða kunna ekki að nota þá eða leggja mat á gæði upplýsinga.

#### 2. Miðlalæsi – hæfni sem er lykilatriði í MLB/MRM

Segja má að miðlalæsi sé jafnvel *grundvallarhæfnin* í MLB/MRM. Kennsla í mannréttindum tengist beinlínis miðlalæsi. Frjáls fjölmiðlun og rétturinn til frjáls aðgengis að upplýsingum er háður því að fólk geti nýtt sér þessi réttindi. Það hve fólk er misjafnlega á vegi statt varðandi miðlalæsi skapar þess vegna nýtilkomin og ójöfn tækifæri og nýjan veruleika sem fólk ýmist tekur þátt í eða er útilokað frá.

Í þessum kafla er reynt að opna augu nemenda fyrir því hve mikilvægt er að vera læs á fjölmiðla og ýmsa aðra miðla. Nemendur upplifa hvernig hugmyndir okkar um umheiminn verða til í gegnum fjölmiðla – bæði sem framleiðendur og notendur fjölmiðlaefnis. Báðir aðilar eru á sinn hátt gæslumenn og „dagskrárstjórar“, þannig að hugmyndir okkar um heiminn, einkum þó stjórn málin, mótast af þeim skilaboðum sem fólgin eru í því fjölmiðlaefni sem á vegi okkar verður; efni sem farið hefur í gegnum tvær síur – val framleiðenda og val okkar sem neytenda.

Í kaflanum er lögð áhersla á eitt afar mikilvægt atriði viðvíkjandi fjölmiðlalæsi: allt fjölmiðlaefni er búið til. Hægt er að beita ýmsum þverfaglegum kennsluaðferðum, til dæmis í tungumálakennslu, til að rannsaka og greina hið sérstaka tungutak sem notað er í fjölmiðlum (sjá  ítarefni fyrir kennara 9A – Að vita að hverju skal leita, nr. 1 og 2).

### 3. Yfirlit yfir kaflann

Í þessum kafla er sjónum beint að því hvernig gæsluhlutverki og dagskrársetningu fjölmiðla er háttað. Nemendur kynnst bæði sjónarmiðum notenda og framleiðenda fjölmiðlaefnis með því að setja sig í spor þeirra.

1. kennslustund: Við erum gæslumennirnir! Við ákveðum hvað við viljum lesa.
2. og 3. kennslustund: Við erum gæslumennirnir! Við ákveðum hvaða fréttum lesendur geta valið úr.
4. kennslustund: Stjórnnum við fjölmiðlunum – eða stjórn fjölmiðlarnir okkur? Vangaveltur.

Í fyrstu kennslustundinni gera nemendur sér grein fyrir hlutverki sínu sem eigin gæslumenn. Þeir velja á milli tveggja mismunandi dagblaða og taka tiltekið efni fram yfir annað. Þannig nýta þeir þau mannréttindi sín að hafa frjálst val og frjálst aðgengi að upplýsingum.

Í annarri og þriðju kennslustund fer svo meginverkefnið fram en þá búa nemendur til veggfréttablað. Nú gegna þeir aftur hlutverki gæslumanna, í þetta skipti sem framleiðendur en ekki viðtakendur. Þeir njóta þeirra mannréttinda að vera blaðamenn sem er frjálst að senda frá sér óritskoðað efni.

Í fjórðu kennslustund velta þeir efnisvali sínu fyrir sér og ræða um vald fjölmiðla – bæði sem samskipta- og valdatækis. Þeir gera sér einnig grein fyrir því að hve miklu leyti heimsmynd okkar er tilbúningur, mótuð af bæði framleiðendum og viðtakendum fjölmiðlaefnis.

### 4. Hugsmíðanám og kennsla

Í þessum kafla gefst nemendum tími og tóm til hugsmíðanáms. Þegar um fjölmiðla er að ræða má segja að hugsmíðanám samsvari beinlínis framleiðslu fjölmiðlaefnis til birtingar. Fjölmiðlaefni er sett fram af einhverjum sem hefur sérstaka hagsmuni og ætlunarverk í huga („að segja frá eða selja“), og af notandanum.

Kennarinn útskýrir hvað felst í hugtökunum gæsluhlutverk, dagskrársetning, fjölmiðlamenning, frjáls fjölmiðlun og frjálst aðgengi að upplýsingum og setur þau í samhengi við hugsmíðanám (sjá töfluna með lykilhugtökunum hér að neðan).

### 5. Val á miðli

Í þessum kafla er lögð áhersla á hefðbundna prentmiðla, dagblöðin, en það er yfirleitt ekki sá miðill sem ungt fólk velur fyrst. Hver er þá tilgangurinn með því að láta nemendur lesa og búa til dagblað í þessum kafla?

1. Fyrsta ástæðan er nærtæk. Efnið sem þarf til að kynna sér dagblöð og framleiða einfalt fréttablað til að hengja á vegg er hvarvetna aðgengilegt og kostar ekki mikið.
2. Frá kennslufræðilegu sjónarmiði hentar einfalt dæmi vel til að kenna nemendum svoltið í miðlalæsi. Með því að handskrifa texta og klippa, líma og teikna, komast nemendur í snertingu við frumþættina í gerð fjölmiðlaefnis. En jafnvel við framleiðslu á einföldu veggfréttablaði er gæsluhlutverk ritstjórnanna þegar fyrir hendi, sem og sú meginregla að búin sé til mynd af raunveruleikanum/umheiminum í fréttaefninu.
3. Þessir grunnþættir eru vissulega einnig til staðar í hvaða miðli sem er – útvarpi, sjónvarpi, ljósmyndum af öllum gerðum, netsamskiptum, smáskilaboðum, o.s.frv. En allir þessir miðlar gera ekki einungis meiri kröfur til heimilda og flóknari aðferða í framleiðslu sinni, heldur einnig til greiningar á miðlum eða afbyggingar.

4. Að láta nemendur vinna að fréttablaði er í takt við meginregluna um vefjunámsefni (spiral curriculum) sem fylgt er í þessari bók. Verkefnið sem nemendur leysa í þessum kafla svarar til verkefnisins í 7. kafla III. bindis, *Lifað í lýðræði*, fyrir efri bekki grunnskóla. Munurinn á köflunum er einungis fólgin í því að tekið er mið af því á hvaða námsstigi nemendur eru.

## Lykilhugtök

### Gæsluhlutverk

Einungis lítið brot af því efni sem blaðamenn fá daglega í hendur endar á prenti. Blaðamennirnir síá út það sem ekki er hægt að birta. Eitt af þeim skilyrðum sem höfð eru að leiðarljósi er hvort efnið sé frétt næmt – er það mikilvægt eða nógu áhugavert? Annað atriði er einfaldlega hvort pláss sé fyrir það. Hið þriðja er síðan hlutfallið sem lesendur gera sér væntingar um – á milli upplýsinga og afþreyingar, milli stjórnmála, viðskipta, iþróttar, fréttar af frægu fólki, o.s.frv.


En lesandinn síar einnig mikið frá af því efni sem í blaðinu er. Við vitum öll að við veljum yfirleitt nokkrar greinar og pistla og hendum síðan blaðinu eftir að hafa einungis lesið 5–10% af efni þess.

Þetta gæsluhlutverk á einnig við um aðra miðla – sjónvarp og útvarp, netið og bækur.

### Dagskrársetning

Fréttaritstjórar hafa mikil áhrif á hina pólitísku dagskrársetningu. Þegar almenningi eru fluttar fréttir af tilteknum vandamálum og hneykslismálum komast þau í almenna umræðu og stefnumótandi aðilar verða oft að bregðast við því á einhvern hátt. Hér verða lesendur aftur að gegna sínu hlutverki – hvernig bregðast þeir við þeim málefnum sem fjallað er um?


### Miðlamenning

Við lifum í miðla- og fjölmiðlaheimi (sjá  ítarefni fyrir kennara 9A). Á undanförunum áratug hafa samskipti og upplýsingamiðlun um netið verið að þróast, ásamt farsímatækninni, en hvort tveggja höfðar mjög til yngri kynslóðarinnar. Auk þess hefur hnattvæðingin átt sinn þátt í aukinni notkun hvers konar miðla. Fréttarefni byggist ekki lengur á texta heldur einnig myndefni og það hefur haft mikil áhrif á samskipti og lestrarvenjur.

### Frjálst aðgengi að upplýsingum og frjálst fjölmiðlun

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. mgr. 10. greinar (sjá  dreifiblað 2.6)

„Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. ...“

Sjá einnig Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, 19. grein ( dreifiblað 2.5).

Bæði framleiðendur og notendur fjölmiðlaefnis njóta grundvallarmannréttinda. Það er ritskoðun á þessum réttindum sem skilur á milli einræðis og lýðræðis. Þetta frelsi ásamt tæknibyltingunni sem við höfum orðið vitni að með tilkomu tölvunnar og netsins hafa skapað þá fjölmiðlamenningu sem við búum við í dag. Þessi reynsla er tvíræð og dæmigerð fyrir þróun nútímavæðingar: ef við náum tökum á möguleikunum, þá græðum við; ef við stöndumst ekki kröfurnar, þá töpum við. Þess vegna er miðlalæsi lykilatriði í þessu námi.

## Þróun hæfni: tengsl við aðra kafla í bókinni

### Efni töflunnar

Með heiti þessarar bókar, *Þátttaka í lýðræði*, er lögð áhersla á hæfni virkra þegna í lýðræðisþjóðfélagi. Taflan sýnir hvernig kaflar bókarinnar geta tengst. Hún sýnir þá hæfni sem er þróuð í 9. kafla (skyggða röðin í töflunni). Dálkurinn með breiða rammanum sýnir hæfni í pólitískri ákvarðanatöku og athöfnum – hann er breiður vegna þess hve mjög hann tengist lýðræðisþátttöku. Raðirnar fyrir neðan skyggðu röðina sýna tengsl við aðra kafla bókarinnar: hvaða hæfni er þróuð í þessum köflum sem gagnast nemendum í 9. kafla.

### Notkun töflunnar

Kennarar geta notað þessa töflu sem verkfæri til að skipuleggja kennsluna á ýmsan hátt.

- Taflan kemur kennurum sem hafa aðeins fáeina MLB/MRM-tíma á stundaskrá sinni að gagni: kennarinn getur valið aðeins þennan kafla og sleppt hinum þar sem hann veit að lykilhæfni á nokkrum sviðum er einnig þjálfuð að vissu marki í þessum kafla – til dæmis það að greina vandamál, leggja mat á hvaða áhrif reglur hafa og rannsaka hve mikilvægt er að bera persónulega ábyrgð.
- Taflan gerir kennurum kleift að nýta sér þau samvirkniáhrif sem verða til þess að nemendur fá stöðugt þjálfun í mikilvægum hæfniþáttum, í ýmsu samhengi og á margvíslegan hátt. Í þessu tilviki velur kennarinn nokkra kafla og tengir þá saman.

Kaflar	Umfang hæfniþróunar			
	Pólitísk greining og mat	Aðferðir og færni	Þátttaka í lýðræði Pólitísk ákvarðanataka og athafnir	Viðhorf og gildi
9 Fjölmiðlar	Við tókum þátt í lýðræði með samskiptum í fjölmiðlum Framleiðendur og notendur fjölmiðla eru eins konar gæslumenn	Bygging og afbygging fjölmiðla-efnis	Notkun fjölmiðla til að koma skoðunum okkar og hagsmunum á framfæri	Skilningur á því hve háð við erum skilningi „annarra“ á raunveruleikanum, einkum stjórnámálum
7 Jafnrétti	Jöfn tækifæri til þátttöku eru háð fjölmiðlalæsi			Skilningur á því valdi sem fylgir upplýsingum
8 Frelsi	Frjáls fjölmiðlun og frjálst aðgengi að upplýsingum		Gæsluhlutverk og dagskrársetning: almenn mannréttindi	Skilningur á því að með upplýsingum má hafa hemil á valdi og yferráðum
3 Fjölbreytileiki og fjölhyggja	Fjölþættar skoðanir og hagsmunir endurspeglast í fjölmiðlum			
6 Stjórnarfar og stjórnámál	Dagskrársetning			

## 9. KAFLI: Fjölmiðlar – Lýðræðisleg bátttaka með aðstoð fjölmiðla Framleiðendur og notendur fjölmiðla sem gæslumenn og „dagskrárstjórar“

Viðfangsefni	Hæfnipjálfun/ markmið	Verkefni nemenda	Efniviður og gögn	Aðferð
1. kennslust. Við erum gæslumennirnir! Við ákveðum hvað við viljum lesa	Sem eigin gæslumenn gera nemendur sér grein fyrir því hvaða fjölmiðla og boðskap þeir velja sér.  Bæði framleiðendur og notendur fjölmiðla eru eins konar gæslumenn.	Nemendur ihuga hvers vegna þeir velja sér tiltekið dagblað.	Forsíður tveggja dagblaða sem koma út sama dag.  ☒ Dreifiblöð 9.1–9.3, flettistöflur, merkipennar, skæri og lím.  Ýmiss konar fréttafni úr dagblöðum.	Bekkjarkynningar og umræður.  Fyrirlestur.  Hópvinna.
2. og 3. kennslust. Við erum gæslumennirnir! Við ákveðum hvaða fréttir lesendum standa til boða	Að vinna saman í teymi; taka ákvarðanir, koma sér saman um markmið og áætlun.  Stjórn og eftirlit með teyminum.  Ritstjórar setja saman fréttirnar sem móta skilning okkar á raunveruleikanum.	Nemendur búa sjálfir til veggfréttablað. Þeir bera saman blöðin sín og hvaða efni þeir völdu.	☒ Dreifiblöð 9.2 og 9.3.  Flettistöflur, merkipennar, skæri og lím.  Prentmiðlar af öllum gerðum.	Verkefnavinna.
4. kennslust. Stjórnnum við fjölmiðlunum – eða stjórn fjölmiðlarnir okkur? Ígrundun	Að velta fyrir sér valkostum og þeim áhrifum sem þeir hafa.  Fjölmiðlar eru öflugt samskipta- og stjórnumartæki.	Nemendur bera saman val sitt og ákvarðanir og velta því fyrir sér.	Ýmis veggfréttablöð.  ☒ Ítarefni fyrir kennara 9A.	Fréttagreinar, bekkjarumræður.  Fyrirlestur.

**1. kennslustund****Við erum gæslumennirnir!****Við ákveðum hvað við viljum lesa**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Sem eigin gæslumenn gera nemendur sér grein fyrir því hvaða fjölmiðla og boðskap þeir velja sér.
Markmið	Bæði framleiðendur og notendur fjölmiðla eru eins konar gæslumenn. Fjölmiðlarnir móta heimssýn okkar. Þeir hafa vald til að ákveða um hvað við fræðumst (gæsla, dagskrársetning). Aftur á móti erum við, sem notendur fjölmiðla, okkar eigin gæslumenn. Við veljum eða höfnum tilteknum fjölmiðlum og við ákveðum sjálf hvaða boðskap við aðhyllumst.
Verkefni nemenda	Nemendur íhuga hvers vegna þeir velja sér tiltekið dagblað.
Efniviður og gögn	Forsíður tveggja dagblaða sem koma út sama dag. Í fjölmönnum bekk þurfa tvö eða þrjú eintök af sömu forsíðunni að vera tiltæk. ☞ Dreifiblöð 9.1–9.3, flettistöflur, merkipennar, skæri og lím. Ýmiss konar fréttæfni úr dagblöðum.
Aðferð	Kynningar og umræður. Fyrirlestur. Hópvinna
Tímaáætlun	1. hluti: Kennarinn gerir grein fyrir gæsluhugtakinu. 25 mín. 2. hluti: Nemendur skipuleggja veggfréttablaðið sitt. 15 mín.

**Ábendingar**

Sem notendur bregðast nemendur við ólíkum áherslum fjölmiðla með því að velja suma en hafna öðrum. Með vali sínu gerast nemendur eigin gæslumenn og þeim er gerð grein fyrir því.

Með því að skipta um sjónarhorn átta nemendur sig á því að ritstjórnarnir hafa líka tekið tiltekin mál fram yfir önnur og valið á sinn hátt. Hvað völdu þeir og hvers vegna? Með þá spurningu í huga hefjast nemendur handa við verkefni sitt. Þeir leita svara með því að haga vali sínu á sama hátt – átta sig á eðli fjölmiðlanna með því að búa sjálfir til blað. Þeir byrja á meginverkefni þessa kafla.

Fyrirlestur kennarans tengist reynslu nemenda af hugsmíðanámi. Kennarinn kynnir gæsluhugtakið fyrir þeim eftir að þeir hafa séð hvernig það virkar í raun. Síðan beita nemendur þessu nýja hugtaki í eftirfarandi verkefni þar sem það felur í sér lykilsurningarnar sem þeir þurfa að svara.

## Lýsing á kennslustund

### Undirbúningur

Þremur vikum áður en þessi kafli er tekinn fyrir biður kennarinn nemendur að viðað sé ýmsum prentmiðlum – dagblöðum, tímaritum, auglýsingabæklingum o.s.frv. Einnig er brýnt að safna alls konar myndum. Nemendur eru beðnir að koma með þetta efni með sér í fyrstu kennslustund þessa kafla.

Efnið er síðan flokkað og því dreift á borðin í skólastofunni eftir því sem pláss og aðstæður leyfa. Nemendur munu nota það við vinnu sína að veggfréttablaðinu í 2. og 3. kennslustund.

Kennarinn safnar líka dagblöðum og tímaritum. Við undirbúning fyrsta tímans leitar hann uppi forsíður ýmissa dagblaða sem para má saman. Forsíður allra hópanna eiga að vera frá sama degi til að nemendur geti borið þær saman sín á milli og einnig til að þeir geti borið saman niðurstöður sínar á bekkjarfundinum. Hver hópur á að fá tvær forsíður, hvora af sínu dagblaði. Einnig má nota forsíður erlendra blaða ef nemendur ráða við viðkomandi tungumál.

Á vefsvæðinu [www.newseum.org](http://www.newseum.org) er hægt að fá PDF-útgáfur (stærð A4) af forsíðum nýrra dagblaða frá ýmsum Evrópulöndum. Noti kennarinn þær ætti hann fjölfalda þær fyrir nemendur eins og dreifiblöð en ekki festa þær upp á töfluna (sjá skref 1.1 hér fyrir neðan).

## 1. áfangi: Kennarinn gerir grein fyrir gæsluhugtakinu

### Skref 1.1: Nemendur segja hvers konar dagblað þeir kjósa

Kennarinn festir tvær forsíður af dagblöðum á töfluna. Þær eru hvor af sínu tagi, til dæmis:

- æsifréttablað og vandað fréttablað;
- héraðsblað og landsmálablað;
- blöð sem kynna mismunandi pólitísk sjónarmið, annað er t.d. í anda jafnaðarmanna og hitt nýfrjálshyggju.

Séu til nokkur eintök af sömu forsíðunni eru þau fest upp með góðu millibili til að allir sjái þau vel. Í fjölmennum bekkjum sparar það tíma. Nemendur koma nær og virða forsíðurnar tvær fyrir sér í hljóði.

Kennarinn segir þeim að staldra við fyrir framan það blað sem þeir velja sér. Nemendur skiptast í tvo hópa og jafnvel þrjá ef einhverjir velja hvorugt blaðið. Hver hópur ræðir stuttlega saman og gefur síðan upp ástæðuna fyrir vali sínu á bekkjarfundinum.

Kennarinn hlustar á þá og liðsinnir þeim við skoðanaskiptin, en hann gerir engar athugasemdir, hvorki við yfirlýsingar nemenda né val þeirra.

### Skref 1.2: Leiðbeiningar: gæsluhlutverkið sem lykilhugtak

Kennarinn heldur stutta tölu þar sem hann gerir grein fyrir gæsluhugtakinu og tvöfaldri merkingu þess. Hann setur það í samhengi við það sem nemendur gerðu í skrefi 1.1. Eins og nemendur hafa þegar sýnt, þá tókum við yfirleitt tiltekið blað fram yfir önnur þar sem dagblöð eru mjög mismunandi. Við veljum eitt dagblað og höfnum öðru. Í daglegu lífi veljum við jafnvel aðra miðla, svo sem sjónvarpið eða netið, sem upplýsingaveitu fremur en dagblað. Í þessu mikilvæga tilliti komum við fram sem gæslumenn. Við ákveðum hvaða miðli, og hvaða boðskap, við sýnum áhuga. Fjölmíðlarnir eru háðir okkur – ef við veitum þeim ekki athygli er öll viðleitni þeirra unnin fyrir gýg.



Kennarinn skiptir síðan um sjónarhorn: lesendur eru ekki einungis gæslumenn, ritstjórar dagblaðanna eru það einnig. Það eru þeir sem ákveða úr hvaða efni við getum valið. Í því tilliti erum við háð fjölmiðlunum – við fáum aðeins þær upplýsingar sem þeir hafa valið.

Merking gæsluhugtaksins er því tvíþætt: bæði framleiðendur og notendur fjölmiðla ákveða hvaða boðskapur er mikilvægur. Í stjórnámálum eru gæslumennirnir einnig „dagskrárstjórar“.

Ljóst er að ritstjórar hafa einnig valið efni – og það er af ýmsu tagi eins og sjá má af forsiðum blaðanna. En hver er ástæðan? Nemendur munu leita svara við þeirri spurningu í eftirfarandi verkefni.

## 2. áfangi: Nemendur skipuleggja veggfréttablaðið sitt

☞ Dreifiblöð 9.1–9.3

### Skref 2.1 Kennarinn leiðbeinir nemendum í verkefninu

Nemendur skipta sér í fjögurra til sex manna hópa og koma á fót ritstjórnarteymi. Í næstu tveimur kennslustundum búa þeir til veggfréttablað.

Þeir gegna gæsluhlutverki ritstjóra og glíma við spurningar á borð við eftirfarandi:

- Hvaða málefni eigum við að fjalla um?
- Hvaða málefni á að vera áberandi, aðalfréttin?
- Hverju getum við sleppt, eða verðum að sleppa, vegna plássleysis?

Nemendur þurfa að átta sig á því að þessar spurningar sýna í raun hvað felst í frelsi fjölmiðla – að njóta frelsisins en þurfa einnig að leita lausna á erfiðum vandamálum.

Kennarinn útskýrir síðan hvernig þeir eiga að fara að. Nemendur mega nota allt að tvö flettitöflublöð. Þeir handskrifa greinarnar sínar. Þeir geta leitað að ljósmyndum og skýringarmyndum í prentmiðlunum og aflað sér upplýsinga í öðrum tiltækum miðlum. En þeir fá bæði takmarkað pláss og tíma. Blaðið skal vera tilbúið til birtingar í lok næstu kennslustundar.

Nemendur færa borðin sín saman til að fá nógu stóran flöt fyrir flettitöflublöðin.

### Skref 2.2 Nemendur hefja verkefnavinnuna

Nemendur byrja á því að lesa dreifiblöðin samkvæmt fyrirmælum kennarans. Ef tíminn leyfir halda þeir áfram í næstu skref.



**2. og 3. kennslustund****Við erum gæslumennirnir!****Við ákveðum úr hvaða fréttum lesendur geta valið**

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að vinna saman í teymi; taka ákvarðanir, koma sér saman um markmið og áætlun. Stjórn og eftirlit með teyminum.
Markmið	Ritstjórar setja saman fréttirnar sem móta skilning okkar á raunveruleikanum. Sem gæslumenn og „dagskrárstjórar“ beita fjölmiðlamenn valdi sínu á þaulhugsaðan hátt.
Verkefni nemenda	Nemendur búa sjálfir til veggfréttablað. Þeir bera saman blöðin sín og það efni sem þeir völdu.
Efniviður og gögn	☞ Dreifiblað 9.2 og 9.3; flettistöflur, merkipennar, skæri og lím. Prentmiðlar af öllum gerðum.
Aðferð	Verkefnavinna.
Tímaáætlun	1. Verkefnavinna: nemendur ritstýra og vinna að veggfréttablaði. <span style="float: right;">60 mín.</span> 2. Nemendur lesa blöð hver annars. <span style="float: right;">20 mín.</span>

**Ábendingar**

Önnur og þriðja kennslustund snúast um þungamiðju þessa kafla, verkefni nemenda þar sem þeir leika ritstjóra og búa til eigið dagblað. Þeir velja fyrir sér sömu atriðum – hvaða málefni og atburði eigi að fjalla um og hverju skuli sleppt og ræða forsendurnar fyrir vali sínu. Að búa til veggfréttablað á einum klukkutíma gerir enn fremur miklar kröfur til nemenda; þeir þurfa að geta skipulagt vinnu sína og staðist tímaáætlanir.

Lagt er til að búið sé til veggfréttablað þar sem það virkar alls staðar. Tæknileg atriði við blaðaframleiðslu skipta þá ekki máli. Nemendur geta handskrifað fréttagreinarnar sínar.

Með því að búa til veggfréttablað snúa þeir aftur til fortíðar, eins og hlutirnir voru einu sinni, og með því móti geta þeir einbeitt sér að því sem máli skiptir varðandi ritstjórn og efnisval.

Þar sem verkefnatengt nám fer fram gegnir kennarinn hlutverki „aðstoðarmanns“ sem liðsinnir nemendum ef þeir þurfa á meira efni að halda, þurfa að komast í tölvu, prentara o.s.frv. Hann fylgist einnig með nemendum og leggur mat á færni þeirra og hæfni hvernig hún þróast. Kennarinn hlustar á umræður nemenda og les blöðin þeirra á meðan þau eru í vinnslu. Með því móti getur hann undirbúið stuttan en mikilvægan fyrirlestur sem hann flytur í fjórðu kennslustundinni.

## Lýsing á kennslustund

### 1. áfangi: Nemendur búa til fréttablað

☞ Dreifiblöð 9.1–9.3

Nemendur vinna saman í litlum hópum. Þremur úr hópnum er falið að annast tiltekin verkefni, þ.e. starf aðalritstjóra, tímavarðar og kynningarfulltrúa.

Þeir staðfæra eða styðjast við starfslýsingarnar á ☞ dreifiblaði 9.2.

Ef hlé er á milli 2. og 3. kennslustundar þarf að geyma allt efnið á öruggum stað. Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hver á að sjá um það.

Fréttamennirnir styðjast við ☞ dreifblað 9.3 og undirbúa kynningu sína fyrir bekkjarfundinn í 4. kennslustund.

### 2. áfangi: Nemendur lesa blöð hver annars

Í miðri þriðju kennslustundinni sýna nemendur blöðin sín í skólastofunni. Ætlast er til að þeir lesi blöð hver annars áður en næsti tími fer fram.

## 4. kennslustund

### Stjórnun við fjölmiðlunum – eða stjórna fjölmiðlarnir okkur?

#### Fjölmiðlarnir – samskipta- og valdataeki

Taflan inniheldur þær upplýsingar sem kennarinn þarf til að geta skipulagt og útfært kennsluna.

Hæfnipjálfun vísar beint til MLB/MRM.

Markmiðið gefur til kynna hvað nemendur eiga að kunna og skilja.

Verkefni nemenda og aðferðin eru kjarninn í námsferlinu.

Gátlisti yfir efnivið og gögn er til stuðnings við undirbúning kennslustundarinnar.

Tímaáætlunin gefur kennaranum hugmynd um hentuga skipulagningu tímans.

Hæfnipjálfun	Að velta fyrir sér valkostum og þeim áhrifum sem þeir hafa.								
Markmið	Fjölmiðlarnir eru öflugt samskipta- og stjórnunartæki.								
Verkefni nemenda	Nemendur bera saman val sitt og ákvarðanir og velta því fyrir sér.								
Efniviður og gögn	Sýning á veggfréttablöðum. 📄 Ítarefni fyrir kennara 9A.								
Aðferð	Skýrslur, bekkjarumræður. Fyrirlestur.								
Tímaáætlun	<table border="1"> <tr> <td>1. Nemendur bera saman val sitt og ákvarðanir.</td> <td>15 mín.</td> </tr> <tr> <td>2. Nemendur velta fyrir sér framsetningu efnis.</td> <td>10 mín.</td> </tr> <tr> <td>3. Fyrirlestur kennara: dagskrársetning/gæsluhlutverk.</td> <td>5 mín.</td> </tr> <tr> <td>4. Lokaumræður.</td> <td>10 mín.</td> </tr> </table>	1. Nemendur bera saman val sitt og ákvarðanir.	15 mín.	2. Nemendur velta fyrir sér framsetningu efnis.	10 mín.	3. Fyrirlestur kennara: dagskrársetning/gæsluhlutverk.	5 mín.	4. Lokaumræður.	10 mín.
1. Nemendur bera saman val sitt og ákvarðanir.	15 mín.								
2. Nemendur velta fyrir sér framsetningu efnis.	10 mín.								
3. Fyrirlestur kennara: dagskrársetning/gæsluhlutverk.	5 mín.								
4. Lokaumræður.	10 mín.								

#### Ábendingar

Nemendur velta eigin reynslu af verkefninu fyrir sér. Þeir lesa ekki blöð hver annars til að afla sér upplýsinga, heldur einbeita sér að því hvað liggur að baki efnis- og myndavali – þeir rannsaka gæsluhlutverk og dagskrársetningu fjölmiðla.

Fréttamennirnir gera grein fyrir heimildum sínum í umræðunum sem fara fram innan hópanna, og nemendur bera saman reynslu sína og ígrunda það sem þeir hafa lært.

Kennarinn fjallar nánar um hugtökin – gæsluhlutverk og dagskrársetningu fjölmiðla – í stuttum fyrirlestri. Þetta er dæmi um hvernig kerfisbundin kennsla gefur hugsmíðanámi aukið gildi. Með þeirri reynslu sem nemendur hafa aflað sér fara leiðbeiningar kennarans að veita þeim nýja inn-sýn og gera þeim kleift að skilja og ígrunda þessa reynslu sína á djúpstæðari og huglægari hátt en áður.

Hægt er að framlengja þetta verkefni og nota þann skilning sem skapast hefur á ýmsan hátt. Ræða skal um það í lok tímans.

## Lýsing á kennslustund

Ætlast er til að nemendur hafi lesið blöð hver annars áður en þessi tími hefst.

### 1. áfangi: Nemendur gera grein fyrir vali sínu og bera saman bækur sínar

Hver á fætur öðrum gera kynningarfulltrúarnir grein fyrir ákvörðunum hópanna og þeim ástæðum sem að baki liggja. Þeir eiga að styðjast við minnispunktana (☞ dreifiblað 9.3) og fjalla um eftirfarandi atriði:

- val á aðalfréttum;
- hvaða málefnum hópurinn velti fyrir sér og hvers vegna sum þeirra voru valin en öðrum hafnað;
- val á myndefni;
- önnur mikilvæg atriði.

Kynningarnar snúast fremur um gæsluhlutverk og dagskrársetningu blaðanna en innihald þeirra. Á þeim byggir kennarinn síðan stutta fyrirlesturinn þar sem hann leggur áherslu á sameiginlega reynslu hópanna með því að nefna nokkur lykilhugtök viðvíkjandi fjölmiðlalæsi. Þannig skapar hugsmíðanám grundvöll fyrir kerfisbundnar, stuttar leiðbeiningar um hugtök og skilning á þeim.

### 2. áfangi: Nemendur velta fyrir sér hvernig þeir koma efni til skila

Kennarinn segir nemendum að bera saman ástæðurnar fyrir ákvörðunum sínum.

- Er hægt að greina einhverja meginforsendu, t.d. að eitthvað sé frétt næmt?
- Að hve miklu leyti vorum við með samkeppni í huga – t.d. með því að nota áberandi fyrir-sagnir?
- ...

Skýrslur kynningarfulltrúanna og samanburður á vali geta gefið tilefni til gagnrýninnar umræðu. Nemendur kunna að setja spurningarmerki við þau miklu áhrif sem fjölmiðlar hafa á það hvaða upplýsingar við fáum og hvað við fáum aldrei að vita. Kennarinn stýrir umræðunum. Þar sem hann tekur til máls innan skamms þarf hann ekki að blanda sér í umræður nemenda.

### 3. áfangi: Fyrirlestur kennara

#### Skref 3.1 Grunnfyrirlesturinn

📖 Ítarefni fyrir kennara 9A

Eins og þegar hefur komið fram (sjá 1. áfanga) setur kennarinn meginatriði þessa stutta innleggs í samhengi við reynslu nemenda og þær spurningar sem vaknað hafa. Setja þarf eftirfarandi lykilstaðhæfingar fram á sveigjanlegan hátt:

1. Allur fjölmiðlaboðskapur er búinn til. Eitt af grundvallaratriðunum er að velja nokkrar tiltekna upplýsingar sem notaðar eru í fréttagrein og sleppa fjölda annarra atriða. Nemendur kynntust þessum efnistöfum þegar þeir gerðu sitt eigið blað.
2. Með því að velja og hafna upplýsingum eru fréttastjórar og framleiðendur fjölmiðlaefnis að gera sig að gæslumönnum og „dagskrárstjórum“. Þeir hafa mikil áhrif á skoðanir almennings og pólitíska ákvarðanatöku og það hvernig við tökum þátt í lýðræðinu. Að hve miklu leyti þessi áhrif verða ráðandi fer eftir því hvort við gegnum hlutverki okkar sem gæslumenn.

Þessi tvö atriði eru nátengd reynslu nemenda af þessu litla verkefni. Kennarinn getur slegið botn í innlegg sitt hér þar sem þessi atriði eru nægilegt umhugsunarefni eða nefnt fleiri atriði til sögunnar, eftir því hve mikinn áhuga nemendur sýna. Ætla þarf meiri tíma ef fleiri atriði verða tekin fyrir.

### Skref 3.2 Fyrirlesturinn framlengdur

1. Sem atvinnufyrirtæki keppa fjölmiðlarnir aftur á móti um athygli okkar. Framleiðendurnir gæta þess að koma til móts við hagsmuni og væntingar viðskiptavina sinna. Velgengni þeirra er háð því sem notendur vilja.
2. Sýn okkar á heiminn er háð fjölmiðlum. Í þessari kennslustund fengust nemendur við hinn sígilda fjölmiðil, dagblaðið. En alls kyns nýir miðlar hafa skotið upp kollinum og við notum þá í mismunandi tilgangi. Við erum enn með hina sígildu fjölmiðla (útsendingarmiðla) – tímarit, dagblöð, sjónvarp og útvarp – sem við notum fyrst og fremst til að afla okkur upplýsinga og okkur til dægrastyttingar. Síðan eru það nýju miðlarnir sem byggjast á netinu (vefsvæði, tölvupóstur, blogg, samskiptanet á borð við Facebook og Twitter), að ógleymdum smáskilaboðunum. Við notum þessa miðla á ýmsan hátt en einkum þó til að hafa samskipti okkar á milli og eins og nemendur vita manna best kann unga kynslóðin betur á þá en bæði foreldrar og flestir kennarar.
3. Nú á dögum er fjölmiðlamenning allsráðandi. Þjóðfélagið byggist á gagnvirku samskiptaneti þegnanna. Félagsleg samskipti byggjast að miklu leyti á upplýsingamiðlun. Það eru fjölmiðlarnir sem styðja, stýra og móta upplýsingarnar og þau skilaboð sem þeir senda okkur endurspeгла ekki aðeins raunveruleikann, heldur brjóta hann upp.

### 4. áfangi: Lokaumræður og niðurstaða þessa kafla

Gefa ætti nemendum orðið eftir fyrirlestur kennarans.

Þeir þarfnast ef til vill nánari útskýringa á einhverju eða draga í efa að fjölmiðlar séu það valdamiklir að þeir gegni gæsluhlutverki og „dagskrárstjórn“.

Kennarinn varpar að lokum fram þeirri spurningu hvort og hvernig skuli vinna áfram að þessu verkefni, til dæmis með því að koma með eina af eftirfarandi tillögum:

- Setja mætti veggfréttablaðið upp til sýnis í skólanum.
- Nemendur gætu boðið einhverjum góðum blaðamanni að heimsækja bekkinn. Þeir gætu sýnt honum blöðin sín, beðið um álit á þeim og rætt um gæsluhlutverkið.
- Hópur ritstjóra gæti haldið áfram að vinna við þetta fréttaverkefni í skólanum og búið til (vegg)fréttablað fyrir skólann.
- Nemendur gætu gert greinargerð um þá miðla sem móta og hafa mest áhrif á skoðanir almenningss.
- Nemendur gætu haldið sig við eitthvert málefni sem þeir hafa fjallað um og gripið til aðgerða. Hægt er að tengja efnið við aðra kafla bókarinnar.

## Ítarefni fyrir kennara 9A

### Færni og aðferðir í fjölmiðlanámi

eftir Elizabeth Thoman

Allt frá því að útvarpsklukkan vekur okkur á morgnana og þar til við sofnum fyrir framan sjónvarpið á kvöldin dynja á okkur hundruð eða jafnvel þúsundir mynda og hugmynda, ekki einungis frá sjónvarpinu heldur einnig frá fyrirsögnum fréttablaða, forsíðum tímarita, bíómyndum, vefsvæðum, ljósmyndum, vídeóleikjum og auglýsingaskiltum. Sumir kalla tánínga nútímans *skjánínga*.<sup>19</sup>

Stutt er síðan fólk fór að velta því fyrir sér hve mjög fjölmiðlarnir væru farnir að stjórna lífi okkar. Áður var sjónum helst beint að efnisvali, svo sem of miklu um kynlíf og ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum. Sumir mæltu með ritskoðun en aðrir hvöttu fólk hreinlega til að slökkva á sjónvarpinu. En staðreynd málsins er sú að þó að hægt sé að slökkva á tækinu, þá er ekki hægt að flýja fjölmiðlamenningu nútímans, nema með því að flytja upp í óbyggðir. Fjölmiðlarnir hafa ekki lengur bara áhrif á menningu okkar. Þeir eru menningin.

Ritskoðun fjölmiðla mun aldrei skila árangri því að fjölmiðlarnir eru þungamiðja heimsmenningarinnar. Það sem koma þarf í staðinn er algjör nýhugsun varðandi hlutverk fjölmiðla í lífi okkar allra – nýhugsun sem tekur mið af því að prentmenning hafi verið leyst af hólmi af myndmenningu sem hefur verið að þróast undanfarin 150 ár, allt frá því að ljósmyndin kom til sögunnar og hægt var að afmarka einhvern hlut eða eftirmynd frá tilteknum tíma og stað, þannig að hann væri stöðugt raunverulegur og sýnilegur.<sup>20</sup>

Í 500 ár höfum við getað lesið prentað efni og tekið þannig fullan þátt í samfélaginu sem upplýstir borgarar og menntaðir einstaklingar. Nú á dögum tekur fjölskyldan, skólinn og allar stofnanir samfélagsins, þar á meðal heilbrigðisþjónustan, þátt í því að búa unga fólkið undir tilveruna í heimi þar sem áhrifamikið myndefni, orð og hljóð eru ríkjandi.<sup>21</sup> Það kallast „miðlalæsi.“

### Hvað er miðlalæsi?

Miðlalæsi er – eins og orðið felur í sér – hæfnin til að túlka og skapa sér persónulega merkingu út frá þeim mörg hundruð, jafnvel mörg þúsund munnlegu og sjónrænu táknum sem við meðtökum dag hvern úr sjónvarpi, útvarpi, tölvum, dagblöðum og tímaritum og auðvitað auglýsingum.

Það er hæfnin til að velja og hafna, hæfnin til að ögra og efast, hæfnin til að átta sig á því sem á sér stað en vera ekki hlutlaus og þar með berskjaldaður.

„Við verðum að búa ungt fólk undir tilveruna í heimi  
þar sem máttugt myndefni,  
orð og hljóð er ríkjandi.“

UNESCO, 1982

Fjölmiðlafræðingar segja núorðið að sjónvarp og aðrir fjölmiðlar séu svo rótgróinn hluti af því umhverfi sem við lifum í að það sé ekki lengur verkefni fræðsluaðila að veita „vernd“ gegn óæskilegum skilaboðum. Markmið okkar hlýtur að vera að stuðla að því að fólk læri að ráða í alla þessa miðla á gagnrýnninn hátt, þannig að það sé sjálft við stjórnvölinn og túlki það sem það sér og heyrir í stað þess að láta stjórnast af útskýringum annarra. Len Masterman, höfundur *Teaching the Media*, kallar það „gagnrýna og sjálfstæða hugsun“.<sup>22</sup>

19 Rushkoff, Douglas, *Playing the Future: How Kids' Culture Can Teach Us to Thrive in an Age of Chaos*, 1996.

20 Úr verkum Stewart Ewen, einkum *All Consuming Images: The Politics of Style in Contemporary Culture*, 1988.

21 Úr lokaskýrslunni: UNESCO International Symposium on Education of the Public in the Use of Mass Media, Grunwald, 1982.

22 Masterman, Len, *Teaching the Media*, 1989, 2. kafli.

Í öðrum skilgreiningum er bent á að miðlalæsi sé alls ekki tiltekin kunnátta, heldur leikni, ferli eða hugsunarháttur sem líkt og lesskilningur er í stöðugri þróun. Að vera læs á miðla felst ekki í því að muna staðreyndir og tölulegar upplýsingar um miðlana, heldur að spyrja réttu spurninganna um það sem horft er á, lesið eða hlustað á.<sup>23</sup> Kjarni miðlalæsis er sá að setja spurningarmerki við hvaðeina.

## Að vita að hverju skal leita

Hvað þurfa börn (og einnig fullorðnir) að vita um fjölmiðla? Í árána rás hafa kennarar í fjölmiðlafræði tilgreint fimm atriði sem allir þurfa að vita um boðskap fjölmiðlanna, hvort sem sá boðskapur er í formi grínþátaraðar í sjónvarpi, tölvuleiks, tónlistarmyndbands, auglýsingar í tímariti eða bíómyndar.<sup>24</sup>

### 1. Allur fjölmiðlaboðskapur er „búinn til“

Hvort sem við erum að horfa á kvöldfréttir eða ganga fram hjá auglýsingaskilti úti á götu, þá hefur boðskapurinn sem við meðökum verið skrifaður af einhverjum (örugglega fleiri en einum), myndir teknar og síðan hefur allt verið sett saman af listrænum hönnuði. En ekki er aðeins um hlutlægt ferli að ræða. Það sem á sér stað er að allur þessi „tilbúningur“ fáeinna einstaklinga verður að „veruleika“ hjá okkur hinum. En sem áhorfendur/áheyrendur fáum við hvorki að sjá né heyra þann texta, myndefni eða tilhögun sem var hafnað. Við sjáum aðeins, heyrum og lesum það sem hlaut samþykki.

Að leiða fólki fyrir sjónir hvernig fjölmiðlar eru samsettir og hverju þeir sleppa að greina frá, sem og hvernig fjölmiðlar móta skilning okkar og vitneskju um þá veröld sem við lifum í, er mikilvægur liður í því að beina fólki á rétta braut í alþjóðlegu og tæknivæddu þjóðfélagi.

### 2. Þegar fjölmiðlaefni er búið til er notað tjáningarform sem lýtur eigin lögmálum

Allir fjölmiðlar, svo sem dagblöð, sjónvarpsþættir eða hryllingsmyndir, hafa sitt eigið tjáningarform: ógnvekjandi tónlist vekur hræðslu, nærmyndir auka nánd, stórar fyrirsagnir sýna mikilvægi. Ef við skiljum það tungutak, orðalag og myndlíkingar sem notað er í fjölmiðlum veita þeir okkur meiri ánægju og við látum síður stjórnast af þeim. Ein besta leiðin til að átta sig á því hvernig miðlarnir eru samsettir er að búa sjálfur til efni – taka upp eigið myndband, setja upp heimasíðu fyrir skátaflokkinn sinn eða byggja upp auglýsingaherferð fyrir börn um skaðsemi reykinga.

### 3. Fólk upplifir sama fjölmiðlaboðskapinn á misjafnan hátt

Þar sem fólk er á ólíkum aldri og hefur fengið ólíkt uppeldi og menntun, þá horfa engar tvær manneskjur á sömu bíómyndina eða hlusta á sama lagið í útvarpinu. Jafnvel börn og foreldrar horfa ekki á sömu sjónvarpsþættina! Þetta sýnir að hugmyndin um að sjónvarpsáhorfendur séu aðeins óvirkar „sófakartöflur“ stenst ekki. Þó að við séum ef til vill ekki meðvituð um það erum við öll, jafnvel minnstu börnin líka, stöðugt að reyna að „skilja til hlítar“ það sem við sjáum, heyrum eða lesum. Því meira sem við spyrjum um það sem við upplifum allt í kringum okkur, þeim mun betur erum við á verði gagnvart því hvað við samþykkjum og hverju við höfnum. Rannsóknir sýna að með tímanum geti börn á öllum aldri tileinkað sér viðeigandi færni, líkt og þau fari að sjá hlutina í nýju ljósi sem geri þeim kleift að „ráða í“ fjölmiðlamenninguna.<sup>25</sup>

23. Úr yfirlýsingu tímaritsins *Media&Values* sem gefið var út á árunum 1977–93 af Center for Media Literacy.

24. Staðfært fræðsluefni um fjölmiðla frá Englandi og Kanada. Fyrst gefið út í Bandaríkjunum undir heitinu „Five Important Ideas to Teach Your Kids about TV,“ eftir Jay Davis, *Media&Values* #52/53; haustið 1990.

25. Hobbs, Renee, *Tuning in to Media: Literacy for the Information Age*, 1995 myndband, dreifingu annast Center for Media Literacy.



#### 4. Fjölmiðlar eru fyrst og fremst fyrirtæki sem knúin eru áfram í gróðaskyni

Fyrst eru auglýsingar settar upp á síður dagblaðanna; fréttagreinarnar fá svo plássíð í kringum þær. Við vitum líka að það eru auglýsingarnar sem fá mest áhorf í sjónvarpinu. En það eru ekki margir sem vita að auk þess sem áhorfendur kaupa þær vörur sem auglýstar eru, þá kaupa auglýsendur áhorfendurna!

Megintilgangurinn með dagskrárliðum sem við fylgjumst með í sjónvarpi, hvort sem um fréttir eða afþreyingu er að ræða, er ekki bara að hafa ofan af fyrir okkur, heldur að búa til áhorfendahóp (og gera hann móttækilegan), þannig að fyrirtækið eða viðkomandi stöð geti selt kostendum auglýsingatíma fyrir vörur sínar. Hver sekúnda skiptir máli! Kostendur borga fyrir það í samræmi við það áhorf sem stöðin reiknar með að verði. Kostendur miða einnig auglýsingar sínar við tiltekna áhorfendur, svo sem konur á aldrinum 25–35 ára sem kaupa þær vörur sem auglýstar eru eða börn á aldrinum 2–7 ára sem hafa áhrif á innkaup foreldra sinna.

Við viljum kannski ekki að þetta sé svona en eins og sérfræðingurinn George Gerbner bendir á standa einkarekin og alþjóðleg fyrirtæki, sem vilja selja okkur eitthvað, að baki flestum þeim miðlum sem okkur standa til boða en ekki fjölskyldan, kirkjan, skólinn eða jafnvel eigið heimaland, sem hafa aftur á móti eitthvað að segja okkur.<sup>26</sup>

#### 5. Í fjölmiðlum er gengið út frá tilteknum gildum og sjónarmiðum

Þar sem fjölmiðlaefni er „búið til“ fylgja því dular meiningar um einhvern eða eitthvað sem skiptir máli, að minnsta kosti þann eða þá sem býr það til. Fjölmiðlarnir segja líka sögur (auglýsingar segja jafnvel stutta og einfalda sögu) og í sögum þurfa að vera persónur, umhverfi og atburðarás með upphafi, miðjukafla og endi. Það hvað sögupersóna er gömul, af hvaða kyni eða kynþætti, ásamt lífsháttum, viðhorfum og framkomu viðkomandi, val á umhverfi (borg? sveit? ríkur? fátækur?), og svo atburðarásin sjálf, hvað gerist og hver viðbrögðin eru, er aðeins ein leið til að sýna hvernig gengið er út frá tilteknum lífsgildum í sjónvarpsþætti, bíómynd eða auglýsingu.

Mikilvægt er að læra hvernig „lesa“ má hvers kyns skilaboð frá fjölmiðlum til að geta áttað sig á þeim sjónarmiðum sem gengið er út frá. Aðeins þá verðum við fær um að velja eða hafna þessum skilaboðum þar sem við lifum og hrærumst alla daga í umhverfi þar sem stöðugt er verið að miðla efni.

### Spyrja má fimm grunnspurninga um boðskap fjölmiðla

#### Að læra hvers skal spyrja

Þessar hugmyndir vekja upp fimm grundvallarspurningar<sup>27</sup> um þann boðskap sem fjölmiðlar flytja okkur. Hafa skal í huga að hver þeirra kann síðan að vekja upp enn frekari spurningar:

1. Hver bjó skilaboðin til og hvers vegna er verið að koma þeim á framfæri?
2. Hvaða tækni er beitt til að vekja athygli mína?
3. Hvaða lífshætti, gildi og sjónarmið gefa þessi skilaboð til kynna?
4. Hvernig má skilja þessi skilaboð á annan hátt en ég geri?
5. Hverju er sleppt í þessum skilaboðum?

26. Gerbner, George, „Television Violence and the Art of Asking the Wrong Question,“ í *The World & I: A Chronicle of our Changing Era*, júlí, 1994.

27. Svo er Renée Hobbs fyrir að þakka en í kennslustarfi sínu mótaði hún þessar grundvallarspurningar.



Venjulega eru þessar spurningar notaðar í tengslum við tiltekinn „texta“ – eitthvert þekkt framleiðslu- eða útgáfuefni, eða hluta af slíku efni: þátt úr einhverri ofurhetjubáttaröð, Pepsi-auglýsingu, eintak af unglingatímariti, auglýsingaskilti fyrir Egils-pilsner, myndir og greinar um bankarán á forsíðu dagblaðs, úrslitaleik í fótbolta. (...)

## Lykilspurningar

Til að vera virkur þegn í þjóðfélagi þar sem stöðugt er verið að miðla efni þarf fólk að geta greint á milli ýmissa miðla og kunna að setja spurningarmerki við þær grundvallarspurningar og meginhugtök sem vitnað er í hér framar. Enda þótt flestir þeirra sem eru fullorðnir í dag hafi lært að greina ljóð frá lausu máli í skóla er undravert hve margt fólk gerir ekki greinarmun á fréttablaði sem dreift er daglega og æsifréttablaði sem selt er í matvöruverslunum.

Þar sem upplýsingar um innlenda og erlenda viðburði eru birtar almenningi umsvifalaust í sjónvarpi og á netinu eykst krafan um að hver og einn viti hvernig sannreyna megi upplýsingar, hvernig kanna skuli heimildir og hvernig bera megi saman ólíkan fréttaflutning af sama efni í þeim tilgangi að koma upp um hlutdrægni eða pólitískan „spuna“ af einhverju tagi. (...)

### Þrjú skref til árangurs: samantekt um skilvirkt miðlalæsi

„Miðlalæsi“ er hugtak sem vísar til þriggja leiða sem tengjast sín á milli og fólk á öllum aldri getur tileinkað sér:

*Fyrsta leiðin* er einfaldlega að átta sig á mikilvægi þess að hafa stjórn á miðlanotkuninni – fá börn og fullorðna til að vanda efnisval sitt og eyða ekki of miklum tíma í að horfa á sjónvarp, myndbönd, bíómyndir, eða í tölvuleiki og ýmsa prentmiðla.

*Önnur leiðin* er að fólki sé kennt að horfa gagnrýnum augum á hlutina – það læri að greina og gagnrýna það sem er á skjánum, hvernig það er sett fram og hvað vanti í umfjöllunina. Hæfni í gagnrýnu áhorfi verður best náð þegar nemendur vinna að rannsóknum eða taka þátt í gagnvirkum hópverkefnum og einnig þegar þeir búa til og framleiða sitt eigið efni.

*Þriðja leiðin* – félagsleg, pólitísk og efnahagsleg greining – er handan við skjáinn (þann skjá sem myndefnið birtist á) þar sem kannað er nánar hverjir það eru sem framleiða efnið sem við horfum á – og í hvaða tilgangi? Hvaða áhrif hafa fjölmiðlarnir í þeim menningarheimi sem við lifum í og hvernig tókumst við á við ofbeldi, kynþáttafordóma og neysluyggju þessara miðla?

Með rannsóknum, umræðum og verklegum æfingum fjalla jafnt ungir sem eldri um hvernig hver og einn (og allt þjóðfélagið í heild sinni) myndar sér skoðanir út frá hinum ýmsu miðlum allt í kring og hvernig fjölmiðlarnir knýja neyslusamfélagið áfram um allan heim. Hér er einnig tilvalið að fjalla um ýmsar tilraunir fjölmiðla til að rísa gegn eða betrubæta almenn stefnumál eða stjórnarhætti.

Þó að sjónvarp og rafrænir miðlar virðist ef til vill helst kalla á að miðlamennt sé eflað í nútímasamfélagi, þá á miðlalæsi, og þau lögmál og reynsla sem í því felst, við um alla miðla, allt frá sjónvarpi til bómullarbola, og frá auglýsingaskiltum til netsins.

Stytt útgáfa

©2003 Center for Media Literacy

[www.medialit.org/](http://www.medialit.org/)

Ýmiss konar fræðsluefni um fjölmiðla er að finna á [www.media-awareness.ca/](http://www.media-awareness.ca/)



# MLB/MRM IV. bindi

## Lýðræðisþátttaka

### Handbók nemenda

## Dreifiblöð


- 1.1 Hvaða ákvarðanir gerðu mig að þeirri manneskju sem ég er í dag – og hver tók þær?
- 1.2 Þrír valkostir sem móta framtíð okkar
- 1.3 Forsendur mínar við val á starfi
- 1.4 Spurningalisti: starfskynning
- 2.1 Hugtakið valþröng
- 2.2 Verkfæri til að greina og leysa valþröng
- 2.3 Hvaða ákvörðun mundir þú taka? Dæmisögur um valþröng
- 2.4 Skráningarblað í umræðum um valþröng
- 2.5 Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (10. desember 1948)
- 2.6 Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmáli Evrópu), ásamt breytingum í sanningsviðauka nr. 11, nr. 1, 4, 6 (útdrættir) (4. nóvember 1950)
- 3.1 Áætlun fyrir 3. kafla, „Fjölbreytileiki og fjölhyggja“
- 3.2 Lýðræðisþátttaka – grundvallarreglur
- 3.3 Stofnun stjórnmalaflokks
- 3.4 Hvernig er fjallað um fjölbreytileika og fjölhyggju í lýðræðislegu stjórnmalakerfi?
- 3.5 Hugmyndin um almannahag: aðalsmerki lýðræðis og einræðis
- 3.6 Kort sem sýnir félagslegan klofning og stjórnmalaflokka
- 4.1 Dæmisaga: ágreiningur í fiskveiðisamfélagi
- 4.2 Líkan sem sýnir sjálfbærnimarkmið
- 4.3 Sjálfbærnilíkanið notað í fiskveiðileiknum: hvernig „veiðum við eins mikinn fisk og mögulegt er“?
- 4.4 Hvert er kjörjafnvægið á milli endurnýjunar fiskistofna og afla?
- 5.1 Undirbúningur fyrir ráðstefnu um regluverk
- 5.2 Grundvallarspurningar við gerð regluverks
- 5.3 Regluverk borin saman
- 5.4 Starfsreglur fyrir ráðstefnuna – drög
- 5.5 Samantekt: hvað getum við lært af þessum leikjum?

- 5.6 Endurgjöf á 4. og 5. kafla
- 6.1 Stefnuferlislíkanið: stjórnmal sem ferli til að leysa þjóðfélagsvandamál
- 6.2 Stefnuferli – verkfæri til að skoða og gera sér grein fyrir pólitísku ákvarðanaferli
- 6.3 Endurgjöf á kaflann „Stjórnarfar og stjórnmal“
- 7.1 Er óréttlátt gagnvart minnihlutanum að meirihlutinn ráði? Dæmisaga
- 7.2 Hvernig stendur lýðræðið vörð um minnihlutahópa?
- 7.3 Verkefni: drög að lögum fyrir íþróttafélagið
- 7.4 Skráning hópkynninga: drög að lögum fyrir örsamfélag
- 8.1 Tillögur að umræðuefni
- 8.2 Reglur í rökræðum
- 8.3 Minnisblað fyrir ræðuliðin
- 8.4 Minnisblað fyrir fundarstjóra
- 8.5 Skráningarblað fyrir áheyrendur
- 8.6 Vinnublað fyrir fréttamenn
- 9.1 Veggfréttablað búið til – ákvarðanatoka
- 9.2 Ábendingar um gerð veggfréttablaðs
- 9.3 Ábendingar um hvernig skrifa skal góða frétt

## Dreifiblað 1.1

### Hvaða ákvarðanir gerðu mig að þeirri manneskju sem ég er í dag – og hver tók þær?

Sýna á að nota þetta blað: rifjaðu upp mikilvæggar ákvarðanir sem hafa gert þig að þeirri manneskju sem þú ert. Skrifðu þínar eigin ákvarðanir á efri hluta blaðsins og þær ákvarðanir sem aðrir tóku á neðri hlutann. Ef þú telur að einhver ákvörðun sé öðrum mikilvægari skaltu auðkenna hana.

Mínar ákvarðanir	
Ákvarðanir annarra	
Fæðing	

*Tímalína*

## Dreifiblað 1.2

### Þrjár valkostir sem móta framtíð okkar


#### 1. Hvaða valkosti færa mannréttindi okkur?

„Allir menn eiga rétt til frelsis ...“ (Mannréttindasáttmáli Evrópu (1950), 5. grein)

„Allir menn skulu eiga þess kost að vinna fyrir sér í starfi, sem þeir hafa ráðið sig til sjálfviljugir.“

(Félagsmálasáttmáli Evrópu (1996), 1. hluti, nr. 1)

„Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða ...“ (Mannréttindayfirlýsing SP (1948), 16. grein (1))



#### 2. Hvað valdi ég? Hvað völdu foreldrar mínir?

	Framtíðarkostir	Val mitt	Val móður minnar	Val föður míns
Allir þrjár	Sambúð, börn og vinna			
Tveir af þremur	Sambúð og börn			
	Sambúð og starf			
	Starf og börn			
Eitt af þremur	Sambúð			
	Starf			
	Börn			

**Dreifiblað 1.3****Forsendur mínar við val á starfi****1. Hafir þú þegar valið þér starf skaltu greina frá ástæðum þess hér:**

Starfið sem ég valdi	Helstu ástæður þess að ég valdi þetta starf	Það sem mælir gegn þessu starfi (ef eitthvað)

**2. Að taka eða hafna atvinnutilboði (líkt eftir vinnumarkaðnum)**

Atvinnutilboð	Ástæður þess að tilboði var tekið	Ástæður þess að tilboði var hafnað

**Dreifiblað 1.4****Spurningalisti: starfskynning**

*Nota má þennan spurningalista þegar undirbúningur fyrir starfskynningarverkefni hefst.*

*Lagaðu hann að þörfum þínum eða gerðu hann ítarlegri. Ætlir þú til dæmis að skrifa skýrslu sem fylgja á námsmöppunni þinni er hægt að styðjast við lykilsurningarnar við framsetningu á efninu.*

*Spurningalisti er besta verkfærið til að fá skýra og nákvæma lýsingu á starfi. Dagbók á betur við viljir þú skrá eigin reynslu og tilfinningar á vinnustað, t.d. á meðan þú ert í starfsþjálfun.*

**1. Vinnustaður**

- Hverjum vinnur þú með? Hver þarf að reiða sig á vinnu þína? Á vinnu hverra þarft þú að reiða þig?
- Er vinnustaðurinn þinn dæmigerður fyrir þetta starf/starfsgrein?
- ...

**2. Persónuleg ábyrgð og vinnuaðstæður**

- Hver er staða þín á þessum vinnustað ...?
- Hversu miklu ræður þú um það hvaða verk þú vinnur? Ef þú ræður, hvernig ferðu þá að? Ef ekki, hver segir þér þá hvaða verk þú átt að vinna?
- Gerðu grein fyrir þeirri ábyrgð sem þér hefur verið falin. Að hve miklu leyti stjórnar þú verkum þínum og tíma? (Vinnutíma, tímafjölda, fritíma, sumarfrí.)
- Hve lengi vinnurðu að meðaltali á dag/á viku? Ertu í vaktavinnu – vinnurðu á kvöldin – um helgar?
- Hve miklum tekjum get ég reiknað með í þessu starfi? Eru einhver opinber gögn til um það? (*Þetta eru vissulega mikilvægar upplýsingar fyrir þig, en margir veigra sér við að gefa upp hve mikið þeir þéna og það er alveg skiljanlegt. Þú ættir því að útskýra hvers vegna þú hefur áhuga á að fá að vita það og átta þig á hvað viðkomandi aðili er tilbúinn að upplýsa þig um.*)
- Er hægt að sinna fjölskyldulífi samhliða starfi þínu? Er hægt að vera í hlutastarfi?
- ...

**3. Starfssvið og verkefni**

- Hvert er helsta starfssvið þitt?
- Lýstu dæmigerðum vinnudegi eða vinnuviku.
- Er starf þitt sérstakt/einstakt að einhverju leyti?
- ...

**4. Starfskröfur**

- Í hverju þarf sá sem sinnir starfi þínu að vera góður og hvað skiptir minna máli?
- Krefst starf þitt einhverrar starfsmenntunar/þjálfunar?
- Þarftu að hafa tiltekna tæknikunnáttu eða færni á valdi þínu?
- Finnurðu fyrir samkeppni í starfi?
- ...



## 5. Starfsval, starfsframi

- Hvaða starfsmenntunar krefst starf þitt?
- Lýstu starfsframa þínum.
- Mundir þú ráðleggja öðrum að fara sömu braut og þú gerðir? Væri það hægt í dag?
- Hvaða hugmyndir, vonir og væntingar hafðir þú þegar þú valdir þér þetta starf?
- Hefur það staðist væntingar þínar?
- Mundir þú velja þetta starf aftur ef þú ættir þess kost?
- ...

## 6. Atvinnuhorfur

*Taka ætti spám um framtíðarhorfur í atvinnumálum með fyrirvara. En þó ætti að freista þess að kanna hvað segja má um þróun mannafla til framtíðar.*

- – Hve marga umsækjendur þarf í þetta starf núna? Er hægt að spá fyrir um þróunina?
- – Hvaða færni og kunnáttu þurfa umsækjendur að búa yfir?
- – Hvernig er aldurs- og kynjaskiptingin í þinni starfsgrein? (*Svarið við þessari spurningu getur gefið þér vísbendingar um starfsmöguleika á næstu árum.*)
- ...

## 7. Aðrar upplýsingaveitur kannaðar

– Vinnumálastofnanir á landsvísu eða innan sveitarfélaga.

– Netid.

...

## Niðurstaða

Er starfið sem ég hef verið að velta fyrir mér aðlaðandi kostur í ljósi allra þeirra upplýsinga sem ég hef aflað mér?

Hvert sem svarið er – já, nei eða veit ekki – hvað ræður ákvörðun þinni? Hafa skilyrðin sem þú hafðir að leiðarljósi í vali þínu reynst raunhæf og viðeigandi?

*Ljóst er að skemmtilegra er að geta svarað ofangreindum spurningum játandi. En jafnvel þótt svörin séu neikvæð er niðurstaðan þér mikilvæg til framtíðar. Þú losnaðir við að velja þér rangt starf þar sem hugmyndir þínar og væntingar voru haldlitlar og þú fékkst skýrari hugmyndir um hvaða forsendum þú ættir að ganga út frá við val á starfi.*

## Þakkir

Hafi einhverjir lesið yfir skýrsluna fyrir þig (venjulega er það svo) ættirðu að þakka viðkomandi fyrir það, svo og öllum sem veittu þér aðstoð við gerð hennar.

## Dreifiblað 2.1

### Hugtakið valþröng

#### Hvað er valþröng?

Valþröng skapast við aðstæður þar sem um tvennt er að velja og við verðum að taka ákvörðun. Báðir kostirnir hafa afleiðingar sem við viljum forðast eða getum ekki réttlætt af ýmsum ástæðum, sem dæmi má nefna:

- Siðferðilegar eða trúarlegar skyldur.
- Væntingar annarra (hvernig aðrir ætlast til að við hegðum okkur, t.d. sem kennari, nemandi, bróðir, vinur eða forseti).
- Lagaleg fyrirmæli (réttindi og skyldur).
- Virðingu fyrir mannréttindum.
- Fjölskyldu- og vinabönd.
- Fjárhagsástæður (þörfin fyrir að spara peninga, tækifæri til að hagnast).
- Hagkvæmnisástæður (að stuðla að eða koma í veg fyrir lausn á erfiðu vandamáli).

Við stöndum frammi fyrir valþröng þegar lífsreglur og markmið sem okkur eru mikilvæg stangast á. Valþröng kemur við sögu í daglegu lífi og einnig í stjórnmálum. Oft kemur upp valþröng þegar taka þarf pólitískar ákvarðanir; ákvarðanir sem hafa viðtækar afleiðingar. Því þarf að leysa úr valþröng með því að tilgreina forgangsatriði – stefna að einu marki, sleppa öðrum. Stundum er hægt að komast að málamiðlun.

#### Dæmisögur

##### Loforðið sem Lena gaf

Lena er átta ára gömul. Henni finnst gaman að klifra í trjám og er langduglegust við það í hverfinu sínu. Dag einn dettur hún niður úr tré en meiðir sig ekkert. Pabbi hennar sér þetta gerast og verður mjög áhyggjufullur. Hann biður Lenu að lofa sér því að hún muni aldrei aftur klifra í trjánum. Lena lofar því hátiðlega og tekur í hönd föður síns.

Seinna þennan sama dag hittir hún vini sína. Pálína, besta vinkona hennar, er alveg í vandræðum. Litli kettlingurinn hennar klifraði lengst upp í tré og þorir ekki niður aftur. Málið þolir enga bið því að kettlingurinn gæti dottið niður úr trénu. Allir krakkarnir vita að Lena er mesti klifurkötturinn svo að Pálína biður hana að bjarga kettlingnum.

En Lena er nýbúin að gefa föður sínum loforð. Hvað á hún að gera?

##### Valþröng fangans

Tveir menn, grunaðir um afbrot, hafa verið handteknir. Lögregluna skortir sannanir fyrir sakfelingu og þegar fangarnir hafa verið aðskildir ræðir hún við hvorn fyrir sig og gerir þeim sama tilboðið. Ef annar ber vitni gegn hinum hjá ákærvaldinu (svikur hinn) og hinn segir ekkert (stendur með hinum), þá verður svikaranum sleppt en vitorðsmaðurinn sem þagði fær tíu ára fangelsisdóm. Ef hvorugur segir neitt fá þeir báðir aðeins sex mánaða dóm fyrir minni háttar brot. Ef hvor um sig svikur hinn fá báðir fimm ára fangelsisdóm. Hvor um sig verður annaðhvort að svíkja félagan sinn eða neita að tjá sig. Báðum er lofað því að hinn fá ekkert að vita um svikin fyrr en að rannsókn lokinni. Hvað ættu fangarnir að gera?

(Heimild: [http://en.wikipedia.org/wiki/Prisoner's\\_dilemma](http://en.wikipedia.org/wiki/Prisoner's_dilemma))

## Dreifiblað 2.2

### 2.2 Verkfæri til að greina og leysa valþröng

Þetta er ekki gátlisti heldur verkfæri. Spurningarnar eiga ekki við í öllum tilvikum, þannig að velja ætti þær sem eiga best við. Betra er að velja fáeinum spurningum vandlega fyrir sér en að fara í gegnum allan listann.

#### 1. Safnaðu upplýsingum.

- Hverjir eiga hlut að máli?
- Hvað vilja þeir? (Hver eru réttindi þeirra, þarfir, markmið eða hagsmunir?)
- Hvaða hlutverki gegnir fólk?
- Hvert er vandamálið?
- Hvað hefur þetta mál með mig að gera?
- Hvað segir löggjöfin? (Þarf ég að hlíta einhverjum lögum eða reglum?)
- Hvað vitum við ekki – hvað skiljum við ekki?
- Hve mikil vinna er að leita uppi þær upplýsingar sem skortir?
- ...

#### 2. Íhugaðu afleiðingarnar.

- Hvaða kostir eru í stöðunni?
- Hvaða áhrif hefði hver þessara kosta og fyrir hvern? (Aðra sem eiga beinan hlut að máli, annað fólk sem nú er á lífi eða ófætt, hér eða annars staðar.)
- ...

#### 3. Tilgreindu forgangsaatriðin.

- Hvaða atriði tel ég mikilvægast að hafa í huga þegar ég tek ákvörðun, til dæmis:
- Að hve miklu leyti geri ég mér grein fyrir afleiðingum þeirrar ákvörðunar sem ég tek?
- Hvaða siðferðilegu eða trúarlegu lífsskoðanir eru mér mikilvægar?
- Hvað er löglegt – hvað er ólöglegt?
- Hvers get ég vænt af öðrum – og öfugt? (Myndi ég sætta mig við þessa ákvörðun ef ég væri í þeirra sporum?)
- Hvað virkar best? (Að leysa vandamálið, fjárhagsleg sjónarmið.)
- Hver eru æskileg eða óæskileg langtímaáhrif eða hliðarverkanir?
- Er ákvörðun mín óafturkræf eða get ég breytt henni síðar?
- ...

#### 4. Taktu ákvörðun.

- Verð ég að velja eitt markmið og hunsa annað?
- Er hægt að komast að málamiðlun?
- Hvað segir innsæið mér við þessar kringumstæður? Hvaða ákvörðun er mér mest að skapi?
- ...

**Dreifiblað 2.3****Hvaða ákvörðun mundir þú taka? Dæmisögur um valþröng****1. Þetta er ekki mitt rusl**

Slæm umgengni hefur verið mikið vandamál í skólanum. Málið hefur verið rætt og í nokkrum stofum hafa reglur verið skrifaðar á stórt spjald og undirritaðar – við viljum að skólinn okkar sé snyrtilegur og góður staður og við ætlum að henda öllu rusli í ruslaföturnar á svæðinu. Þú hefur tekið þetta mál mjög alvarlega því að þú sættir þig ekki við rusl og drasl annarra.

Í hádeginu gengur þú fram á hrúgu af bréfpokum, ávaxtahýði og jafnvel pitsuafgöngum á skólalóðinni – og rétt hjá stendur tóm ruslafata. Það er fullt af krökkum allt í kring en þú veist ekki hvort þau eigi sök á þessu. Hvað gerir þú? Tínir upp ruslið – eða lætur það vera?

**2. Besti vinur minn – fíkniefnasali**

Besti vinur þinn er grunaður um að hafa verið að selja fíkniefni á skólalóðinni. Þú veist að grunurinn á við rök að styðjast. Skólastjórinn er alveg miður sín yfir þessu því að hann vill gæta nemenda sinna, einkum þeirra yngstu. Auk þess vill hann ekki að þetta rati í fjölmiðla. Hann veit að þið eruð vinir svo að hann kallar þig inn á skrifstofuna sína.

Ef þú segir honum allt sem þú veist verður vinur þinn rekinn úr skólanum og þarf jafnvel að koma fyrir rétt. Ef þú berð ekki vitni í málinu brýtur þú lögin og getur sjálfur lent í vandræðum. Þessar aðstæður bjóða ekki upp á neina málamiðlun. Annaðhvort segir þú kennaranum allt sem þú veist eða þú sleppir því.

Staðan verður jafnvel enn flóknari vegna þess að þú veist ekki hvað vinur þinn gerir. Mun hann þegja þunnu hljóði? Eða játar hann kannski ef það mildar dóminn?

**3. Vinkona mín þarf að ná rútunni**

Klukkan er sex á köldum vetrarmorgni. Þú fékkst ökuréttindi fyrir þremur mánuðum og ert ekki vanur bílstjóri. Núna ertu að keyra vinkonu þína á umferðarmiðstöðina. Þú þurftir að skafa ís af bílrúðunum áður en þú lagðir af stað og stoppa síðan á bensínstöð til að fylla bílinn.

Nú ertu að verða of seinn. Það eru þrír kílómetrar á leiðarenda, vinkona þín þarf að ná rútunni eftir tíu mínútur og hún á eftir að kaupa sér farmiða.

Leyfður hámarkshraði er 50 km/klst. eins og annars staðar í bænum. Það er enga umferð að sjá svo langt sem augað eygir. „Svona, gefðu aðeins í,“ segir vinkona þín í skipunartón. Hvað gerir þú?

**4. Hvaða banana á ég að kaupa?**

Þig langar til að kaupa ávexti í matvörubúðinni. Tvær tegundir af banönum eru til sölu; báðar virðast góðar – bananarnir eru þroskaðir og finir. Önnur tegundin er aðeins ódýrari en hin. Sú dýrari er með merki fyrir „sanngjörn viðskipti“ (Fair Trade) og í upplýsingatexta sérðu að tiltekinn hluti þess sem þú borgar rennur beint til smábænda úti í heimi. Þeir þurfa fjármuni til að stækka bananaekrunar sínar – mjög hóflega upphæð á okkar mælikvarða. Hvora tegundina kaupir þú?

**Dreifiblað 2.4****Skráningarblað í umræðum um valþröng  
(Tengist dreifiblaði 2.3)**

Dæmisaga nr. 1: Þetta er ekki mitt rusl	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður
Að setja ruslið í ruslafötuna <i>eða</i> Láta ruslið eiga sig þar sem það er <i>eða</i> ...?	
Dæmisaga nr. 2: Besti vinur minn – fikniefnasali	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður
Að segja skólastjóranum það sem ég veit <i>eða</i> Þegja þunnu hljóði <i>eða</i> ...?	
Dæmisaga nr. 3: Vinkona mín þarf að ná rútunni	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður
Að aka áfram á löglegum hraða <i>eða</i> Aka hraðar <i>eða</i> ...?	

Dæmisaga nr. 4: Hvaða banana á ég að kaupa?	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður
Að kaupa ódýrari tegundina <i>eða</i> Kaupa dýrari tegundina <i>eða</i> ...?	
<i>(annað mál)</i>	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður
<i>(annað mál)</i>	
Valkostir	Ákvörðun og ástæður

## Dreifiblað 2.5

### Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (10. desember 1948)

#### Inngangsorð

Þar sem viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum,

þar sem mannréttindi hafa verið vanvirt og smánuð hefur það leitt til siðlausra óhæfuverka, sem ofboðið hafa samvisku mannkynsins, og þar sem því hefur verið yfir lýst sem æðsta markmiði mannsins að lifa í heimi þar sem allir fái notið tjáningar- og trúfrelsis, séu óttalausir og þurfi ekki að líða skort,

þar sem brýnt er að vernda mannréttindi með lögum svo eigi verði gripið til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn harðstjórn og kúgun,

þar sem brýnt er að efla vinsamleg samskipti þjóða,

þar sem trú á grundvallarmannréttindi, göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla hefur verið staðfest í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og þar sem samtökin hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og betri lífskjörum við aukið frelsi,

þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa heitið því að efla, sjálf og í samvinnu við samtökin, almenna virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi í orði og verki,

þar sem sameiginlegur skilningur á réttindum þessum og frelsi er forsenda þess að slík fyrirheit verði að veruleika,

kunngjörir

#### allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna

mannréttindayfirlýsingu þessa sem sameiginlegt markmið allra þjóða og ríkja með það fyrir augum að sérhver einstaklingur og allar stofnanir samfélagsins hafi yfirlýsinguna ávallt í huga og kappkosti, með fræðslu og menntun, að stuðla að virðingu fyrir réttindum þessum og frelsi með framsæknum aðgerðum, heima fyrir og á alþjóðavettvangi, svo að tryggja megí um heim allan að ákvæði yfirlýsingarinnar séu viðurkennd og þeim sé framfylgt í raun, bæði meðal þjóða aðildarríkjanna sjálfra og þjóða á yfirráðasvæðum þeirra.

#### 1. grein

Allir eru bornir frjálssir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.

#### 2. grein

Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ættarnis eða annarra aðstæðna.

Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.

### 3. grein

Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.

### 4. grein

Engum skal haldið í þrældómi eða þrælkun. Hvers konar þrældómur og þrælaverslun skulu bönnuð.

### 5. grein

Enginn skal sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

### 6. grein

Allir eiga rétt á viðurkenningu að lögum, hvar í heimi sem er.

### 7. grein

Allir skulu jafnir fyrir lögunum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra, án nokkurrar mismununar. Ber öllum jafn réttur til verndar gegn hvers konar mismunun, sem í bága brýtur við yfirlýsingu þessa, svo og gagnvart hvers konar áeggjan til slíkrar mismununar.

### 8. grein

Hver sá sem sætir meðferð, sem brýtur í bága við grundvallarréttindi þau sem tryggð eru í stjórnarskrá eða lögum, skal eiga rétt á raunhæfu úrræði fyrir lögbærum dómstólum landsins.

### 9. grein

Enginn skal að geðþótta handtekinn, sviptur frelsi eða gerður útlægur.

### 10. grein

Allir skulu jafnir fyrir dómstólum og njóta réttlátrar, opinberrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óhlutdrægum dómi, þegar skorið er úr um réttindi þeirra og skyldur eða sök sem þeir eru bornir um refsivert brot.

### 11. grein

1. Hvern þann sem borinn er sökum fyrir refsivert brot skal telja saklausan uns sekt er sönnuð að lögum í opnu réttarhaldi, enda hafi verið tryggð öll nauðsynleg úrræði til að halda uppi vörnum.
2. Engan skal telja sekan um refsivert brot vegna athafnar eða athafnaleyfis, sem var refsilaust að landslögum eða þjóðarétti þegar athöfnin eða athafnaleyfið átti sér stað. Eigi má heldur dæma neinn til þyngri refsingar en lög þá leyfðu.



## 12. grein

Eigi má að geðþótta raska einkalífi, fjölskyldulífi, heimili eða bréfaskriftum nokkurs einstaklings, né heldur ráðast á æru hans eða mannorð. Ber öllum lagavernd gagnvart slíkum afskiptum eða árásum.

## 13. grein

1. Allir skulu frjálssir ferða sinna og dvalar innan landamæra hvers ríkis.
2. Allir skulu hafa rétt til að fara af landi burt, hvort sem er af sínu landi eða öðru, og eiga afturkvæmt til heimalands síns.

## 14. grein

1. Allir hafa rétt til að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum.
2. Enginn má þó skírskota til slíkra réttinda, sé sá lögsóttur með réttu fyrir ópólitísk afbrot eða háttsemi er brýtur í bága við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

## 15. grein

1. Allir hafa rétt til ríkisfangs.
2. Engan má að geðþótta svipta ríkisfangi eða rétti til þess að skipta um ríkisfang.

## 16. grein

1. Fulltíða konur og karlar hafa rétt til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, án tillits til kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Þau skulu njóta jafnréttis við stofnun og slit hjúskapar, svo og í hjónabandinu.
2. Til hjúskapar skal ekki stofnað nema með frjálssu og fullu samþykki hjónaefna.
3. Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining samfélagsins og ber samfélagi og ríki að vernda hana.

## 17. grein

1. Öllum skal heimilt að eiga eignir, einum sér eða í félagi við aðra.
2. Enginn skal að geðþótta sviptur eign sinni.

## 18. grein

Allir skulu frjálssir hugsana sinna, samvisku og trúar. Felur sá réttur í sér frelsi til að skipta um trú eða sannfæringu, og enn fremur frelsi til að rækja trú sína eða sannfæringu einslega eða með öðrum, opinberlega eða í einrúmi, með boðun, breytni, tilbeiðslu, og helgihaldi.

## 19. grein

Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.

## 20. grein

1. Allir hafa rétt til að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum.
2. Engan má skylda til að vera í félagi.

## 21. grein

1. Allir hafa rétt til að taka þátt í stjórn lands síns, beint eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum.
2. Allir eiga jafnan rétt til þess að gegna opinberum störfum í landi sínu.
3. Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum, enda sé kosningaréttur jafn og leynileg atkvæðagreiðsla viðhöfð eða jafngildi hennar.

## 22. grein

Allir þjóðfélagsþegnar skulu, fyrir atbeina hins opinbera eða á grundvelli alþjóðasamstarfs og í samræmi við skipulag og bjargráð hvers ríkis, eiga rétt á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu réttindum sem eru nauðsynleg til þess að virðing þeirra og þroski fái notið sín.

## 23. grein

1. Allir hafa rétt til atvinnu að frjálsum vali, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða og til verndar gegn atvinnuleysi.
2. Allir skulu, án nokkurrar mismununar, eiga rétt á sömu launum fyrir sömu störf.
3. Allir, sem vinnu stunda, skulu bera úr bótum sanngjarnt og hagstætt endurgjald er tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi lífskjör. Þeim ber og önnur félagsleg vernd, ef þörf krefur.
4. Allir hafa rétt til að stofna stéttarfélög og ganga í þau til verndar hagsmunum sínum.

## 24. grein

Allir hafa rétt til hvíldar og tómstunda og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof á launum.

## 25. grein

1. Allir eiga rétt á lífskjörum sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan þeirra sjálfra og fjölskyldu þeirra. Telst þar til fæði, klæði, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagsleg þjónusta, svo og réttur til öryggis vegna atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, fyrirvinnumissis, elli eða annars sem skorti veldur og menn geta ekki við gert.

2. Mæðrum og börnum ber sérstök vernd og aðstoð. Öll börn, hvort sem þau eru fædd innan eða utan hjónabands, skulu njóta sömu félagslegu verndar.

## 26. grein

1. Allir eiga rétt til menntunar. Skal hún veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum. Grunnskólamenntun skal vera skylda. Starfsmenntun og sérmenntun skal standa öllum til boða og háskólamenntun vera öllum jafnfrjáls á hæfnisgrundvelli.
2. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar.
3. Foreldrar skulu öðrum fremur ráða hvernig menntun barn þeirra skuli njóta.

## 27. grein

1. Öllum ber réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi samfélagsins, njóta lista, eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi ábata er af þeim leiðir.
2. Allir skulu njóta verndar þeirra hagsmuna, í andlegum og efnalegum skilningi, er leiðir af vísindaverki, ritverki eða listaverki sem þeir eru höfundar að.

## 28. grein

Allir hafa rétt til þess samfélags- og alþjóðaskipulags er hrindi að fullu í framkvæmd þeim réttindum og því frelsi sem í yfirlýsingu þessari eru upp talin.

## 29. grein

1. Allir hafa skyldur við samfélagið, enda getur það eitt tryggt fullan og frjálsan persónuþroska einstaklingsins.
2. Við beitingu réttinda sinna og frelsis skulu allir háðir þeim takmörkunum einum sem settar eru með lögum í því skyni að tryggja viðurkenningu á og virðingu fyrir réttindum og frelsi annarra og til þess að fullnægja réttlátum kröfum um siðgæði, almannareglu og velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.
3. Réttindum þessum og frelsi má aldrei beita þannig að í bága fari við markmið og grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna.

## 30. grein

Ekkert í yfirlýsingu þessari má túlka á þann veg að nokkru ríki, hópi eða einstaklingi sé heimilt að aðhafast nokkuð það er stefni að því að gera að engu einhver þau réttindi eða frelsi sem hér hafa verið upp talin.

[www.un.org/en/documents/udhr](http://www.un.org/en/documents/udhr)

[www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/](http://www.humanrights.is/log-og-samningar/mannrettindasamningar/sameinudu-tjodirnar/Undirflokkur/)

## Dreifiblað 2.6

### 2.6 Samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttinasáttmáli Evrópu), ásamt breytingum í samningsviðauka nr. 11, nr. 1, 4, 6 (útdrættir)

Róm, 4. nóvember 1950

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu, hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. desember 1948;

hafa í huga að yfirlýsing þessi hefur það markmið að tryggja almenna og raunhæfa viðurkenningu og vernd þeirra réttinda sem þar er lýst;

hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á nánari einingu aðildarríkjanna og að ein af leiðunum að því marki er sú, að mannréttindi og mannfrelsi séu í heiðri höfð og eflð;

lýsa á ný eindreginni trú sinni á það mannfrelsi sem er undirstaða réttlætis og friðar í heiminum og best er tryggt, annars vegar með virku, lýðræðislegu stjórnaritari og, hins vegar, almennum skilningi og varðveislu þeirra mannréttinda, sem eru grundvöllur frelsisins;

eru staðráðnar í því að stíga fyrstu skrefin að því marki að tryggja sameiginlega nokkur þeirra réttinda, sem greind eru í hinn almennu mannréttindayfirlýsingu, enda eru þær stjórnir Evrópuríkja, sem sama sinnis eru og eiga sameiginlega arfleifð stjórn málahefða, hugsjóna, frelsis og réttarríkis, hafa orðið ásáttar um það sem hér fer á eftir:

#### 1. grein – Skylda til að virða mannréttindi

Samningsaðilar skulu tryggja hverjum þeim, sem innan yfirráðasvæðis þeirra dvelst, réttindi þau og frelsi sem skilgreind eru í I. kafla þessa samnings.

#### I. kafla – Réttindi og frelsi

##### 2. grein – Réttur til lífs

1. Réttur hvers manns til lífs skal verndaður með lögum. Engan mann skal af ásettu ráði svipta lífi, nema sök sé sönnuð og fullnægja skuli refsíðami á hendur honum fyrir glæp sem dauðarefsingu varðar að lögum.
2. Þótt mannsbani hljótist af valdbeitingu skal það ekki talið brjóta í bága við þessa grein ef valdbeitingin er ekki meiri en ýtrasta nauðsyn krefur:
  - a. til að verja menn gegn ólögumætu ofbeldi;
  - b. til að framkvæma lögmæta handtöku eða til að koma í veg fyrir flótta manns sem er í lögmætri gæslu;
  - c. vegna löglegra aðgerða sem miða að því að bæla niður uppþot eða uppreisn.

##### 3. grein – Bann við pyndingum

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

##### 4. grein – Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.

2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.
3. Þvingunar- eða nauðungarvinna í merkingu þessarar greinar skal eigi taka til:
  - a. vinnu sem krafist er í samræmi við almennar reglur um tilhögun gæslu sem kveðið er á um í 5. gr. samnings þessa eða meðan á skilyrtri lausn úr slíkri gæslu stendur;
  - b. herþjónustu eða þjónustu sem krafist er í hennar stað af mönnum sem synja herþjónustu samvisku sinnar vegna og búa við lög sem heimila slíka synjun;
  - c. þjónustu vegna hættu- eða neyðarástands sem ógnar lífi eða velferð almennings;
  - d. vinnu eða þjónustu sem er þáttur í venjulegum borgaraskyldum.

## 5. grein – Réttur til frelsis og mannhelgi

1. Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi. Engan mann skal svipta frelsi nema í eftirfarandi tilvikum og þá í samræmi við þá málsmeðferð sem segir í lögum. Tilvikin eru:
  - a. lögleg gæsla manns sem dæmdur hefur verið sekur af þar til bærum dómstóli;
  - b. lögleg handtaka eða gæsla manns fyrir að óhlýðnast lögmætri skipun dómstóls eða til að tryggja efndir lögmæltrar skyldu;
  - c. lögleg handtaka eða gæsla manns sem efnt er til í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds, enda hvíli á honum rökstuddur grunur um afbrot eða með rökum sé talið nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot eða komist undan að svo búnu;
  - d. gæsla ósjálfráða manns samkvæmt löglegum úrskurði vegna eftirlits með uppeldi hans eða lögmætrar gæslu í því skyni að færa hann fyrir réttan handhafa opinbers valds;
  - e. lögleg gæsla manns til að koma í veg fyrir að smitandi sjúkdómur breiðist út eða manns sem er andlega vanheill, áfengissjúklingur, eiturlyfjasjúklingur eða umrenningur;
  - f. lögleg handtaka eða gæsla manns til að koma í veg fyrir að hann komist ólöglega inn í land eða gæsla manns sem vísa á úr landi eða framselja.
2. Hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um sakir þær sem hann er borinn.
3. Hvern þann mann, sem tekinn er höndum eða settur í varðhald skv. c-lið 1. tölul. þessarar greinar, skal án tafar færa fyrir dómara eða annan embættismann sem að lögum hefur heimild til að fara með dómsvald, og skal hann eiga kröfu til að mál hans verði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma eða hann verði látinn laus þar til dómsmeðferð hefst. Gera má það að skilyrði fyrir lausn manns úr gæslu að trygging sé sett fyrir því að hann komi fyrir dóm.
4. Hverjum þeim sem handtekinn er eða settur í gæslu skal rétt að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmet reynist.
5. Hver sá sem tekinn hefur verið höndum eða settur í gæslu gagnstætt ákvæðum þessarar greinar skal eiga bótarétt sem unnt sé að koma fram.

## 6. grein – Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila

eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelda framgang réttvísinnar.

2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.
3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal eigi njóta minni réttar en hér greinir:
  - a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
  - b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
  - c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.
  - d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
  - e. Hann fái ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

## 7. grein – Engin refsing án laga

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleyssi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.
2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleyssi, refsiverð samkvæmt almennum ákvæðum laga, viðurkenndum af siðmenntuðum þjóðum þá framin voru.

## 8. grein – Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.
2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

## 9. grein – Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

1. Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.
2. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaheilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi.

## 10. grein – Tjáningarfrelsi

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda.

Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

## 11. grein – Funda- og félagafrelsi

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.
2. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

## 12. grein – Réttur til að stofna til hjúskapar

Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.

## 13. grein – Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.

## 14. grein – Bann við mismunun

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

...

## Samningsviðauki nr. 1 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis

París, 20. mars 1952

...

### 1. grein – Friðhelgi eignarréttar

Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynleg til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í

samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.

## **2. grein – Réttur til menntunar**

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

## **3. grein – Réttur til frjálsra kosninga**

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður er tryggt það að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til löggjafarþings.

...

## **Samningsviðauki nr. 4 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis**

Strassborg, 16. september 1963

...

## **2. grein – Ferðafrelsi**

1. Allir þeir sem á löglegan hátt eru staddir á landi einhvers ríkis skulu frjálsir ferða og dvalarstaðar þar í landi.
2. Öllum ber réttur til brottfarar úr landi, einnig úr eigin landi.
3. Eigi má leggja nokkrar hömlur á vernd slíkra réttinda, umfram það sem lög standa til og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, í þágu allsherjarreglu, til að firra glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.
4. Réttindi þau, er greinir í 1. mgr., geta á tilteknum landsvæðum sætt takmörkunum, svo fremi að þeim sé beitt að lögum og séu réttlætanager vegna almennra hagsmuna í lýðræðislegu þjóðfélagi.

## **3. grein – Bann við brottvísun eigin borgara**

1. Eigi má vísa nokkrum manni úr landi þess ríkis sem hann er þegn í, hvort heldur sem einstaklingi eða samkvæmt ráðstöfun sem beinist gegn hópi manna.
2. Eigi má banna nokkrum manni að koma til þess ríkis sem hann er þegn í.

## **4. grein – Bann við hópbrottvísun útlendinga**

Bannað er að gera hópa útlendinga landræka.

...



## Samningsviðauki nr. 6 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis

Strassborg, 28. apríl 1983

...

### 1. grein – Afnáð dauðarefsingar

Dauðarefsing skal afnumin. Engan skal dæma til slíkrar refsingar eða lífláta.

...

Heimild: [www.echr.coe.int/echr/Homepage\\_EN](http://www.echr.coe.int/echr/Homepage_EN)

*Þetta er vefsíða Evrópudómstólsins. Þýðingar á Mannréttindasáttmála Evrópu á tungumál aðildarlanda eru fáanlegar á pdf-formi. This is the website of the European Court of Human Rights. Translations of the European Convention on European Rights into the languages of the member states are available in PDF format. Íslensk þýðing er á slóðinni <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994062.html>*

### Dreifiblað 3.1

#### Áætlun fyrir 3. kafla, „Fjölbreytileiki og fjölhyggja“

	Dagskrá: málamiðlunarumræður um sameiginlega skilgreiningu á almannahag	Tímaáætlun (mínútur)
1. kennslustund	Ýmsar einstaklingsbundnar skoðanir: nemendur skilgreina pólitísk forgangsmál sín	
	1. Nemendur skilgreina pólitísk markmið.	25 mín.
	2. Nemendur brjóta ákvarðanir sínar til mergjar.	15 mín.
2. kennslustund	Fjölhyggja: nemendur stofna flokka til að ná fram markmiðum sínum	
	1. Nemendur skilgreina stefnuskrá sína.	15 mín.
	2. Kynningarfundur: flokkarnir kynna stefnu sína.	10 mín.
	3. Innlegg kennara: hugmyndin um almannahag.	5 mín.
	4. Nemendur ræða saman um samningaaðferðir sínar.	10 mín.
3. kennslustund	Samningaviðræður: getum við (meirihlutinn) orðið sammála um pólitískt markmið (almannahag)?	
	1. Nemendur skilgreina markmið sín.	10 mín.
	2. Hringborðsumræður nemenda.	30 mín.
4. kennslustund	Vangaveltur um kaflann	
	1. Nemendur íhuga það sem þeir hafa lært.	20 mín.
	2. Lokaumræður.	15 mín.
	3. Endurgjöf nemenda.	5 mín.

**Dreifiblað 3.2****Lýðræðisþátttaka – grundvallarreglur****Lýðræðisþátttaka felst í því að koma sér saman um almannahag**

Í lýðræðisríkjum geta allir – einstaklingar sem hópar fólks – verið þátttakendur og komið hagsmunum sínum og hugmyndum á framfæri. Ekki er víst að lokaniðurstaðan samræmist algjörlega markmiðum okkar en ef við tökum ekki þátt mun enginn láta sig varða um hagsmuni okkar.

Í lýðræðisríkjum eru ákvarðanir teknar og lausnir fundnar þrátt fyrir ágreining og hagsmunarárekstra. Komist er að samkomulagi með málamiðlun sem allir aðilar, eða meirihlutinn, geta sætt sig við. Líta má á slíka ákvörðun, að svo stöddu, sem skilgreiningu á því hvað felst í almannahag.

Með ágreiningi og pólitískri samkeppni fer ákveðin barátta af stað. Það er því afar mikilvægt að allir viðkomandi aðilar á hinu pólitíska sviði komi sér saman um regluverk sem byggist á þeirri grundvallarreglu að gæta skuli gagnkvæmrar virðingar.

**Grundvallarreglur varðandi samningaviðræður og ágreining í lýðræðisríki****1. Skýr skilaboð og gagnkvæm virðing:**

„Ég er ósammála því sem þú segir, en ég mun fram í rauðan dauðann verja rétt þinn til þess að halda skoðun þinni fram.“

Voltaire (1694–1778)

Í þessu felst að þú kemur fram við einstaklinga með aðrar skoðanir og sjónarmið en þú sjálfur sem andstæðinga en ekki sem óvini. Þú ert ekki að berjast heldur keppir þú að einhverju, líkt og um íþróttir væri að ræða.

**2. Allir eiga að njóta mannréttinda**

Mannréttindi kveða á um að ofbeldi skuli ekki beitt. Pólitísk samkeppni fer fram munnlega; með rökræðum, hugmyndum, persónutöfrum og orðheppni.

**3. Vilji til að komast að málamiðlun**

☺ ☺ Reyndu að finna lausnir sem báðir aðilar geta sætt sig við.

☹ ☹ Gangi það ekki skaltu gæta þess að báðir aðilar geti verið sammála um einhver atriði.

☺ ☹ Forðast skal aðstæður þar sem annar stendur uppi sem sigurvegari en hinn fer halloka.

**4. Góð ráð**

Vertu með skýra hugmynd um hvert markmið þitt er. Þeir sem vita hvað þeir vilja standa af þeirri einföldu ástæðu oft uppi sem sigurvegarar.

Reyndu að setja þig inn í sjónarmið annarra. Leggðu áherslu á þau atriði sem þú getur verið sammála fremur en þau sem þú ert ósammála – leitaðu eftir sameiginlegum hagsmunum og hugðar-efnum og einbeittu þér að þeim. En taktu skýrt fram hvaða atriði eru þér mikilvæg. Ekki samþykkja neinar tillögur sem þér finnst ósanngjarnar eða gagnslitlar og ekki bera slíkar tillögur upp.

Reyndu að einbeita þér að atriðum sem leyfa málamiðlanir, þ.e.a.s. öllu því sem hægt er að vege og meta með tölum – svo sem skiptingu gæða, fjármuna, landsvæða eða tíma. Forðast ber deilur um sameiginlega sjálfsmynd hópa, s.s. litarhátt, þjóðernisuppruna o.s.frv.

## Dreifiblað 3.3

### Stofnun stjórnmalaflokks

#### 1. Dagskrártillaga

1. Veljið fundarstjóra, talsmann, tímavörð og tvo ritara (sjá hlutverkalýsingu hér að neðan).
2. Dagskrártillaga samþykkt – með eða án breytinga (meirihlutaatkvæði).
3. Hvað eigum við sameiginlegt?
  - Hvert er helsta forgangsmál mitt? Yfirlýsing frá hverjum og einum, án umræðna.
4. Stefnuskrá flokksins:
  - Hverjar eru pólitískar skoðanir okkar? Viljum við innleiða eitt af fjórum grundvallarsjónarmiðunum? Eða erum við einhvers staðar mitt á milli? Eða verðum við að setja fram nýtt sjónarmið?
  - Hver eru helstu hugðarefni okkar? Berum við til dæmis einhverja tiltekna hópa sérstaklega fyrir brjósti? Eða tökum við fyrir eitthvert meginvandamál eða -málefni? Á hvaða stigi beitum við okkur – innan sveitarfélaga, á landsvísi, innan Evrópu eða á heimsvísu?
  - Hvað á flokkurinn að heita? Hvaða nafn hæfir stefnuskránni best? (Setjið nafnið á borðið sem þið sitjið við eða á vegginn bak við ykkur.)
5. Markmið: hvert er helsta forgangsmál okkar? Höfum við önnur markmið?
6. Áætlun: hvernig öflum við okkur stuðnings?
  - Hverjir hafa sömu markmið og við – hverjir hafa sömu framtíðarsýn?
  - Um hvað erum við tilbúin að semja? Hvað ætlum við að „setja á oddinn“?

#### 2. Hlutverkalýsing

##### Fundarstjóri

Í lýðræðisríki verða samtök á borð við stjórnmalaflokka að starfa eins og lýðræðislegt örsamfélag (sjá ~~3~~ dreifiblað 3.1). Verkefni þitt er að sjá til þess að starfshættir og mannréttindi séu virt meðan á fundi stendur, til dæmis að allir fái tækifæri til að tjá skoðun sína.

Dagskrá fundarins er í þínum höndum. Ef umræðurnar verða of flóknar vegna þess að of mörg málefni eru til umræðu samtímis átt þú að vekja athygli hópsins á því og leggja til hvaða mál skuli fjallað um fyrst.

## Talsmaður og ritarar

Þið eruð „almannatenglarnir“ sem berið ábyrgð á að „varan“ sé skynsamleg og „seljist“ vel – heiti flokksins eða yfirlýsingu um eitt eða fleiri markmið. Mun annað fólk eiga auðvelt með að skilja ykkur? Mun framkoma ykkar höfða til þess?

Þið eigið að kynna flokkinn á kynningarfundum sem sviðsettur er í 3. kennslustund. Reynið að höfða til þeirra nemenda sem enn hafa ekki gengið í neinn flokk og reynið að fá félagsmenn annarra flokka á ykkar band, einkum þá sem eru með svipuð viðhorf og þið. Kennarinn segir ykkur hve langan tíma þið fáii til ráðstöfunar.

Hópurinn ætti að velta fyrir sér hvernig ritarnir, og jafnvel allir flokksfélagar, geti unnið betur að kynningarmálum, t.d. með því að útbúa dreifibréf eða veggspjöld. Spyrjið kennarann hvaða efni sé fánlegt eða útvegið það sjálf.


## Tímavörður

Fundarstjórinn gæti „lýðræðis“; þú einbeitir þér að „skilvirkni“. Hlutverk þitt er að fylgjast með hve mikinn tíma hópurinn þinn notar á fundinum og gæta þess að hann falli ekki á tíma.

Ábendingar: leggðu til að settur verði upp tímarammi fyrir dagskrána áður en þið byrjið. Gríptu inn í ef hópurinn þinn er að falla á tíma og komdu með tillögu um hvernig breyta megi áætluninni. Það er hópurinn sem ákveður hvað gera skal en þú kemur með valmöguleikana.

**Dreifiblað 3.4**

**Hvernig er fjallað um fjölbreytileika og fjölhyggju í lýðræðislegu stjórnmálakerfi?**



1. kennslust.

Einstaklingar láta í ljós afar mismunandi markmið og hagsmuni.

2. kennslust.

Málamiðlun hagsmunahópa með fulltrúastjórn (flokkar, þrýstihópar eða fjáls félagasamtök) eða beinu lýðræði (allsherjaratkvæðagreiðsla).

3. kennslust.

Niðurstaðan er pólitísk ákvörðun sem hefur áhrif á þegna samfélagsins. Viðbrögð þeirra leiða til nýrra tillagna.



### Dreifiblað 3.5

#### Hugmyndin um almannahag: aðalsmerki lýðræðis og einræðis


*La multitude qui ne se réduit pas à l'unité est confusion;  
l'unité qui ne dépend pas de la multitude est tyrannie.*

[Fjölbreytileiki sem ekki næst samstaða um er glundroði;  
samstaða sem hunsar fjölbreytileika er kúgun.]

Blaise Pascal (1623–1662)

Samningaviðræður um almannahag í fjölhyggjulyðræði	Ákvörðun um almannahag í einræði
	
<p>Í fjölhyggjulyðræði er rökrætt og komist að samkomulagi um almannahag. Enginn veit fyrir fram hver niðurstaðan verður (AB?). Happa- og glappaaðferðinni er oft beitt, þannig að stundum þarf að leiðrétta ákvarðanir. Stjórnmaal eru ferli þar sem allir draga lærdóm af ágreiningi og umræðum; að lokum verður að taka ákvörðun.</p>	<p>D1: hægt er að skilgreina almannahag á hlutlausan hátt út frá „guðlegu“ innsæi eða vísinda rannsóknum (t.d. marxisma-lenínisma). Einungis valdhafar eru færir um það (D2!). Almannahagur réttlætir allar aðferðir, þar á meðal valdbeitingu, til að brjóta niður mótstöðu og óvild (X). Þeir sem gagnrýna „D1“ og „D2!“ eru úthrópaðir sem óvinir.</p>
<p>Í fjölhyggjulyðræði eru markmið, hagsmunir og gildi hópa af ýmsum toga (markmið A og B). Allir færa þeir rök fyrir markmiðum sínum (a1, a2, b1, b2) og reyna að hafa áhrif á lokaniðurstöðuna sér í hag. (AAB? – BBA?) Fjölhyggja leiðir til samkeppni og ágreinings. Frjáls fjölmiðlun vekur líflegar umræður.</p>	<p>Í einræðisríkjum er þaggað niður í þeim hópum og einstaklingum sem benda á aðrar leiðir en stjórnvöld fara eða láta í ljós gagnrýni (X-merki). Aðeins stuðningsmenn stjórnvalda fá að taka þátt í samfélaginu. Fjölmiðlar eru ritskoðaðir. Stjórnvöld ákveða hvaða vandamál, hagsmunir eða markmið eru sett á dagskrá.</p>
<p>Litið er á ágreining sem nauðsyn og til þess fallinn að ná samkomulagi og komast að mála miðlun. Endurskoða má ákvarðanir á gagnrýninn hátt.</p>	<p>Samþykki er knúið fram og skilgreint fyrir fram af stjórnvaldi. Ágreiningur er talinn vera neikvæður og hættulegur þar sem erfitt er að hafa stjórn á honum.</p>

### Dreifiblað 3.6 Kort sem sýnir félagslegan klofning og stjórnáflökka



Í öllum samfélögum eru nokkur rót-gróin ágreiningsmál sem kallast **klofningsmál**.

Klofningur er milli vinstri og hægrri í öllum þeim ríkjum sem byggð eru á kapitalisku friverslunarkerfi. Þessi klofningur á rætur að rekja til iðnbyltingarinnar á 19. öld.


Styttra er síðan tvö önnur atriði sem valda klofningi komu til sögunnar.

Klofningur vegna umhverfismála andspænis auknum hagvexti komst á dagskrá á áttunda áratug síðustu aldar.

Klofningur vegna „voldugs ríkis“ andspænis borgaralegum réttindum kom aftur upp í baráttunni gegn hryðjuverkum eftir 11. september 2001.

Stjórnáflökka varpa ljósi á þessi klofningsmál. Þeir standa vörð um hagsmunahópa og setja tiltekin klofningsmál í forgang.

Í öllum samfélögum er klofningur af einhverju tagi. Því meiri sem klofningurinn er í samfélaginu, þeim mun erfiðara er að stjórna því.

**Dreifiblað 4.1****Dæmisaga: ágreiningur í fiskveiðisamfélagi****I. Fiskveiðisamfélagið**

Hugsið ykkur stórt stöðuvatn sem er fullt af fiski. Á ströndinni búa fiskimenn í fjórum litlum þorpum – fiskveiðisamfélaginu. Hvert þorp sendir áhöfn út til að veiða fiskinn. Á þeim tíma sem veiðar eru bannaðar leyfa fiskimennirnir fiskistofnunum að ná sér á strik en nota tímann sjálfir til að gera við netin sín og bátana. Þeir hafa ekki annað lífsviðurværi en fiskveiðar. Það sem þeir og fjölskyldur þeirra nota ekki sjálfir til matar geta þeir selt á markaði í nágrenninu. Með tekjunum af því fæða þeir og klæða sjálfa sig og fjölskyldur sínar og koma sér upp húsnæði. Þeir lifa einföldu lífi en hafa nóg fyrir sig.

**II. Ágreiningur vegna óstjórnar á auðlind**

Á undanförunum tveimur eða þremur árum hafa risið harðvítugar deilur í fiskveiðisamfélaginu. Sumar áhafnirnar gerðu tilraun til að auka tekjur sínar með því að veiða meiri fisk en aðrar. Tölur vegna endurnýjunar fiskistofna hafa fallið og stofnarnir hafa minnkað um helming á þremur árum. Alls konar vandamál blasa nú við í samfélaginu:

1. minnkun fiskistofnanna og hættan á að þeir hverfi alveg;
2. minnkun heildarfiskafla;
3. aukinn ójöfnuður milli tveggja ríkra og tveggja fátækra fiskiþorpa („sigurvegarar og taparar“);
4. hættan á alvarlegum deilum á milli þorpanna.

Þetta eru deilur vegna óstjórnar á sameiginlegri auðlind. Svo virðist sem um þrjá samverkandi þætti sé að ræða:

1. það er hagnaðarvon sem hvetur mennina til að veiða meiri fisk;
2. það skortir alveg reglur, þannig að fiskimennirnir geta gert það sem þeim sýnist;
3. áhafnirnar hafa ekki nein samskipti sín á milli.



### III. Deilurnar greindar („greiningin“)

#### 1. Hvatinn til að ofveiða fiskistofnana

Fiskimennirnir vita allir að samfélagið treystir á fiskistofnana og því er skynsamlegt að leyfa þeim að ná sér að fullu.

Á hinn bóginn gera allir fiskimennirnir sér líka grein fyrir því að þótt áhöfnin veiði einn fisk í viðbót breytir það væntanlega engu um stærð stofnsins. Það myndi auka tekjur áhafnarinnar en kostnaðurinn – við að fylgjast með fiskistofnunum – myndi lenda á öllu samfélaginu. Þessi ójafna dreifing á viðbótarhagnaði og viðbótarkostnaði er til hagsbóta fyrir þá sem veiða meiri fisk. Þetta er hvatinn til að auka veiðina. Frá sjónarmiði fiskimannsins virðist skynsamlegt að veiða meiri fisk.

Viðbóartekjur (+100%) Viðbótar- kostnaður (-25%)	Viðbótarhagnaður (+75%)	Heildarviðbóta- tekjur og hagnaður rennur til áhafnar nr. 1.	Áhöfn 4 -25%	Viðbóartekjur (+0%) Viðbótar- kostnaður (4x -25%)
	Viðbótarkostnaður (-25%)		Áhöfn 3 -25%	
Áhöfn nr. 1 með viðbótarafli		Fiskveiðisamfélagið (allar fjórar áhafnirnar)		

*Ein áhöfnin veiðir meiri fisk en hinar: ójöfn dreifing á viðbóartekjum, viðbótarkostnaður og viðbótarhagnaður fyrir samfélagið.*

Allir fiskimennirnir eru meðvitaðir um þennan hvata og þeir eru vel upplýstir um áhrif þess sem allir aðhafast. Það versta sem getur gerst er líklega að allir geri það sama – og veiði meiri fisk. Þá verða fiskistofnarnir ofveiddir og geta ekki náð sér aftur að fullu. Vítahringur skapast þar sem það eina sem fiskimennirnir geta gert til bæta sér upp tekjutapið er að halda ofveiðunum áfram.

#### 2. Skortur á reglum


Mennirnir hegða sér svona vegna þess að það skortir reglur – ekki er um neinar leiðbeiningar, öryggisatriði, samfélagsmarkmið eða viðurlög að ræða. Eins og málin standa getur hver og einn gert það sem honum sýnist og það sem hann veiðir á hann sjálfur.

Miðað við þessar aðstæður er ekki að undra hvernig fiskimennirnir hegða sér – það hefur aftur á móti hörmuleg áhrif á samfélagið og fiskistofnana.

#### 3. Samskiptaleysi

Hingað til hafa fiskimennirnir ekki hist til að ræða stöðuna. Þeir gera eins og þeim best líkar og bregðast jafnóðum við ákvörðunum sem hinar áhafnirnar taka.

#### 4. Áhrif óstjórnar á auðlind


Með sjálfbærnilíkaninu má tilgreina skaðann sem óstjórn meðal fiskimannanna hefur valdið og hægt er að setja fram annars konar stefnulíkan (sjá  dreifiblöð 4.2 og 4.4).

### IV. Lausn deilunnar

Taka skal mið af „greiningu“ á deilunni við val á úrræði.

## Dreifiblað 4.2

### Líkan sem sýnir sjálfbærnimarkmið



### Hvernig nota skal þessa skýringarmynd

Líkanið fléttar saman þrjú sjálfbærnimarkmið og setur þau í sögulegt og hnattrænt samhengi:

1. „Umhverfi“: verndun náttúrunnar og auðlinda hennar.
2. „Efnahagslíf“: hagvöxtur (afköst, árangur, auðlegð).
3. „Samfélag“: félagsleg samheldni, réttlát skipting gæða.

Örvarnar með oddunum tveimur sýna að markmiðin sem þeir benda á geta eflt eða útilokað hvort annað.

**Dreifiblað 4.3**


**Sjálfbærnilíkanið notað í fiskveiðileiknum: hvernig „veiðum við eins mikinn fisk og mögulegt er“?**

Markmið sjálfbærnilíkansins	Það sem okkur ætti að takast í fiskveiðileiknum
<b>Efnahagslíf:</b> Hagvöxtur, aukin velferð	
<b>Samfélag:</b> Skipting gæða í samfélaginu:	
<b>Umhverfi:</b> Verndun náttúrunnar og auðlinda;	
<b>Stöðugleiki til framtíðar:</b> Að sjálfbærnimarkmiðum sé náð, nú og til framtíðar	
...	

### Dreifiblað 4.4

#### Hvert er kjörjafnvægið á milli endurnýjunar fiskistofna og afla?

Fiskistofnarnir gefa af sér meira eða minna af nýjum fiski, í hlutfalli við það magn sem eftir verður í vatninu þegar veiðitímabilinu lýkur. Hvaða fiskistofn gefur mest af sér af nýjum fiski? Svárið við þessari spurningu er lykillinn að sjálfbærum veiðum.



Fiskistofnar í lok veiðitímabils, mælt í tonnum.

Stofn við lok veiðitímabils	Nýliðun (endurnýjun fiskistofna)	Stofn í byrjun nýs veiðitímabils
80	29	109
85	31	116
90	34	124
95	39	134
96	40	136
97	41	138
98	42	140
99	42	141
100	42	142
101	41	142
102	40	142
103	40	143
104	39	143
105	39	144
110	36	146
115	32	147
120	28	148

Þessi tafla sýnir hæstu nýliðunarhlutföll sem fiskistofnarnir geta gefið af sér. Þessi hlutföll eru ákjósanlegust fyrir sjálfbærar veiðar.

**Dreifiblað 5.1****Undirbúningur fyrir ráðstefnu um regluverk****Áætlun**

Tímarammi	Dagskrá	Efniviður og gögn
1. kennslust.	Skipan vinnuhópa. Það er fulltrúi frá hverju þorpi í hverjum hóp.	Dreifiblöð 5.1 og 5.2.
1. kennslust. 2. kennslust.	Hóparnir gera drög að regluverki. Hóparnir undirbúa kynningar sínar. Aðilar samþykkja reglur um fundarsköp og atkvæðagreiðslu á ráðstefnunni.	Dreifiblöð 5.2 og 5.4. Flettitafla og merkispennar.
3. kennslust.	<i>Bekkjarmyndun:</i> Hóparnir kynna drögin sín. Aðilar bera saman og meta drögin að regluverkinu. Þeir ræða sín á milli um hvaða regluverk þeir ættu að innleiða.	Dreifiblað 5.3.
4. kennslust. Ráðstefnan	<i>Ráðstefna:</i> Aðilar flytja stutta kynningu á því líkani sem þeir völdu. Þeir innleiða regluverk með meirihluta atkvæða. Þeir undirrita frumrit regluverksins. <i>Ígrundun</i> Nemendur ígrunda það sem þeir hafa lært.	Dreifiblað 5.4. A4-blöð, pennar, merkispennar.

**Hvers vegna ættuð þið að fara í ákvarðanaleik?**

Aðferðin sem notuð er í áætluninni hér fyrir framan kallast ákvarðanaleikur. Ástæðan fyrir því að þessi aðferð var valin er eftirfarandi:

Leikurinn virkar eins og líkan. Dregnir eru upp mikilvægir þættir úr raunveruleikanum og áhersla lögð á þá með því að sleppa ýmsum smáatriðum. Öll ríki hafa einhvers konar grunnramma, stjórnarskrá sem kveður á um hvaða reglum skuli fylgt við ákvarðanatöku og lausn deilumála. Án slíks ramma hefðu þegnarnir ekkert við að styðjast við lausn ágreiningsmála og það myndi leiða til átaka.

Þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi njóta þeirra réttinda sem stjórnarskrá landsins kveður á um. Auðveldasta leiðin til að skilja hvernig reglugerðir og lagarammar virka í landinu er að búa sjálfur til slíkan ramma. Þessi ákvarðanaleikur gengur út á það.

## Dreifiblað 5.2

### Grundvallarspurningar við gerð regluverks

*Þegar regluverk er búið til þarf að ákveða nokkur grundvallaratriði. Ákveða þarf hvers konar stjórnýslulíkan á að nota og hver á að eiga fiskinn sem veiðist. Mögulegt er að búa til ýmsar samsetningar með þessum grunnformum og komast að mjög ólíkum niðurstöðum.*

Stjórnarfar	Dreifræði	Eignarréttur
Stigveldis-kerfi (ríkisvald)		
Einkaeign		
Almenningseign		

*Í eftirfarandi liðum er að finna nánari upplýsingar um hina ýmsu valkosti.*

### 1. Stjórnýslulíkan valið

Lykilatriði	Ríkið	Dreifræði sveitarfélaga
Lykilhugtök	Vald og valdhafar	Persónuleg tengsl, samskipti og sameiginlegir hagsmunir
Mótun regluramma	Stigveldiskerfi (ofan frá)	Samstarf (jafnrétti)
Styrkleikar	Friður og öryggi Lögin kveða skýrt á um hvað fólki leyfist/leyfist ekki Beita má viðurlögum ef lög eru brotin	Mikil fagkunnátta og sveigjanleiki við lausn vandamála og hagsmuna fólks gætt Svigrúm til skjótra úrlausna
Veikleikar og áhætta	Hætta á misbeitingu valds Ósveigjanleiki Frumkvæði einstaklinga fær litla hvatningu	„Úrtöllumenn“ geta komið í veg fyrir ákvarðanatökur Erfitt er að framfylgja reglum sem eru brotnar
Úrræði	Lýðræði og mannréttindi Réttarríki Eftirlit með að farið sé að stjórnarskrá	Siðferðileg viðurlög Samfélagsleg ábyrgð

## 2. Eignarrétturinn: hver á fiskinn sem veiðist?

*Tveir grundvallarvalkostir og nokkur atriði til íhugunar:*

	Einkaeign	Almenningseign
Eignarréttur	Hver og einn á það sem hann veiðir Hann gerir það sem hann vill við aflann	Allir afhenda fulltrúa hins opinbera aflann sinn Fiskinum er síðan skipt á milli fólksins
Hvati fyrir fiskimenn		
Áhrif á heildarfiskafla		
Áhrif á fiskistofna		

## 3. Fleiri spurningar sem hafa þarf í huga við gerð regluverks

- Viljið þið að tilteknu markmiði skuli náð?
- Hver hefur vald til að taka ákvarðanir?
- Viljið þið gera ráðstafanir til að hægt sé að halda uppi reglu?
- Er hætta á misbeitingu valds?

...

### Dreifiblað 5.3

#### Regluverk borin saman

Forsendur fyrir samanburði	Okkar drög	Önnur líkön		
		Nr. 1	Nr. 2	Nr. 3
A. Grundvallaratriði Stigveldiskerfi				
Dreifræði				
Einkaeign				
Almenningseign				
Athugasemdir				
B. Reglur Markmið				
Ákvörðunarvald				
Framfylgd reglna				
Misbeiting valds				
...				
Athugasemdir				



## Dreifiblað 5.4

### Starfsreglur fyrir ráðstefnuna – drög

#### Starfsreglur samþykkjar

1. Aðilar samþykkja drög að starfsreglum með 50% greiddra atkvæða eða meira.
2. Ef engar breytingartillögur eru gerðar við drögin er hægt að samþykkja þau með einni atkvæðagreiðslu. Um breytingartillögur þarf að kjósa sérstaklega.

#### Fundarstjóri

3. Fundarstjóri er kosinn með meirihlutakosningu. Fundarstjóra er heimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um rammadrögin en má ekki vera talsmaður (regla nr. 5).

#### Lokayfirlýsingar

4. Aðilar gefa til kynna með handauppréttingu hvaða líkan þeir styðja. Þeir skipa sér í flokka til að geta unnið sínu líkani fylgi.
5. Talsmaður flytur innan við tveggja mínútna langa yfirlýsingu til stuðnings sínum flokki.
6. Frekari umræður eru ekki heimilaðar á meðan atkvæðagreiðsla fer fram.

#### Reglur um atkvæðagreiðslu

7. Atkvæðagreiðsla: aðilar samþykkja drög með atkvæðagreiðslu. Öll atkvæði veга jafnt. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu.
8. Tveggja þrepa ákvörðun: atkvæðagreiðslan um drögin fer fram í tveimur umferðum.
  - 8.1 Fyrri umferð: Aðilar greiða atkvæði með einum drögum.
  - 8.2 Seinni umferð: kosið verður um þau tvö drög sem flest atkvæði hlutu. Aðilar samþykkja drögin sem hljóta fleiri atkvæði.
  - 8.3 Ef drögin hljóta jafnmörg atkvæði fara fram umræður áður en atkvæðagreiðslan er endurtekin.

#### Gögn og löggilding

9. Sá sem samdi drögin færir inn stað og dagsetningu ráðstefnunnar aftast í skjalið.
10. Allir aðilar undirrita skjalið.

**Dreifiblað 5.5****Samantekt: hvað getum við lært af þessum leikjum?****1. Þróun samfélags: samfelld vandamál og lausnir**

VANDAMÁL	LAUSN
Hvernig getum við lifað af?	Við verðum að treysta á þau náttúrugæði sem við eigum – fiskinn.
Hvernig getum við leyst ágreininginn um ofveiðina?	1. Við þurfum að byggja á hugmyndinni um sjálfbærni. 2. Við þurfum lagaramma til að skipuleggja hvernig samskipti okkar og ákvarðanataka skal fara fram.
1. Hvernig skilgreinum við sjálfbærni?	Jafnvægi þarf að ríkja milli ýmissa markmiða. Í rauninni þurfum við að veiða eins mikinn fisk og stofnarnir þola, án þess að gengið sé á þá, til að tryggja stöðugleika til framtíðar. Við verðum að skipta afrakstrinum á sanngjarnan hátt.
2. Hvers konar reglur þurfum við?	Við mótun regluverksins verðum við að velja á milli ýmiss konar grundvallarreglna – stofna ríki eða þróa dreifræði, byggt á jafnrétti.
Hvernig komum við í veg fyrir misbeitingu valds?	Ekki má setja of mikil völd í hendur eins aðila. Stjórnarskrár taka til eftirtalinna atriða: eftirlits og jafnvægis, réttarríkis, mannréttinda sem borgaralegra réttinda, takmarkaðs vinnutíma, almennrar atkvæðagreiðslu, sjálfsforræðis ríkja og fylkja og frjálsrar fjölmiðlunar.
Hver ákveður hvaða regluverki við fylgjum?	Við öll. Við gerum rammadrög, tökum síðan afstöðu og greiðum atkvæði.
Hvernig stýrum við þessu ferli af sanngirni og öryggi?	Við stillum upp dagskrá. Við þurfum að setja okkur sérstakar starfsreglur sem samþykkja þarf fyrir fram.


**2. Niðurstöður**

1. Stjórnsmál snúast um það að leysa vandamál sem snerta velferð og lífsafkomu allra í samfélaginu. Formsatriði, á borð við regluverk, eru verkfæri til að leysa vandamál. Ef þau þjóna ekki þeim tilgangi sínum sem skyldi er hægt að breyta þeim.
2. Ágreiningur er ávallt til staðar í félagslegu og pólitísku lífi. Ekki er hægt að útrýma ágreiningi en það er hægt að hafa stjórn á málum.
3. Fiskveiðileikurinn og ákvarðanaleikurinn eru byggðir upp eins og líkön. Þeir lýsa raunveruleikanum býsna vel með því að sýna samfélagsþróunina sem samfelld vandamál og lausnir.
4. Raunveruleikinn er þó annar en leikirnir sýna í tveimur mikilvægum atriðum. Í fyrsta lagi höfum við ekki eins nákvæm gögn um náttúruauðlindir okkar og tiltæk eru í leiknum. Í öðru lagi eru lýðræðisríki ekki sprottin af lýðræðislegum rótum. Mannréttindum og lýðræði er ekki komið á fót á ráðstefnum, heldur með baráttu.



**Dreifiblað 6.1**

**Stefnuferlislíkanið: stjórnmál sem ferli til að leysa þjóðfélagsvandamál**



**Dreifiblað 6.2****Stefnuferli – verkfæri til að skoða og gera sér grein fyrir pólitísku ákvarðanaferli**

Meginhugtök og lykilspurningar <i>Lagið spurningarnar að aðstæðum eftir þörfum</i>	Minnispunktur	Heimildir
<b>1. Viðfangsefni</b> Hvert er viðfangsefnið?		
<b>2. Vandamál</b> Hver ákveður dagskrána? Hvert er vandamálið? Eru allir málsvarar sammála um hver vandinn er?		
<b>3. Umræður</b> Hverjir eiga hlut að máli? Hverjir eru hagsmunir og gildi málsvara?		
<b>4. Ákvörðun</b> Hver er niðurstaðan? Hafa tilteknir hagsmunir verið settir í for- gang – eða er um málamiðlun að ræða?		
<b>5. Framkvæmd</b> Hvernig er ákvörðuninni hrint í fram- kvæmd? Hver annast það eða ber ábyrgð á því? Eru einhver vandamál eða ágreiningur?		
<b>6. Skoðanir</b> Hvaða einstaklingar, málsvarar, hópar o.s.frv. styðja eða gagnrýna niðurstöðuna? Hver eru gildi þeirri, hugmyndafræði og hagsmunir?		
<b>7. Viðbrögð</b> Hvernig bregðast þeir við? (Sem einstak- lingar, hópur?) Hvaða aðferðir nota þeir til að beita valdi og þrýstingi?		
<b>8. Nýtt vandamál, gamalt vandamál eða lausn?</b> Fer fram önnur dagskrárumræða? Hvert er vandamálið? Það gamla eða það nýja? Eða leysir ákvörðunin málið þannig að ferlinu ljúki?		


**Dreifiblað 6.3**

**Endurgjöf á kaflann „Stjórnarfar og stjórnmal“**

**Bekkur**

**Dagsetn.**

1. Píluskífa (5: Ég er algjörlega sammála – 1: Ég er algjörlega ósammála)



**2. Endurgjöf mín**

2.1 Það mikilvægasta og áhugaverðasta sem ég hef lært:

2.2 Það sem mér fannst hvorki áhugavert né gagnlegt:

## Dreifiblað 7.1


### Er óréttlátt gagnvart minnihlutunum að meirihlutinn ráði? Dæmisaga

Íþróttafélag hefur á að skipa mörgum góðum blakspilurum og litlum hópi skákmanna sem standa sig líka vel. Báðir hóparnir eru með keppnisið og hefur tekist að fá nýja féлага til liðs við sig. Allir félagsmenn greiða sama árgjald til félagsins. Einu sinni á ári er haldinn fundur þar sem félagsmenn ákveða með meirihlutaatkvæðagreiðslu hvernig fjármunum félagsins skuli ráðstafað. Blakspilararnir eru með langan óskalista, þar á meðal um kaup á nýjum boltum, nýjum búningum fyrir liðið og um viðgerðir á blakvellingum. Skákmennirnir þurfa á námsefni fyrir byrjendur að halda, þá vantar nokkrar bækur og tímarit og einnig stærra herbergi og fleiri taflborð, sem og fleiri borð og stóla vegna fjölgunar í hópnum.

Talsmenn blakliðsins og skákmanna gera grein fyrir þessu. Ákvörðun er tekin samkvæmt atkvæðagreiðslu þar sem meirihlutinn ræður. Blakliðið fær alltaf fleiri atkvæði en skáksveitin. Allir peningarnir renna til blakliðsins og skákmennirnir verða að láta sér nægja það sem þeir hafa.

Nú eru skákmennirnir alveg að missa þolinmæðina því þegar öllu er á botninn hvolft rennur framlag þeirra einnig til blakstarfseminnar. Þeim finnst sér sýnd lítilsvirðing og sumir þeirra hafa þegar viðrað þá hugmynd að kljúfa ætti félagið.

Flestir í blakliðinu hrista höfuðið yfir þessu. Meirihlutinn ræður – þannig er lýðræðið. Og náir þú ekki meirihluta atkvæða – þá eru þetta bara leikreglurnar. En sumum blakmönnum finnst þetta þó of mikil einföldun og að sanngjarnt sé að einnig sé tekið tillit til hagsmuna skámannanna. En hvernig?



*Skipulag íþróttafélagsins – einfalt dæmi um fjölhyggju. Fjölhyggjusamfélög eru byggð upp á þennan hátt en auðvitað eru þau flóknari. Ólíkir hópar hafa mismunandi hagsmuna að gæta sem geta stangast á. Því flóknara sem samfélag er, þeim mun meiri hættu er á hagsmunaárekstrum. Lýðræði og mannréttindi búa yfir úrræðum til að leysa slíkan ágreining á friðsamlegan hátt.*

Dæmisaga, byggð á: David Miller, *Political philosophy. A very short introduction*. Oxford, 2003, bls. 5.

## Dreifiblað 7.2

### Hvernig stendur lýðræðið vörð um minnihlutahópa?

Mikilvægt er að finna jafnvægi í réttindamálum meirihluta- og minnihlutahópa á öllum stigum samfélagsins, allt frá litlum félögum og upp á stjórnsýslustig. Annars vegar verður að virða vilja meirihlutans í lýðræðisríki, hins vegar þarf einnig að taka tillit til hagsmuna minnihlutans. Ef hópi fólks, sem alltaf er í minnihluta, finnst sér vera mismunað getur það leitt til alvarlegra átaka innan samfélagsins.

Í stjórnarskrám lýðræðisþjóðfélaga er yfirleitt um tvær leiðir að ræða – í báðum tilvikum er meirihlutaákvörðun takmörkunum háð. Annars vegar er vald meirihlutans takmarkað með því að veita minni einingum sjálfstæði (svo sem ríki eða fylki). Hins vegar eru mannréttindi felld inn í borgaraleg réttindi. Þá vernda þessi réttindi bæði einstaklinga og minnihlutahópa og meirihlutinn verður að virða þau.

### 1. Sambandsstjórnar-/fylkjalíkanið

Minnihlutahópar mynda svæðisbundna heild innan ríkisins – sambandsríki eða fylki. Bandaríkin, Þýskaland og Belgía eru dæmi um sambandsstjórn, en Sviss er dæmi um fylki eða kantónur sem mynda sambandslýðveldi. Innan þessara minni eininga er það meirihlutinn sem ræður og það getur tekið til réttarins til að gera eigin fjárhagsáætlun eða eiga hlutdeild að landslögum. Mismunandi er hve lýðræðislegar stjórnarskrár veita slíkum einingum mikið sjálfstæði.

Jafnvel má ganga enn lengra og hugsa sér að skilgreiningu á meirihluta sé breytt. Ef tiltekna ákvarðanir krefjast stuðnings 50–75% eða jafnvel 100% ákvörðunarþærs meirihluta – þá geta minnihlutahópar haft áhrif á pólitískar ákvarðanir og gætu jafnvel haft neitunarvald.

### 2. Mannréttindi sem réttindi minnihlutahópa

Mannréttindi þjóna réttindum minnihlutahópa með því að setja ákvörðunarvaldi meirihlutans takmörk. Sem dæmi má benda á eftirtaldir greinar úr Mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950:

#### 5. grein, Réttur til frelsis ...

Allir menn eiga rétt til frelsis ...

#### 14. grein, Bann við mismunun

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

5. og 14. grein fjalla um tvær grundvallarreglur mannréttinda – frelsi og jafnrétti.


Ríkisborgarar sem orðið hafa fyrir mannréttindabrotum í ríkjum Evrópuráðsins geta áfrýjað til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Mannréttindi verða að borgaralegum réttindum um leið og þau eru tekin inn í stjórnarskrá. Þá njóta þau meiri verndar þar sem þau verða þar með hluti af réttarkerfinu en þau gilda þó aðeins um ríkisborgara viðkomandi ríkis. Í sumum löndum hefur verið komið á fót stjórnlagadómstól til verndar borgaralegum réttindum. Við breytingar á stjórnarskrá þarf yfirleitt meira en einfaldan meirihluta atkvæða, þannig að minnihlutahópar geta komið í veg fyrir breytingar sem eru þeim óhagstæðar.



## Dreifiblað 7.3

### Verkefni: drög að lögum fyrir íþróttafélagið

1. Gerið drög að reglum (1. grein, 2. grein, 3. grein o.s.frv. ...) sem svara eftirfarandi spurningum:
  - Hvernig ætti að skipta fjármagninu á milli hópanna?
  - Hver tekur ákvörðun um hvernig fjármagninu skuli skipt?
  - Ætti að veita hópunum sjálfsforræði?
  - Hvernig ætti að beita ákvæðinu um jafnrétti – í því skyni að vernda réttindi og hagsmuni meirihlutans og minnihlutans?
  - ... *(ef þið viljið getið þið bætt við spurningum sem þið teljið mikilvægar).*
2. Undirbúið kynningu á þeim lögum sem þið viljið setja. Skriðið reglurnar í stuttu máli, ef þörf krefur, á blað (A4) sem fylgja skal töflunni.
3. Þessar spurningar munu þjóna sem gátlisti til að hægt sé að bera niðurstöður ykkar saman við niðurstöður hinna hópanna (sjá  dreifiblað 7.4).

**Dreifiblað 7.4**

**Skráning hópkynninga: drög að lögum fyrir örsamfélag**

*Skráðið niðurstöður hópsins á þetta eyðublað og einnig hugmyndir hinna hópanna á kynningarfundinum.*

Lykilspurning	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 4	Hópur 5	Samanburður
Skipting fjármuna						
Hver ákveður hvernig þeim er skipt?						
Sjálfræði hópanna						
Meginreglur um jafnrétti (meirihluti/minnihluti)						
...						

## Mat lagt á lagadrögin – lykilsurningar

1. *Sanngirni*: Leysa þessi lög vandamálið varðandi meirihluta/minnihluta á sanngjarnan hátt?
2. *Lýðræði*: Virða þess lög grundvallarregluna um meirihlutastjórn?
3. *Skilvirkni*: Munu reglurnar um ákvarðanatöku virka vel?
4. *Jafnvægi og/eða forgangsröðun*: Kveða lögin á um málamiðlun milli ólíkra hagsmuna og grundvallarreglna eða hafa einhverjir hagsmunir eða reglur forgang?
5. ...

## Hvernig nota skal þessar spurningar

Reynið að svara öllum spurningunum í röð. Bætið við fleiri spurningum ef þið viljið.

Ef þið ákveðið að sleppa einhverri spurningu og einbeita ykkur að hinum nefnið þá ástæðuna fyrir því. Skrifíð niður álit ykkar og rökstyðjið það.

### Ástæðan fyrir þessum fyrirmælum

Ykkur er heimilt að móta ykkur skoðanir. Rétturinn til frjálstrar hugsunar og tjáningarfrelsi eru mannréttindi. Þar af leiðandi er engin skoðun „röng“ eða „rétt“.

Til þess að aðrir geti áttað sig á skoðunum okkar verðum við að rökstyðja þær. Og rökstuðningurinn er misgóður. Sum rök eru meira sannfærandi og betur ígrunduð en önnur.

Við þátttöku í lýðræði er mikilvægt að hugsa málin til enda og geta fært rök fyrir máli sínu ef vinna á aðra á sitt band. Þá færni er hægt að tileinka sér í þessu verkefni.

## Dreifiblað 8.1

### Tillögur að umræðuefni

#### Hlutverk ykkar

1. Takið fyrst saman allar hugmyndir sem koma upp í hugann og skrifið þær niður (hugstormun).
2. Flokkið hugmyndirnar eftir efni.
3. Athugið síðan hvernig þær falla að eftirfarandi forsendum:
  - a. Krefjast þær þess að eitthvað sé valið eða að ákvörðun sé tekin?
  - b. Eru einhver gild rök sem mæla með eða á móti tilteknu vali eða ákvörðun?
  - c. Hafið þið og hinir nemendurnir einhverja þekkingu á þessu málefni?
  - d. Haldið þið að þetta málefni vekir áhuga nemenda í bekknum?
  - e. Hafið þið og hinir nemendurnir nægar upplýsingar eða getið þið útvegað þær? (Ef til vill hafið þið aflað ykkur þekkingar úr daglegu lífi; ella er hægt að safna upplýsingum og gögnum annars staðar frá, t.d. úr bókum, dagblöðum eða af netinu.)

Ef þið svarið spurningum a.–e. neitandi, þá eru tillögur ykkar ónothæfar.
4. Veljið eina eða tvær hugmyndir og aflið upplýsinga ef þörf krefur. Hægt er að setja viðfangsefnið fram sem fullyrðingu eða sem já/nei-spurningu.
5. Skrifið tillöguna á flettistöfluna undir þann flokk sem hún tilheyrir, ásamt nafni ykkar. Gætið þess að skila niðurstöðum ykkar áður en lokafresturinn rennur út, þannig að allir geti kynnt sér framlag ykkar.
6. Klippið minnisblaðið hér fyrir neðan af, fyllið það út og skilið á þann stað sem kennarinn benti á. Látið upplýsingarnar fylgja með.
7. Lesið það sem stendur á flettistöflunni sem og efni hinna nemendanna áður en kennslustundin hefst.




<b>Minnisblað: Tillögur að umræðuefni</b> Nöfn: _____ _____		
Málefni	Flokkur: (daglegt líf, skólalíf, o.s.frv.)	Efniviður

## Dreifiblað 8.2

### Reglur í rökræðum

#### Sætaskipan

Fundarstjórinn situr við enda borðsins. Liðin tvö sitja andspænis hvort öðru. Áheyrendur sitja nálægt borðinu svo að þeir sjái bæði liðin. Ef nauðsyn krefur ætti því að bæta við nokkrum sætaröðum fyrir áheyrendur fremur en að þeir sitji fyrir aftan annað liðið.



#### Röð ræðumanna

Örvarnar sýna röð ræðumanna í fyrstu umferð rökræðnanna. Í annarri umferð er röð ræðumanna einfaldlega snúið við, þar til fyrsti ræðumaður meðmælenda hefur lokið máli sínu. Ræðumaður úr hópi andmælenda fær síðan að eiga síðasta orðið; liðið getur valið þann sem flytur þá yfirlýsingu – en þó ekki fyrsta ræðumann sinn þar sem það gæfi honum samtals tveggja mínútna ræðutíma sem væri ósanngjarnt gagnvart hinu liðinu.

## Umræðureglur

1. Fyrsti ræðumaður meðmælenda, sem situr næst fundarstjóranum, tekur fyrstur til máls. Síðan, eins og sjá má á örvunum á myndinni, svarar fyrsti ræðumaður andmælenda. Þannig taka ræðumenn liðanna til máls til skiptis. Þegar síðasti ræðumaður andmælenda hefur lokið máli sínu hefst annar hluti umræðunnar en í öfugri röð.
2. Þegar fyrsti ræðumaður meðmælenda hefur talað fær ræðumaður andmælenda (þó ekki fyrsti ræðumaður þeirra) að eiga lokaorðið.
3. Ekki er heimilt að breyta röð ræðumanna.
4. Hver ræðumaður hefur að hámarki eina mínútu til umráða. Fundarstjórinn fylgist vel með tímanum. Hann gefur merki þegar ræðumaður á 10 sekúndur eftir af tíma sínum og þegar tíminn er útrunninn fær ræðumaðurinn að ljúka setningunni og verður síðan að hætta. Ekki má yfirfæra ónotaðan ræðutíma til annars ræðumanns.
5. Bannað er að grípa fram í fyrir ræðumanni.
6. Áheyrendum er ekki heimilt að taka þátt í rökræðunum.
7. Að rökræðunum loknum fá áhorfendur fimm mínútur til að viðra skoðanir sínar og álit sín á milli. Síðan fer fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu.
8. Talið er hve margir eru með og á móti. Meirihlutinn sigrar.

## Ábendingar til ræðumanna

1. Allir nema fyrsti ræðumaður meðmælenda eiga að nota fyrri helming ræðutíma síns til að hrekja rök andstæðinganna og kynna síðan nýtt sjónarmið.
2. (Fyrir fyrstu ræðumenn.) Berið fram tillögu ykkar – segið hvaða ákvörðun þið viljið að verði tekin.
3. Byrja skal á að fá allar hugmyndir fram við undirbúning rökræðunnar. Ákveðið síðan í hvaða röð þið viljið koma máli ykkar til skila og veljið ræðumenn. Hefjið mál ykkar og ljúkið því með mikilvægum áhersluatriðum (sjá ~~8~~ dreifiblað 8.2).
4. Þið getið endurtekið meginröksemdir ykkar og sett þær fram á ýmsan hátt til að „koma þeim til skila“.
5. Síðustu ræðumennirnir ættu að draga saman rök síns liðs og leggja áherslu á þrjú eða fjögur atriði. Hvað ættu áheyrendur ykkar að hafa í huga þegar umræðunni lýkur? Ef umræðurnar snúast um ákvörðun sem taka þarf skuluð þið gera áheyrendum ljóst hverju þið viljið að þeir greiði atkvæði sitt.
6. Segið hug ykkar. Ekki lesa yfirlýsinguna upp af blaði, náíð heldur augnsambandi við andstæðinga ykkar og áheyrendur.
7. Sýnið andstæðingum ykkar virðingu. Móðgið aldrei ræðumann, fjallið frekar um rökstuðning hans.


## Ábendingar til áheyrenda (sjá dreifiblað 8.5)

1. Áður en fundurinn hefst skuluð þið reyna að sjá fyrir þau rök sem liðin gætu lagt fram. Þannig fáið þið betri yfirsýn yfir efnið þegar þið hlustið á ræðumennina.
2. Skrifjið hjá ykkur rökstuðning beggja liða – í einni setningu ef mögulegt er.
3. Tengjið rökstuðning við mótrök með línnum eða örvum og skráið athugasemdir. Hvaða rök sannfærðu þig? (2. og 3. lið má skipta á milli nokkurra áheyrenda.)
4. Bendið á rökin sem höfðu mest áhrif á ykkur.
5. Að rökræðunum loknum skuluð þið segja hinum í hópnum að hvaða niðurstöðum þið komust. Síðan greiðið þið atkvæði um þær tillögur sem liðin tvö lögðu fram.

**Dreifiblað 8.3****Minnisblað fyrir ræðuliðin**

Nafn ræðumanns <i>Fylgið skipulaginu sem sýnt er á skýringarmyndinni á dreifiblaði 8.2</i>	Rök	Minnispunktur
1.	<i>Gott ráð: setjið fram tillögu</i>	
2.		
3.		
4.		
5.		
6.		
7.		
8.		
9.		
10.	<i>Lokaorð (samantekt meginatriða)</i>	


**\*Síðasta orðið – ræðumenn**

Fyrsti ræðumaður meðmælenda tekur síðast til máls (sjá skýringarmynd á  dreifiblaði 8.2). Síðan tekur ræðumaður andmælenda til máls. Liðið velur einhvern af sínum mönnum til þess en þó ekki fyrsta ræðumann þar sem hann fengi þá tveggja mínútna ræðutíma sem væri ósanngjarnt gagnvart hinu liðinu.

## Dreifiblað 8.4


### Minnisblað fyrir fundarstjóra

#### Hlutverk fyrsta fundarstjóra – að stjórna rökræðunum

Fundarstjórinn stjórnar fundinum og gætir þess að ræðumenn fari að þeim reglum sem gilda (sjá  dreifiblað 8.2) og sýni hver öðrum sanngirni og virðingu. Fundarstjórinn er hlutlaus og heldur með hvorugu liðinu.

Fundarstjórinn er fyrst og fremst tímavörður. Ræðumenn mega ekki tala nema í eina mínútu. Þannig að eftir eina mínútu fær ræðumaður að ljúka setningunni og verður síðan að hætta. Ef þörf krefur grípur fundarstjórinn fram í fyrir ræðumanninum á kurteislegan en ákveðinn hátt og gefur næsta ræðumanni í hinu liðinu orðið.

#### Búnaður

- Skeiðklukka eða úr með sekúnduvísi. Skeiðklukkur eru í farsímum.
- Minnisblað og blýantur.
- Gult og rautt blað eða pappaspjald, stærð A7.
- Fleiri eintök af  dreifiblöðum 8.2 og 8.5.

#### Hlutverk fundarstjóra meðan á rökræðunum stendur

##### 1. Hann setur fundinn:

- Ræðuliðin, áheyrendur og blaðamenn eru boðnir velkomnir.
- Gerð er stutt grein fyrir umræðuefninu en engar upplýsingar gefnar sem komið gætu öðru hvoru liðinu að gagni. Liðin eru minnt á að sýna sanngirni og fara að reglum.
- Gerð er grein fyrir tímareglum: eftir hálfu mínútu gefur fundarstjórinn merki.
- Eftir eina mínútu stöðvar fundarstjórinn ræðumanninn – til að sanngirni sé gætt.

##### 2. Meðan rökræðurnar fara fram:

- Fundarstjórinn hlustar þegjandi á rökræðurnar.
- Fundarstjórinn fylgist með ræðutímanum og gefur merki eftir hálfu mínútu. (Oft er þetta það eina sem fundarstjórinn þarf að gera.)
- Fundarstjórinn grípur inn í ef ræðumenn tala lengur en í þá einu mínútu sem þeir fá úthlutað.
- Fundarstjórinn grípur inn í ef ræðuliðin eða áheyrendur trufla ræðumann á einhvern hátt.
- Fundarstjóri sýnir ræðumanni gula eða/og rauða spjalðið ef hann hefur hegðað sér á óásættanlegan hátt. Rauða spjalðið merkir að ræðumaður verði að víkja úr liði sínu.

##### 3. Eftir rökræðurnar:

- – Fundarstjórinn tilkynnir að rökræðunum sé lokið.
- – Fundarstjórinn þakkar ræðumönnum og áheyrendum fyrir.



### *Hlutverk fundarstjóra að rökræðum loknum*

Að rökræðunum loknum fara fram stuttar lokaumræður meðal áheyrenda (í fimm mínútur) og síðan greiða þeir atkvæði um hvort liðið hafi lagt fram sterkari rök.

## **Hlutverk annars fundarstjóra – að stjórna atkvæðagreiðslu og umræðum**

### *1. Lokaumræðurnar*

- Fundarstjórinn tilkynnir að áheyrendur fái fimm mínútur til að skiptast á skoðunum um rökræðurnar. Stólunum er nú raðað í hring eða stóran hálfhring til að nemendur sjái hver annan.
- Allir í áheyrendahópnum hafa tekið niður minnispunkta og velt fyrir sér hvort liðið stóð sig betur. Fundarstjórinn biður menn að greiða atkvæði með handauppréttingu – könnun.
- Síðan taka nemendur til máls og segja álit sitt. Fundarstjórinn biður þá að skiptast á skoðunum á sama hátt og ræðuliðin gerðu þar sem tíminn er naumur.
- Að fimm mínútum loknum slítur fundarstjórinn umræðum.

### *2. Atkvæðagreiðslan*

- Fundarstjórinn tilkynnir að nú fari fram atkvæðagreiðsla. Hann gerir aftur grein fyrir umræðuefninu og spurningunni sem greiða skal atkvæði um: hvort liðið fannst ykkur meira sannfærandi – meðmælendur eða andmælendur? Frekari umræður eru ekki heimilaðar. Fundarstjórinn biður einhvern nemanda að skrifa niðurstöður atkvæðagreiðslunnar á töfluna eða á flettistöflu.
- Fyrst biður fundarstjóri þá nemendur sem styðja meðmælendur að rétta upp hönd. Hann telur atkvæðin og biður svo þá sem styðja andmælendur að rétta upp hönd.
- Að lokum er kallað í þá nemendur sem sátu hjá – greiddu hvorugu liðinu atkvæði – og þeir taldir.
- Fundarstjórinn les upp niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar en gerir engar athugasemdir við hana. Hann þakkar áheyrendum fyrir umræðurnar og atkvæðagreiðsluna og slítur fundi.

## Dreifiblað 8.5

### Skráningarblað fyrir áheyrendur

1. Hugstormun: hvaða röksemdum eigum við von á?		
Meðmælendur	Andmælendur	Minnispunktur
2. Atriði úr umræðunni		
Meðmælendur	Andmælendur	Minnispunktur
3. Atkvæði mitt (með rökstuðningi)		

**Dreifiblað 8.6****Vinnublað fyrir blaðamenn****Verkefnið**

Myndið þrjú teymi.

Skrifið frétt um rökræðurnar og birtið greinina í næstu kennslustund. Hengið hana á vegginn í tveimur eða þremur eintökum, ef hægt er.

Teymin vinna hvert fyrir sitt dagblað/tímarit:

- æsifréttablað;
- vandað fréttablað;
- tímarit fyrir unglunga.

**Lýsing á blöðunum þremur – væntingar lesenda**

Til eru nokkrar almennar reglur um hvernig skrifa skal góða frétt – sjá  dreifiblað 9.1.

Aftur á móti á hvert blað sinn lesendahóp, þannig að fréttin ykkar ætti að höfða til viðkomandi hóps ef þið viljið að lesendur kaupi blaðið sem þið starfið hjá. Fréttagreinarnar ykkar verða því mjög ólíkar þó að þið séuð að fjalla um sama viðburðinn. Sjáið hvernig þetta er gert í raunverulegu blaði.

Tegund blaðs	Væntingar lesenda				
	*** helsta forgangsmál / ** mikilvægt / * gott að hafa				
	Afþreying	Myndir	Upplýsingar (málefnið og röksemdirnar)	Sjónarmið ungs fólks	„Persónu- legt yfir- bragð“
Æsifréttablað	**	**	**	*	***
Vandað fréttablað	*	**	***	*	*
Tímarit fyrir unglunga	**	**	**	***	*

## Dreifiblað 9.1

### Veggfréttablað búið til – ákvarðanataka

#### Leiðbeiningar

Þið eigið að búa til veggfréttablað. Undirbúið ykkur með því að velta fyrir ykkur ýmsum hugmyndum. Hvaða greinar og myndir viljið þið hafa í því? Rökstyðjið það því að það kemur sér vel þegar þið ræðið um hvaða efni skal velja.

Atriði til íhugunar (forsendur)	Tillögur ykkar	Ástæður ykkar
<p><b>1. Fréttnamei</b> Að hvaða leyti er fréttin mikilvæg? Inniheldur fréttin mikilvægar eða alvarlegar upplýsingar sem lesendur ættu að fá vitneskju um?</p> <p><b>2. Aðalfrétt</b> Aðalfréttin ætti að vera áberandi svo að hún grípi athygli lesenda. Getið þið gert aðalfréttina öflugri með því að láta mynd fylgja henni?</p> <p><b>3. Myndir</b> Íhugið hvort mynd og myndatexti geti komið í stað fréttar.</p> <p><b>4. Samsetning efnis</b> Dæmi: kunnuglegt/framandi jákvætt/neikvætt stórfrétt/fólk í fréttum fréttir af velgengni/átökum</p>	1. Aðalfrétt?	
	2. Aðrar fréttir?	
	3. Leiðari (athugasemd) – um hvaða frétt?	
	4. Myndir – við hvaða fréttir?	
	5. Fréttir og efni sem skiptir minna máli – hverju má sleppa?	

Byggt á: Center for Media Literacy (2005), *Five Key Questions That Can Change the World, Lesson 1c*, bls. 21 (staðfært); [www.medialit.org](http://www.medialit.org).

## Dreifiblað 9.2

### Ábendingar um gerð veggfréttablaðs

Skiptið eftirfarandi verkefnum á milli meðlima hópsins (sjá minnisatriðin hér fyrir neðan):

- aðalritstjóri, stýrir fundinum;
- tímavörður, hefur umsjón með gerð blaðsins;
- kynningarfulltrúi, gerir grein fyrir ákvörðun ykkar í lokaumræðum.

### Drög að áætlun

1. Notið þessi drög eða breytið þeim.
2. Ræðið og takið ákvörðun um hvaða efni skuli valið – eða hafnað (☞ dreifiblað 9.1).
3. Látið alla í hópnum fá verkefni við rannsóknarvinnu og/eða ritstörf. Komið ykkur saman um tímaáætlun.
4. Vinnið að fréttagreinum ykkar – rannsóknum, skrifum, gagnasöfnun og myndefni.
5. Raðið efni blaðsins saman.
6. Setjið blaðið upp til sýnis í bekknum ykkar.

### Minnisatriði

<p><b>Aðalritstjóri</b></p> <p>Þú stýrir umræðum og ákvörðunartöku í þínum hópi.</p> <p>Gættu þess að allir fái tækifæri til að deila hugmyndum sínum og vangaveltum með hinum í hópnum. Gríptu í taumana ef þú sérð að ekki er hlustað á einhvern.</p> <p>Leggðu til hvaða fréttir skuli birta í blaðinu.</p> <p>Gættu þess að hópurinn vinni vel saman. Leggðu til raunhæfa vinnuáætlun með því að gefa öllum nægan tíma fyrir grunnvinnuna – upplýsingaöflun og skrif.</p>
<p><b>Tímavörður</b></p> <p>Þú hefur eftirlit með að tímaáætlunin standist.</p> <p>Ef þú verður þess áskynja að teymið sé á eftir áætlun og muni eiga erfitt með að ljúka starfi sínu skaltu ræða við alla aðila teymisins og gera aðalritstjóranum viðvart.</p> <p>Bentu teyminu á hvað það geti gert til að ljúka starfi sínu á tilsettum tíma.</p>
<p><b>Kynningarfulltrúi</b></p> <p>Í lokaumræðunum átt þú að flytja stutta kynningu og skýra fyrir hinum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hvers vegna þið völduð tiltekið efni sem aðalfrétt;</li> <li>• hvaða annað efni þið ihuguðuð að hafa með og hvers vegna það var síðan valið eða því sleppt;</li> <li>• hvers vegna þið völduð myndirnar;</li> <li>• – hvaða öðru efni teymið ykkar velti fyrir sér.</li> </ul>

## Dreifiblað 9.3

### Ráð: hvernig skrifa á góða frétt

#### Áður en að þið hefjið skrif

Hugleiðið hvaða tilgangi frásögnin þjónar: ef um frétt er að ræða er hún væntanlega til að upplýsa lesendur.

Kannið málið og takið viðtöl, munið að skrifa niður minnispunkta og tilvitnanir sem koma að gagni.

#### Pegar þið skrifið

Notið germynd sagna til að lýsa því sem gerst hefur. Segið fyrst frá því sem fólk hefur mestan áhuga á. Fylgið lýsingunni hér að neðan.

#### Fyrsta málsgrein

Reynið að grípa athygli lesenda strax í upphafi með skemmtilegri, snjallri eða óvæntri staðhæfingu. Leggið áherslu á fjölbreytni – reynið að hefja greinina með spurningu eða ögrandi yfirlýsingu. Í fyrstu einni eða tveimur setningunum þarf að koma fram um hvern málið snýst og hvað, hvenær og hvar það átti sér stað og hvers vegna.

#### Önnur, þriðja og fjórða málsgrein

Gefið lesendum upplýsingar um eftirtalin fimm atriði:

- Hverjir voru viðriðnir málið?
- Hvað gerðist?
- Hvar gerðist það?
- Hvenær gerðist þetta?
- Hvers vegna gerðist þetta?

Vitnið einu sinni eða tvisvar í fólk sem þið töluðu við. Skrifið í þriðju persónu (hann, hún, það eða þeir/þær/þau).

Munið að vera hlutlaus og láta ekki eigin skoðun í ljós. Notið gæsalappir þegar vitnað er í aðra.

#### Síðasta málsgreinin

Dragið fréttina saman og skiljið lesendur ekki eftir í lausu lofti. Reynið að enda á tilvitnun, grípanði setningu eða hnitmiðaðri samantekt um málið.

(stytt)

Heimild: Media Awareness Network

Upprunalegt skjal: Lesson Plan, Reporter for a day

Höfundur: Ginie Waller

[www.media-awareness.ca](http://www.media-awareness.ca)



**Þetta er** handbók fyrir kennara um menntun til lýðræðisleg-  
ar borgaravitundar (MLB) og mannréttindamenntun  
(MRM), ritstjóra og höfunda námsefnis á þessu sviði. Í níu köflum, með fjórum  
kennslustundum í hverjum, er sjónum beint að lykilhugtökum MLB og MRM. Í  
kennsluáætlunum eru nákvæmar leiðbeiningar og þeim fylgja dreifiblöð fyrir  
nemendur og itarefni fyrir kennara. Handbókin hentar kennaranemum, þeim  
sem eru að feta sín fyrstu spor í kennslu, kennurum sem sækja símenntun á sviði  
MLB og MRM sem og reyndum kennurum. Handbókin í heild inniheldur náms-  
efni heils skólaárs nemenda á framhaldsskólastigi (fyrsta eða öðru ári) en þar sem  
hver kafli er einnig sjálfstæð heild er hægt að nota bókina á sveigjanlegan hátt.

Markmiðið með MLB og MRM er að ala upp virka samfélagsþegna sem eru  
fúsir og færir um að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Því er í efninu lögð rík  
áhersla á virkar aðferðir í námi. Í þessari handbók fyrir framhaldsskólastigið  
er lögð áhersla á lykilhæfni sem gerir ungu fólki kleift að taka þátt í lýðræðis-  
legum ákvörðunum og takast á við áskoranir sibreytilegs fjölhyggjuþjóðfélags.  
Nemendum er ætlað að hafa lykilhugtök sem snerta MLB og MRM að leiðar-  
ljósi alla ævi.

Eftirtalin rit í þessum flokki eru gefin út í íslenskri þýðingu:

- MLB/MRM II. bindi *Uppvöxtur í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir miðstig grunnskóla  
um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi*
- MLB/MRM III. bindi *Lifað í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir efri bekki grunnskóla  
um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi*
- MLB/MRM IV. bindi *Þátttaka í lýðræði: Kennsluáætlanir fyrir framhaldsskóla  
um lýðræðislega borgarvitund og mannréttindi*

*Leiðir kennara til að efla menntun á sviði borgaravitundar og mannréttinda: Rammi að  
hæfnipróun*

*Í Evrópuráðinu eru 47 aðildarríki sem ná yfir meginhluta álfunnar. Markmið þess eru að vernda  
mannréttindi, lýðræði, lög og réttarfar sem tekur mið af Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum  
lagatextum um vernd einstaklinga. Frá stofnun Evrópuráðsins 1949, í kjölfar síðari heimsstyrjald-  
ar, hefur það verið tákn um sátt og samlyndi.*